Bændablaðið

11. tölublað 2025 • Fimmtudagur 18. desember • Blað nr. 693 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Áskoranir í orkumálum

Samkvæmt nýútgefinni Orkuspá fyrir Ísland eru umtalsverðar áskoranir og mikil óvissa fram undan í orkumálum.

20–21

Skínandi ljós í myrkurtíð

Þórhildur Ólafsdóttir rifjar upp jólahald æskunnar og segir frá hátíðahaldi í Frakklandi.

48–49

Myndflöturinn logar

Bjart er yfir sýningu Eggerts Péturssonar í Hafnarborg þar sem rauði liturinn er ráðandi.

68–69

Bændablaðið óskar lesendum sínum um allt land gleðilegra jóla og þakkar samfylgdina á árinu. Hér sýnir Guðmundur Sigurjónsson, bóndi á Bjarteyjarsandi í Hvalfirði, bjúgu og hangikjöt sem reykt er í kofa á bænum. Hann segir þetta árlega hefð í aðdraganda hátíðanna og nýtist kjötið meðal annars sem veislumatur fyrir fjölskylduna. Mynd / Ástvaldur Lárusson

Tæplega 95 þúsund færri sláturlömb en 2020

Samkvæmt nýjum sláturtölum Matvælastofnunar fyrir síðustu sláturtíð, fækkaði þeim lömbum sem komu til slátrunar á milli ára um rúm 13 þúsund – sem er svipuð fækkun og var á milli áranna 2023 og 2024. Heildarfækkun sláturlamba frá 2020 er um 95 þúsund.

Alls var rúmlega 391 þúsund lömbum slátrað í haust, en rúmlega 404 þúsund haustið 2024. Samdráttur í lambakjötsframleiðslu frá síðasta ári er rúmlega 135 tonn, en mikill fallþungi í haust vegur aðeins upp á móti fækkun dilka í kjötframleiðslunni.

Væn lömb

Lömbin voru mjög væn í haust, en meðalfallþungi mældist nú 17,27 kíló, sem er sá annar mesti í sögunni yfir landið. Einungis árið 2021 var hann meiri þegar hann var 17,40 kíló. Þá mældist hæsta sögulega meðaleinkunn fyrir gerð nú í haust, eða 9,59.

Meðaleinkunn fyrir fitu er 6,67, en var á síðasta ári 6,39. „Já, þetta er hæsta landsmeðaltal sem náðst hefur fyrir gerð," segir Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, spurður um niðurstöður ársins. „Vissulega er vænleikinn líka góður en hann hefur einu sinni verið meiri og þá var gerðin aðeins lægri.

Holdfyllingin virðist halda áfram að batna jafnt og þétt sem er gleðilegt. Þetta sjáum við líka í mælingum á bakvöðvaþykkt lambanna. En það kemur þó ekki á óvart að þetta þokist í rétta átt, því sauðfjárbændur hafa almennt mikinn áhuga fyrir kynbótum og innan raða sauðfjárbænda eru margir snjallir ræktunarmenn. Fitan er á ágætu róli, hækkar nú aðeins milli ára samfara auknum fallþunga. Við viljum ekki minnka hana heldur halda henni hóflegri," segir Eyþór.

Mestur meðalfallþungi hjá minni sláturhúsum

Sé horft til einstakra sláturhúsa má sjá að mesti meðalfallþunginn mældist í minni sláturhúsunum. Mestur var hann í sláturhúsinu á Refsstað í Vopnafirði, eða 18,82 kíló – en þar var slátrað 736 dilkum. Hjá Sláturhúsi Vesturlands í Borgarnesi var meðalfallþungi 18,18 kíló, en þar var rúmlega þúsund dilkum slátrað, og sláturhúsið á Grímsstöðum (Grímsstaðakét) í Reykholtsdal í Borgarfirði var með 17,93 kílóa meðalfallþunga, en þar var 749 dilkum slátrað.

Næst koma Sláturfélag Suðurlands með 17,58 kílóa meðalþunga og sami meðalþungi mældist hjá Sláturhúsi KVH á Hvammstanga.

Hæstu meðaleinkunnir fyrir gerð voru hjá Grímsstaðakéti, eða 10,19, og hjá Sláturhúsi KVH þar sem meðaleinkunnin mældist 10,01. */smh*

– Sjá einnig á síðu 2

AFLVÉLAR

TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI.
GLEÐILEG JÓL &
FARSÆLT KOMANDI ÁR

Fallþungi og kjötmat 2025

Sláturhús	Þungi	Gerð	Fita
KS Sauðárkróki	16.95	9.49	6.55
SS Selfossi	17.58	9.45	6.85
Norðlenska Húsavík	16.95	9.37	6.28
Fjallalamb Kópask.	17.07	9.52	6.76
SKVH Hvammst.	17.58	10.01	6.81
Sláturhús Vesturlands	18.18	9.69	9.34
Sláturhús Refsstað	18.82	9.23	7.31
Grímsstaðakét	17.93	10.19	6.46
Meðaltal	**17.27**	**9.59**	**6.67**

Heildarslátrun dilka 2025

Sláturhús	Fjöldi	Þyngd
KS Sauðárkróki	101,258	1,716,766.70
SS Selfossi	88,139	1,549,780.60
Norðlenska Húsav.	79,189	1,342,439.00
Fjallalamb Kópask.	21,396	365,221.10
SKVH Hvammst.	98,689	1,735,286.10
Sláturhús Vesturlands	1,010	18,364.80
Sláturhús Refsstað	736	13,852.90
Grímsstaðakét	749	13,431.80
Alls dilkar	**391,166**	**6,755,136.80**

Kindakjötsframleiðsla:

Ekki sjálfgefið að framleiðslan nægi fyrir innanlandsþörf

Eins og fram kemur í forsíðufrétt hefur kindakjötsframleiðsla dregist mjög saman á síðustu árum, þegar rýnt er í sláturtölur Matvælastofnunar.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Um 26 þúsund færri dilkar hafa komið til slátrunar á síðustu tveimur árum og samtals hefur lambakjötsframleiðslan dregist saman um 475 tonn á sama tíma. Um 95 þúsund færri sláturlömb voru færð til slátrunar í haust miðað við árið 2020.

Byrjaði með verðfallinu 2017

„Jú, það er rétt að kindakjötsframleiðsla er á krossgötum hvað það varðar að það er ekki sjálfgefið að framleiðslan dekki innanlandsþörfina. Sú þróun byrjaði eftir verðfallið 2017 og það lága afurðaverð sem greinin bjó við árin þar á eftir," svarar Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, þegar hann er spurður um stöðu greinarinnar.

„Talsverðar leiðréttingar hafa hins vegar orðið á afurðaverði allra síðustu árin en þá er það tíðarfarið sem hefur verið óhagstætt greininni, sérstaklega árið 2024, sem hafði mikil áhrif á framleiðslu ársins 2025," heldur Eyjólfur áfram.

Meira sett á af gimbrum

„Það dró heldur úr slátrun á fullorðnum ám milli áranna 2024 og 2025. Af samtölum við bændur síðustu vikur hef ég á tilfinningunni að meira hafi verið sett á af gimbrum í haust en síðustu ár þannig að nettó fækkun sauðfjár milli ára verður ekki mikil. Sú staðreynd, ásamt þeirri staðreynd að sumarið 2025 var hagfellt til heyskapar og víðast hvar til góð hey og gott magn, þá held ég að verði ekki mikill samdráttur í dilkakjötframleiðslu næsta haust – það er þó háð því að tíðarfar næsta sumars verði búsmala hagfellt," segir Eyjólfur enn fremur.

Hann vonast til að nú fari að sjá fyrir endann á þeirri miklu fækkun sauðfjár sem verið hefur síðustu tíu ár. „Það er margt jákvætt að gerast í kynbótastarfinu með innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða ásamt áframhaldi í auknum afurðum eftir hvern grip. Nú vantar bara að ljúka samtali um starfsskilyrði landbúnaðar til næstu ára þannig að bændur geti gert áætlanir og horft fram á veginn til komandi ára." */smh*

ESA kallar eftir frekari úrbótum

– Úttekt sýnir ólokin verkefni

ESA gerði eftirfylgni-úttekt á Íslandi um velferð dýra við aflífun og kallar eftir frekari úrbótum í eftirliti og þjálfun.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur lokið eftirfylgni-úttekt á Íslandi vegna opinbers eftirlits með velferð dýra við aflífun í sláturhúsum. Segir í tilkynningu frá Matvælastofnun að úttektin hafi farið fram dagana 13.-16. október og tengist fyrri athugun frá árinu 2021. Skoðuð var starfsemi fjögurra sláturhúsa og tveggja umdæmisskrifstofa Matvælastofnunar.

Í úttektinni var fylgt eftir fimm athugasemdum sem stóðu út af frá fyrri skýrslu. Niðurstaðan er sú að þremur þeirra hefur verið lokað eftir úrbætur. Ein athugasemd er enn í framþróun og tengist áhættumati á sláturhúsum, en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í lok næsta árs. Önnur athugasemd, sem snýr að þjálfunaráætlun stofnunarinnar, fékk ákvörðunina „úrbóta er enn þörf". Matvælastofnun hyggst bæta úr innan sex mánaða.

Í nýlegri samantekt ESA var áréttað að íslensk stjórnvöld þyrftu að standa betur við skuldbindingar um vernd dýra við slátrun. ESA benti á að ákveðnar tillögur sem samið var um hefðu ekki verið innleiddar og kallaði eftir frekari aðgerðum til að tryggja velferð dýra í samræmi við reglur. */sá*

Mun meiri uppskera var á gulrótum á hvern ræktaðan hektara en undanfarin ár. Mynd / Akur organic

Afburðagott ár í útiræktun grænmetis

– Gulræturnar koma sérstaklega vel út

Árið sem er að líða fer í sögubækurnar sem eitt hið allra besta í útiræktun grænmetis. Sé horft aftur til 2019, þegar farið var að halda formlega utan um uppskerutölur vegna stuðningsgreiðslna, er heildaruppskeran í ár sú langmesta.

Þegar litið er til uppskeru á hvern ræktaðan hektara er árangurinn í ár einnig framúrskarandi, eða 19,33 tonn miðað við 13,03 tonn árið á undan.

Aukning í umfangi ræktunar

Uppskera á síðasta ári var reyndar óvenju slök, enda ræktunarsumarið mjög erfitt sem leiddi til þess að stjórnvöld ákváðu að greiða sérstakar bætur vegna uppskerubrests. Garðyrkjubændur létu eitt slæmt ár ekki slá sig út af laginu og juku umfang ræktunar í ár um 8,5 hektara samtals frá fyrra ári. Umfang ræktunar er þó 46 hekturum minna en 2023, en þá var skorið upp um 16 tonn á hvern hektara.

Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir að aðeins lítill hluti af aukningunni nú skýrist af nýjum aðilum sem komi inn í garðyrkjuna. Þetta sveiflist alltaf eitthvað milli ára og sé innan skekkjumarka þannig að ekki sé hægt að lesa neina slíka þróun út úr þessum tölum.

Gulrætur koma sérstaklega vel út

Gulræturnar komu sérstaklega vel út í sumar, þar er mun meiri uppskera á hektara en undanfarin ár.

„Gulrótum er sáð beint í akurinn og þær eru lengi að koma sér af stað. Þær þurfa því hlýtt og langt vaxtartímabil til að ná fullum þroska og eru að stækka langt fram eftir hausti. Sumarið í fyrra var jú stutt og kalt enda er mikill munur á uppskeru gulróta milli ára. Kartöflurnar komu líka mjög vel út. Þar eru aftur meiri takmörk fyrir því hvað bændur geta látið vaxa, markaðurinn vill ákveðna hámarksstærð og því taka bændur upp þegar heppilegri stærð er náð þó þær gætu vaxið meira," segir Helgi.

Samdráttur í blómkálsræktun

Spurður um áberandi samdrátt á síðustu árum í ræktun á blómkáli, segir Helgi að um frekar áhættusaman búskap sé að ræða og það sé að hans mati helsta skýringin. „Plantan er viðkvæm fyrir veðurskilyrðum, þolir illa köld vor, uppskera getur öll eyðilagst í frostum á haustin. Uppskerutímabilið er stutt, nær frá lokum júlí fram í miðjan september. Þegar uppskeran er góð alls staðar og sölutíminn stuttur hefur það áhrif á markaðinn og ekki gefið að allt seljist á góðu verði eða seljist yfir höfuð," útskýrir hann.

Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Mynd / Aðsend

Annars er sölutímabil tegunda mjög mismunandi eftir því hversu vel þær geymast. „Í góðum árum geta íslenskar kartöflur og rófur verið á markaði allt árið. Uppskera hefst um eða eftir miðjan júlí, er selt beint af akri fram á haust og svo úr kæligeymslum fram á næsta sumar.

Uppskera á gulrótum er aðeins seinni, eða í lok júlí. Þær eru seldar beint af akri fram á haust og svo úr geymslum fram á vor. Bændur hafa undanfarin ár aukið geymsluþolið með betri tækni og ræktun þannig að við höfum séð góðar íslenskar gulrætur fram í júní af uppskeru síðasta árs," segir Helgi.

Ekki vænlegt að frysta uppskeruna

„Hvítkál, kínakál, blómkál og spergilkál kemur í venjulegu árferði um 20. júlí og er selt beint af akri fram á haust. Kínakál er hægt að geyma í kæligeymslu fram í desember, hvítkál út mars en blómkál og spergilkál geymist ekki nema 2–3 vikur í kæli," heldur Helgi áfram.

Spurður um aðrar mögulegar geymsluaðferðir, til dæmis að frysta grænmeti, segir Helgi að slíkt sé tæknilega hægt að gera en miðað við núverandi markaðsaðstæður sé það varla arðbært. „Slík framleiðsla byggir á sérhæfðri ræktun, seinvöxnum og uppskerumiklum yrkjum sem varla ná þroska hér og stærðarhagkvæmni sem varla myndi passa fyrir okkar litla markað." */smh*

Uppskerutölur úr útiræktun grænmetis

	2023		2024		2025	
Grænmeti	Uppskera, tonn	Fjöldi hektara	Uppskera, tonn	Fjöldi hektara	Uppskera, tonn	Fjöldi hektara
Blómkál	120	14	85	11.5	98	9
Gulrófur	638	29	550	30	959	39
Gulrætur	1,030	68	485	53	1,123	52
Hvítkál	140	7.5	113	8	218	10
Kartöflur	7,290	450	5,550	416	7,875	415
Kínakál	57	3.5	47	2	59	3
Rauðkál	30	2	37	2	41	2
Spergilkál	104	15	99	12	112	13
Alls	**9,409**	**589**	**6,966**	**534.5**	**10,485**	**543**

Einstök tækni fyrir þig

DeLaval VMS V310

Meiri nákvæmni

Meiri gæði

Meiri afköst

Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Áramótin:

Ofsahræðsla dýra vegna flugelda

Áramótin nálgast óðfluga og minnir Matvælastofnun dýraeigendur á að huga vel að dýrum sínum meðan á flugeldaskotum stendur.

Slíkar sprengingar kunna að valda dýrunum ofsahræðslu og geta þau valdið slysum á sjálfum sér og öðrum við slíkar aðstæður. Hægt er að fyrirbyggja slys með því að grípa til viðeigandi varúðarráðstafana fyrir gamlárskvöld og þrettándann.

Dýraeigendur, sérstaklega þeir sem eiga hunda, ketti og hesta, kannast vel við þann óróa og angist sem dýr þeirra ganga í gegnum á þessum tíma vegna látanna sem fylgir flugeldaskotum. Dæmi eru um að hundar sleppi og hlaupi fyrir bíla eða á fjöll. Hestar úti í haga eru sérlega í hættu. Fjölmörg dæmi eru um að hestar hafi fælst við flugelda, brotist út úr girðingum og hlaupið til fjalla eða í veg fyrir bílaumferð, og valdið slysum á sjálfum sér og öðrum. Hestar eru mikil hópdýr, svo ef einn hleypur af stað getur allur hópurinn fylgt.

Einnig eru margir komnir með hesta á hús á þessum tíma og farnir að stunda útreiðar. Óþarfi er að lýsa því hvað getur gerst ef flugeldum er skotið upp rétt hjá eða yfir fólki við útreiðar.

Matvælastofnun vekur athygli á því að í reglugerð um skotelda er leyfilegur skottími takmarkaður. Almenn notkun flugelda er leyfð frá 28. desember til 6. janúar frá kl. 10.00 til 22.00 og alla nýársnótt. Mikilvægt er að virða þessi takmörk til að gefa dýraeigendum kost á að viðra dýr sín án hættu á ofsahræðslu vegna flugelda.

Matvælastofnun beinir því til almennings, og sérstaklega foreldra og forráðamanna barna og unglinga, að sýna þá tillitssemi við dýrin og eigendur þeirra að eingöngu stunda flugeldaskot, hvellhettusprengingar og nota ýlur á gamlárskvöld eða á þrettándanum. Það hjálpar dýraeigendum við að grípa til ýmissa fyrirbyggjandi ráðstafana. */þh*

Blaðamaður á Bændablaðið

Bændablaðið auglýsir laust starf blaðamanns.
Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Helstu verkefni:
- Frétta - og greinaskrif fyrir blað og vef
- Þátttaka í ritstjórnarlegu samtali

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Framúrskarandi færni í íslensku er skilyrði, bæði í mæltu og rituðu máli
- Reynsla af blaðamennsku er æskileg
- Þekking á landbúnaði og málefnum landsbyggðar er æskileg
- Reynsla af ljósmyndun kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Góð tölvu - og tæknifærni
- Góðir samskiptahæfileikar

Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga og skilning á fjölmiðlum og landbúnaði, hefur metnað og frumkvæði til þess að leita sér upplýsinga um flókna hluti og getu til þess að koma þeim til skila á skýran hátt í rituðu máli.

Bændablaðið kemur að jafnaði út hálfsmánaðarlega á prenti.
Vefur blaðsins er bbl.is en einnig er blaðið á samfélagsmiðlum.
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.
Umsóknarfrestur er til og með 11. janúar 2026.
Sækja skal um starfið á vefnum Alfred.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir
Þröstur Helgason ritstjóri, throstur@bondi.is
Bændablaðið

Hopun og bráðnun jökla sýnir áhrif loftslagsbreytinga sem aðlögunaráætlun stjórnvalda miðar að. Mynd / Pixabay

Stjórnvöld:

Aðlögunaráætlun tekur gildi 2026

– Vöktun og viðbrögð í forgangi

Ísland hefur birt fyrstu aðlögunaráætlun stjórnvalda vegna áhrifa loftslagsbreytinga, sem tekur til tímabilsins 2026–2030 og felur í sér 60 aðgerðir til að styrkja seiglu samfélags og innviða.

Íslensk stjórnvöld hafa kynnt fyrstu aðlögunaráætlun landsins vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Áætlunin, sem er aðgengileg á vefnum CO2.is, miðar að því að draga úr loftslagstengdri áhættu og auka seiglu samfélags og vistkerfa. Hún tekur til tímabilsins 2026-2030 og er sögð tímabær í ljósi þess að loftslagsbreytingar hafa þegar áhrif á íslenskt samfélag og náttúru.

Áætlunin byggir á fjórum meginþáttum: umhverfi, velsæld, innviðum og þverlægum verkefnum. Þar er lögð áhersla á vöktun, viðbrögð og mat á áhrifum loftslagsbreytinga á náttúru, samfélag og innviði. Meðal áhættuþátta eru aukin tíðni öfgakenndra veðuratburða, hopun jökla, hækkandi sjávarstaða, hlýnun og súrnun sjávar, auk kerfislægrar áhættu sem tengist aðfangakeðjum og mögulegum breytingum á hafstraumum.

Í heildina felur áætlunin í sér 60 aðgerðir. Af þeim eru 23 þegar hafnar, 19 í útfærslu hjá ráðuneytum og stofnunum og 18 til viðbótar verða greindar og kostnaðarmetnar. Sex verkefni njóta sérstaks forgangs: aðlögun samgönguinnviða, efling loftslagsþjónustu, gerð viðkvæmni- og áhættumats, vöktun íslenskrar náttúru, viðbrögð við breytingum á náttúrufari og aukið bolmagn sveitarstjórna.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Jóhann Páll Jóhannsson, segir að loftslagsbreytingar séu ekki framtíðarvandi heldur nútímaveruleiki sem krefjist aðgerða. Hann undirstrikar að Ísland sé ekki í skjóli og þurfi að laga samfélag og innviði að þeim breytingum sem þegar eru hafnar, samhliða alþjóðlegum aðgerðum til að draga úr losun.

Áætlunin gerir ráð fyrir reglubundnu mati á árangri aðgerða, og fyrsta skýrsla verkefnisstjórnar loftslagsaðgerða verður birt árið 2026. */sá*

Áburðarverðskrár:

Óvissutímar vegna þróunar á alþjóðamörkuðum

– Verðhækkanir á bilinu 2–7%

Allir áburðarsalar nema einn hafa birt verðskrár sínar. Fram komnar verðhækkanir á áburði eru að jafnaði á bilinu 2–7%.

Áburðarsalarnir segja að blikur séu á lofti varðandi verðþróun eftir áramót. Verið sé að innleiða nýtt CBAM-kerfi í Evrópu en það er nýtt kolefnisgjald sem leggst á kolefnisfrekar framleiðsluvörur og þar á meðal tilbúinn áburð. Refsitollar tóku gildi í sumar vegna innflutnings á áburði frá Rússlandi og Belarús, auk þess sem óvissa er um gengisþróun íslensku krónunnar á fyrstu mánuðum næsta árs.

Bændur geta varið sig gegn hækkunum

Alexander Áki Felixson, hjá Sláturfélagi Suðurlands, segir hækkun á Yara-áburði nú að jafnaði um 7%, en árið á undan hafi verið talsverð lækkun. Hann segir að CBAM-gjaldinu sé ætlað að jafna aðstöðumun fyrirtækja vegna vara sem framleiddar eru utan Evrópusambandsins og hvetja jafnframt til aðgerða til að draga úr kolefnislosun við framleiðslu.

„Til að draga úr óvissu þá hefur SS nú þegar gengið frá samningum um áburðarkaup upp að því marki sem hentar félaginu, eins hefur verið tryggt að félagið muni eiga nægilegt magn af áburði í vor. Þeir bændur sem kjósa að panta Yara-áburð snemma geta því, líkt og undanfarin ár, varið sig fyrir hugsanlegum hækkunum en á sama tíma verið öruggir með að ef verðskrá lækkar að þá skili sú lækkun sér einnig til þeirra," segir Alexander.

LÍF-áburðurinn hækkar minnst

LÍF-áburður Líflands hækkar minnst, eða um tvö prósent, vegna erlendra hækkana. Lífland hefur gert framvirka samninga við birgja til að milda yfirvofandi hækkanir eins og kostur er. Á vef Líflands segir að vegna áhrifa af CBAM-gjaldinu og refsitollanna bendi allt til frekari hækkana eftir áramót.

Nýtt evrópskt kolefnisgjald leggst á tilbúinn áburð í byrjun næsta árs. Mynd / ál

Hjá Fóðurblöndunni er 6,5% hækkun á verðskrá að jafnaði. Sömu áhyggjur eru viðraðar á vefnum þeirra og hjá öðrum áburðarsölum. Þar segir að áburðarmarkaðir að undanförnu hafi einkennst af breyttum forsendum, meðal annars vegna gjaldeyrissveiflna og innleiðingar á CBA-gjaldinu í Evrópu, auk breytinga á alþjóðlegum hráefnamörkuðum. Óvissuþættir séu því varðandi verð og afhendingarskilmála á komandi tímabili þannig að enn mikilvægara sé að panta tímanlega.

Hjá Skeljungi hækkar verð á helstu tegundum túnáburðar að jafnaði um fjögur prósent og tekur mið af gengis- og verðbreytingum sem hafa átt sér stað. Bændur eru hvattir til að ganga sem fyrst frá áburðarpöntunum svo tryggja megi magn og afhendingar á réttum tíma.

Einar Guðmundsson hjá Búvís segir að ekki sé enn komin fram verðaskrá hjá þeim, en von sé á henni fljótlega. */smh*

Knowledge grows

Örugg með **Yara**

Við óskum landsmönnum nær og fjær gleðilegrar hátíðar og þökkum samfylgdina og viðskiptin á árinu



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Verðskrá 2026

Upplýsingar á yara.is
og hjá söluráðgjöfum.

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Nýtum tækifærin

Mikill árangur hefur náðst í íslenskum landbúnaði þennan fyrsta fjórðung aldarinnar. Bændur hafa nýtt þessi ár til þess að hagræða í rekstri, umfram allt með tækniþróun og skynsamlegri nýtingu stærðarhagkvæmni. Framleiðni hefur aukist í svo að segja öllum hefðbundnum búgreinum og þær sem eiga sér styttri sögu hafa styrkst verulega, svo sem garðyrkja og skógrækt. Lífrænni ræktun hefur einnig vaxið ásmegin. Í öllum þessum búgreinum eru þó gríðarleg sóknarfæri og ljóst að bændur eiga enn eftir að sækja fram með frekari nýtingu tæknilausna og rekstrarhagkvæmni. Aukinn nákvæmnisbúskapur og LED-ljósavæðing gróðurhúsa eru nýleg dæmi.

Samhliða því að hafa aukið framleiðni og bætt rekstur í mörgum greinum þá hefur íslenskur landbúnaður orðið sjálfbærari. Árangur bænda í umhverfis- og loftslagsmálum er eftirtektarverður en losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði hefur dregist saman jafnt og þétt það sem af er öldinni eins og fram kemur í tölum Umhverfis- og orkustofnunar. Þar blasa þó við áskoranir sem tengjast til að mynda úrgangsmálum eins og fjallað var um á ítarlegan hátt í blaðinu fyrr á árinu.

Tækifærin í íslenskum landbúnaði eru ótal mörg. Augljósust eru þau í garðyrkjunni þar sem öfugþróun hefur átt sér stað á undanförnum misserum með því að hlutdeild íslenskrar framleiðslu á innlendum markaði hefur dregist saman um tíu prósentustig og er nú aðeins um 26 prósent. Þarna þarf að styðja við aukna framleiðslu með hvetjandi aðgerðum, til dæmis lækkun raforkuverðs til framleiðenda.

> Umræðan um landbúnað þarf í auknum mæli að snúast um tækifærin sem felast í þessum grunnatvinnuvegi.

Einnig eru tækifæri í framleiðsluhvetjandi aðgerðum í kjötframleiðslu, ekki síst nautakjöti. Á sama hátt þurfa alifugla- og svínabændur sterkari tollvernd ef viðhalda á núverandi markaðshlutdeild eða auka hana eins og æskilegast væri. Sauðfjárbændur standa hins vegar frammi fyrir ýmsum áskorunum í sínum rekstri, bæði hvað varðar afkomu bænda og uppsafnaða fjárfestingarþörf í greininni. Ljóst er að auka þarf fjárfestingarstuðning ef greinin á að ná vopnum sínum á næstu árum.

Og, já, landbúnaðurinn þarfnast stuðnings. Það kostar öll ríki heims að halda úti sinni eigin matvælaframleiðslu. Íslendingar hafa ekki fundið neina leið fram hjá þeirri staðreynd og munu ekki gera það þótt stundum mætti halda annað þegar hlustað er á almenna umræðu. Viðhald og viðgangur íslensks landbúnaðar er þess heldur ekki bara spurning um fæðuöryggi landsins og sjálfbærni heldur snertir hann einnig byggðafestu í landinu. Landbúnaður hefur einnig mikil og jákvæð áhrif á aðra atvinnuvegi svo sem ferðamannaiðnað. Að auki er heilnæmi íslenskra landbúnaðarafurða meira en gengur og gerist annars staðar. Þannig mætti halda áfram.

Umræðan um landbúnað þarf í auknum mæli að snúast um tækifærin sem felast í þessum grunnatvinnuvegi. Þar hittir Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra naglann á höfuðið í aðsendri grein í blaðinu í dag. Bændur hafa unnið sína heimavinnu í því sambandi og eru tilbúnir til þess að nýta hvert tækifæri sem býðst til þess að halda áfram uppbyggingar- og þróunarstarfinu öllum landsmönnum til hagsbóta.

Þröstur Helgason

Gleðileg jól!

Við sendum þér og þínum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.

Bústólpi

Lífræn vottun:

Víða pottur brotinn hjá matvælafyrirtækjum

Á þessu ári hefur Matvælastofnun ráðist í átak varðandi eftirlit með vörum sem merktar eru lífrænni vottun. Ástæðan er að borið hefur á því að matvælafyrirtæki hafa ekki fylgt þeim reglum sem gilda um vottaðar lífrænar vörur og hafa ekki haft vottanir fyrir alla virðiskeðju þeirra.

„Það var vitað að víða væri pottur brotinn og það var mótstaða hjá einstaka aðilum. Þess vegna var farið í fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa til að samræma skilninginn á vottunarskyldunni á öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum og styrkja heilbrigðisfulltrúa í sínu eftirliti og í því að gera kröfu um vottun. Síðan þá hafa þeir haft augun opin og beðið um staðfestingu á vottun þegar þeir sjá að lífrænar vörur eru hluti af vöruframboði matvælafyrirtækja," segir Ingibjörg Jónsdóttir, fagsviðstjóri hjá Matvælastofnun.

Lífrænt vottuð landnámshæna á Sólheimum. Mynd / smh

Neytendur verða að geta treyst merkinu

Ingibjörg segir að þótt lífrænt vottuð vara og venjuleg vara geti virst vera eins, sé margt í framleiðslunni og ræktuninni sem getur verið ólíkt. „Meðvitaðir neytendur verða að geta treyst því að þegar þeir velja dýrari vöruna úr hillu verslunar að það sé sannarlega vara sem hefur verið framleidd samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu, til dæmis hvað varðar dýravelferð og umhverfisvernd. Evrópulaufið, merki lífrænnar vottunar í Evrópu, á að tryggja þetta. Krafan um vottun allrar virðiskeðjunnar er til að tryggja að neytendur fái það sem þeim er lofað. Einungis er undanþága frá vottun fyrir smásölustaði eða hverfisverslanir, en þar eru samt heilbrigðisfulltrúar með eftirlit."

Hún segir að átakið hafi skilað árangri, en mótstaðan sé enn til staðar – sérstaklega hjá einstaka dreifingaraðilum. Aðstæður eru mjög misjafnar. Lítill innflytjandi, með bara eina tegund af vottuðu víni, hefur til dæmis valið að hætta að flytja það inn frekar en fara í vottunarferli," bætir Ingibjörg við.

Merki lífrænnar vottunar í Evrópu.

Gæta þurfi að vottunum aðfanga

Vottunin sjálf hefur verið hjá vottunarstofunni Túni frá upphafi og eftirlitið er framselt til þeirra af stjórnvöldum. Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitin veita matvælafyrirtækjum hins vegar starfsleyfi og geta gert kröfu á matvælafyrirtæki að þau sæki sér vottun ef hana skortir einhvers staðar í virðiskeðjunni.

Ingibjörg bendir að lokum á að íslenskir bændur með lífræna vottun þurfi að gæta þess að fóður og sáðvara sem þeir kaupa sé vottað, og að sá sem selur þeim aðföng sé líka vottaður og undir eftirliti Túns. Sömuleiðis skulu þeir sem setja afurðir lífrænna bænda á markað vera vottaðir, til dæmis afurðastöðvar. Hún nefnir sem dæmi að Mjólkursamsalan og Bióbú séu með vottun og Sláturhús Vesturlands. */smh*

Ingibjörg Jónsdóttir, fagsviðstjóri hjá Matvælastofnun. Mynd / Aðsend

SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

TILBOÐSVERÐ
Kr. 4.100.000
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 17.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 13.900 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

Þessi aldni jólasveinn sat framan við verslun á göngugötunni á Akureyri þegar blaðamaður Bændablaðsins átti leið þar hjá í síðasta mánuði. Þá höfðu verslunareigendur þegar hafist handa við uppsetningu jólaskreytinga þó svo að enn væru næstum þrjár vikur í aðventu. Mynd og texti / ál

Sumarbónus, blessaða kartaflan og jólin

Vinkill | Margrét Ágústa Sigurðardóttir
margret@bondi.is

Íslenskar jólahefðir snúast að miklu leyti um mat. Hvort sem um ræðir hangikjöt, hamborgarhrygg, kalkún, skötuveisluna á Þorláki, grænmetissteikina eða hvað eina annað. Samnefnari alls þessa er kartaflan en hún er á borð borin með öllum þessum mat. Í skugga stærri hlutverka á hátíðarborðinu er hún samt einn helsti samnefnarinn í matarhefðum jólanna.

Núna er í meðförum þingsins frumvarp, sem framlengir meðal annars bráðabirgðaákvæði í búvörulögunum sem kveður á um tollfrelsi ákveðinna árstíðarbundinna landbúnaðarvara yfir ákveðið tímabil. Í ákvæðinu er að finna ýmsar útiræktaðar grænmetistegundir sem fluttar eru inn án tolla hluta af ári eins og t.d. blómkál, spergilkál, hvítkál, kínakál, rauðkál, gulrætur og næpur og svo loks kartöflur.

Markmiðið með bráðabirgðaákvæðinu á sínum tíma var að koma í veg fyrir skortstöðu þar sem hætta var á og merki um að innlend framleiðsla myndi ekki anna eftirspurn markaðarins og þörfum neytenda. Ákvæðið átti að gilda í eitt ár og miðað við forsöguna þá átti að meta það hverju sinni – hvort og þá hvaða grænmeti myndi falla þarna undir. Þá ætti að líta til þróunar á innlendri framleiðslu og lögð var sérstök áhersla á mikilvægi þess að fylgjast náið með áhrifum breytinganna á tollvernd sem ætlað væri að vernda innlenda framleiðslu og jafna aðstöðumun innlendra framleiðenda gagnvart erlendum framleiðendum. Þá skyldi enn fremur fara fram virkt og öflugt samráð milli stjórnvalda og hagaðila um markaðsaðstæður hverju sinni á þeim vörum sem bæði nytu tollverndar og þeirra tímabila sem kvæðu á um tollfrelsi. Síðan hefur bráðabirgðaákvæðið í heild sinni verið framlengt þrisvar sinnum og núna stendur til að framlengja það í fjórða skiptið. Eðlilega hefur maður skilning á því að horfa verður með raunhæfum hætti á stöðu hvers grænmetis fyrir sig út frá innlendri framleiðslu og þörfum markaðarins hverju sinni. Núna er hins vegar staðan sú að kartöflugeymslur landsins eru smekkfullar. Birgðastaðan er þannig að nægilegt framboð er tryggt fram að næstu uppskeru án þess að grípa þurfi til innflutnings eða sértækra undanþága frá tollum. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við átta grænmetistegundir af þessum níu – þannig að tollfrelsið verði afnumið.

Við hjá Bændasamtökunum höfum ítrekað bent á það, bæði þegar frumvarpsdrögin voru kynnt í samráðsgátt og í meðförum þingsins, að óþörf framlenging á þessari undanþágu frá greiðslu tolla varðandi kartöflurnar gæti haft neikvæð áhrif á afkomu innlendra kartöflubænda með því að halda eftirspurn eftir innflutningi án raunverulegrar þarfar. Í frumvarpinu er rökstuðningurinn fyrir framlengingunni sá sami og var uppi við lok árs 2021 þegar ákvæðið var lögfest. Slíkt stenst einfaldlega ekki skoðun og er þvert á tilgang og markmið ákvæðisins. Það að halda kartöflunum áfram inni í umræddu bráðabirgðaákvæði er einfaldlega markleysa og verið að veita sumarbónus til innflytjenda kartaflna og það að óþörfu. Ég ætla ekki að sykurhúða þessa stöðu sem upp er komin, ólíkt því sem mannsefnið ætlar hins vegar að gera við blessuðu kartöflurnar yfir hátíðarnar, en það að vega að innlendri framleiðslu með þessum hætti er einfaldlega ekki boðlegt.

Á árinu sem er að líða hafa bændur og við hjá Bændasamtökunum tekist á við áskoranir, skapað tækifæri og náð árangri sem við öll getum verið stolt af. Ég vil nota tækifærið til að þakka öllum fyrir traustið, samvinnuna og ekki síst samtakamáttinn sem ríkt hefur meðal bænda. Á sama tíma og ég hvet lesendur til að heiðra kartöfluna þessi jólin þá óska ég öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Ríkisstjórnin magalenti á árinu. Stóra planið virðist hafa verið að taka svo að segja alla slagi sem bjóðast í íslenskri pólitík, burtséð frá því hvort þeir geti skilað skynsamlegri niðurstöðu eða orðið til almannaheilla.

Margt kom á óvart, ekki síst það að svo virðist sem popúlíska harðlínan, sem tekin hefur verið upp í valdamesta ríki hins vestræna heims, skapi ákveðið svigrúm innan stjórnmálaumræðu norræna lýðræðis- og jafnaðarsamfélagsins hér uppi á Íslandi til einfaldra lausna, afturhalds og innantómrar yfirlýsingagleði.

Ýmis augljós dæmi mætti telja til en það óvæntasta var atvinnustefna forsætisráðherra sem fyrir vikið hefur ítrekað verið gerð að umræðuefni hér í Jarminu. Eftir að hafa bundið vonir við það að nýju fólki fylgdu nýjar og ferskar hugmyndir þá var þessi stefna afturhvarf til tíma sem vissulega skilaði þessu samfélagi langleiðina inn í nútímann en á forsendum sem ekki lengur ganga upp.

Forsætisráðherrann kynnti atvinnustefnu sína til næstu tíu ára sem „vaxtarplan“ og „hagvaxtarstefnu“ með áherslu á „einföldun regluverks“ sem liðki fyrir leyfisveitingum í orkumálum, svokallaðri „léttingu“ á byggingarreglugerð og jafnlaunavottun og svo var lögð áhersla á nýja byggðastefnu sem var trommuð upp með orðunum: „Tími stórframkvæmda er runninn upp á ný.“

Gárungar myndu kalla þetta MAGA-lendingu.

Stóra veilan í vaxtarplani ríkisstjórnarinnar er sú að það byggir á orkufrekum iðnaði sem kallar á fleiri virkjanir í okkar viðkvæmu en dýrmætu náttúru. Planið gengur þannig þvert gegn áralangri og upplýstri umræðu um náttúruvernd og loftslagsmál. Það gengur sömuleiðis gegn þeirri skoðun, sem maður vonaði að væri að myndast samfélagsleg sátt um, að nýsköpun í atvinnulífi þessarar aldar yrði umfram allt byggð á hugviti, rannsóknum og sköpunarkrafti mannsins, hvort sem er í grunnatvinnuvegum eða þróun nýrra tækifæra. Veilan í vaxtarplani forsætisráðherra er sú að það felur í sér afturhvarf til heimsmyndar sem maður hélt að hefði verið afskrifuð á fyrsta áratug aldarinnar. Engu er líkara en að forsætisráðherra komi ólesinn til leiks – eins og reyndar fleiri í hans liði – og skorti því gagnrýna afstöðu og mótstöðuafl gegn því öfugstreymi sem berst hingað með popúlisma Trumps og hans líka.

Hver bað um þetta þegar kosið var hér fyrir ári síðan? Hvað höfum við með þessa vaxtarhyggju og orkutrú að gera? Og hvað varð eiginlega um hina gagnrýnu og frjálsu anda sem hafa um árabil haldið uppi harðri umræðu gegn þeirri úreltu heimssýn sem ríkisstjórn Kristrúnar Frostadóttur heldur nú fram fullum fetum? Þær raddir eru þagnaðar. Og kannski er fólk bara almennt hætt að lesa.

Atvinnu- og samfélagsbyltingin sem hér þarf að verða snýst ekki um orkufrekan iðnað og vaxtarhyggju í anda tuttugustu aldarinnar heldur heljarátak í endurreisn íslensks menntakerfis, allt frá leikskóla til háskóla, algera endurskoðun og uppbyggingu á styrkjum til rannsókna á öllum sviðum vísinda og fræða, aukinn stuðning við grundvallaratvinnuvegi á borð við landbúnað til að styrkja fæðuöryggi landsins og sjálfbærni og síðast en ekki síst stóreflingu á fjárfestingartrú ríkisins á menningarlegum og lýðræðislegum innviðum. Slík bylting á samfélaginu myndi ekki aðeins snúast um að viðhalda velmegun heldur einnig upplýsingu, lýðræðislegu jafnvægi, öryggi og viðnámi við hugmyndum sem sagan hefur kennt okkur að eru heiminum hættulegar.

Sá holi hljómur sem einkennt hefur pólitík stjórnarmeirihlutans þetta fyrsta ár er – þrátt fyrir ýmis önnur áföll – meginástæðan fyrir því að lendingin hefur ekki verið sársaukalaus.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

Árið gert upp

Þrátt fyrir öll heimsins almanök, dagatöl, tölvur og snjalltæki tekst áramótum og jólum einhvern veginn alltaf að læðast aftan að manni. Allur tíminn sem maður taldi sig hafa í ársbyrjun hverfur á augabragði og allt í einu er síðasta tölublað Bændablaðsins á leið í prentsmiðjuna.

Þegar ég horfi um öxl og lít yfir vinnu Bændasamtakanna í ár get ég þó ekki annað en fyllst stolti af því sem áunnist hefur, þökk sé frábæru starfsfólki Bændasamtakanna og ótrúlegri elju stjórnarfólks búgreinadeilda, bænda og Bændasamtakanna sjálfra.

Ný ríkisstjórn tók við fyrir rétt tæpu ári, í desember 2024, og hefur samstarfið og samtalið við ráðherra í heildina verið með ágætum. Það er ekki hægt að segja að allt það sem frá ráðherrum og ríkisstjórninni kemur hafi vakið kátínu okkar, en fólkið í ríkisstjórninni má eiga það alveg skuldlaust að oftar en ekki hefur verið hlustað á rök og málflutning okkar bænda og í mörgum málum hafa verið gerðar veigamiklar breytingar – eða mál dregin til baka – eftir athugasemdir frá Bændasamtökunum.

Má hér nefna nokkur dæmi til upprifjunar og almennrar ánægju lesenda. Áformum um að breyta tollflokkun á svokölluðum jurtaostum hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Frumvarp á vorþingi um breytingu á búvörulögum var dregið til baka. Drög að breytingum á lögunum, sem kynnt voru í haust, verða a.m.k. ekki að lögum í óbreyttri mynd með öllum þeim ágöllum sem þau báru með sér.

Drög að breytingu á reglugerð sem hefði gert meirapróf að skilyrði fyrir notkun dráttarvéla voru dregin til baka. Dráttarvélar og eftirvagnar þeirra verða undanþegnar kílómetragjaldi ef áform meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar ganga eftir. Bændasamtökin gerðu athugasemdir við upphaflegt frumvarp.

Markmiðið með upptalningunni er ekki að mála þá mynd að Bændasamtökin hafi rekið stjórnvöld til baka með harðfylgni með hvert málið á fætur öðru – þótt vissulega hafi samtökin varið hagsmuni bænda af festu og fagmennsku.

Ég vil miklu fremur benda á það hverju hægt er að áorka þegar áhersla er lögð á uppbyggileg og jákvæð samskipti. Stjórnvöld, ráðherrar og þingmenn hafa hlustað á málflutning og rökstuðning Bændasamtakanna og í langflestum tilfellum hefur verið gripið til aðgerða okkur til hagsbóta og verið tekið mark á okkar athugasemdum og ábendingum.

Samstarfið og samtalið við hina ýmsu ráðherra og stjórnvöld almennt hefur verið jákvætt og uppbyggilegt. Þau hafa greinilega áhuga á málefnum landbúnaðarins og bænda og, það sem meira er um vert, eru tilbúin að hlýða á athugasemdir okkar og bregðast við þeim – svona í flestum tilfellum.

Fram undan eru ótalmörg verkefni, ekki síst viðræður við stjórnvöld um starfsumhverfi bænda til lengri tíma, og ég hlakka til að takast á við þau með því góða fólki sem vinnur að hagsmunum bænda um land allt. Vænti ég þess að sú vinna muni tryggja stöðu íslensks landbúnaðar til lengri tíma.

Að þessu öllu sögðu óska ég landsmönnum öllum gleðilegra jóla og hamingjuríks nýs árs.

Við erum öll úr sömu sveit.

Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið kemur næst út 15. jan.

Lífsýni úr nautgripum eru greind til að tryggja rekjanleika og uppruna nautakjöts í matvælakeðju. Mynd / Bbl.

Matís:
Erfðagreining eykur rekjanleika nautakjöts

Matís tekur þátt í alþjóðlegu verkefni, BLINK, sem miðar að þróun rekjanleikakerfis fyrir nautakjöt byggðu á erfðamörkum. Kerfið gerir neytendum kleift að staðfesta uppruna kjöts með erfðagreiningu sem ekki er hægt að breyta.

Matís vinnur nú að alþjóðlegu rannsóknaverkefni sem ber heitið BLINK og hefur það að markmiði að þróa nýtt rekjanleikakerfi fyrir nautakjöt. Verkefnið er fjármagnað af EIT Food og hófst árið 2020 í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í Bretlandi og á Ítalíu. Markmiðið er að tryggja neytendum örugga leið til að staðfesta uppruna nautakjöts með erfðagreiningu, sem byggir á nýjustu tækni í erfðafræði.

Erfðastrikamerki fyrir hvern grip

Aðferðin felur í sér að við slátrun nautgrips er tekið lífsýni, til dæmis hár eða vefjasýni, sem sent er til rannsóknar. Þar er erfðaefni einangrað og greind þúsundir erfðamarka í hverjum grip. Út frá þessum upplýsingum er búið til einstakt erfðafræðilegt „strikamerki“ sem fylgir kjötinu alla leið til neytanda. Ólíkt hefðbundnum strikamerkjum er ekki hægt að breyta erfðamerkinu, sem tryggir hámarksöryggi í rekjanleika. Gögnin eru síðan skráð í gagnagrunn ásamt fylgigögnum, sem gerir kleift að sannreyna uppruna kjötsins hvar sem er í virðiskeðjunni.

Ný nálgun gegn matvælasvikum

Ef grunur vaknar um svik í keðjunni, til dæmis rangar upplýsingar á umbúðum, er hægt að senda kjötsýni í erfðagreiningu og staðfesta hvort uppruni þess stemmir við skráðar upplýsingar. Aðferðin er frábrugðin hefðbundnum tegundagreiningum sem áður voru notaðar til að afhjúpa kjötsvindl í Evrópu, þar sem aðeins var greint hvort kjötið væri úr hrossi eða nauti. Með BLINK er hægt að rekja kjötið til einstakra gripa, sem eykur gagnsæi og traust í matvælakeðjunni.

Verkefnið byggir á sömu tækni og stefnt er á að nýta í erfðamengjaúrvali í íslenska kúakyninu á næstu árum. Þróunin er talin stórt skref í átt að auknu öryggi og ábyrgð í matvælaframleiðslu.

/sá

Bændablaðið er á Facebook

Rjúpa *(l. lagopus muta)* eða fjallrjúpa, er eini hænsfuglinn sem lifir villtur á Íslandi. Strangt aðhald er með rjúpnaveiðum. Mynd / Pixabay

Veiðar:
Víðast hvar nóg af rjúpu og gæftir góðar
– Minnst á Suðurlandi

Rjúpnaveiðitímabilinu lýkur 22. desember á Austurlandi og stendur lengst þar. Veiðar voru heimilar frá 24. október sl. og lauk á mismunandi tímum eftir svæðum.

Veiðitímabilið hófst 24. október á sex svæðum, með svæðisbundnu veiðidagafyrirkomulagi. Engar opinberar tölur liggja fyrir um veiðina á tímabilinu, en stjórnun veiðanna byggir á nýlegri verndarstefnu. Sölubann er á rjúpu og á það jafnt við um sölu til endursöluaðila og annarra.

Áki Ármann Jónsson, formaður SKOTVÍS, segir að almennt séð hafi verið nóg af rjúpu í haust. „Hún hagaði sér kannski öðruvísi en áður, elti minna snjólínuna og menn voru að lenda í veiði á láglendi á leiðinni í bílinn frekar en á hæstu fjallseggjum,“ segir hann og veltir fyrir sér hvort það hafi áhrif að fálkastofninn sé í lægð og rjúpan þá ekki eins mikið í snjólínunni að fela sig.

„Það var líka frekar misviðrasamt á þann veg að það snjóaði og tók síðan upp á víxl. Hins vegar var kannski minna um hvassviðri og leiðindaveður. Rjúpan var þannig stygg og dreifð þannig að veiðin var frekar jöfn hjá flestum. Í svona árferði má gera ráð fyrir að veiðin sé einhvers staðar í kring um 50.000 fugla. Líklega minnst á Suðurlandi af þessum sex veiðisvæðum þar sem stofninn er minnstur,“ segir Áki jafnframt.

Nýliðun veiðimanna sé hins vegar ekki mikil, um helmingi minni en fyrir 25-30 árum síðan. „Það gæti þýtt minni sókn sem síðan myndi þá endurspeglast í minni veiði. Allar kannanir sem SKOTVÍS hefur gert stemma við opinberar tölur um meðalveiði sl. ára. Það eru um 8-12 rjúpur á mann, sem sagt hófleg veiði sem ógnar ekki rjúpnastofninum sem heild,“ segir hann enn fremur.

Stofninn misjafn eftir landshlutum

Á vef Náttúruverndarstofnunar kemur fram að síðasta áratug hafi rjúpnaveiði sveiflast í kringum 40 þúsund rjúpur á ári, með lágpunkti upp á 28 þúsund og hápunkti upp á 60 þúsund fugla.

Fyrirkomulag rjúpnaveiði í ár byggði á þeim grunni sem lagt var upp með í samvinnu hagaðila við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir rjúpnastofninn sem staðfest var í fyrra. Lagt var upp með að það hefði jákvæð áhrif á bæði rjúpnastofninn og alla hagaðila.

Niðurstöður rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunar sl. vor sýndu nokkrar breytingar á fjölda rjúpna samanborið við árið 2024 en leitin var sögð ólík eftir landshlutum. Á Vestfjörðum og Norðvesturlandi sýndu talningar svipaðan fjölda og síðustu ár, og á Austurlandi var fækkun frá því í fyrra. Á Suðurlandi var aukning og stofninn þar við meðaltal síðustu ára. Á Vesturlandi og Norðausturlandi var talsverð aukning frá því árið 2024, og á vissum sniðum, s.s. á Mýrunum og í Bakkafirði, var fjöldi rjúpna sá hæsti sem sést hefur frá því talningar hófust.

Miðað við stofnvísitölur úr talningum síðustu 20 ára sýna talningar rjúpnastofninn vera undir meðaltali á Austurlandi, í kringum meðaltal á Norðvesturlandi og Suðurlandi, og yfir meðaltali á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðausturlandi. Talið er líklegt að hár þéttleiki rjúpna á vissum svæðum tengist fækkun fálka.

Tuttugu og fimmfaldur munur

Á einstökum rjúpnatalningarsvæðum hefur munur á hámarks- og lágmarksárum verið allt upp í 25-faldur skv. upplýsingum Náttúrufræðistofnunar. Í bestu rjúpnaárum telur hauststofn rjúpunnar yfir milljón einstaklinga en innan við tvö hundruð þúsund fugla í þeim lökustu.

Einnig hefur verið munur á rjúpnafjölda á milli tímabila. Á fyrri hluta 20. aldar var meira af rjúpu en verið hefur síðustu áratugi og þá taldi rjúpnastofninn 3-5 milljónir fugla í hámarksárum. Vegna langtímafækkunar í stofninum hefur rjúpan verið skilgreind sem tegund í yfirvofandi hættu á válista fugla.

/sá

Skorradalshreppur kærir skipun raflínunefndar

Sveitastjórn krefst þess að ákvörðun félags- og húsnæðismálaráðuneytisins um skipun sérstakrar raflínunefndar vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 verði felld úr gildi.

Í kærunni, sem aðgengileg er á vef Skorradalshrepps, er vísað til þess að ákvörðun um stofnun raflínunefndar feli í sér stjórnvaldsákvörðun sem varði sérstaklega réttindi og skyldur hreppsins. „Með slíkri ákvörðun fellur niður og skerðist almennt lögbundið hlutverk sveitarfélagsins að fjalla um þróun byggðar og landnotkun í samræmi við ákvæði skipulagslaga um aðalskipulag, þ.m.t. varðandi flutningsmannvirki raforku. Þá leiðir ákvörðunin til þess að sveitarfélaginu ber að skipa fulltrúa í raflínunefnd,“ segir í kærunni.

Þar er bent á að hreppurinn telji ekki forsendur fyrir Landsnet eða ráðuneytið að telja að ágreiningur sé til staðar sem réttlæti skipun raflínunefndar. Áréttað er að Landsnet hafi frá því í desember 2024, þegar annað erindi um raflínunefnd var til umfjöllunar, ekki átt nein samskipti við Skorradalshrepp um að aðalskipulagi verði breytt með tilteknum hætti. Eðlilegra hefði verið að reynt væri á málamiðlanir.

Skipulagsmál eru á borði félags- og húsnæðismálaráðuneytisins. Raflínunefnd hefur það hlutverk að undirbúa, kynna og afgreiða raflínuskipulag fyrir framkvæmd í flutningskerfi raforku sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og afgreiða umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir henni. Holtavörðuheiðarlína 1 nær til fjögurra sveitarfélaga. Einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi mun eiga sæti í nefndinni, auk fulltrúa umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og fulltrúa félags- og húsnæðismálaráðherra. Síðastnefndi fulltrúinn verður formaður nefndarinnar.

/ál

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Við erum alltaf á vaktinni

Gleðilega hátíð

Frá málþinginu sem haldið var á Laugum í Sælingsdal. Mynd / Vestfjarðastofa

Málþing í Dölunum:

Leiðir til byggðafestu á sauðfjárræktarsvæðum

Málþing var haldið á dögunum á Laugum í Sælingsdal, um leiðir til byggðafestu á sauðfjárræktarsvæðum Dalabyggðar, Reykhólasveitar, Stranda og Húnaþings vestra.

Með þessu málþingi lauk formlega verkefninu Leiðir til byggðafestu sem hófst árið 2023 en lokaskýrslu um það var skilað í byrjun árs 2024.

Verðmætasköpun möguleg með lítilli yfirbyggingu

Höfundar skýrslunnar eru Björn Bjarnason og Hlédís Sveinsdóttir, sem saman unnu einnig að „Ræktum Ísland“, sem var fyrsta opinbera tillagan að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.

Leiðir til byggðafestu var unnin fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV).

Fjallað er um málþingið á vef Vestfjarðastofu, þar sem segir að þau Björn og Hlédís hafi flutt erindi um verkefnið í heild sinni sem og um skýrsluna einnig sérstaklega. Meðal helstu niðurstaðna þeirra hafi verið að mikil verðmætasköpun geti átt sér stað í landbúnaðarhéruðum með lítilli yfirbyggingu.

Fóðuriðja í Saurbæ

Í skýrslunni eru sex námskeið sérstaklega nefnd sem geta stutt markmið um leiðir til byggðafestu í þessum landshlutum, til að mynda námskeið vegna ylræktar og útiræktunar, fullvinnsla á kjöti, nýting ullar og nákvæmnisbúskapur. Kerfislegu verkefnin sem tilgreind eru fjalla um Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, uppbyggingu í Ólafsdal við Saurbæ í Dölum, kræklingarækt í Króksfirði og Steingrímsfirði, mat á kolefnisspori sauðkindarinnar, fóðuriðju í Saurbæ og þörungavinnslu á Reykhólum.

Á vef Vestfjarðastofu segir að fram hafi komið að enn sem komið er kunni leiðirnar að virðast sýnd veiði en ekki gefin, þar sem núverandi regluverk geti verið hamlandi og enn sé skortur á rannsóknum. Byggðafesta krefjist nefnilega þekkingaröflunar og stundum kerfisbreytinga.

Endurheimt votlendis og kolefniseiningar

Aðrar hliðar á byggðaþróun og byggðafestu voru einnig til umræðu á málþinginu. Til að mynda flutti Þorgrímur Einar Guðbjartsson, bóndi á Erpsstöðum, erindið „Virðisauki heima á hlaði“, en Rjómabúið Erpsstaðir er vinsæll viðkomustaður ferðafólks við þjóðveginn í Dölunum þar sem rekið er kúabú með framleiðslu meðal annars á ís og ostum.

Hjörleifur Finnsson, verkefnisstjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu, fjallaði um kolefniseiningar, en þar kom fram að endurheimt votlendis virðist vera hagkvæmasta leiðin til framleiðslu þeirra.

Aukin verðmæti afurða

Guðfinna Lára Ásgeirsdóttir, bóndi og frumkvöðull á Stóra-Fjarðarhorni á Ströndum, gaf innsýn í eigin reynslu af nýsköpun í landbúnaði. Hún fjallaði meðal annars um sauðfjárrækt, holdanautgriparækt og uppsetningu matvælavinnslu; verkefni sem reyndist krefjandi en opnaði ýmsa möguleika. Ingibjörg Þóranna Steinudóttir, hjá Urði Ullarvinnslu, flutti erindi um nýsköpunarverkefni sitt í Dölunum, en þar er meðal annars framleiðsla á ullarbandi úr lambsull, verðmætustu og mýkstu ullinni sem völ er á.

Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, formaður VOR – félags um lífræna ræktun og framleiðslu og fagráðs um lífræna ræktun – fjallaði um lífræna grænmetisrækt sem hún segir raunhæfan valkost fyrir bændur og leið til að auka verðmæti afurða.

Loks fjallaði Steinþór Logi Arnarsson, formaður Samtaka ungra bænda, um hvað dregur ungt fólk í dreifbýli. Þar fjallaði hann um starfsskilyrði landbúnaðarins og litla nýliðun í landbúnaði. Þar væru helstu hindranir lítið framboð á bújörðum og veikleikar í fjárhagsumhverfi greinarinnar, bæði hvað varðar lánakjör og arðsemi. */smh*

Kornrækt:

Metuppskera af þurrkuðu korni

Afar hagstæð veðurskilyrði voru á Íslandi í sumar og haust til kornræktar, sem skilaði sér í mestri uppskeru frá því að farið var að halda formlega utan um uppskerutölur í samræmdu skýrsluhaldi árið 2019.

Alls voru uppskorin rúm 12 þúsund tonn af þurrkuðu korni, þegar búið er að umreikna votverkað korn til jafns við þurrkað. Það er rúmlega 2.400 tonnum meira en árið 2022 þegar næstmesta kornuppskeran var.

Borgar Páll Bragason. Mynd / Aðsend

Áfram er sú þróun að kornbændum fækkar á Íslandi, þeim fækkaði núna um sex á milli ára en eru 50 færri sé litið til ársins 2019. Aukning varð hins vegar í umfangi kornræktar núna á milli ára. Í byggræktun var ræktað á 3.333 hekturum í ár, sem er 216 hektara stækkun á ræktarlandi frá síðasta ári, en byggið er langumfangsmesta kornræktartegundin. Heildaraukning í kornrækt nam 169 hekturum – þar sem meðtalið er auk byggsins, hafrar, vorhveiti, vetrarhveiti og vetrarrúgur.

Þurrkað korn nær 50% í heildaruppskeru

Á síðustu sjö árum er það aðeins á árinu 2022 sem fleiri hektarar voru undir byggrækt, eða 3.384. Þá var heildar kornuppskera 9.647 tonn og fékkst 3,1 tonn af þurrkuðu korni á hektara að meðaltali. Núna fengust 3,8 tonn af þurrkuðu korni á hektara. Síðasta ár var einstaklega óhagstætt kornræktarár, en þá fékkst um 2,2 tonn af þurru korni á hvern hektara og heildaruppskeran rúm 5.800 tonn af þurrkuðu korni.

Í fyrsta skipti nær þurrkað korn 50% í heildaruppskeru. „Það er áhugavert að sjá að hlutfall þurrkaðs korns er að hækka sem er eðlilegt, sérstaklega núna með stuðningi stjórnvalda við að byggja upp þurrkstöðvar. Síðan er ánægjulegt að sjá hvað almennt virðist hafa gengið vel að rækta korn þetta árið og uppskeran tekið kipp,“ segir Borgar Páll Bragason, fagstjóri, rekstrar- og umhverfissviðs Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Í ár fengust rúm 12 þúsund tonn af þurrkuðu korni, sem gerir um 3,8 tonn á hektara að meðaltali. Mynd / smh

Í fyrsta skipti nær þurrkað korn 50% í heildaruppskeru. Mynd / RML

Kornræktendum fækkar samhliða fækkun bænda

Spurður út í framtíðarsýnina í ljósi stuðningsaðgerða stjórnvalda við greinina, bæði með fjárfestingastuðningi og framleiðslutengdum stuðningi, segir Borgar að hann sjái fyrir sér áframhaldandi þróun.

„Ég held að kornræktendum haldi áfram að fækka samhliða fækkun bænda. Það getur þó vel verið að gott gengi í kornræktinni á þessu ári og almennt mikill heyfengur muni hafa þau áhrif að kornræktendum fjölgi eitthvað á næsta ári en til lengri tíma finnst mér líklegt að kornræktendum haldi áfram að fækka en þeir sem rækta korn verði stórtækari.“

/smh

Í fyrsta skipti greitt fyrir kornframleiðslu

– Allir umsækjendur fengu styrk

Í fyrsta skipti styðja stjórnvöld nú beint kornframleiðslu kornbænda. Nýverið var tilkynnt í atvinnuvegaráðuneytinu að búið væri að úthluta styrkjum fyrir framleiðslu þessa árs, alls 76,7 milljónum króna, fyrir bygg, hveiti og hafra.

Um er að ræða einn lið í aðgerðaáætlun stjórnvalda til að efla kornrækt á Íslandi, þar sem gert er ráð fyrir að verja um tveimur milljörðum króna til átaks í kornrækt á árunum 2024–2028.

Styrkur til fjárfestinga í kornrækt var í fyrsta skiptið veittur á síðasta ári til að mynda vegna kornþurrkunarstöðva, nýframkvæmda, stækkana eða endurbóta á stöðvum sem þegar eru í rekstri.

Greiddar 15 krónur á kílóið

Alls sóttu 57 býli nú um framleiðslustyrki og voru allar umsóknirnar samþykktar, en styrkirnir ná til 5.300 tonna heildarframleiðslu þar sem byggrækt er langumfangsmest. Stuðningurinn er veittur til framleiðslu á þurrkuðu korni og eru greiddar 15 krónur á hvert framleitt kíló sem uppfyllir tilteknar gæðakröfur.

Verðmætasköpun í dreifðari byggðum

Í tilkynningu úr atvinnuvegaráðuneytinu er haft eftir Hönnu Katrínu Friðriksson atvinnuvegaráðherra að aukin kornrækt stuðli að aukinni verðmætasköpun í dreifðari byggðum. „Kornrækt er jafnframt mikilvægur þáttur í að efla fæðuöryggi og áfallaþol landsins sem er mjög háð innflutningi á korni, bæði til manneldis og fóðurs. Það er mikið fagnaðarefni að sjá hversu margir kornbændur eru tilbúnir í framleiðslu okkur öllum til heilla,“ segir Hanna Katrín.

/smh

Styrkþegar með meira en 100 tonna byggframleiðslu 2024

Laxárdalur 2	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1,088,450
Flatey	Hornafjörður	433,676
Langholt	Borgarbyggð	316,280
Hrafnagil	Eyjafjarðarsveit	174,002
Grænahlíð	Eyjafjarðarsveit	171,800
Grund I	Eyjafjarðarsveit	165,000
Þorvaldseyri	Rangárþing eystra	164,862
Klauf	Eyjafjarðarsveit	160,000
Efri-Ás	Skagafjörður	140,000
Kvíaból	Þingeyjarsveit	133,300
Kolsholtshellir	Flóahreppur	124,990
Birtingaholt 4	Hrunamannahreppur	111,919
Laxárholt 2	Borgarbyggð	104,394
Ásgarður	Borgarbyggð	103,000

Framleiðsla í kílóum

spinder

DAIRY HOUSING CONCEPTS

Ertu að taka eldra gripahús í gegn? Eða að innrétta nýtt?

Við bjóðum upp á heildarlausnir fyrir gripahús í samstarfi við Spinder með hagsmuni nautgripa og bænda í huga.



Milligerðir
Sérbeygðar milligerðir fyrir íslenskar kýr

Læsigrindur
Fáanlegar í mörgum stærðum

Hlið
Ýmsar gerðir - Lyftanleg - Útdraganleg

Vatnsdýnur

Velferðarhnakkarör

Básadýnur

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Landsmót hestamanna fór síðast frá á Hólum árið 2016. Mynd / LM

Landsmót hestamanna:

Nýjungar næsta sumar

Landsmót hestamanna fer fram á Hólum í Hjaltadal næsta sumar, dagana 5.–11. júlí.

Undirbúningur er í fullum gangi en miklar framkvæmdir hafa verið á svæðinu í sumar. „Það ríkir mikil eftirvænting eftir mótinu. Svæðið lítur mjög vel út en búið er að leggja mikla vinnu í vellina og Skagfirðingar munu leggja sitt af mörkum í að gera mótið hið glæsilegasta," segir Unnur Rún Sigurpálsdóttir en hún er í mótstjórn ásamt þeim Sigurlínu Erlu Magnúsdóttur og Hildu Karen Garðarsdóttur.

Tveir nýir flokkar á mótinu

Á síðasta LH þingi var samþykkt að A-flokkur ungmenna væri sýningargrein á Landsmóti og hefur verið tekin sú ákvörðun að bjóða upp á þessa grein á komandi Landsmóti ásamt því að B-flokkur áhugamanna kemur einnig inn sem sýningargrein. Ákvörðunin hefur vakið athygli en vonast mótshaldarar til að með þessu verði aukin aðsókn á mótið.

„Við ræddum þetta, að bæta við áhugamannaflokknum, og sitt sýndist hverjum. Við höfum séð það síðustu ár að það er mikil aukning í fjölda áhugamanna sem eru að taka þátt í keppni og þetta fólk dregur með sér mikinn fjölda áhorfenda. Þessir knapar eru líka margir mjög vel ríðandi og með þessu teljum við okkur ná að hleypa fleiri knöpum að," segir Unnur Rún, en eftir að hafa verið með íþróttakeppnina á Landsmótum síðustu tvö mót langaði þau að gefa þessu fyrirkomulagi séns.

Enda mótið á laugardegi

Fyrstu drög að dagskrá Landsmóts hestamanna, sem mun fara fram á Hólum sumarið 2026, hafa verið birt á vef mótsins, landsmot.is. Mótið mun hefjast sunnudaginn 5. júlí á forkeppni í barnaflokki á gæðingavelli og á kynbótavellinum byrja 4ra vetra hryssur.

„Þetta var gert á Hellu og þótti okkur takast vel til. Með því að hafa barnaflokk og unglingaflokk á sunnudeginum og frítt inn getum við gert yngri krökkunum hærra undir höfði. Það er ekki eins gaman fyrir þau að vera að ríða í braut klukkan átta á mánudeginum og svona geta allir í fjölskyldunni komið og horft á unga fólkið okkar."

Mótinu lýkur svo laugardagskvöldið 11. júlí með pomp og prakt og á sunnudeginum munu mörg hrossaræktarbú vera með opin hús svo Landsmótsgestir geta kynnt sér starfsemi þeirra. Miðasala er hafin á mótið en sérstakt tilborðsverð er á vikupössum til áramóta. */hf*

SVALALOKANIR SVALAHANDRIÐ SVALAGANGAR ÁLSVALAKERFI

Njótum 365 daga ársins í skjóli frá veðri og vindi

ÁLKERFI.IS

www.alkerfi.is Lyngási 20, Garðabæ sala@alkerfi.is s. 554 4300

Bændablaðið
www.bbl.is

Guðmundur Hallgrímsson frá Hvanneyri hefur selt vörur frá Heiniger í fjóra áratugi. Hér heldur hann á verðlaunum sem hann fékk af því tilefni, en það var handsmíðuð gaukslukka. Niður úr henni er kólfur sem á stendur „40 years – Hallgrimsson & Heiniger". Mynd / Aðsend

Hvanneyri:

Guðmundur Hallgrímsson heiðraður

– Einn helsti sölu- og þjónustumaður rúningsklippa á landinu

Fyrir skemmstu kom fulltrúi frá svissneska rúningsklippu-framleiðandanum Heiniger og færði Guðmundi Hallgrímssyni á Hvanneyri gjöf í tilefni af 40 ára samstarfi þar sem hann hefur selt og þjónustað rúningsklippur. Núna er hann 75 ára og segist hvergi nærri hættur.

Guðmundur segir í samtali tilviljun hafa ráðið því að hann hafi orðið sölumaður og þjónustuaðili fyrir Heiniger árið 1985. Þá hafi fyrirtækið verið að leita að umboðsmanni hérlendis og kom starfsmaður þeirra til landsins. Sá hafi byrjað á að leita ráða hjá Bændasamtökunum þaðan sem honum var vísað á bútæknideild Bændaskólans á Hvanneyri, en þá starfaði Guðmundur við Hvanneyrarbúið.

Enginn vissi neitt um rúningsvélar

„Hann boðaði komu sína hjá Grétari Einarssyni og tók leigubíl hingað upp eftir. Grétar hringdi í mig og spurði hvort ég vildi ekki vera viðstaddur þar sem ég var rúningsmaður. Við bentum manninum á vélasölurnar í Reykjavík sem voru að flytja inn landbúnaðarvörur. Svo stakk Grétar upp á því að ég tæki þetta að mér en ég svaraði því að ég væri ekki sölumaður.

Maðurinn renndi suður til að heimsækja vélasalana sem við bentum honum á. Hann hitti fullt af sölumönnum, en engan sem vissi neitt um rúningsvélar. Hann kom aftur hingað á Hvanneyri og við settumst gaumgæfilega yfir málin. Við gerðum svo með okkur samning um að ég tæki að mér umboðið og sinnti viðhaldi," segir Guðmundur.

Vildi ekki leggja of mikið á

„Viðtökurnar á Heiniger-klippunum voru góðar, en þá voru til tvær gerðir af barkaklippum á markaðnum – Lister og Sunbeam. Mér fannst að ég þyrfti að leggja skratti mikið á þetta til að ná upp í verðið hjá þeim, svo ég seldi á verði þannig að ég hefði rétt einhverjar krónur eftir. Þá lækkuðu hinar klippurnar í verði líka.

Ég hef séð um viðhald og stillingar á klippum frá hinum framleiðendunum líka, en hin umboðin voru ekki með þá þjónustu. Þetta eru allt saman ágætis klippur og eiga að duga í mannsaldur ef það er farið vel með þetta, en menn lentu oft í vandræðum ef þetta bilaði.

Það eru fleiri en ég sem sjá um að brýna, en ég fæ mikið af handföngum til að gera þau upp, skipta um slitfleti og stilla. Núna eru klippurnar orðnar viðkvæmari og flóknari en þær voru, en það er kominn alls konar rafmagns- og öryggisbúnaður."

Um tíu klippur á ári

„Handföngin voru miklu klossaðri og þyngri fyrst, en núna voru að koma ný handföng sem eru alveg eins í laginu og allir slitfletir eru þeir sömu en þeir minnkuðu efnið í handfanginu og léttu þau þó nokkuð mikið.

Eins hafa verið alls konar barkar, en fyrst voru þeir strigi með fjöður strengda utan um sem var svolítið þungt. Svo var farið að nota plast í klæðninguna sem var lungamjúkt fyrst, en harðnaði og vildi springa með aldrinum. Núna eru þeir komnir með gúmmí utan um barkana sem er miklu betra, en gormarnir inni í þeim eru orðnir viðkvæmari og er ég ekkert voðalega sáttur við það. Áður fyrr var undantekning ef það slitnaði gormur." Guðmundur segir rúningsklippur nokkuð einfaldan útbúnað, en þær eru settar saman úr rafmótor sem hangir fyrir ofan rúningsmanninn ásamt drifbarka sem kemur niður úr honum og tengist við handfangið.

Þar sem endingin er mikil segir Guðmundur söluna vera hóflega. Hann skýtur á að hann hafi selt að jafnaði tíu barkaklippur á ári. Hann segir fullbúið sett af barkaklippum kosta í kringum 230 þúsund krónur fyrir utan virðisaukaskatt. Þó svo að Heiniger sé best þekkt fyrir barkaklippur fyrir rúning selur Guðmundur líka fjölbreytt úrval af klippum fyrir nautgripi, hross og gæludýr. Það nýjasta séu rafhlöðuknúnar rúningsklippur.

Hendurnar ekki til átaka

Guðmundur kenndi rúning í rúmlega þrjátíu ár. „Það er svo mikið atriði að þeir sem eru að klippa læri aðferðina við rúninginn eins vel og mögulega hægt er. Ég var á tíu daga námskeiði til að kenna rúning og þá var stór hluti af þessu líkamsbeitingin.

Lagið er að reyna ekkert á bakið, heldur á sterkustu vöðvana í fótunum. Bakvöðvarnir eru aumir og þunnir á meðan það eru feikna þykkir vöðvar í lærunum og kálfunum sem eru til átaka. Þegar maður stendur boginn má ekki nota höndina til að taka á því að átakið kemur allt frá bakinu. Til þess að árétta þetta fyrir nemendunum klippti ég oft eina kind með aðra höndina fyrir aftan bak.

Eins skiptir máli hvernig menn halda á handfanginu. Ef menn halda eins og um járnkarl þá taka þeir á handfanginu og handleggurinn verður grjótharður alla leið upp í öxl. Ef menn setja þumalputtann upp á handfangið er ekkert hægt að taka á."

Aðspurður hvort ekki breyti miklu að vera í svokallaðri rúningsrólu svarar Guðmundur: „Í sjálfu sér áttu ekki að þurfa að vera í rólu ef þú klippir alveg hárrétt. Maður á að geta komið kindinni í allar stellingar bara með fótunum. Ég segi stundum að ef menn eru slæmir í bakinu eigi þeir að fara að klippa til að þjálfa sig."

Guðmundur var bústjóri á Hvanneyri í rúman aldarfjórðung og klaufskar hann lengi kýr fyrir nokkur búnaðarsambönd. Enn fremur hefur Guðmundur komið að fleiri verkefnum, eins og innra eftirliti fyrir bændur. Undanfarin ár hefur Guðmundur ferðast um landið með sérstaka vél til að fræsa rásir í fjósgólf sem eru orðin sleip, en sú aðgerð minnki hættuna á slysum á dýrum og mönnum. */ál*

Kalkúnaskip

frá

ÍSLENSKUM BÆNDUM

sem við þekkjum og treystum

ÍSFUGL

Hagtölur:

Nýtt mælaborð styrkir hagsmunagæslu bænda

Þann 15. desember síðastliðinn var nýtt mælaborð Bændasamtakanna tekið í notkun sem veitir greinargóða yfirsýn á innflutningi landbúnaðarafurða og styrkir þannig hagsmunagæslu bænda. Í stöðugt harðnandi samkeppni innlendrar landbúnaðarframleiðslu við erlendar afurðir er mikilvægt fyrir bændur að geta nálgast sem skýrustu mynd af þróun innflutnings á einstaka landbúnaðarafurðum.

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is

Mælaborð Bændasamtakanna er stafrænn vettvangur með upplýsingar um innflutning á landbúnaðarafurðum eftir tollflokkum og nær það til allra vara í köflum 1 til 24 í tollskrá, að frátöldum sjávarafurðum. Mælaborðið er sett upp í Power BI sem er viðskiptagreindarhugbúnaður frá Microsoft og gefur möguleika á að skoða gögn með gagnvirkum hætti en það er aðgengilegt fyrir félagsfólk Bændasamtakanna á „Mínar síður“. Mælaborðið nær til tímabils frá 2017 til núverandi árs, þar sem innflutningstölur eru uppfærðar í lok hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan.

Þegar horft er á innlenda landbúnaðarframleiðslu í samanburði við innflutning sambærilegra afurða getur verið snúið að nálgast þær upplýsingar. Hagstofa Íslands veitir upplýsingar um innflutning á einstaka tollnúmer en með mælaborðinu er hægt að fá skýrari yfirsýn á innflutningi eftir ýmsum flokkum svo sem grænmeti, kjöti og mjólkurafurðum.

Þannig má t.d. sjá að fyrir árið 2024 var flutt inn tæplega níu tonn af kartöflum. Hins vegar var einungis hluti af því flutt inn undir 7. kafla tollskrár þar sem matjurtir eru flokkaðar. Mun hærra hlutfall er flutt inn undir 20. kafla tollskrár, unnar matvörur. Eins er eitthvað flutt af kartöflum undir 16. kafla tollskrár, malaðar vörur.

Í þessu samhengi er áhugavert að skoða þróun innflutnings á grænmeti undanfarin ár í samanburði við innanlandsframleiðslu á grænmeti. Þannig má sjá að frá árinu 2017 til ársins 2024 hefur framleiðsla á grænmeti innanlands minnkað um 24% á sama tíma og innflutningur á grænmeti hefur aukist um 10%. Innflutningstölur taka hér mið af innflutningi á matjurtum í tollflokki 7, auk innflutnings á kartöflum í tollflokki 16 og 20.

Þegar við berum saman innanlandsframleiðslu á kjöti við innflutt kjöt er mikilvægt að hafa í huga að innlendar afurðir eru skráðar í heilum skrokkum en innfluttar kjötafurðir eru að miklu leyti úrbeinaðar. Í mælaborðinu er hægt að greina innflutning á kjöti þar sem búið er að leiðrétta fyrir beinahlutfalli. Er þá gert ráð fyrir 40% beinahlutfalli, þ.e. 60% kjötnýtingu á vörum með beini.

Mælaborðið veitir jafnframt góða yfirsýn á innflutningi á unnum kjötafurðum. Þannig má sem dæmi sjá að innflutningur á unnu alifuglakjöti sem flokkast undir 16. kafla tollskrár var rétt innan við 650 milljónir króna árið 2024 og innflutningur á óunnu alifuglakjöti sem flokkast undir 5. kafla tollskrár nam um 1,38 milljörðum króna. Hlutfall á unnu alifuglakjöti nam því um 32% af heildarinnflutningi á alifuglakjöti fyrir árið 2024 þegar horft er til CIF verðmætis í kr.

Þar sem mælaborðið nær til innflutnings á öllum vörum í köflum 1 til 24 í tollskrá, að frátöldum sjávarafurðum er til dæmis hægt að skoða þróun á innflutningi á ýmsu hráefni sem notað er til landbúnaðarframleiðslu.



Innflutningur á kartöflum í kílóum árið 2024 Heimild: Hagstofa Íslands/Bændasamtök Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands/Bændasamtök Íslands



Innflutningur á alifuglakjöti árið 2024 – CIF verðmæti í kr.



10 stærstu innflutningslönd á unnu alifuglakjöti árið 2024 – CIF verðmæti í kr. Heimild: Hagstofa Íslands/Bændasamtök Íslands



Þróun innflutnings á alifuglakjöti eftir mánuðum árið 2024 – CIF verðmæti í kr.

Njálupakkir Njáluheit

Nýstofnað Njálufélag fékk fljúgandi start þegar það efndi til Njáluvöku í Rangárþingi í ágúst sl. Þúsundir landsmanna mættu á viðburði vökunnar og atvinnulífið studdi metnaðarfulla dagskrá hennar með myndarlegum hætti. Fyrir hvort tveggja vil ég í lok ársins þakka af heilum hug og ekki síður þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til þess að gera þessa fyrstu Njáluvöku öllum þeim sem henni tengdust ógleymanlega.

Erindi okkar á nýju ári er brýnt. Íslensk tunga á í vök að verjast og einstakur bókmenntaarfur þjóðarinnar sömuleiðis. Njálufélagið er staðráðið í að leggja sitt af mörkum til varnar og sóknar á báðum vígstöðvum.

Ég hlakka til nýrra verkefna á nýju ári. Um leið og við strengjum þess heit að standa vörð um tungu okkar og menningu með Brennu-Njáls sögu í öndvegi óska ég landsmönnum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Fyrir hönd Njálufélagsins,
Guðni Ágústsson



Upp með Njálu

Klippið út

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN

Áramótatilboð

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum og 5% afslátt af rúlluvélum til 05. janúar 2026

Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

Sláttuvélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi diska	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reimdrifi	8	3,10	711	56	2.066.000	2.561.840	**1.756.000**	2.177.440
GMD 3511	Bein driftenging með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.705.000	3.354.200	**2.299.000**	2.850.760
GMD 4011	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	3.227.000	4.001.480	**2.743.000**	3.401.320
GMD 4015	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	3,95	1150	55	3.400.000	4.216.000	**2.890.000**	3.583.600
GMD 4411	Bein driftenging með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	3.346.000	4.149.040	**2.844.000**	3.526.560
GMD 310 F	Framsláttuvél	8	3,1	1010	43	3.175.000	3.937.000	**2.699.000**	3.346.760
GMD 3525 F	Framsláttuvél	8	3,5	1180	49	4.090.000	5.071.600	**3.477.000**	4.311.480
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	21	8,2-8,8	2648	122	9.030.000	11.197.200	**7.676.000**	9.518.240
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	23	9,1-9,5	3405	135	10.582.000	13.121.680	**8.995.000**	11.153.800
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk.)	24	9,5-9,9	3530	141	11.160.000	13.838.400	**9.486.000**	11.762.640
FC 3515D	Með knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.820.000	5.976.800	**4.097.000**	5.080.280
FC 3125 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	4.180.000	5.183.200	**3.553.000**	4.405.720
FC 3525 DF	Framsláttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	4.630.000	5.741.200	**3.936.000**	4.880.640
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,73	4420	191	12.578.000	15.596.720	**10.691.000**	13.256.840
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	13.985.000	17.341.400	**11.887.000**	14.739.880
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hliðartengd	8	3,5	2280	90	5.870.000	7.278.800	**4.990.000**	6.187.600
BKE 250	Hagaláttuvél með kefli og vökvafærslu		2,5	710	54	1.715.000	2.126.600	**1.458.000**	1.807.920
BP30	Hagaláttuvél með kefli og vökvafærslu		3,03	920	78	2.054.000	2.546.960	**1.746.000**	2.165.040
BPR 305	Hagaláttuvél fram- og afturvél		3,03	1100	100	2.718.000	3.370.320	**2.310.000**	2.864.400

Heytætlur

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Afl þörf hö	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.428.000	1.770.720	**1.214.000**	1.505.360
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	2.140.000	2.653.600	**1.819.000**	2.255.560
GF 6503	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	950	30	2.447.000	3.034.280	**2.080.000**	2.579.200
GF 7903	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	3.163.000	3.922.120	**2.689.000**	3.334.360
GF 7903T	8 stjörnu dragtengd á vagni	5	7,8	1515	40	4.175.000	5.177.000	**3.549.000**	4.400.760
GF 8703	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1430	55	3.735.000	4.631.400	**3.175.000**	3.937.000
GF 8703 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1810	50	4.465.000	5.536.600	**3.795.000**	4.705.800
GF 10803	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1675	55	4.985.000	6.181.400	**4.237.000**	5.253.880
GF 10803T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1980	55	5.490.000	6.807.600	**4.667.000**	5.787.080
GF 13003	12 stjörnu lyftutengd	6	13,0	2050	80	6.879.000	8.529.960	**5.847.000**	7.250.280
GF 13003T	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2800	80	7.680.000	9.523.200	**6.528.000**	8.094.720
GF 15003T	14 stjörnu dragtengd á vagni	6	15,0	3220	90	9.400.000	11.656.000	**7.990.000**	9.907.600

Múgavélar

Tegund	Útbúnaður	Fjöldi arma á stj	Fjöldi tinda á arm	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
GA 300GM	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	3,2	286	875.000	1.085.000	**744.000**	922.560
GA 4201	Einnar stjörnu lyftutengd m/ veltiöxli	11	4	4,2	560	1.514.000	1.877.360	**1.287.000**	1.595.880
GA5031T	Einnar stjörnu **dragtengd** m/ veltiöxli	15	4	5,0	860	2.391.000	2.964.840	**2.032.000**	2.519.680
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	4.525.000	5.611.000	**3.846.000**	4.769.040
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	5.870.000	7.278.800	**4.990.000**	6.187.600
GA8731+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	7.050.000	8.742.000	**5.993.000**	7.431.320
GA9531+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	7.170.000	8.890.800	**6.095.000**	7.557.800
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	11.645.000	14.439.800	**9.898.000**	12.273.520
GA 6002	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	3.359.000	4.165.160	**2.855.000**	3.540.200
GA 7932+	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	12	4	4-7,65	1620	4.786.000	5.934.640	**4.068.000**	5.044.320
GA 9032+	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	15	4	4,6-8,8	1621	5.570.000	6.906.800	**4.735.000**	5.871.400
GA 8830	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ veltiöxli	13	4	8,8	2640	7.030.000	8.717.200	**5.976.000**	7.410.240

Herfi, tætarar og sáðvélar

Tegund	Útbúnaður	Vinnslu breidd m	Þyngd kg	Aflþörf hö. lágm.-hámark	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.536.000	3.144.640	**2.156.000**	2.673.440
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1390	80-250	3.057.000	3.790.680	**2.598.000**	3.221.520
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,5	1635	90-250	3.510.000	4.352.400	**2.984.000**	3.700.160
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.880.000	4.811.200	**3.298.000**	4.089.520
HR3030	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	3,0	1679	80-240	4.210.000	5.220.400	**3.579.000**	4.437.960
HR3530	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	3,5	1783	90-250	4.809.000	5.963.160	**4.088.000**	5.069.120
HR4030	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	4,0	1949	100-260	5.453.000	6.761.720	**4.635.000**	5.747.400
HR5030R	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	5,0	3170	-350	7.469.000	9.261.560	**6.349.000**	7.872.760
HR6030R	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	6,0	3485	-350	8.465.000	10.496.600	**7.195.000**	8.921.800
EL92/180	Jarðtætari	1,8	525	51-100	1.525.000	1.891.000	**1.296.000**	1.607.040
EL92/230	Jarðtætari	2,3	605	58-100	1.643.000	2.037.320	**1.397.000**	1.732.280
EL122/250	Jarðtætari, gaddakefli kr. 378.000 án vsk	2,5	955	65-125	2.150.000	2.666.000	**1.828.000**	2.266.720
EL122/300	Jarðtætari, gaddakefli kr. 455.000 án vsk	3,0	1105	75-125	2.345.000	2.907.800	**1.993.000**	2.471.320
EL162/300	Jarðtætari með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	3.055.000	3.788.200	**2.597.000**	3.220.280
EL282/400	Jarðtætari með gaddakefli "packer"	4,0	2565	130-270	5.880.000	7.291.200	**4.998.000**	6.197.520
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780 l fræbox, herfi		2.940.000	3.645.600	**2.499.000**	3.098.760
	Grasfræbox innifalið	3,0						

Sambyggðar rúllu- og pökkunarvélar

Tegund	Útbúnaður	Sópvinda	Dekkjastærð	Verðlistaverð án vsk	Verðlistaverð með vsk	Tilboðsverð án vsk	Tilboðsverð með vsk
i-BIO	Rúllar og pakkar í sama hólfi,netb.búnaður, 14 hnífar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	12.830.000	15.909.200	**12.189.000**	15.114.360
i-BIO OC23	23 hnífar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	13.454.000	16.682.960	**12.781.000**	15.848.440
Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum						**980.000**	1.215.200
FBP3135-23	23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, tandem 500/45-22,5 vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb. Plast- og netbindibúnaður, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum 3D (þrívíddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%	2,3 m	500/45-22,5	17.260.000	21.402.400	**16.397.000**	20.332.280
VBP7160-23	23 hnífar,sjálfv.smurkerfi, tandem 600/50-22,5 vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórnb. Plast- og netbindibúnaður, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum 3D (þrívíddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%	2,3 m	600/50-22,5	20.730.000	25.705.200	**19.694.000**	24.420.560
VBP7160-33	33 hnífar,sjálfv.smurkerfi, tandem 600/50-22,5 vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 1200 stjórnb. Plast- og netbindibúnaður, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilmum 3D (þrívíddar) pökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%	2,3 m	600/50-22,5	22.040.000	27.329.600	**20.938.000**	25.963.120

Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 145 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.

Helga Elínborg Guðmundsdóttir og Þorgrímur Einar Guðbjartsson reka saman kúabú og Rjómabú á Erpsstöðum í Dölum.

Þorgrímur setur tilbúið skyrið í fötur.

Hreint heföbundið íslenskt skyr sett í neytendaumbúðir.

Myndir / Aðsendar

Erpsstaðir:

Eftirsótt heföbundið íslenskt skyr

„Sunnudagur, mánudagur og þriðjudagur eru skyrdagar hjá mér og ég er í miðju ferlinu,“ sagði Þorgrímur Einar Guðbjartsson, kúabóndi og mjólkurfræðingur á Erpsstöðum í Dölunum, þegar blaðamaður náði tali af honum á mánudegi til að spyrjast fyrir um skyrgerðina hjá honum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

„Þannig að skyrið er tilbúið á þriðjudögum og þá hægt að pakka því,“ bætir hann við.

ÞÚSUND ÞAKKIR!

Sendum landsmönnum öllum hlýjar óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Bestu þakkir fyrir viðburðaríkt og skemmtilegt ár, þökk sé yndislegum viðskiptavinum, nýjum vinasamböndum og okkar frábæru þjónustuaðilum.

23. des 09:00-12:00
24. des . . . . . LOKAÐ
29. des 09:00-16:00
30. des 09:00-16:00
31. des . . . . . LOKAÐ
2. jan 09:00-15:00

NEYÐARNÚMER: 830 3600

VELDIX
IÐNAÐARGAS
547 5577 / veldix@veldix.is

Selst upp í hverri viku

Þorgrímur kannast við að umræðan um gamla, góða íslenska skyrið skjóti alltaf reglulega upp kollinum – og þá í tengslum við að framboð á hinni heföbundnu vöru sé ekki almennt í matvöruverslunum. „Ég held að ég sé einn af fáum sem eftir eru í framleiðslu á heföbundnu skyri svona til markaðssetningar af þessari stærðargráðu sem ég er að gera.

Núna, yfir vetrartímann, er ég að gera kannski 40 kíló á viku en þegar mest er að gera á sumrin fer ég upp í um 100 kíló. Frá því í haust hefur skyrið orðið uppselt í hverri viku, en ég hef ekki viljað auka framleiðsluna á meðan það er ekki meiri eftirspurn. Þegar þannig ástand er, fá kálfarnir ekkert skyrsull, en alla jafna fá þeir slíkar restar ef til fellur. Allt sem fellur til við framleiðsluna og ekki er söluvara, eins og ostamysa og slíkt, fá þeir og svínin. En við erum með tvo aligrísi yfir sumarið sem þrífast nær eingöngu á mysu og afgöngum frá ostagerðinni.“

Mikil sala beint frá býli

Að sögn Þorgríms er mikill straumur ferðafólks sem staldrar við á Erpsstöðum á leið sinni um Dalina, sérstaklega á sumrin. Mikil sala fer því fram beint frá býli, en lítil verslun er rekin í sama húsnæði og mjólkurvinnslan er, þar sem allar mjólkurafurðir frá Rjómabúinu Erpsstöðum eru á boðstólum úr osta- og ísgerðinni. Þær fást líka í versluninni Ljómalind í Borgarnesi, sem Þorgrímur og Helga Elínborg Guðmundsdóttir, kona hans, eiga með nokkrum öðrum smáframleiðendum búvara á Vesturlandi.

„Þess utan er Matarbúðin Nándin í Hafnarfirði eina verslunin sem selur skyrið frá okkur. Þau eru að selja allt í plastlausum umbúðum þannig að við pökkum skyrinu sértaklega í gler fyrir þau. Svo getur fólk komið aftur og skilað glerinu þegar búið er að borða skyrið. Við erum enn að nota plastdósir og höfum ekki enn fundið hentugri pakkningar sem standast okkar gæðakröfur, en höfum prófað pappa til dæmis aðeins,“ segir Þorgrímur.

Frá skyri til skyrs

Sérstaka skyrgerla þarf til að hleypa skyrinu og segist Þorgrímur hafa fengið slíka hjá Mjólkursamsölunni á Akureyri þegar hann varð uppiskroppa á Erpsstöðum fyrir um tíu árum. Þar hafi verið framleidd ein tegund af skyri með lifandi gerlum.

„En annars nota ég bara þá gerla sem eru frá síðustu skyrgerð, tek bara svolítið frá í dós af ósíuðu skyri til næstu framleiðslu. Það er þá geymt í eina viku og þannig helst óslitin keðja ef allt gengur að óskum – og þannig hefur þetta verið hjá mér síðustu tíu árin. Ég hef gert skyr með þessum hætti nánast í hverri viku síðustu tíu árin.“

Helsti munurinn á heföbundinni aðferð við skyrgerð og þeirri sem notuð er til framleiðslu á skyrinu sem víða fæst í verslunum, segir Þorgrímur felast í að heföbundna ferlið taki lengri tíma auk þess sem munur er á sjálfri aðferðinni. „Ferlið tekur um þrjá daga hjá mér. Mjólkin er hituð í um 40–50 gráður, þannig að rjóminn eigi auðvelt með að skiljast frá. Svo er undanrennan hituð upp í um 90 gráður og kæld aftur niður í 44 gráður og þá er skyrgerlunum bætt út í og undanrennan stendur við þetta hitastig, súrnar og hleypur á næstu 6–7 klukkutímunum. Þá er hlaupið hrært og kælt og að lokum sett í skyrpoka til síunar. Síunin tekur allt að 12–20 tíma. Það ferli á sér stað í kæli. Og þá er skyrið tilbúið til pökkunar og neyslu,“ útskýrir Þorgrímur.

Munurinn á sjálfu skyrinu er sá að mati Þorgríms, að bæði verður það mun þéttara í sér það sem gert er með heföbundinni aðferð, en einnig svolítið súrara. „Mín tilfinning er að þó að það sé í raun súrara á bragðið hreint, þá finnst mér og mörgum sem ég hef talað við um þetta að þurfi minni sykur – ef fólk hefur smekk fyrir því að sæta það. Það koma hingað til okkar gestir á sumrin til að smakka hreint skyr og eru rosalega ánægð með það – það er mjög sérstök upplifun fyrir marga sem þekkja það ekki.“

Hann segir að smekkur fólks sé misjafn um hvort eða hvernig eigi að hræra skyrið. „Ég til dæmis hræri það ekkert upp, tek bara kannski tvær skeiðar úr dollunni og finnst eins og flestum gott að nota rjómaslettu út á. Við höfum gert rabarbarasíróp hérna á bænum og það er alveg einstaklega gott út á skyrið, ef maður vill fá smá bragð í það.“

Skyr sem yfirheiti

Þorgrímur lítur ekki endilega svo á að Íslendingar hafi misst af því að tryggja sér vernd á vörumerkinu „Íslenskt skyr“ – líkt og þekkist með vörur eins og gríska „fetaostinn“ og franska „kampavínið“. „Vinnsluaðferðin á skyri er þekkt um allan heim í sjálfu sér, að sýra mjólk með þessum hætti til að geyma hana betur í raun. Margar þekktar vörur eru unnar með þessum hætti. Þó er þessi sérstaða hjá okkur að við höfum alltaf notað undanrennuna í skyrið og notum enn. Þá fáum við rjómann annars vegar og undanrennuna hins vegar, þegar við skiljum mjólkina.

Ég er mjög stoltur af íslenska skyrinu sem á sér mjög langa sögu hér og hefur haldið lífinu í fólki ásamt lambakjötinu. Ég er líka mjög stoltur af því að við höfum náð að varðveita þessa vöru og vinnsluna á henni – því þetta er mjög góð, fjölhæf og próteinrík matvara.

En „skyr“ er að mínu mati bara yfirheiti á mjólkurvörutegund, eins og „ostur“ eða „jógúrt“. Þannig mér finnst mjög erfitt að ímynda mér að einhver geti gert tilkall til þess. Á móti kemur að framleiðsluferlið okkar á íslenska skyrinu – og vörumerkið „íslenskt skyr“ – er auðvitað eitthvað sem við eigum áfram að vera mjög stolt af og halda okkar hefð til haga,“ segir Þorgrímur.

Áfram unnið að vöruþróun

Erpsstaðir, bæði kúabúið og rjómabúið, hafa verið til sölu undanfarin tvö ár en Þorgrímur segir að ekki hafi enn borist nein álitleg tilboð. „Við erum svo sem opin fyrir ýmsu, að selja til dæmis bara kúabúið og við gætum þá jafnvel verið hér áfram eitthvað í mjólkurvinnslunni. Við erum líka skuldbundin fram í tímann að taka á móti ferðamönnum og segja frá búskapnum okkar. Þess vegna höldum við bara okkar striki og höfum ánægju af þó það geti verið stundum dálítið mikið að gera.

Í sumar vorum við með ostagerðarmann frá Tékklandi hjá okkur, sem hjálpaði til við að þróa nýjan ost. Hann fór svo að leika sér með skyrmysuna og út úr því kom drykkurinn „Gísli súri“, sem er kolsýrður svaladrykkur. Þannig að við erum alltaf opin fyrir áhugaverðum hugmyndum til að nýta þessar mjólkurafurðir enn betur. Við höfum líka verið að prófa okkur áfram með að gera ídýfur og sósur úr skyrinu – en það er enn þá bara til heimabrúks.“

Hefðir skapa hátíð bjarta,
húsið fyllist gleði þá.
Fjölskylda með frið í hjarta
fagnar saman jólum á.

Við óskum landsmönnum öllum
gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Vísindakonan Jane Goodall rannsakaði atferli simpansa og braut blað í skilningi á atferli þeirra og líkindi við mannlega hegðun. Hún sagði stærstu ógnina við framtíð mannkyns vera áhugaleysi. MyndIR / Stofnun Jane Goodall

Náttúra:

Arfleifð vonar og verndar

– Vitnað í Jane Goodall

Einn áhrifamesti talsmaður náttúrunnar, vísindakonan Jane Goodall, lést í október sl. Hún vann alla ævi af krafti að málefnum náttúru- og dýraverndar og þótti sterk fyrirmynd.

Jane Goddall fæddist árið 1934 í London á Englandi. Hún var aðeins 23 ára gömul þegar hún fór fyrst til Afríku og varð aðstoðarkona fornleifa- og steingervingafræðings sem hvatti hana til að mennta sig í atferli prímata, sem hún og gerði. Frá 1960 sinnti hún rannsóknum á simpönsum, ekki síst í Tansaníu, og gerði merkar uppgötvanir tengdar atferli þeirra.

Goodall, sem ruddi brautina í rannsóknum á simpönsum og breytti skilningi okkar á því hvað felst í að vera mannlegur, var þekkt fyrir óbilandi von og ákall um aðgerðir. „Það sem þú gerir skiptir máli, og þú verður að ákveða hvaða áhrif þú vilt hafa," er ein af hennar þekktustu setningum.

Allir hafa áhrif

Í grein á vefmiðlinum BrightVibes er minnt á að áhersla Goodall á ábyrgð einstaklingsins var sem rauður þráður í starfi hennar: „Þú kemst ekki í gegnum einn dag án þess að hafa áhrif á heiminn í kringum þig," sagði hún gjarnan. Hún varaði einnig við sinnuleysi: „Stærsta ógnin við framtíð okkar er áhugaleysi."

Jane Goodall.

Goodall trúði á kraft samtals og skilnings: „Breytingar gerast með hlustun og því að hefja samtal við þá sem gera eitthvað sem þú trúir ekki að sé rétt." Hún hvatti til samstöðu: „Við getum átt heim í friði og lifað í sátt við náttúruna, óháð þjóðerni, trú eða menningu."

Á meðal annarra tilvitnana eru orð um seiglu náttúrunnar: „Staðir sem við höfum eyðilagt geta, með tíma og hjálp, aftur stutt líf." Hún lagði einnig áherslu á virðingu: „Hver og einn verður að bera ábyrgð á eigin lífi og sýna virðingu og kærleik fyrir lífverum í kringum sig."

Að lifa í sátt við náttúruna

Goodall taldi skyldu sína að tala fyrir þá sem eiga sér ekki rödd: „Hið minnsta sem ég get gert er að tala fyrir þá sem geta ekki talað fyrir sig." Hún viðurkenndi að varanlegar breytingar krefjast málamiðlana: „Og málamiðlun er í lagi, svo lengi sem gildi þín breytast ekki." Lokatilvitnunin fangar kjarnann: „Markmið mitt er að skapa heim þar sem við lifum í sátt við náttúruna. Get ég gert það ein? Nei." */sá*

ESB:

Áætlun um endurnýjun

Evrópusambandið hefur kynnt nýja áætlun til að laða fleiri unga bændur að landbúnaði og tryggja kynslóðaskipti í greininni.

Aðeins 12% bænda innan ESB eru yngri en 40 ára og meðalaldur er 57 ár, sem framkvæmdastjórn ESB varar við að geti ógnað fæðuöryggi, að því er kemur fram í frétt Euronews.

Áætlunin, sem kynnt var 21. október, miðar að því að tvöfalda hlutfall ungra bænda í Evrópu fyrir árið 2040, úr 12% í 24%. Til að ná þessu markmiði hyggst framkvæmdastjórnin innleiða „startpakka" í næstu sameiginlegu landbúnaðarstefnu (CAP), sem gæti veitt allt að 300.000 evrur í stuðning til nýrra bænda. Auk þess er lagt til að aðildarríki verji að minnsta kosti 6% af landbúnaðarútgjöldum sínum í aðgerðir sem styðji unga bændur.

Fram kemur m.a. að önnur úrræði felist t.d. í því að opna Erasmus-áætlunina fyrir unga frumkvöðla í landbúnaði, stofna evrópska landbúnaðarlandsskrá til að auðvelda aðgang að ræktarlandi og koma í veg fyrir landspákaupmennsku. Þá á að bjóða afleysingaþjónustu sem geti leyst bændur af hólmi í veikindum eða fríum, þjónustu sem þegar er til í Belgíu.

Euronews vitnar í belgíska bóndann Matteo Godfriaux, 23 ára, sem segir að „þegar þú ert 23 ára og vilt taka við búi, þá held ég ekki að bankinn láni þér 1 til 1,5 milljón evra". Hann bendir einnig á að land sé dýrt: „Við erum að tala um hektara á 100.000 evrur til að framleiða korn fyrir 150 evrur tonnið." Framkvæmdastjórnin segir að þessi áætlun sé „lykilskref til að tryggja framtíð landbúnaðar í Evrópu" og bregðast við hættu á skorti á nýliðun í bændastétt. */sá*

Vonir hafa vaknað um að auka megi seltuþol uppskeru. Japanskir vísindamenn hafa uppgötvað gen sem gegnir lykilhlutverki í aðlögun plantna að saltstreitu. Mynd / Pixabay

Rannsóknir:

Væntingar um að auka megi seltuþol plantna verulega

Vísindamenn hafa fundið lykilprótein sem gæti gert plöntur mun saltþolnari og bjargað uppskerum í framtíðinni.

Ný rannsókn vísindamanna við Waseda-háskólann í Japan sýnir að mótorpróteinið myosin XI-1 gegnir lykilhlutverki í aðlögun plantna að saltstreitu. Rannsóknin var birt í Plant & Cell Physiology seint í haust.

Jarðvegssöltun er ein helsta áskorun landbúnaðar í heiminum. Hún dregur úr vexti og framleiðni plantna og veldur eituráhrifum, oxunarálagi og osmótískri streitu. Hár styrkur natríumjóna (Na^+) skaðar próteinsmíði, ljóstillífun og næringarjafnvægi, sem leiðir til langvarandi skemmda og minni uppskeru. Því er mikilvægt að skilja sameinda-mekanisma sem gera plöntum kleift að þola slíkar aðstæður.

Hingað til hefur hlutverk myosin XI-próteina í saltþoli verið lítt þekkt og var rannsóknin skref í þá átt að skilja þetta hlutverk betur.

„Verkefnið var drifið áfram af spurningunni hvernig plöntur halda frumubyggingu við öfgafullar aðstæður," sagði Liu í samtali við Eureka Alert. „Niðurstöðurnar opna nýja leið til að þróa saltþolnar tegundir sem henta jarðvegi með háu saltinnihaldi," sagði hann einnig.

Rannsóknin sýnir að myosin XI-1 er efnilegt fyrir erfðatækni og ræktunarverkefni. Með því að nýta þessa þekkingu mætti þróa plöntur sem standast jarðvegssöltun „Þetta er skref í átt að sjálfbærum landbúnaði í heimi sem glímir við loftslagsbreytingar," sagði Liu.

/sá

Brussel:

Ungir evrópskir bændur mótmæla

Samtök ungra bænda og ungmenna í dreifbýli í Evrópu hafa staðfest að þau muni taka þátt í umfangsmiklum mótmælum bænda í Brussel 18. desember.

Mótmælin, sem fólk hvaðanæva í Evrópu stendur að, fer fram daginn áður en Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, heldur til Brasilíu og á sama tíma og leiðtogar ESB-ríkja funda í Evrópuráðinu.

Gert er ráð fyrir að um 10.000 bændur safnist saman í borginni. Skipuleggjendur segja tilgang mótmælanna vera að „afhjúpa vaxandi blekkingarleik ESB í landbúnaðarmálum". Þeir munu setja fram þrjár kröfur til löggjafa ESB: (1) Sterka, sameiginlega og vel fjármagnaða landbúnaðarstefnu (CAP) eftir 2027, (2) sanngjörn og gagnsæ viðskiptalög sem vernda staðla ESB og viðkvæmustu greinar og (3) raunverulega einföldun, betri reglugerðir og lagalega vissu.

CEJA, samtök ungra bænda í Evrópu, segja að fundur Evrópuráðsins skipti sköpum fyrir framtíð landbúnaðarstefnunnar. „Ef aðildarríki sýna ekki nægilegan metnað í CAP eftir 2028, eru þau ekki aðeins að taka frá bændum nauðsynleg verkfæri heldur refsa næstu kynslóð í landbúnaði," sagði Peter Meedendorp, formaður CEJA. Hann lagði áherslu á að málið snúist ekki aðeins um næstu ár heldur um framtíð landbúnaðar til 2034, 2060 og lengra. */þh*

can-am®

ÓBREYTT VÖRUGJÖLD EFTIR ÁRAMÓT

250.000.- kr XT-pakki fylgir Can-Am 850 sexhjólum til 15. janúar.

Spil - Stál stuðari - Hiti í handföng

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

Orkuspá:

Óvissa og áskoranir í þróun orkumála

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Samkvæmt nýútgefinni Orkuspá fyrir Ísland eru umtalsverðar áskoranir og mikil óvissa fram undan í þróun orkumála.

Orkuspá er unnin í sameiningu af Landsneti, Umhvefis- og orkustofnun og Raforkueftirlitinu. Hún var kynnt í Hörpu þann 1. desember og er heildstæð orkuspá sem nær yfir jarðvarma, orkuskipti og raforku og er ætlað að varpa ljósi á þróun orkumála á Íslandi til 2050. Spá um raforkuþörf á Íslandi er hluti af lögbundnu hlutverki Landsnets.

Grunnspá og háspá

Í spánni er tveimur sviðsmyndum stillt fram sem grunnspá og háspá. Grunnspá miðast við miðspá í mannfjölda og komu ferðamanna, auk þess sem tekið er mið af núverandi þróun í orkuskiptum og þeim vexti í iðnaði sem hefur verið á undanförnum árum. Einnig að áfram verði í gildi sömu reglur og sama stefna í orkuskiptum. Verkefni eða aðgerðir sem eru fyrirhugaðar eru ekki teknar inn í grunnspá.

Hin sviðsmyndin er háspá í mannfjölda- og ferðamannaspá og auknum umsvifum í stórnotkun, meðal annars í matvælaiðnaði, gagnaversiðnaði og rafeldsneytisframleiðslu. Einnig er í henni gert ráð fyrir hraðari orkuskiptum. Öll aukning í flokknum tekur mið af áformum þróunaraðila.

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Ingvar Þór Þorsteinsson, sérfræðingur hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Silja Björk Axelsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Orkunotkun færist frá raforku yfir í jarðvarmaorku

Helstu niðurstöður í grunnspá eru að almenn raforkunotkun vex hægar en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Bætt orkunýtni veldur hægari vexti, sem skýrist af nýjum tækjabúnaði auk sparnaðar í þjónustu sveitarfélaga og ríkis. Lækkun er á hlutfalli í nýskráningum hreinorkubíla, úr 67% í 54% á síðasta ári. Með aukinni raforkunotkun í landeldi færist sú grein í flokk stórnotenda og því lækkar vöxtur í iðnaði í grunnspá í samræmi við þá breytingu. Vegna átaksins „Jarðhiti jafnar leikinn“ færist orkunotkun á tilteknum svæðum úr raforku yfir í jarðvarmanotkun.

Í umfjöllun um stórnotkun í grunnspá segir að slæm vatnsár virkjana dragi dilk á eftir sér næstu árin. Miklar breytingar hafi orðið í notkun í gagnaversiðnaði, en um helmings samdráttur varð á árunum 2022 til 2025. Þá er gert ráð fyrir töluvert minni notkun hjá stórnotendum í heild næsta árið vegna viðskiptahafta á kísilmálm, þróunar í gagnaversiðnaði og bilana. Þá er tiltekið að uppbygging nýrra viðskiptavina sé hæg varðandi stórnotendur, en landeldið breytist úr almennum notendum í stórnotendur á næstu árum með nýjum samningum.

Í helstu niðurstöðum um háspá segir að aukin þörf sé á sveigjanleika á orkumarkaði og kvikara viðskiptaumhverfi, með tilkomu hraðari tækniþróunar og fjölbreyttari þarfa stórnotenda. Viðskiptatollar frá Evrópu munu hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar á kísilmálmiðnað og rafeldsneyti í háspá kemur seinna inn á spátímabilið en í eldri spám og í minna magni.



Orkuspá til 2040, þar sem dökkbláu stöplarnir eru áætlað raforkuframboð, en rauðu línurnar áætluð eftirspurn. Ljósblái hluti stöplanna eru viðbótar virkjunarkostir, óstaðfestir af Alþingi en gert er ráð fyrir í stefnu stjórnvalda. Mynd / Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Í niðurstöðum fyrir háspá segir enn fremur að framboð á orku verði í hægum vexti og óvissa sé með vindorku. Virkjanaframkvæmdum seinki miðað við fyrri spá þar sem lagaumhverfi og kærumál valdi töfum. Von sé á nýjum örvirkjunum með sólarorku og smávirkjunum með vindorku. Fyrirhuguð stefna í vindorku liggi ekki fyrir og engir nýir vindorkukostir í nýtingarflokki rammaáætlunar.

Orkan lykilbreytan

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hélt erindi á undan kynningum á þeim þremur flokkum sem Orkuspáin nær yfir. Sagði hann að Orkuspáin væri algjört lykilgagn fyrir ríkisstjórn sem vinnur samkvæmt skýrum markmiðum um aukna verðmætasköpun, aukna framleiðni og fjölgun vellaunaðra starfa um allt land. Í slíkri framtíðarsýn væri orkan algjör lykilbreyta.

Tryggt og fyrirsjáanlegt aðgengi að raforku á samkeppnishæfu verði væri forsenda þess að við gætum opnað nýjar dyr og ný tækifæri um landið allt. Aukin orkunotkun og orkuframleiðsla, annars vegar, og aukinn hagvöxtur, verðmætasköpun og atvinnusköpun hins vegar, væru tvær hliðar á sama peningnum.

Íslendingar hafi byggt upp sterkt raforkukerfi sem við getum verið stolt af, en samkeppnisforskotið liggi líka í jarðvarmaorkunni.

Ríkisstjórnin væri staðráðin í því að auka samkeppnisstöðu Íslands á þessu sviði og þess vegna hafi nýverið verið ráðist í stærsta jarðhitaátakið á þessari öld. Verið sé að móta jarðhitastefnu til ársins 2050, ekki aðeins til jöfnunar lífskjara heldur líka til verðmætasköpunar hvarvetna á landinu.

Mikill vöxtur í jarðhitanotkun

Ingvar Þór Þorsteinsson, sérfræðingur hjá Umhverfis- og orkustofnun, kynnti síðan sérstaklega orkuspá fyrir jarðvarmann.

Sagði hann að sé horft á jarðhitanotkun til tíu ára gera sviðsmyndirnar ráð fyrir 40 til 70 prósent vexti, 40 í grunnspá og 70 í háspá. Samkvæmt báðum sviðsmyndum verður mikil aukning í flokkunum þjónusta, iðnaður og fiskeldi. Lítil aukning verður hjá heimilum og í landbúnaði, en notkun heimila á jarðvarmanum hefur verið í kringum 50 prósent af heildarnotkun.

Gert er ráð fyrir að hlutfall heimilisnotkunar af heildarnotkun muni minnka í samhengi við vöxt í fiskeldi og þjónustu þar sem áætlað er að mesta notkunin verði – og einkum í aukinni þjónustu. Báðar spárnar gera ráð fyrir um eða yfir þreföldun í jarðvarmanotkun í fiskeldi. Mest vegna uppbyggingar atvinnugreinarinnar á Suðurlandi og Reykjanesi.

Orkuskipti almennt skynsamleg

Silja Björk Axelsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfis- og orkustofnun, kynnti orkuskiptaspá Íslands. Hún sagði að jarðefnaeldsneyti væri stærsti áhrifaþáttur samfélagslosunar Íslands, sem er flokkur í losunarbókhaldinu sem heyrir beint undir ábyrgð stjórnvalda.

Stjórnvöld hafi sett sér háleit markmið í þeim málum og því sé



Í Orkuspá Íslands er gert ráð fyrir þessum virkjunarkostum á næstu fimm árum, sem hafa hlotið meðferð hjá rammaáætlun og eru samþykktir af Alþingi. Mynd / Orkuspá Íslands

mikilvægt að átta sig á stöðunni í dag og líklegri þróun næstu ára. Bæði út frá núverandi aðgerðum og þeim aðgerðum sem gætu orðið að veruleika.

Hún sagði að óháð loftslagsáhrifum væru orkuskipti líka almennt skynsamleg. Með því að nota hreina íslenska orkugjafa í stað innfluttra getum við aukið orkuöryggi Íslands og stuðlað að gjaldeyrissparnaði. Orkuskipti á landi gengju almennt vel, þótt þróunin hafi verið aðeins hægari en fyrri spá gerði ráð fyrir.

Silja sagði að orkuskipti í flugi og á hafi væru lítið sem ekkert hafin en þar væri aðallega bætt orkunýtni sem hefði skilað árangri.

Með auknum orkuskiptum skapist eðlilega umræða um aukna raforkuþörf. Spáin gerir ráð fyrir hóflegri raforkuþörf vegna rafvæðingar, en geti orðið töluverð ef rafeldsneyti verður framleitt hér innanlands. Orkuskipti hafi þegar skilað árangri með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Orkuskipti fólksbíla ganga vel

Næst vék Silja talinu að helstu orkunýtingaflokkum sem skipta máli varðandi orkuskiptin. Varðandi vegasamgöngur sagði hún að hvort sem litið væri til grunnspár eða háspár, væri ljóst að notkun á jarðefnaeldsneyti myndi fara mjög minnkandi. Orkuskipti fólksbíla gengi almennt vel, en yfir 50% nýskráninga væru rafbílar hjá heimilum og fyrirtækjum en aðeins um 10% hjá ökutækjaleigum – sem standa fyrir um 40% af nýskráðum fólksbílum.

Þyngri ökutæki væru komin styttra á leið en möguleikum í nýorkutækni fjölgaði hratt og því mætti gera ráð fyrir miklum framförum á þessu sviði á næstu árum. Í háspá sé gert ráð fyrir öflugum aðgerðum og aðeins verði hægt að nýskrá hreinorkubifreiðar frá árinu 2028, í flokki fólks og sendibíla, og frá 2035 fyrir stærri bifreiðar. Auk þess geri spáin ráð fyrir auknum kröfum um íblöndun lífeldsneytis og almennt hraðari þróun orkuskipta.

Í orkuskiptaflokknum fiskiskip eru orkuskipti ekki hafin. Þó sést í rauntölum að notkun á jarðefnaeldsneyti hefur dregist saman þrátt fyrir aukið aflaverðmæti. Þá þróun má rekja til þess að skipum hefur fækkað og þau stækkað sem hefur leitt til olíusparnaðar í greininni. Í grunnspá er ekki gert ráð fyrir notkun á nýjum orkugjöfum á næstu árum í fiskiskipaflotanum, en á seinni hlutanum megi gera ráð fyrir litlu magni endurnýjanlegra orkugjafa. Í háspá er hins vegar gert ráð fyrir að tíu prósent íblöndun lífeldsneytis verði komið árið 2030 og önnur orkuskipti verði hraðari en í grunnspá.

Hægt að fasa út fyrir 2050

Silja sagði að orkunotkun í millilandaflugi færi að mestu eftir fjölda ferðamanna, hvort sem litið væri til skiptifarþega eða ferðamanna sem væru að heimsækja Ísland. Forsendur um orkuskipti í millilandaflugi gera ráð fyrir að innleiðing sjálfbærs þotueldsneytis fylgi evrópskum viðmiðum, bæði í grunn- og háspá. Spárnar gera ráð fyrir að vöxtur í notkun á rafeldsneyti og lífeldneyti verði nokkur í þessum geira upp úr árinu 2030.

Í máli Silju kom fram að töluverð aukning hefur verið á undanförnum árum í sölu á jarðefnaeldsneyti til millilandasiglinga, sem skýrist af fjölgun á komum skemmtiferðaskipa til landsins. Með vaxandi orkuskiptum í landinu verði óvissa um hvort skemmtiferða- og flutningaskip muni velja að taka orkugjafa í íslenskum höfnum eða annars staðar.

Í grunnspá er áætlað að fyrstu tíu prósent nýrra orkugjafa í þessum flokki verði lífeldsneyti, og innleiðingin hefjist í kringum 2030, en í háspá er gert ráð fyrir að orkuskiptin gangi hraðar eftir að innleiðingin er hafin. Silja segir að þegar horft sé á heildarnotkun á jarðefnaeldneyti allra samgangna sést að miðað við grunnspá verði hægt að fasa út jarðefnaeldsneyti í vegasamgöngum fyrir 2050. Í háspá verður útfösunin hraðari og gert ráð fyrir að nánast verði hægt að fasa jarðefnaeldsneyti alveg út úr innanlandsnotkun samgangna árið 2050. Svolítill hluti fiskiskipa mun þó nýta þetta eldsneyti áfram samkvæmt spánni.

Náum ekki markmiðum okkar

Loks fjallaði Silja um raforkuþörf þessara flokka vegna orkuskipta, þar sem mikill munur er á milli sviðsmyndanna. Orkuskipti sem fara fram með beinni notkun raforku eru innifalin í grunnspá. Þar er ekki gert ráð fyrir umfangsmikilli aukningu stórnotenda vegna orkuskipta, umfram það sem þegar er í rekstri eða þegar hefur verið staðfest með endanlegri fjárfestingarákvörðun. Undir það fellur framleiðsla á rafeldsneyti.

Í grunnspá er gert ráð fyrir að endurnýjanlegt eldsneyti verði innflutt að mestu leyti. En í háspá í gert ráð fyrir að hluti af rafeldsneytisverkefnum verði að veruleika hér innanlands og að framleiðsla verði umfram eftirspurn út tímabilið.

Varðandi raforkuþörf bílaflotans vegna orkuskipta, segir Silja að áætlað sé að hún verði um hálf TWh árið 2030 og allt að 2,5 TWh við full orkuskipti í vegasamgöngum. Til samanburðar þá er heildar raforkunotkun á Íslandi í dag um 20 TWh.

Töluvert meiri raforku þarf til ef forsendur háspár um eftirspurn eftir rafeldsneyti ganga eftir og ef rafeldneyti verður framleitt hér innanlands. Segir Silja að ljóst sé að grunnspá skili ekki Íslandi til skemmri tíma, nógu nálægt markmiðum okkar og skuldbindingum – og því mikilvægt að fylgjast vel með og skoða hvort þörf sé á frekari aðgerðum.

Landeldi verður stórnotandi

Arngunnur Einarsdóttir, sérfræðingur hjá Landsneti, kynnti raforkuspá. Hún fór fyrst yfir þróun á raforkumarkaði. Tiltók sérstaklega að sú breyting væri að verða með landeldi að greinin væri að þróast frá því að vera almennur notandi raforku yfir í að verða stórnotandi. Þá nefndi hún að vaxtartækifæri væru hjá gagnaverum.

Óvissa væri í alþjóðaviðskiptaumhverfi sem hafi áhrif á stórnotendur og framboð raforku væri enn í hægum vexti, hægari en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Ástæður væru meðal annars kærumál varðandi virkjunarkosti og óvissa með vindorku.

Síðan fór Arngunnur yfir mögulega virkjunarkosti næstu tíu árin og framboð á raforku í kjölfar þeirra.

Virkjunarkostir metnir

Þeir virkjunarkostir sem liggja til grundvallar, byggja á samtölum við virkjunaraðila, hafa hlotið meðferð hjá rammaáætlun og eru samþykktir af Alþingi. Sumsé virkjunarkostir úr fjórða áfanga rammaáætlunar og fyrr.

Sagði Arngunnur að almenn raforkunotkun skiptist í tvennt. Almenn notkun og svo stórnotendur. Undir almenna notendur flokkist heimili og smærri fyrirtæki, eða öll þau fyrirtæki sem eru ekki stórnotendur á raforku.

Samkvæmt grunnspá um almenna notkun er gert ráð fyrir hægari vexti í raforkunotkun miðað við undanfarnar spár, meðal annars vegna yfirfærslu á landeldinu í flokk stórnotenda og svo ganga orkuskiptin líka hægar sem skiptir líka máli. Loks hefur það áhrif að vegna jarðhitaáætlunarinnar „Jarðhitinn jafnar leikinn“, mun raforkunotkun færast yfir í jarðvarmanotkunarflokkinn.

Flokkurinn orkuskipti innanlands er sá flokkur sem mun stækka langmest samkvæmt báðum sviðsmyndum, en þar telur rafbílavæðingin langmest.

Í flokki stórnotenda verður mikill munur á samsetningu stórnotenda við upphaf og lok spátíma. Hlutfall álvera í raforkunotkun mun til dæmis verða töluvert minna með tímanum en í dag eru þau með langstærstan hluta raforkunnar. Í grunnspá fyrir þennan flokk er gert ráð fyrir vaxtarmöguleikum „annarra stórnotenda“ og gagnavera, en í háspá kemur rafeldsneytisframleiðsla inn með mikla möguleika sem kemur þó seinna inn en í fyrri spám, eða í kringum 2030.

Óvissa um framboð og eftirspurn

Arngunnur sagði að óvíst væri hvort framboð orku geti mætt eftirspurn til ársins 2030. Miðað við grunnspá verður tæpt á árinu 2029 að framboð nái að mæta eftirspurn, en gert sé ráð fyrir að það takist síðan frá 2030 til 2050. Ástæða sé þó að hafa þann fyrirvara á því að ekki er tekið tillit til slæmu áranna í vatnsbúskap virkjanna. Ekki heldur er tekið tillit til takmarkana í flutningskerfinu.

En samkvæmt háspá nær framboð ekki að mæta orkueftirspurn á tímabili frá 2027 til 2029 – og ekki heldur frá 2031 og út spátímann. Þar munar mjög miklu. Segir Arngunnur ljóst að ekki sé mikið svigrúm fyrir aukningu í notkun, sérstaklega ekki miðað við háspá.

Minni raforkunotkun

Samantekið segir hún að til skemmri tíma geri spáin ráð fyrir minni raforkunotkun en fyrri spá, bæði fyrir stórnotkun og almenna notkun. Við lok spátímabilsins hefur raforkunotkun þó aukist um fjórðung fyrir grunnspá en tvöfaldast í háspá.

Tækniþróunin sé hröð og umhverfið stöðugt að breytast. Með þessum breytingum fylgi áskoranir sem við getum litið á sem tækifæri. En til þess að við getum gert það þá þurfum við að hafa skýra stefnu frá stjórnvöldum um hvernig eigi að gera það.

Orkuskiptin séu farin af stað og þau eru farin að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum vegna losunar á jarðefnaeldsneyti, en þó ekki það hratt að markmið stjórnvalda náist fyrir 2030 án frekari aðgerða. Losun í flokki millilandasamgangna mun aukast áður en áhrif orkuskiptanna ná fram samdrætti.

Orkuskipti innanlands eru að langstærstum hluta fólgin í rafbílavæðingu, en sú aukning felur í sér hóflega aukningu á raforkunotkun. Ef við myndum fylgja sviðsmynd í háspá um framleiðslu á rafeldsneyti innanlands, þá þyrfti töluvert meiri raforku til.

Raforkuskortur ekki útilokaður

Jóhann Páll tók aftur til máls að afloknum erindum um spárnar og sagði að greina þyrfti á milli þeirra og svo stefnu stjórnvalda. En miðað við þessar spár, sé ekki útilokað að það komi til raunverulegs raforkuskorts og því mikilvægt að stjórnvöld séu þegar búin að lögfesta forgang almennings og mikilvægra samfélagsinnviða við slíkar aðstæður.

Sagði hann fleiri virkjunarkosti á teikniborðinu en kæmu fram í spám. Tveir rammaáætlunarpakkar væru til meðferðar á Alþingi núna og ef gert sé ráð fyrir tveimur meðalstórum vindorkukostum að auki ætti það samanlagt að brúa það bil sem grunnspáin gerir ráð fyrir að verði í framboði og eftirspurn raforku í kringum árið 2029.

Þetta væru meðal annars Holtavirkjun, Skrokkölduvirkjun, Urriðafossvirkjun, Tröllárvirkjun, Skúfnavatnavirkjun og Bolaölduvirkjun.

Jóhann Páll sagði að stefna stjórnvalda væri að einfalda regluverk í kringum orkunýtingarkostina og stytta ferla svo hægt væri að hraða þeim verkefnum sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar, frá hugmyndastigi yfir á framkvæmdastig.

Á viðburðinum í Hörpu opnaði Jóhann Páll formlega vefinn Orkuspá Íslands (orkuspaislands.is) þar sem hægt er að nálgast allar helstu upplýsingar um þetta verkefni.

Eftirlit á raforkumarkaði

Orkuspá er unnin í sameiningu af Landsneti, Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitinu. Spá um raforkuþörf á Íslandi er hluti af lögbundnu hlutverki Landsnets.

Landsnet er hlutafélag í eigu Ríkissjóðs og Orkuveitu Reykjavíkur og tók til starfa í ársbyrjun 2005. Tilgangur félagsins er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum raforkulaga.

Umhverfis- og orkustofnun var stofnuð 1. janúar 2025 og starfar samkvæmt sérstökum lögum um stofnunina, númer 110/2024.

Stofnunin tók við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun fer með stjórnsýslu loftslags-, umhverfis- og orkumála, auk málefna auðlindanýtingar. Þar á meðal eru verkefni á sviðum eftirlits, Loftslags- og orkusjóðs, orkuskipta og orkunýtni.

Raforkueftirlitið er sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunar og fer með þann þátt sem snýr að eftirliti með raforkumarkaðnum í samræmi við ákvæði raforkulaga númer 65/2003.

Eftirlitið lýtur að öllum fyrirtækjum sem starfa samkvæmt raforkulögum og tryggja virka samkeppni á raforkumarkaði og hagkvæma uppbyggingu flutnings- og dreifikerfa raforku.



Átt þú orlofseign sem þú vilt leigja?

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir fyrir félagsmenn sína.

Leitað er eftir húsnæði víðs vegar um landið. Eignirnar þurfa að vera snyrtilegar, fullbúnar húsgögnum og öðrum viðeigandi búnaði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **hjukrun@hjukrun.is** eða hafi samband við skrifstofu í síma **540 6400**.

Sigurður Haraldsson, kjötiðnaðarmeistari er hér búinn að setja svínahryggi í reykofn sem stendur til að léttreykja. Hann framleiðir nokkur hundruð kílógrömm af hamborgarhryggjum á ári fyrir þá sem hafa lagt inn pöntun.
Myndir / ál

Sérframleiddir hamborgarhryggir

– Fylgst með reykingu hjá einni minnstu kjötvinnslu landsins

Sigurður Haraldsson, eigandi Pylsumeistarans, framleiðir hamborgarhryggi í litlu magni fyrir hver jól. Hryggirnir eru unnir í kjötvinnslu Pylsumeistarans í Kópavogi og er nánast allt framleitt upp í pantanir.

Í samtali segir Sigurður hamborgarhryggina verja samtals þremur tímum í reykofninum. „Varan er hituð við 45 til 50 gráður og síðan þurrkuð og að lokum reykt við sama hitastig. Þetta er kaldreyking, á meðan heitreyking er í kringum 70 gráður," segir Sigurður. Hver hryggur er í kringum fimm til sjö kíló þegar þeir eru settir í reykofninn en eru síðan sagaðir niður til að passa nákvæmlega upp í pantanir. „Við vakúmpökkum og merkjum hverjum og einum. Svo kemur fólk og sækir hrygginn sinn í búðina."

Sigurður, sem er með verslun við Laugarlæk í Reykjavík, segist alfarið vinna með og selja íslenskt kjöt. „Það er ekki af því að innflutt kjöt er eitthvað verra, heldur vil ég að fólk eigi búð þar sem það veit að varan er íslensk. Eins snýst þetta um íslenska bændur sem þarf að byggja undir. Þeir eru algjörar hetjur og hugsjónafólk sem þarf jafnvel að vinna aukavinnu til að komast af."

Aðspurður hvort hryggirnir hans séu með einhverja sérstöðu segir hann þá vera léttreykta og léttsaltaða. Helmingur saltsins sé sjávarsalt á móti nítrítsalti sem sé til að tryggja öryggi vörunnar til neyslu. Eina innihaldsefnið umfram það sé óverulegt magn af bindiefni til þess að vökvinn haldist betur í kjötinu við eldun. „Fólk kaupir hryggi og jólaskinku af mér af því að því líður vel þegar það er búið að borða. Eins og með allt hjá mér reyni ég að vera með eins lítið af aukaefnum og hægt er og eiga sem minnst við matinn," segir Sigurður.

/ál



Hamborgarhryggir nýkomnir úr reykofninum.

Holla
KJÚKLINGUR

ÍSLENSKT STAÐFEST

Hátíðarkjúklingurinn er séralinn og sérstaklega stór og safaríkur

Fáanlegur bæði léttreyktur og klassískur

Skógar:

Hljóðbylgjur slökkva elda

Hljóðbylgjur gætu mögulega orðið lykiltæki í baráttu við skógarelda.

Teikning / Sonic Fire Tech

Samkvæmt Scientific American hefur bandaríska fyrirtækið Sonic Fire Tech þróað kerfi sem notar infrasound (hljóð sem er lægra en tíðni mannlegrar heyrnar nemur) til að slökkva litla elda áður en þeir breiðast út.

Grunnurinn að tækninni er að fjarlægja eitt af þremur lykilskilyrðum elds, það er að segja súrefni. „Það er í raun að láta súrefnið titra hraðar en eldsneytið getur nýtt það, þannig að þú stöðvar efnahvarfið," segir Geoff Bruder, flugverkfræðingur og stofnandi Sonic Fire Tech. Fyrirtækið hefur sýnt fram á að kerfið virkar í allt að 7,5 metra fjarlægð.

Hugmyndin er ekki ný. Varnarmálastofnun Bandaríkjanna rannsakaði aðferðina á árunum 2008–2011, og vísindamenn hafa þróað svipaðar lausnir, meðal annars slökkvitæki sem líktist subwoofer (magnari fyrir lágtíðnihljóð) árið 2015. „Áhrif hljóðs á eld eru vel þekkt í bruna," segir Albert Simeoni, prófessor við Worcester Polytechnic-stofnunina. „Áskorunin er að skala tæknina upp án þess að skapa truflandi eða skaðleg hljóðáhrif."

Sonic hefur þegar hannað kerfi gegn húsbrunum og notar infrasound, bylgjur undir 20 hertz sem eru utan tíðnisviðs mannlegrar heyrnar og ferðast lengra en hærri tíðnir. Kerfið nýtir stimpla sem knúnir eru af rafmótor og senda bylgjur í gegnum málmrör á þaki og undir þakskeggjum húsa. Skynjarar virkja kerfið sjálfkrafa þegar logi greinist og mynda „kraftsvið" sem hindrar nýja kveikju.

Tæknin virkar enn sem komið er aðeins á litla loga, að sögn Arnaud Trouvé hjá háskólanum í Maryland, en áhuginn á að þróa tæknina frekar er mikill. Sonic vinnur nú með tveimur orkufyrirtækjum í Kaliforníu og hyggst setja upp 50 tilraunakerfi snemma árs 2026. Nokkrir húseigendur hafa þegar skrifað undir samninga um kerfið. */sá*

Hljóðbylgjutækni í eldvörnum vekur vonir um að skala megi hana upp og nota gegn skógareldum í framtíðinni. Mynd / Pixabay

Ný rannsókn bendir til að fólk sem upplifir æ minni tengingu við náttúruna sé ólíklegra til að vernda hana og að andleg og líkamleg heilsa þess geti versnað. Mynd / Pixabay

Rannsóknir:

Tengsl jarðarbúa við villta náttúru rýrna

– Lýðheilsumál að styrkja náttúrutengingu fólks

Mannkynið er að fjarlægjast náttúruna og það gæti haft alvarlegar afleiðingar. Rannsókn sýnir að náttúrutenging mannsins hefur minnkað um 60% á um 200 árum.

Samkvæmt nýrri rannsókn hafa tengsl jarðarbúa við náttúruna minnkað stöðugt sl. 200 ár. The Guardian og vefritið BrightVibes greina frá. Segir að þetta sé ekki aðeins sorglegt heldur beinlínis skaðlegt: fólk sem upplifi minni tengingu við náttúruna sé ólíklegra til að vernda hana og heilsa þess versni, bæði líkamlega og andlega.

Horft til 220 ára

Rannsókn Miles Richardson, prófessors í náttúrutengingu við háskólann í Derby, rekur nákvæmlega vaxandi fjarveru náttúrunnar úr lífi fólks í yfir 220 ár, með því að nota gögn um þéttbýli, tap á dýralífi og þátt sem skiptir sköpum; að foreldrar miðli ekki lengur þátttöku í náttúrunni til barna sinna.

Rannsóknin, sem birt var í tímaritinu Earth í sumar, leiddi í ljós að notkun náttúrutengdra orða í menningu og bókmenntum hefur minnkað um 60% frá upphafi sautjándu aldar. Borgarvæðing er sögð stór þáttur, þar sem flestir búi nú í þéttbýli og fari á mis við reglulega snertingu við villta náttúru.

Nútímatækni höggvi í sama knérunn og minnki raunverulega reynsluöflun. Skjátími dragi úr útiveru og beinum tengslum við náttúruna. Ef ekkert breytist, bendir líkan rannsóknarinnar til að við verðum föst í þessari þróun í það minnsta fram til um 2050. Þó geti aðgerðir nú mögulega lagt grunn að sjálfbærri endurheimt á síðari hluta aldarinnar.

„Náttúrutengsl eru nú viðurkennd sem lykilorsök umhverfiskreppunnar," sagði Richardson í samtali við Guardian. „Þau eru líka mikilvæg fyrir okkar eigin geðheilsu. Þörf er á umbreytingum ef við ætlum að breyta sambandi samfélagsins við náttúruna."

Fólki þurfi að vera meðvitað

Bent er á að til séu lausnir. Með því að skapa dagleg tækifæri til náttúruupplifunar, styrkja fjölskyldutengsl, styrkja menningarlegar frásagnir, líta á náttúru sem lýðheilsumál og halda langtímayfirsýn, sé mögulegt fyrir okkur að snúa þróuninni við.

„Ef við höldum áfram að fjarlægjast náttúruna eigum við á hættu að hraða vistkerfishruni og rýra geðheilsu," segir í grein BrightVibes. „En með því að endurheimta tengslin, byggjum við samfélög sem vernda jörðina."

/sá

Svíþjóð:

Hvatt til meiri matvælaframleiðslu

Sænskir bændur gætu framleitt mun meira af landbúnaðarafurðum en þeir gera í dag, skapi stjórnvöld betri skilyrði.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Lantbrukarnas Riksförbund (LRF, sænsku bændasamtökin), sem vefmiðillinn Land.se greinir frá. Skýrslan sýnir að framleiðslugeta í mörgum greinum er langt umfram núverandi nýtingu, en pólitískar ákvarðanir og reglur hamla vexti.

LRF telur að hægt sé að auka framleiðslu í allmörgum landbúnaðargreinum um 10-14% og að framboð landbúnaðarafurða geti aukist úr 57% í allt að 80% fram til ársins 2035

„Við höfum sett okkur hærri markmið en Jordbruksverket (Sænska landbúnaðarstofnunin), sérstaklega í framleiðslu dýraafurða," segir Palle Borgström, formaður LRF. Hann bendir á að Svíþjóð hafi sterka stöðu með góðri dýravelferð, lágri sýklalyfjanotkun og litlum umhverfisáhrifum. „Í ljósi öryggis og fæðuframboðs eru öll rök fyrir aukinni framleiðslu til staðar," segir hann.

Skýrslan er einnig hugsuð sem hvatning til að sýna að landbúnaður er framtíðargrein með tækifæri. Borgström segir að LRF hafi „lausnamiðað sjónarhorn" og vilji leggja fram tillögur sem styrki samkeppnishæfni og tryggi fæðuöryggi.

Sænskir bændur glíma við háan framleiðslukostnað og strangar reglur sem gera þeim erfitt fyrir í samkeppni við erlenda framleiðendur.

„Ef við ætlum að mæta aukinni eftirspurn, þarf aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni og skapa hagkvæmara rekstrarumhverfi," segir Borgström. Hann vonast til að hluti tillagna LRF verði að veruleika á næstu árum.

Skýrslan bendir á að aukin framleiðsla í Svíþjóð myndi ekki aðeins styrkja fæðuöryggi heldur einnig stuðla að loftslagsmarkmiðum. „Landbúnaður og skógargeirinn eru hluti af lausninni á stærstu áskorunum samfélagsins," segir Borgström. „Þetta snýst um öryggi, matvælaframboð og loftslagsaðgerðir." */sá*

Gleðileg jól

Taktu sprettinn með okkur

Sprettur ÁBURÐUR

VERÐSKRÁ 2026

Áburðartegund	Kg CO2 pr. kg	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Mn	Greitt fyrir 15. maí 3% afsl.	Greitt fyrir 15. okt
Sprettur N27	0,72	27			4,3							84.900	87.526
Sprettur+OEN N42+S+Selen	1,10	42					2	0,0015				114.900	118.454
NÝTT Sprettur 20-00-15+Polysulphate	0,82	20		12,5	1,9	0,6	3					92.900	95.733
Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen	0,66	23	2,2		3,0	1,2	2	0,0015	3,7			99.900	102.990
Sprettur 25-5	0,94	25	2,2		3,3	1,8	2,5					95.900	98.866
Sprettur 25-8+Selen	0,71	25	3,5		4,0	1,7	2,5	0,0015				99.900	102.990
Sprettur+OEN 38-8	1,04	38	3,5				3,0					122.900	126.701
Sprettur 23-6-6+Selen	0,69	23	2,6	4,9	3,0	1,2	2,0	0,0015				102.900	106.082
Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass	0,64	22	2,6	2,6	2,8	1,2	2	0,0015	3			103.900	107.113
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	0,61	20	2,2	11	2,4	1,2	2,5	0,0015				102.900	106.082
Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass	0,61	20	2,6	5,8	2,5	1,2	2	0,0015	3			102.900	106.082
Sprettur 20-10-10+Selen	0,63	20	4,4	8,3	2,2	1,2	2,5	0,0015				106.900	110.206
Sprettur+ OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen	0,76	25	5,2	10	1,6	0,5	3	0,0015				120.900	124.639
Sprettur 27-6-3+Selen	1,01	27	2,6	2,6	1,4	0,8	2	0,0015				102.900	106.082
Sprettur 27-6-6	1,01	27	2,6	4,9			2					102.900	106.082
NÝTT Sprettur 14-16-16 + Mangan - KORNÁBURÐUR	0,84	14	7,0	13,3			6				0,03	115.900	119.485
Sprettur 16-15-12	0,57	16	6,5	10	1,4	0,5	2,5					106.900	110.206
Sprettur+ OEN 20-18-15+Polysulphate+Bór	0,68	20	7,4	12	1,4	0,4	3			0,02		123.900	127.732
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	0,47	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,04		115.900	119.485
Sprettur DAP	0,70	18	20									159.900	164.845
Calciprill	0,24				36,4	0,1						58.900	60.722

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Spretts áburðar gefið upp sem kg af vöru og nær yfir alla þætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi.
Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

FOSFÓR ER 92% VATNSUPPLEYSANLEGUR

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju

Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is

Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com

Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Eyjafjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyjafjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com

Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjónsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is

Norðurland vestra
Gunnar Freyr Gestsson
Gsm: 893 2818
gunnargests@gmail.com

Borgarfjörður
Erna Elvarsdóttir
Kaupfélag Borgfirðinga
Gsm: 857 9146
erna@kb.is

Borgarfjörður, Snæfellsnes og dalir
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com

Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com

Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is

Fylgstu með okkur á Facebook / Sprettur áburður

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is

Skeljungur efh. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is

Skeljungur
Traustur félagi!

Mjólkursamsalan:

Langhlauparinn á lagernum

– Tvö hundruð Nepalar á Íslandi og þar af fimmtán starfsmenn MS

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Verkstjórinn Dammar Jang Gurung, sem er oft kallaður DJ (borið fram Dídjey), hleypur til og frá vinnu á hverjum degi. Við störf sín á lagernum hjá MS gengur hann jafnframt rösklega og fer samtals 30 kílómetra á tveimur jafnfljótum á virkum dögum. Hann er fæddur í Nepal en hefur búið á Íslandi síðan 1999.
Myndir / ál

Dammar Jang Gurung, aðstoðarverkstjóri á lager Mjólkursamsölunnar (MS) í Reykjavík, hleypur og gengur 30 kílómetra á dag. Hann flutti til Íslands frá Nepal árið 1999 og hefur starfað hjá MS í aldarfjórðung.

Ástæða þess að Dammar flutti til landsins á sínum tíma var að bróðir hans hafði starfað hérlendis í nokkur ár sem leiðsögumaður í flúðasiglingum, var sestur hér að og hvatti bróður sinn til að koma líka. „Fyrst byrjaði ég að vinna í fiski í Grindavík með vini mínum en eftir eitt ár kom ég hingað í Mjólkursamsöluna, en bróðir minn var kominn með vinnu hér á þeim tíma. Í kjölfarið sótti ég fjölskylduna mína og eru allir hérna á Íslandi," segir Dammar, sem er oftar en ekki kallaður DJ.

Hleypur meira en 3.000 km í ár

Dammar er mikill hlaupagarpur, en hann skokkar til og frá vinnu og gengur rösklega við störf sín á lagernum. Hann er með skrefamæli og segist labba og hlaupa samtals um þrjátíu kílómetra á virkum dögum. „Vinur minn byrjaði að labba og hlaupa í frítíma sínum árið 2017 og bauð mér að vera með. Ári síðar hlupum við hálft Reykjavíkurmaraþon. Árið 2019 fórum við svo heilt maraþon sem ég hef endurtekið fimm sinnum.

Ég jók við æfingarnar árið 2023 þar sem ég byrjaði að hlaupa til og frá vinnu. Þetta eru fimmtán til sautján kílómetrar á dag, en ég bý í Kópavogi og það eru sjö og hálfur kílómetri að hlaupa hvora leið og stundum tek ég aukalega lítinn hring."

Dammar segist hlaupa jafnvel þó svo að veðrið sé slæmt. „Ef það er mikil hálka nota ég neglda skó til að hlaupa. Á veturna er ég líka með höfuðljós. Ég lenti einu sinni í vandræðum í mikilli hálku í desember á síðasta ári, en þá var ég ekki í negldum skóm og endaði á því að detta. Það var ekki stórt mál og gat ég labbað heim þann daginn." Á síðasta ári hljóp hann 3.000 kílómetra og stefnir hann að því að ná 3.200 kílómetrum í ár.

Frá sama héraði í Nepal

Starfið á lagernum snýst mikið um að taka saman pantanir frá verslunum. Starfsmenn fá útprentaða nótu og raða í vagnana sem fólk kannast við að sjá í mjólkurkælum verslana. „Á blaðinu stendur hversu marga vagna þarf. Svo stendur við hvaða dyraop á að skilja vagninn eftir. Einn starfsmaður fer svo yfir vagninn til að staðfesta að tínt hafi verið rétt magn. Að því loknu geta bílstjórarnir tekið við pöntuninni og dreift í búðir."

Fyrir utan bílstjóra eru fimmtíu manns sem starfa í vöruhúsi MS í Reykjavík. „Hérna er fólk frá Taílandi, Filippseyjum, mikið frá Víetnam og eitthvað af Pólverjum. Eins tveir frá Nígeríu. Mjög fáir Íslendingar eru hérna á lagernum. Oftast endast Íslendingarnir ekki nema í einn eða tvo daga, en hætta þegar þeir finna kuldann."

Dammar veit af rúmlega tvö hundruð samlöndum sínum sem eru búsettir á Íslandi. Þar af eru fimmtán Nepalar starfsmenn á lager Mjólkursamsölunnar og allir nema tveir af þeim koma frá sama héraðinu. „Við þekktumst öll áður en við komum til Íslands," segir Dammar.

Íslenskur vetur erfiður

„Núna hef ég starfað hér í tuttugu og fimm ár, er búinn að kaupa mér íbúð og er með góða vinnu. Öll fjölskyldan er hér, en það er mjög gott að búa á Íslandi. Við erum hérna ég og Askur [Ash Kumar Gurung] bróðir minn sem vinnum báðir hjá MS."

Dammar segir samfélag Nepala hérna á Íslandi halda úti félagsstarfi með því að skipuleggja minni samkomur í hverjum mánuði og einu sinni á ári er haldin stór veisla í kringum helstu trúarhátíð hindúa í kringum mánaðamót september-október.

„Það er rosalega gott að búa á Íslandi, en það eina sem er slæmt er að í desember og janúar er mikið rok og snjór," segir Dammar. Þá læðist stundum að honum sú hugsun að flytja aftur til átthaganna, en þegar fer að vora tekur hann landið aftur í sátt. Veturinn á Íslandi er verri en á heimaslóðum Dammars í Chitwan í Nepal. „Héraðið mitt er í 600 metra hæð yfir sjávarmáli. Hitinn þar nær allt að 48 gráðum á sumrin og eins getur verið mikið frost á veturna. Það getur verið mikil rigning í Nepal, en sjaldan eins mikið rok og á Íslandi."

Í vöruhúsi MS gefst starfsfólki færi á að ganga umtalsverðar vegalengdir á meðan gengið er frá pöntunum.

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT · NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874 ·

EINFALDLEGA HLUTI AF JÓLUNUM

VELJUM AÐEINS ÞAÐ BESTA UM HÁTÍÐARNAR

Íslenska lambakjötið á sérstakan stað í hjörtum þjóðarinnar um jólin, enda hefur það leikið aðalhlutverkið á hátíðarborðum landsmanna lengur en elstu menn muna. Það er órjúfanlegur hluti af hverju einasta jólahlaðborði og í hugum margra algjörlega ómissandi á aðfangadagskvöld.

Skoðaðu hátíðlegar lambauppskriftir á islensktlambakjot.is

PROTECTED DESIGNATION OF ORIGIN

PALESTINIAN
EXTRA VIRGIN OLIVE OIL
ORIGINAL
Aceto Balsamico

Noregur:

Taka fósturvísa augljós ávinningur

– Skagfirðingur í norsku nautastöðinni

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Sindri Gíslason, nautahirðir á norsku nautastöðinni Geno, með nautið 12387 NR Sandbu-P sem er á leið til sæðistöku. Hann er hrifinn af starfsemi nautastöðvarinnar og segir Íslendinga geta tekið sér sitthvað til fyrirmyndar úr norska landbúnaðarkerfinu. Myndir / Aðsendar

Sindri Gíslason hefur búið ásamt fjölskyldu sinni í Noregi í liðlega sjö ár og unir hag sínum vel við að annast hátt í tvö hundruð nautgripi og gæta að frjósemi þeirra.

Sindri er Skagfirðingur, fæddur 1970 og ólst upp á Vöglum í Blönduhlíð, í Akrahreppi hinum forna. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og menntaði sig síðan í matvælafræði við Háskóla Íslands.

„Eftir útskrift var ég í atvinnuleit og var þá haft samband við mig að vestan af bónda sem þurfti nauðsynlega á afleysingu að halda. Ævintýraþráin sagði til sín og mér þótti gaman að kíkja á Vestfirðina. Þar ílengdist ég næstu fjögur árin, fyrst í afleysingarhring bænda í Önundarfirði, sem fékk nafnið Önundur staurfótur, og svo við kennslu tvo vetur við grunnskóla Flateyrar og barnaskólans í Holti," lýsir Sindri.

Þar hóf hann sinn búskap og flutti með bústofn og tæki í Skagafjörðinn vorið 1998.

„Ég bjó þar félagsbúi með tveimur bræðrum mínum og móður til ársins 2005 og réð mig að Hvanneyri í fjósið hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Takandi á móti búfræðinemendum og ekki sjálfur búfræðingur skráði ég mig í fjarnám og útskrifaðist sem búfræðingur vorið 2012. Svo sótti ég um starf fjósameistara Nautastöðvar Bændasamtakanna og vann þar til haustsins 2018 er við fluttum til Noregs," segir hann jafnframt.

Nautgripahirðir hjá Geno

Um það af hverju hann lenti í Noregi segir hann það hafa verið ævintýraþrá í þeim hjónum, að búa í öðru landi í nokkur ár. Þau eru orðin rúmlega sjö árin þar ytra.

Sindri er kvæntur Önnu Baldrúnu Garðarsdóttur hjúkrunarfræðingi og þau eiga þrjá spræka stráka; Kristján, fæddan 1997, Heiðar Sigurmon, fæddan 2001 og Gísla Garðar, 2004 árgerð. „Tveir þeir yngri fluttu með okkur til Noregs en Kristján var að byrja nám í Háskólanum í Reykjavík, varð því eftir á Íslandi og er útskrifaður byggingartæknifræðingur í dag. Hinir hafa verið í skóla og nú sem stendur vinna þeir báðir í Norsvin sem er ræktunarstöð fyrir svín," upplýsir Sindri.

Hann starfar sem nautgripahirðir hjá norska fyrirtækinu Geno. „Ég sé um fóðrun og hirðingu, ásamt sæðistöku og almennu viðhaldi tækja og húsakosts. Gegnumgangandi eru um það bil 70 naut og 100 kvígur hverju sinni. Ég er mikið í kvígufjósinu þar sem ég fylgist með fóðrun og kjarnfóðurgjöf þeirra, holdastiga þær reglulega ásamt því að sæða þær," útskýrir hann.

Selja sæði um allan heim

Geno er nautastöð þeirra Norðmanna, stofnuð árið 1935. Sindri segir að þar fari fram sæðistaka, pökkun og frysting á sæði, kyngreining sæðis, Spermvital sem er langlíft sæði og framleiðsla fósturvísa.

„Nautgripakynið NRF (norsk rødt fe) er aðalsmerki Geno en einnig tökum við inn gömlu nautgripakynin, forfeður íslenska kúastofnsins. Áttatíu prósent mjólkurframleiðslu Noregs kemur frá NRF og helstu kostir þess eru góð frjósemi og góð ending," segir hann og kveður Geno selja sæði til yfir 30 landa í öllum heimsálfum, í gegnum dótturfyrirtæki Geno Global AS.

Hjónin Sindri og Anna í suðrænni sælu með barnabarnið Björn Óla Kristjánsson.

„Einnig tökum við á móti holdanautum í samvinnu við TYR. Þar fáum við 20 ársgömul naut af Aberdeen Angus, Limosin, Charole, Hereford og Simendal kyni árlega," bætir hann við.

Fyrir sjö árum síðan hóf Geno að taka fósturvísa og segir Sindri að í dag sé augljós ávinningur þess kominn í ljós. „Æ fleiri nautkálfar og kvígur koma til okkar úr fósturvísum og kynbótamatið hefur hækkað töluvert með tilkomu þeirra. Geno kaupir árlega 110 kvígur af bændum og stendur til að fjölga þeim í 130 á næsta ári. Bændurnir hafa svo forkaupsrétt á kvígunum og þá með fangi, og reynslan sýnir að þetta hefur engin neikvæð áhrif á þær. Þetta er eitthvað sem gæti komið ræktunarstarfinu heima á Íslandi til góða."

Munur á íslenskum og norskum búskap

Inntur eftir hver sé helsti munurinn á búskaparháttum á Íslandi og í Noregi, segir Sindri muninn ekki svo ýkja mikinn.

„Ræktunarskilyrði eru mun betri þannig að sums staðar í Noregi geta menn lifað af akuryrkju. Í kringum mig hér í innlandinu er gríðarlega mikil kornrækt, hveiti og bygg ásamt kartöflurækt og laukrækt."

Íslendingar gætu þó kannski nýtt sér hvernig Norðmenn byggja landbúnaðarkerfi sín.

„Hér er mikið um styrkjakerfi t.d., en fer eftir því hvaða svæði þú býrð á eða ef þú býrð fyrir ofan ákveðna hæðarlínu. Einnig fá menn styrki fyrir að rækta gömlu kynin svo þau deyi ekki út. Það er pólitísk ákvörðun að sett er kvótaþak á mjólk upp á 750.000 lítra til að koma í veg fyrir verksmiðjubúskap. Til að mynda eru bara tvö fjós með þrjá róbóta í öllu landinu. Meðalfjöldi kúa á býli er 34 kýr," segir hann.

Norðmenn glíma auðvitað við mörg sömu vandamál í búskap og íslenskir bændur.

Þannig segir Sindri að lausaganga verði skylda árið 2034 svo margir bændur sem eru með gömul fjós standi frammi fyrir þeirri ákvörðun að fara annaðhvort í breytingar eða hætta þá búskap. „Sauðfjárbændur glíma við mikil afföll yfir beitartímann. Áttatíu prósent þeirra eru af völdum sjúkdóma, slysa og eitrunar en tuttugu prósent af völdum rándýra, s.s. jarfa, gaupa, bjarna, úlfa og kóngaarna," segir hann.

> Það er pólitísk ákvörðun að sett er kvóta-þak á mjólk ...

Stefna brátt heim

Þau stefna á að koma aftur til Íslands eftir svo sem tvö ár. Afa- og ömmuhlutverkið togi í þau. En næst á dagskrá er að halda jól.

„Við höldum í okkar íslensku hefðir og höfum venjulega hamborgarhrygg eða léttreyktan lambahrygg í matinn á aðfangadagskvöld. Hangikjöt er svo á borðum annan í jólum. Norðmenn hringja inn jólin klukkan fimm og jólamaturinn er eftir því hvar þú ert í landinu. Margir hafa purusteik, aðrir pinnekjøtt, enn aðrir lutefisk og svo er það jólaþorskurinn hjá sumum. Norðmenn eru æstir í pylsur og medisterkökur og svo er það stór hópur sem fær sér Grandiosa-pitsu!" segir Sindri sposkur að lokum.

Synir Sindra og Önnu; þeir Heiðar og Gísli, að sækja eldivið í skóginn.

Gleðilega hátíð

Við óskum nemendum okkar, ökukennurum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar og öryggis í umferðinni á komandi ári.

ökuskóli

Þar sem vegferðin hefst

Framúrskarandi fyrirtæki 2022-2025

Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir hefur alla ævi lagt gjörva hönd að lífrænni ræktun og náttúruverndarmálum. Hún vinnur vatnsliti úr steinum, jurtalitar band og ræktar garðinn sinn í víðasta skilningi. Myndir / sá

Jurtalitað band.

Vatnslitir unnir úr íslensku bergi.

Amma náttúra kenndi ungviðinu ræktun

– Náttúruverndar- og ræktunarstörf í áratugi

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir, garðyrkjufræðingur og ötull talsmaður náttúruverndar, lét draum sinn rætast árið 2011 þegar hún stofnaði ræktunar- og fræðslusetur að Dalsá í Mosfellsdal.

Að Dalsá eru kjöraðstæður til lífrænnar ræktunar og námskeiða sem styrkja tengsl fólks við náttúruna. Jóhanna, sem fædd er í Reykjavík árið 1946, hefur alla tíð haft sterka tengingu við gróður og umhverfismál. Hún lauk stúdentsprófi og umhverfisnámi árið 1990 og hefur starfað meðal annars sem umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs, hjá Landvernd og sem framkvæmdastjóri Garðyrkjufélags Íslands. Áherslur hennar snúast um sjálfbæra ræktun, fræðslu og verndun ósnortinnar náttúru.

Jóhanna ólst fyrstu árin upp í Reykjavík og á Snæfellsnesi, en síðar í Biskupstungum. Hún bjó með fjölskyldu sinni; eiginmanni og þremur sonum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og í Biskupstungunum en þau fluttu í Mosfellsbæ árið 1976. Hún keypti sér svo hús og landskika að Dalsá í Mosfellsdal 1993 þegar drengirnir voru farnir að heiman og þau hjón skilin.

„Ég var alin upp við garðyrkjustörf og stundaði þau í Biskupstungunum. Fór síðan að vinna á Tilraunastöðinni á Keldum, sá um skólagarða fyrir Mosfellsbæ og vann einnig á skrifstofu Mosfellsbæjar sem jafnréttisfulltrúi og umhverfisfulltrúi," útskýrir Jóhanna, aðspurð hvenær hugur hennar hafi hneigst til ræktunar.

Hún útskrifaðist af umhverfisbraut Garðyrkjuskólans árið 1988. „Í framhaldi af því vann ég um tíma hjá Náttúruverndarráði, var umhverfisfulltrúi hjá Ferðamálaráði og einnig hjá Skaftárhreppi. Um svipað leyti stofnaði ég ásamt vinum „Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd". Við unnum við að minnka álag á ferðamannastaði, laga göngustíga, merkja leiðir og ýmislegt annað," bætir hún við.

Í Mosfellsdalnum rak hún ræktunar- og fræðslustöð, ræktaði grænmeti fyrir veitingahús og hélt námskeið, aðallega um matjurtaræktun. „Við matjurtaræktunina, og ekki síður við kennsluna, legg ég mikla áherslu á umhverfisvæna ræktun. Nemendur mínir komu víða að, þó aðallega frá höfuðborgarsvæðinu. Kennslan var að mestu leyti verkleg og nemendur m.a. sáðu og plöntuðu út."

Markmið með starfseminni að Dalsá kveður Jóhanna vera að hjálpa fólki við að tengjast náttúrunni, að efla lífræna ræktun í heimilisgörðum og að reka gróðrarstöð með lífræna grænmetisframleiðslu.

Amma náttúra

Um árabil kenndi Jóhanna íslensku ungviði að leggja fræ í frjóa jörð og hlú að uns matjurtir spruttu og döfnuðu. Gekk hún þá gjarnan undir nafninu „Amma náttúra".

„Á þessum árum bauð ég leikskólum upp á þjónustu við að nýta matjurtagarða sína. Þá mætti ég í skólana og leiðbeindi börnunum við að rækta upp sínar eigin plöntur, fylgjast með fræjunum spíra og plöntunum vaxa," útskýrir hún.

Hún segir matjurtagarða við leikskóla hafa mikið uppeldislegt gildi. „Garðyrkjan hefur í raun tengingu við flest þau námssvið sem aðalnámskrá leikskóla kveður á um að unnið sé eftir. Vinna við matjurtagarð byggir undir félagsfærni barnanna og hæfni til að lesa í umhverfið, stuðlar að heilbrigðum lífsháttum og góðri hreyfingu og einnig virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni," segir Jóhanna. Garðyrkja sé skapandi og lifandi starf sem veki upp gleði og undrun, örvi skynjun og styðji við sköpunarkraft barnanna. „Hún er einnig þakklátt og gefandi starf sem gerir líf og starf leikskólans ríkara, bæði fyrir börnin og starfsfólk leikskólanna," hnýtir hún við.

Andi og náttúra eitt

Jóhanna heldur úti vefsíðunni dalsa.is. Þar má sjá að ekki einasta hefur hún um árabil haldið úti fjölbreyttum ræktunarnámskeiðum heldur einnig fóstrað námskeið í náttúrutengdri myndlist, hugleiðslu og 5rythma-dansi, svo fátt eitt sé nefnt. Hún hefur sömuleiðis ræktað eigið lín og spunnið og ofið í myndarlegum vefstól sínum, ásamt því að jurtalita íslenskt band.

Hin síðari ár hefur hún fengist við að vinna liti til vatnslitamálunar úr íslensku bergi. Þá heggur hún mismunandi bergtegundir sem hún hefur safnað hér og þar um landið niður og malar í duft og úr verða fjölbreyttir og fallegir litir sem sóma sér vel í málverki.

„Allt mitt líf hef ég verið mjög tengd náttúrunni. Var alin upp í sveitinni og kannski má segja að tengingin hafi elst og styrkst þegar ég var tíu eða ellefu ára og nágranni okkar bauð okkur krökkunum í göngutúr þar sem hann fræddi okkur um nöfn plantnanna í móanum. Eftir það var ég með augun á íslensku plöntunum og greindi þær með hjálp „Flóru Íslands" eftir Stefán Stefánsson (útg. 1948)," lýsir hún.

Hún segist hafa áhyggjur af verndun íslenskrar náttúru: „Ég er hrædd um að peningar og gróði vegi of þungt þegar kemur að nýtingu landsins. Það er geysilega mikilvægt að minnka loftmengun í heiminum."

Öll hennar andlega iðkun tengist náttúrunni. „Mér finnst ég, og auðvitað allt fólk, vera hluti af náttúrunni, ekki að það sé ég/við annars vegar og náttúran hins vegar. Fyrir þó nokkrum árum voru haldin námskeið hér á Dalsá um tengslin við náttúruna og andlegt líf. Nú orðið fögnum við, ég og vinkonur mínar, fullu tungli þegar færi gefst, kveikjum eld og bökkum fyrir tengslin við náttúruna," segir hún.

Garðurinn ævintýraland

Garður Jóhönnu að Dalsá er ævintýralegur, svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Ræktunarbeðin hafa t.d. gjarnan verið í mandölu-formi og höggmyndalist prýðir flatir. Garðurinn er mjög gróinn og lífríki þar afar fjölbreytt. „Ég er svo heppin að hér í garðinum mínum hafa verið reist listaverk eftir Gerhard König og fleiri listamenn. Það færir orkuna hér upp í hæðir. Áður en ég setti upp stóran garð til framleiðslu grænmetis bjó ég m.a. til hringlaga matjurtagarð."

Jóhanna er virkur þátttakandi í félagslífi Mosfellsbæjar, formaður FaMos (félag aldraðra í Mosfellsbæ) og kórsins Vorboðanna. Hún hefur mikla ánægju af söng, hannyrðum og listsköpun. Á Dalsá heldur hún áfram að rækta grænmeti og skapa vettvang fyrir fræðslu og samveru og er sannkölluð fyrirmynd í umhverfis- og ræktunarmálum.

„Í matjurtagarðinum eru fimm vinkonur með tvö beð hver, þær sjá um beðin sín en ég er til staðar ef eða þegar þær þurfa á að halda," útskýrir Jóhanna og er enn afar virk í lífi og starfi þrátt fyrir að vera á áttugasta aldursári.

Jóhanna er beðin um innlegg í anda jóla og kærleika að lokum: „Ég óska þess að mannfólkið sýni hvert öðru virðingu og kærleika."

LAUSAR STÖÐUR VIÐ LBHÍ

DEILDARFULLTRÚI Á KENNSLUSKRIFSTOFU

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

• Þjónusta og upplýsingagjöf til nemenda og kennara

• Samræming og samþætting kennslu í samvinnu við kennara

• Samstarf við utanaðkomandi aðila er tengjast kennslu og leiðbeiningu lokaverkefna

• Vinna við ýmis kerfi og gagnagrunna sem tengjast nemendabókhaldi, upplýsingamiðlun, framkvæmd kennslu, prófa og útskrift nemenda

• Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR

• Háskólamenntun sem nýtist í starfi

• Haldgóð reynsla af verkefnastjórnun og upplýsingamiðlun

• Reynsla og þekking á notkun upplýsingakerfa og gagnagrunna

• Góð samskiptahæfni

• Góð kunnátta í ritaðri og talaðri íslensku sem og ensku

• Heiðarleiki og nákvæmni í vinnubrögðum

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 06.01.2026.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Jón Grétar Sigurjónsson, kennsluforseti

Tölvupóstur: jongretar@lbhi.is

Sími: 433 5000

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri

Tölvupóstur: gudmunda@lbhi.is

Sími: 433 5000

LEKTOR Á SVIÐI ENDURHEIMTAR VISTKERFA

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

• Uppbygging alþjóðlegra viðurkenndra rannsókna á sviði endurheimtar vistkerfa

• Birting ritrýndra vísindagreina, og virk þátttaka í alþjóðlegu og innlendu samstarfi

• Öflun rannsóknastyrkja á sviði endurheimtar vistkerfa og uppbygging rannsóknahópa

• Virk þátttaka í LIFE verkefninu Peatland-LIFEline.is

• Þátttaka í kennslu og þróun námsleiða háskólans og leiðbeining nemenda

• Þátttaka í kennslu og leiðbeining nemenda í Landgræðsluskóla GRÓ LRT

• Virk þátttaka í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan skólans

HÆFNISKRÖFUR

• Doktorsgráða í endurheimt vistkerfa eða skyldum greinum umhverfisvísinda

• Reynsla af rannsóknum og starfi sem tengist endurheimt vistkerfa og sjálfbærri landnýtingu

• Birtingar greina á viðurkenndum alþjóðlegum vettvangi

• Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Athygli er vakin á því að samkvæmt reglum LbhÍ er rektor heimilt að veita framgang í starf dósents eða prófessors strax við nýráðningu ef umsækjandi uppfyllir viðkomandi hæfnisviðmið.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 08.01.2026.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Eyjólfur Guðmundsson, starfandi deildarforseti

Tölvupóstur: eyjolfurg@lbhi.is

Sími: 4335000

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri

Tölvupóstur: gudmunda@lbhi.is

Sími: 433 5000

VERKEFNASTJÓRI LANDGRÆÐSLUSKÓLANS - GRÓ LRT

Landgræðsluskólinn (GRÓ LRT) óskar eftir að ráða verkefnastjóra tímabundið í spennandi og fjölbreytt starf.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

• Þátttaka í faglegri þróun náms og uppbyggingu skólans

• Þátttaka í kennslu og daglegu skipulagi námsins

• Umsjón með náms- og kennslumati

• Umsjón með verkefnavinnu nemenda í samvinnu við leiðbeinendur

• Þátttaka í verkefnum er lúta að námskeiðum og vinnustofum í samstarfslöndum

• Miðlun faglegra upplýsinga í töluðu og rituðu máli

• Gæðaeftirlit og eftirfylgni er varðar niðurstöður gæðaúttekta

• Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR

• Meistaragráða á fagsviðum sem tengjast landgræðslu, vistheimt og sjálfbærri landnýtingu

• Reynsla af rannsóknum og kennslu

• Hæfni til að vinna sjálfstætt og sem hluti af teymi

• Jákvæðni, lausnamiðuð nálgun og framúrskarandi samskiptahæfni

• Reynsla af störfum á alþjóðavettvangi svo sem þróunarsamvinnu kostur

• Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

• Íslenskukunnátta er æskileg

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 02.01.2026.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Guðrún Guðjónsdóttir, starfandi forstöðumaður

Landgræðsluskólans – GRÓ LRT

Tölvupóstur: gudrung@grolrt.is

Sími: 433 5000

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri

Tölvupóstur: gudmunda@lbhi.is

Sími: 433 5000

NÁNAR Á LBHI.IS OG STARFATORG.IS

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Loðdýrarækt:

Síðasti minkabóndinn gefst ekki upp

– Ásgeir Pétursson stendur vaktina í Mosfellsdal

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Ásgeir Pétursson, eigandi Dalsbús í Mosfellsdal, er nú eini minkabóndinn á Íslandi og hyggst halda áfram rekstri ásamt syni sínum þrátt fyrir óvissa framtíð greinarinnar. Hann gagnrýnir stjórnvöld harðlega fyrir að hafa leyft loðdýraeldi að leggjast hartnær af og telur fjölbreytni í landbúnaði lífsnauðsynlega.

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Bændablaðsins eru allir loðdýrabændur á Suðurlandi, fimm að tölu, að hætta minkarækt þar sem fjárhagslegur grundvöllur eldisins er sagður brostinn. Undanfarið hefur verið unnið að því að slátra um 30.000 dýrum. Eitt loðdýrabú stendur eftir í landinu, Dalsbú í Mosfellsdal.

Greinin hefur hin síðari ár átt loðdýradeild innan Bændasamtaka Íslands. Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtakanna, segir alltaf erfitt að horfa upp á bændur bregða búi og enn erfiðara að sjá heilu búgreinarnar nánast leggjast af.

„Stjórnvöld tala mikið um nauðsyn þess að auka fjölbreytni í landbúnaði og skapa bændum aukin tækifæri. Það er alveg ljóst að það er ekki aukin fjölbreytni fólgin í því að heilu búgreinarnar hverfi hér úr landi. Við munum í framhaldinu fara yfir þessi mál og leita leiða til að stuðla að því að búgreinin leggist ekki alveg af. En hvað framtíðin ber í skauti sér er erfitt að segja til um," segir Trausti.

Eini minkabóndinn

Ásgeir Pétursson, eigandi Dalsbúsins í Helgadal í Mosfellssveit, er áttræður og hefur rekið minkabú sitt í áratugi. Hann hyggst halda ótrauður áfram ásamt 23 ára gömlum syni sínum, þrátt fyrir að framtíð greinarinnar sé óviss.



Ásgeir Pétursson. Mynd / Bbl.

Á Dalsbúinu eru að jafnaði um 2.300 læður og auk þess nokkrar kindur, hestar og hænur. Búið er með eigin fóðurframleiðslu og tekur hráefni frá fuglasláturhúsum í nágrenninu, fitu og fleira frá kjötiðnaðarfyrirtækjum, afgangsfisk af fiskmarkaði og afganga frá tveimur veisluþjónustum. Notuð eru um 600 tonn á ári í fóður fyrir minkana. Eftir pelsun eru hræin af minkunum send til brennslu í Kölku. Búið hefur sent skinn á uppboðsmarkað í Danmörku meðan sá markaður var við lýði og nú til Finnlands.

„Ég hef verið í miklu sambandi við kollega mína gegnum tíðina og dauðsakna þeirra allra, ekki bara þeirra sem voru að hætta núna, heldur greinarinnar í heild sinni. Mér finnst bara fráleit staða að þessu skuli hafa verið leyft að gerast. Að þetta skuli vera pólitísk niðurstaða, sem mér finnst vera áfall, og ekki bara fyrir bændastéttina. Fjölbreytni í landbúnaði er náttúrlega alveg lífsnauðsynleg. Þetta er bara skömm fyrir íslenska þjóð," segir Ásgeir.

Hann vitnar í orð góðvinar síns, Jóns M. Guðmundssonar heitins, bónda á Reykjum: „„Sú þjóð sem kemur illa fram við bændur sína á ekkert gott skilið," sagði Jón. Og ég bara stend við það sem hann sagði," segir Ásgeir með þunga.

Hann segist ekki geta spáð fyrir um framtíð greinarinnar. „Ég veit bara það að við höldum áfram. Ég hef trú á þessari grein og hef haft hana alveg síðan fyrir 1970 þegar ég byrjaði fyrst í þessu." Hann segir þó ekki létt að reka fyrirtæki á Íslandi núorðið.

Minkur *(l. Mustela vison)*. Aðeins eitt minkabú er nú starfrækt í landinu, Dalsbú í Helgadal í Mosfellssveit. Þar eru að jafnaði um 2.300 læður settar á. Bóndinn þar segir til skammar að búgreinin sé í þessum sporum. Mynd / Bbl.

„Þetta er náttúrlega okkur Íslendingum til skammar. Ég hef skömm á því hvernig pólitíkin er búin að fara með þetta. Þetta er ósjálfstæði þjóðarinnar. Þegar þú ferð út í búð í dag þá kaupir þú 70% af því sem þú þarft fyrir heimilið þitt í mat af innfluttri vöru. Hvaða sjálfbærni er það? Ég hef hins vegar alveg fullan stuðning við íslenska bændur," bætir Ásgeir við og telur mikilvægt að Íslendingar styðji bændur betur til að skapa gjaldeyri fyrir landið.

Síðasti loðdýrabóndinn á Íslandi hyggst því ekki hætta og telur að bjartari tímar geti verið fram undan. Hann harmar að kollegar hafi þurft að gefast upp og bendir á að heimsfaraldurinn og Úkraínustríðið hafi haft veruleg áhrif á greinina. Hann segir skinnaverð vera á hægri leið upp á við og að öll skinn seljist nú til Finnlands, þar sem hann sér jákvæðar breytingar á markaði. Hann leggur áherslu á að dýravelferð sé grundvallaratriði í loðdýraeldi og hafnar gagnrýni, með þeim rökum að góð meðferð sé forsenda gæðaafurða.

Langvarandi tap

Loðdýrarækt var áður blómleg búgrein á Íslandi. Árið 1988 náði hún hámarki með um 86.600 minkum í eldi og um 300 bú starfandi. Þá námu útflutningstekjur greinarinnar tveimur milljörðum króna. Í dag er staðan gjörbreytt; fyrr á árinu voru aðeins sex bú eftir og nú eru fimm þeirra hætt.

Ástæður hrunsins í greininni eru margþættar. Algengt var að skinnaverð sveiflaðist á tveggja til þriggja ára fresti, en langvarandi undirverð ásamt hækkandi framleiðslukostnaði gerði rekstur óarðbæran. Verðsveiflur á erlendum mörkuðum hafa því haft afgerandi áhrif, og eftir 2014 lækkaði skinnaverð um helming vegna offramleiðslu. Árið 2012 var hápunktur greinarinnar hérlendis, þegar hreinn hagnaður af sölutekjum skinna nam um 40%, en næstu ár fylgdi viðvarandi tap. Árið 2013 var meðalverð fyrir skinn 563 DKK, en eftir 2016 fór verðið undir framleiðslukostnað og hefur verið þar síðan. Covid-faraldurinn gerði stöðuna enn verri þegar sala og vinnsla skinna stöðvaðist í Asíu, stærsta markaðssvæðinu. Innrás Rússlands í Úkraínu hafði einnig neikvæð áhrif. Þrátt fyrir að skinnaverð hafi hækkað um 20–25% á uppboðum allra síðustu árin er það enn langt undir framleiðslukostnaði; meðalverð var um 4.000 krónur árið 2023, en kostnaður við framleiðslu var þá um 8.500 krónur á skinn.

Loðdýraeldi víða á undanhaldi

Loðdýraeldi á Íslandi hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun og eftirlit almennt verið talið gott. Minkabændur hafa ítrekað óskað eftir stuðningi stjórnvalda, meðal annars niðurgreiðslu fóðurkostnaðar, en aðgerðir hafa ekki dugað til að snúa þróuninni við.

Loðdýrabændur á Suðurlandi hófu síðasta vor verkefni með Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins til að skipta á dýrum og koma í veg fyrir skyldleikaræktun. Verkefnið var talið nauðsynlegt vegna lítillar stofnstærðar og mismunandi lita, þar á meðal fágætra lita, sem hafa áhrif á verðmæti skinna. Erlendir matsmenn sem komu í haust sögðu að það væru mörg ár síðan þeir hefðu séð jafn góð dýr, og íslensk skinn eru talin í fremstu röð á alþjóðlegum uppboðum. Þrátt fyrir framúrskarandi gæði dugir það ekki til að tryggja rekstrargrundvöll greinarinnar.

Loðdýraeldi er á undanhaldi í Evrópu, þar sem yfir 20 lönd hafa sett bann við greininni vegna dýraverndarsjónarmiða. Finnland, Pólland og Eistland halda enn úti einhverri framleiðslu og talsvert eldi er í Grikklandi og Austur-Evrópu. Danir eru að einhverju marki reyna að endurvekja bú eftir að öllum minkum var lógað vegna sjúkdómsins plasmacytosis. Einstök ríki í Bandaríkjunum hafa bannað verslun með loðskinn.

Útlit er fyrir að loðdýraeldi á Íslandi sé að líða undir lok, nema verulegar breytingar verði á markaðsaðstæðum. Eins og staðan er í dag stendur aðeins Dalsbúið í Mosfellsdal eftir sem síðasta vígi greinarinnar.

ÖFLUGAR VINNUVÉLAR
FYRIR KREFJANDI VERKEFNI

SANY

SANY	LYFTIGETA	VERÐ
STH1440	4 tonn	13.990.000 kr. án vsk
STH625	2.5 tonn	10.600.000 kr. án vsk
SANY 100% Rafmagns STH625E	2.5 tonn	12.300.000 kr. án vsk
STH742	4.2 tonn	12.600.000 kr. án vsk

SANY	ÞYNGD	VERÐ
SY155U	16.000 kg	15.000.000 kr. án vsk

GERÐ	ÞYNGD	VERÐ
SY18C	1.925 kg	3.990.000 kr. án vsk
SY35U	3.860 kg	5.990.000 kr. án vsk

GERÐ	ÞYNGD	VERÐ
SY26U	2.760 kg	4.990.000 kr. án vsk
SY50U	5.300 kg	7.390.000 kr. án vsk

SANY	LYFTIGETA	VERÐ
SCP25C6	2,5 Tonna	7.200.000 kr. án vsk
SCP35C6	3,5 Tonna	7.700.000 kr. án vsk
SCP50C6	5 Tonna	11.600.000 kr. án vsk

Mikið úrval af: Rótortiltum, Fleygum, Skóflum, Þjöppum, Grjótklóm, kröbbum og að sjálfsögðu fleiri stærðir af gröfum.

Allt til á lager

ELFOSS EHF.
Flugvallarbraut 731 , 262 Reykjanesbær | elfoss@elfoss.is | **www.elfoss.is** | **Sími 893-4020**

LEIÐANDI ÁBYRGÐ Á GRÖFUM 5 ÁR OG/EÐA 10.000 VST

Gamli bærinn í Ytri-Hlíð í Vopnafirði og fyrsti garður Oddnýjar A. Methúsalemsdóttur.

Garðurinn í Ytri-Hlíð haustið 2025.

Vopnafjörður:

Húsfreyjan í Ytri-Hlíð lyfti grettistaki

– Frumkvöðull í framfaramálum

Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir með fálkaorðuna sem hún hlaut árið 1964.

Oddný saumaði glæsilega íslenska búninga og fleiri flíkur fyrir sig og börnin. Ljósi kjóllinn var fermingarkjóll yngstu dóttur hennar, Valgerðar.

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Vopnfirðingurinn Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir vann á sinni tíð ötullega að bættum lífsgæðum sveitunga sinna með ræktun, menntun, náttúruvernd og félagsstörfum.

Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir fæddist á Bustarfelli í Vopnafirði 28. febrúar 1891 og ólst upp í stórri og samheldinni fjölskyldu. Hún var yngst níu systkina og er sögð hafa verið augasteinn foreldra sinna. Frá unga aldri sýndi hún dugnað og skapandi hugarfar sem átti eftir að móta líf hennar. Þótt skólaganga væri stutt, var hún alla ævi að læra og bæta við sig þekkingu.

Áhugi hennar á garð- og skógrækt kviknaði í Húsmæðraskólanum í Reykjavík veturinn 1912–1913, þar sem hún kynntist fræðslu um ræktun. Heimkomin hóf hún að rækta blómagarð við Bustarfell, sem varð upphaf ævilangrar ástríðu fyrir gróðri og fegrun umhverfis.

Ræktun, fjölskyldulíf og samfélag

Oddný dvaldi um tíma í Danmörku, en einkum þó í Noregi þar sem hún lærði heimilisiðnað og vefnað og eignaðist son árið 1919. Heimkomin giftist hún Friðriki Sigurjónssyni árið 1924 og flutti í Ytri-Hlíð í Vopnafirði. Þau eignuðust þrjú börn og tóku að sér eitt fósturbarn. Að Ytri-Hlíð hóf hún stórt verkefni: að breyta umhverfinu í blómlegan garð. Fyrsti garðurinn var girtur 1925, en árið 1946 reis hinn stóri garður við nýja íbúðarhúsið, 3.300 m^2 að stærð. Hann varð einn fegursti sveitagarður landsins, með skjólbeltum, skógarlundum, blómabeðum og matjurtarækt.

Hún var ekki aðeins garðyrkjukona heldur líka forsprakki í samfélaginu. Hún stofnaði skógræktarfélag í Vopnafirði, stóð fyrir fegrun kirkjugarðsins á Hofi og var lykilkona í kvenfélaginu Lindinni frá 1921 til 1959. Hún var söngelsk, glaðvær og hrókur alls fagnaðar, skipulagði samverustundir fyrir börn og ungmenni og var ávallt á undan sinni samtíð í framfaramálum.

Sómi sinnar sveitar

Emil Sigurjónsson, barnabarn Oddnýjar og fyrrum bóndi í Ytri-Hlíð, skrifaði bækling um ævi og störf Oddnýjar ömmu sinnar fyrir Minjasafnið á Bustarfelli og er stuðst við hann í textanum að framan.

Segir m.a. í bæklingnum að „Oddný lét til sín taka í fjölmörgum málum og í kringum hana var aldrei ládeyða. Það fór ekki hjá því að hún þætti stjórnsöm en þegar upp er staðið viðurkenna flestir að hún vildi vel og átti sinn þátt í þeirri reisn sem var yfir Vopnafirði á hennar tíma. Metnaður hennar var mikill og ekki aðeins fyrir eigin hönd, heldur vildi hún að aðrir sýndu sama metnað.“

Þá kemur fram að hún sótti marga fundi Skógræktarfélags Austurlands og hafi nokkrum sinnum verið fulltrúi þess á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands. Einnig hafi hún farið í skógræktarferðir til Noregs.

Minjasafnið setti upp sýningu á verkum Oddnýjar og lífshlaupi í Kaupvangi á Vopnafirði sl. sumar. Emil flutti þar opnunarávarp og segir ömmu sína hafa verið konu sem „skildi mikla arfleifð eftir sig sem frumkvöðull mestan part tuttugustu aldar með verkum sínum og framsýni“.

Útsaumur og vefnaður Oddnýjar. Frá sumarsýningu Minjasafnsins á Bustarfelli.
Myndir / Aðsendar

Heiður og arfleifð

Oddný hlaut riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1964 fyrir frumkvöðlastarf í garð- og skógrækt. Friðrik, eiginmaður hennar, fékk sömu viðurkenningu 1982 fyrir störf sem hreppstjóri. Hún andaðist 20. apríl 1983, 92 ára gömul.

Líf hennar einkenndist alla tíð af eldmóði, útsjónarsemi og samfélagslegri ábyrgð. Hún skildi eftir sig ekki aðeins afkomendur heldur einnig gildi, garða og góðverk sem lifa áfram í landslagi og minningu.

Saga Oddnýjar er vitnisburður um það hve miklu ein kona með metnað og gott hjartalag getur áorkað. Hún braut blað í íslensku sveitasamfélagi, sameinaði hefðir og nýsköpun og varð fyrirmynd fjölmargra.

Gleðileg
jól
Við þökkum bændum fyrir
ómetanlegt framlag, þrautseigju
og samstöðu á árinu sem er að líða.
Megi nýtt ár færa landsmönnum
öllum hamingju og góðar stundir.
Við erum öll í sömu sveit.
BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Flatey á Breiðafirði:

Kyrrðin allsráðandi

Þögn í þorpinu á vetrum en tveir bændur una við sitt.

Í Flatey á Breiðafirði er föst búseta á tveimur bújörðum allt árið. Bændur stunda þar hlunnindabúskap og eru með sauðfé. Í þorpinu í Flatey eru fjölmörg uppgerð hús sem eigendur dvelja í á sumrum. Er eyjan þá iðandi af mannlífi, margt ferðafólk og er hótelið í eynni opið yfir sumartímann.

Starfsmaður Bændablaðsins var á ferð í Flatey í haust og tók nokkrar ljósmyndir, í fámenninu, þar sem kyrrðin er allsráðandi.

/þug

vfs.is
Gleðilega hátíð!
Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu.
VERKFÆRA SALAN
Skannaðu og sjáðu jólatilboðin.
SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • 560 8888 • vfs.is

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi og saman finnum við lausnir.
Gleðilega hátíð
Stjórn og starfsfólk Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sendir bændum og landsmönnum öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með kærum þökkum fyrir góð samskipti og samstarf á árinu sem er að líða.
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is

Skógarbændurnir og tónlistar-hjónin á Uppsölum

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com

Skógarbændurnir og hjónin á bænum Uppsölum í Fljótshlíð í Rangárþingi eystra kalla ekki allt ömmu sína þegar kemur að fjölbreyttum verkefnum en það nýjasta hjá þeim er vinna í hljóðveri þar sem þau tóku upp fimm hressileg lög og hafa gefið út á Spotify.

Hér erum við að tala um þau Ísólf Gylfa Pálmason, fyrrverandi alþingismann og sveitarstjóra, og Steinunni Ósk Kolbeinsdóttur, sem vann til margra ára hjá Fræðsluneti Suðurlands. Hjónin hafa haft fasta búsetu á Uppsölum síðan haustið 2018 en þá seldu þau húsið sitt á Hvolsvelli og létu byggja fyrir sig íbúðarhús. „Við höfum skógrækt 2001 og höfum plantað hátt í 200.000 plöntum. Ætli það liggi ekki 50 hektarar undir í skógræktinni. Síðan hefur fjölgað á torfunni og nú búa hér einnig Margrét dóttir okkar og fjölskylda og sonur okkar Kolbeinn og hans fjölskylda. Það eru mikil forréttindi að vera í svona mikilli nálægð við fjölskylduna og barnabörnin veita okkur ómælda ánægju. Það gleður okkur á hverjum morgni að sjá skólabílinn renna í hlað," segir Ísólfur Gylfi og bætir við. „Svo má ekki gleyma því að dóttir okkar og tengdasonur hafa verið með býflugnarækt í mörg ár og nú hafa þau komið sér upp svokallaðri „Gusu", sem er viðarkynt sána. Þar kemur eldiviður úr skóginum sér að góðum notum og gusan veitir ómælda heilsubót."

Ísólfur Gylfi og Steinunn Ósk eru ekki bara skógarbændur, lagahöfundar og söngvarar, nei, þau eru líka bæði í Rótarýklúbbi Rangæinga þar sem Ísólfur er forseti klúbbsins. Myndir/ Aðsendar

Steinunn Ósk í hljóðveri að taka upp eitt af lögunum.

Fyrsta grisjun fram undan

En hvernig hefur skógræktin gengið og hvað er nú skemmtilegast við hana?

„Skógræktin hefur gengið ótrúlega vel, nú er hér orðinn myndarlegur skógur og við þurfum að fara að huga að fyrstu grisjun. Skemmtilegast er að fara um skóginn og dást að plöntunum, sum tré verða uppáhalds og önnur bíða eftir söginni. Það er líka mjög gaman og gefandi að planta út. Þreytan að loknum vinnudegi er svo góð. Við höfum hægt verulega á okkur við útplöntun, því svæðið sem er eftir er ekki eins vel fallið til skógræktar, einkum vegna berangurs á fjallinu og vegna veðurs. En það er líka nóg að gera við að hirða um skóginn, klippa tvítoppa tré, fjarlægja greinar og svo framvegis," segir Steinunn Ósk.

Útivistarsvæði með góðum göngustígum

Getið þið eitthvað nýtt skóginn fyrir ykkur, eða hvað? „Já, já, skógurinn er strax orðinn að góðu útivistarsvæði, með góðum göngustígum sem gaman er að ganga um. Við höfum einnig útbúið lundi þar sem fjölskyldan kemur saman og á sínar góðu samverustundir. Við teljum það mjög mikilvægt að nýta skóginn sem yndisskóg. Enn eru ekki miklar nýtilegar afurðir úr skóginum, ef við erum að tala um viðarafurðir. Hins vegar höfum við tekið jólatré í mörg ár og eldivið eigum við nóg af. Það eru líka farnar að vaxa margar sveppategundir í skóginum, sem við erum reyndar ekki nægilega dugleg að nýta," segir Ísólfur.

Gamall hljómsveitatöffari

En þið eruð ekki bara skógarbændur, þið eruð líka söngbændur. Hvað er að frétta þar og hvað kom til að þið fóruð að taka upp lög og setja á Spotify?

„Já, Ísólfur Gylfi hefur í gegnum tíðina samið nokkur lög og hann var reyndar í nokkrum hljómsveitum í gamla daga og spilaði á sveitaböllum, sannkallaður hljómsveitartöffari. Hann á mörg hljóðfæri og spilar á bassa, gítar og trommur. Draumurinn var alltaf að koma nokkrum af þessum lögum í varanlegt form, láta útsetja þau og taka upp," segir Steinunn Ósk og Ísólfur bætir strax við: „Þegar Steinunn fór á eftirlaun fyrr á þessu ári ákváðum við að láta slag standa og fara að vinna í þessu. Enda er gott við þau tímamót að líta til baka og skoða hvaða draumar hafa ekki ræst og fara að vinna í að láta þá rætast. Ég hitti Sigurgeir Sigmundsson, gítarleikara og tónlistarkennara, á tónleikum í fyrrasumar og fór að ræða málið við hann. Þá kom í ljós að hann aðstoðar fólk við að koma svona hugmyndum áfram. Það varð því úr að ég fór með lögin til Sigurgeirs og hann tók að sér að útsetja þau og skrifa upp á nótur," segir Ísólfur.

Stúdíó bassaleikarans í Mezzoforte

Hjónin fóru svo síðastliðið vor í Stúdíó Paradís, sem er í eigu Jóhanns Ásmundssonar, bassaleikara úr Mezzoforte, og hann tók lögin upp. Þau fengu svo til liðs við sig úrvals hljóðfæraleikara, eða þá Pálma Sigurhjartarson hljómborðsleikara, Sigfús Óttarsson trommuleikara og Hjörleif Valsson fiðluleikara. „Við vorum sko ekki svikin af þessum eðal mönnum. Við hjónin syngjum lagið, „Sveitasamba" saman, Ísólfur syngur lagið „Indæl ævisaga" og ég syng svo hin þrjú lögin. Við fengum svo mæðgur, þær Elfu Margréti Ingvadóttur og Hjördísi Tinnu Pálmadóttur, til að syngja bakraddir en þær eru báðar ættaðar frá Hvolsvelli," segir Steinunn Ósk, stolt og sæl með útkomuna.

Allt komið á Spotify

Hjónin segja að í fyrstu hafi verkefnið eiginlega bara verið hugsað fyrir fjölskylduna en úr því að þau lögðu af stað í þetta ferðalag, þá var bara ákveðið að fara alla leið. Lögin eru nú öll komin á Spotify undir heitinu „Indæl ævisaga", og þau eru einnig komin á útvarpsstöðvarnar.

100 ára Rangæingur

Þegar þau eru spurð um lögin, hvernig þau eru og eftir hverja, þá verður Steinunn Ósk til svars.

„Lögin eru öll eftir Ísólf Gylfa og tveir af textunum, „Kveðjustund" og „Morgunljóð til Margrétar" eru eftir föður hans, Pálma Eyjólfsson, sem var mjög góður hagyrðingur og gaf m.a. út tvær ljóðabækur. Einn texti, „Talað við barn" er eftir konu sem hét Ingibjörg Björgvinsdóttir. Hún var Rangæingur og lést á þessu ári 100 ára gömul. Ísólfur Gylfi fékk svo Kristján Hreinsson til að semja texta við tvö lög, þ.e. „Sveitasömbuna" og „Indæla ævisögu", segir Steinunn og Ísólfur bætir við: „Lögin eru í fjölbreyttum tónlistarstíl, allt frá sveitatónlist til trúarlegrar tónlistar. Þau eru útsett í frekar léttum dægurlagastíl. Þetta er tónlist sem er alveg „orginal" ef svo má segja, það er spilað á venjuleg hljóðfæri og söngurinn er nánast tekinn upp „live" eins og sagt er. Það er ekkert tölvudæmi í þessu og því má segja að þetta sé frekar tímalaus tónlist sem ætti að eldast vel. Til gamans má geta þess að Sigurgeir Óli Sigurgeirsson, áhugamaður um tónlist og góður harmonikkuleikari, hefur útsett tvö laganna fyrir harmonikku og sent Harmonikkufélagi Íslands," segir Ísólfur og þá hlær Steinunn Ósk og segir: „Það er svolítið gott á Ísólf Gylfa því á bítlaárunum var hann ekki sérlega hrifinn af því hljóðfæri. Það er löngu liðin tíð því harmonikkan er dásamlegt hljóðfæri ef vel er leikið á það. Reynir Jónasson og Grétar Geirsson eru í sérstöku uppáhaldi sem harmonikkuleikarar. Við erum þakklát Sigurgeiri Óla fyrir þetta og þann áhuga sem hann hefur sýnt þessu uppátæki okkar."

Heilmikið mál að opinbera sig

Var þetta ekki mjög skemmtilegt verkefni og gefandi, eða hvað?

„Jú, það verður að segjast eins og er að þetta var alveg áskorun. Það er heilmikið mál að opinbera sig með þessum hætti. Þegar ég fór til Sigurgeirs með lögin var ég eiginlega titrandi á beinunum. Hann var bara svo hvetjandi að á endanum þorði ég að spila fyrir hann öll þessi fimm lög. Þetta er eiginlega eins og að láta smiði taka við fokheldu húsi. Sigurgeir sá um að teikna innréttingarnar og svo komu tónlistarmennirnir eins og smiðir sem fullkráruðu verkið," segir Ísólfur og heldur áfram. „Auðvitað er þetta gefandi verkefni, bæði að yfirvinna feimnina og óttann um að mistakast. Svo er bæði heilandi og gefandi að flytja tónlist. Við þurftum að æfa okkur heilmikið til þess að geta sungið þessi lög og það var bara gaman. Svo má ekki vanmeta það, að það skiptir miklu máli að við hjónin gerum þetta saman. Það er því enginn sem hangir heima og er orðinn hundleiður eða leið á þessum lögum," segir Ísólfur Gylfi og hlær.

Spilað og spilað á útvarpsstöðvunum

Hvernig viðtökur hafið þið fengið við lögunum og þessu uppátæki ykkar?

„Við gáfum „Sveitasömbuna" út í sumar og hún hefur bara fengið góðar viðtökur, er þó nokkuð spiluð á Spotify og hefur einnig verið spiluð á Rás 1, Rás 2, Bylgjunni og ekki má gleyma Útvarpi Suðurlands og Útvarpi Sögu. Hin lögin eru bara nýkomin út svo það á kannski eftir að reyna á það. Það er heilmikið mál að koma lögum í spilun á útvarpsstöðvum og ekki sjálfgefið að þeir sem ekki hafa verið í þessum bransa árum saman fái mikla athygli. Það er mikið gefið út af tónlist og sjálfsagt slást flytjendur um athyglina. Við vorum svo sem ekki að vonast eftir því að verða heimsfræg af þessu tiltæki en því er ekki að neita að það kemur upp smá metnaður þegar verkinu er lokið," segir Steinunn Ósk og skellihlær.

Hringja í óskalagaþætti

„Það er best að nálgast lögin á Spotify. Svo er auðvitað hægt að hringja inn í hina fjölmörgu óskalagaþætti, sem eru á hinum ýmsu útvarpsstöðvum eða senda kveðju í Óskastundina hjá Svanhildi Jakobsdóttur, það er klassík og myndi gleðja okkur hjónin," segir Steinunn Ósk aðspurð hvernig sé best fyrir áhugasama að nálgast lögin þeirra til að hlusta á þau.

Allur ótti og feimni hvarf

Ísólfur Gylfi og Steinunn Ósk höfðu þetta að segja í lokin: „Við viljum færa tónlistarmönnunum sem aðstoðuðu okkur við þetta verkefni okkar bestu þakkir. Þeirra hvetjandi framkoma var okkur mikill stuðningur og gerði það að verkum að þegar komið var í stúdíóið hvarf allur ótti og feimni. Og ekki er það verra að við lítum svo á að í þessu ferli höfum við eignast nýja og góða vini. Þá viljum við einnig hvetja fólk sem hefur lokið sinni starfsævi að líta til baka og skoða hvað þar var sem ekki komst í verk í önnum dagsins og huga að því hvort nú sé ekki einmitt rétti tíminn kominn til að láta til skarar skríða," segja skógarbændurnir og tónlistarhjónin á Uppsölum í Fljótshlíð.

RARIK

Hátíðarstraumar um allt land
Gleðileg jól

Við óskum viðskiptavinum okkar, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Við leggjum línurnar að framþróun og uppbyggingu sem hreyfir samfélög á landsbyggðinni til framtíðar.

RARIK.IS

Husqvarna®

MHG Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Forest & Garden á Íslandi | *Varahlutir og þjónustuverkstæði

Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt
12,5 cm

Husqvarna
520IRX
Sláttuorf 36V

Husqvarna
Traktor TC220
14,4kw

Husqvarna
K970 Steinsög
Sögunardýpt
15,5 cm

Husqvarna Rider
320X AWDTraktor
10,5 kW

Husqvarna
522IHD60
60cm

Husqvarna
LC253S Sláttuvél
2,8kW

Husqvarna
525BX Blásari
86 m/s

Husqvarna
535RX Sláttuorf
1,6kW

Husqvarna
580 EPOS
16.000m²

Husqvarna
AM535AWD
EPOS 3.500 m²

Husqvarna 450e
Keðjusög
2,4kW

MHG VERSLUN

Husqvarna Forest & Garden Products

Garðverkfæri, slátturóbotar, steinsagir, steinsagarblöð, jarðvegsþjöppur, hopparar, kjarnaborvélar, garðsláttuvélar, golfslípivélar, sandarar, gröfur, golfbílar og margt fleira

MHG Verslun | Vikurhvarf 8
S. 544 4656
mhg@mhg.is

Lífsfylling að vera bóndi

Sigríður Huld Blöndal
siggahuld82@gmail.com

Það er sólríkur dagur í Tórshavn í Færeyjum. Leiðin liggur í heimsókn til stórbónda sem býr á Vatnaskørðum í Hoyvík. Sveitabær sem liggur efst í hæðinni yfir Tórshavn og ber nafnið Hoyvíksgarður.

Ég fæ far upp að bænum en læt staðnæmast neðst við bæjarhliðið því ég hafði hugsað mér að taka röltið eftir malarveginum upp að bænum og njóta hins stórkostlega útsýnis á leiðinni. Sólin læðist meðfram fjöllunum og umvefur náttúruna í kring. Ég nálgast bæjarstæðið og kem fyrst að stóru fjósi og bæjarhlaði. Því næst liggur leiðin upp að íbúðarhúsinu, sem er steinlagað með grasþaki (torfþaki), eins og einkennir svo mörg hús í Færeyjum.

Ég banka létt á hurð en enginn virðist vera inni, því næst hringi ég í Sigert, bóndann á bænum, og hann er í fjósinu. Hann kemur út á hlað og tekur vel á móti mér og byrjar á að sýna mér fjósið. „Þetta fjós byggðum við árið 2012 og hér erum við með 68 mjólkurkýr og samtals með um 130 nautgripi á bænum," segir Sigert Patursson, en hann hefur verið bóndi á Hoyvíksgarði síðan um aldamótin 2000. Fyrst einn en býr þar nú með konu sinni og þremur börnum. „Það að vera bóndi er lífsstíll." Landbúnaður og bændaáhugi liggur í blóðinu en Sigert ólst upp á hinum sögufræga stað Kirkjubø í Færeyjum.



Hjónin á Hoyvíksgarði, þau Sigert og Alika.

Nýtt fjós byggt

„Í gamla fjósinu á Hoyvíksgarði var ég með um 22 kýr þegar ég hóf búskap minn hér á bænum. Nú eru komin þrettán ár síðan nýja fjósið var tekið í notkun og mjaltaþjónar notaðir til að mjólka þær 68 kýr sem eru í fjósinu. „Maður er ekkert atvinnulaus þó mjaltaþjónar hafi tekið við, þú vinnur bara öðruvísi í fjósinu með alla þessa tækni." Þróunin í Færeyjum hefur verið sú að kúabúum hefur fækkað mikið. „Þegar ég byrjaði voru 67 kúabú en nú eru þau þrettán talsins í Færeyjum. Þau eru á stöðum eins og í Havnardali, Syðradali, Gøtudali, Leirvík og fleiri stöðum í Færeyjum. Nú mega þau ekki verða færri, þetta er mikil fækkun síðustu ár," segir Sigert. Mjólkurframleiðslan sé þó sú sama með færri kúabúum en þau séu orðin ansi fá.

Sauðfjárbúskapur er einnig á bænum hjá Sigert á Hoyvíksgarði. „Ég var með 500 kindur en hef fækkað niður í 300. Ég sel eitthvað af kjöti til veitingastaða. Mikið af kjötinu er ræst kjöt sem selt er í einkasölu og svo fer kjöt einnig í matvöruverslanir. Kindurnar ganga úti allt árið og snjórinn liggur sjaldan lengi yfir vetrartímann, hann kemur og fer, í Færeyjum eru veturnir frekar hlýir og ekki svo heit sumur."

Hver morgun hefst í fjósinu, fyrst er að blanda saman fóðri og gefa hey, síðan tekur við að hreinsa bása, gefa kálfunum og stundum þurfa einhverjar kýr hjálp við mjólkurþjóninn. Eftir þetta taka önnur störf á bænum við og svo um kvöldið er það að gefa aftur í fjósinu og sinna því. Yfir daginn standa kýrnar í röð að komast á mjólkurbásinn og þannig gengur það fyrir sig allan daginn. Kýrnar hafa það gott í svona fjósi, þær ganga lausar og hafa mikið pláss. Jú, Sigert viðurkennir að þetta er sannarlega orðið tæknilegt og það þarf að fylgjast vel með að allt virki. „Mér líkar vel við mjólkurþjóninn, en stundum hugsar maður um gamla tímann, síminn getur hringt um nóttina ef eitthvað bilar varðandi tæknina í fjósinu, sérstaklega varðandi mjólkurþjóninn, og þá þarf að bregðast strax við." Tæknin hafi sína kosti og galla.

Þegar kemur að fóðri fyrir kýrnar er mest notast við súrhey (vothey). „Það er ekki góður þurrkur hér í Færeyjum á sumrin og þetta er venjan hér. Síðan blanda ég brauði, hálmi og öðru við súrheyið. Ég fæ dagsgamalt brauð frá bakaríi í Tórshavn. Þannig hef ég lengi gert það, þetta tíðkast einnig í Danmörku, að blanda svona heyinu. Fólk leggur mikið upp úr því að fá nýbakað brauð og kaupir næstum ekki dagsgamalt brauð í bakaríum en það fæ ég svo og nota sem fóður. Hér áður fyrr voru bakarí næstum í hverjum bæ í Færeyjum og mjólkurbú en þannig er það ekki lengur."

Hlaðan er stór og þetta tekur nokkuð mikið pláss. Hér er notast við brunna eins og voru notaðir á Íslandi fyrr á dögum. Súrheyið fer ofan í brunnana og er blandað saman þar. Núna er hann með brunna ofan í gólfinu í hlöðunni en einn gamall brunnur er einnig í fjósinu og bóndinn fær blaðakonu til að klifra hátt upp í stiga að skoða ofan í brunn.

Næst göngum við út á hlað og förum yfir í gamla fjósið. Sólin gyllir fagurt þennan daginn, hér blasir við fjallasýn, sjávarsýn, Tórshavn og eyjan fagra Nólsoy. Þegar inn í gamla fjósið er komið standa nokkrir hestar og einnig Íslandshestar. „Börnin okkar hafa gaman af hestum og elsti sonur minn kannski mest. „Hér þarf ég að fara að laga þak og veggi, þetta er orðið ansi gamalt. En ég safna svo miklu dóti og næ einhvern veginn ekki að henda, þetta er smá vandamál hjá mér að safna gömlu dóti," segir Sigert léttur í bragði.

Kemur af mikilli bændafjölskyldu

Næst röltum við út í garð á þessum blíðviðrisdegi. Við spjöllum dágóða stund úti en færum okkur svo inn í bæinn, fallegt eldri íbúðarhús, og setjumst niður í björtu og rúmgóðu eldhúsi. Spjallið heldur áfram og Sigert segir mér frá rótunum, hvar áhuginn á bændastarfinu kviknaði. „Ég er alinn upp á hinum sögufræga stað Kirkjubø, nefndur „Heima á Garði í Kirkjubø" og bróðir minn er bóndi þar núna. Þar ólst ég upp á stóru bændaheimili. Eftir barnaskóla þurfti maður að finna út úr hvað tæki við og eins og allt ungt fólk þarf maður að finna út úr hvað maður vill í lífinu eftir grunnskólagöngu. Á þessum tíma var kreppa í Færeyjum og ekki hægt að komast í læri í iðnnámi. Ég hafði ætlað mér að læra húsasmiðinn en það var ekki í boði akkúrat þá. Ekki var tekið við nýjum nemendum í því. En svo kom möguleiki að fara í Tækniskóla og það gerði ég bæði í Tórshavn og Klaksvík og kláraði stúdent frá Tækniskólanum í Klaksvík. Eftir þetta voru tímarnir orðnir betri í Færeyjum. Ég vann í eitt ár eftir þetta og sótti svo um á landbúnaðarskóla í Noregi, því áhuginn á landbúnaðarmálum var mikill og bændalífið togaði alltaf í mig."

Örlagaríkt símtal

Einn daginn þegar Sigert var á skólanum í Noregi fær hann símtal frá móður sinni sem segir að bróðir sinn, Hanus, móðurbróðir Sigert, sé orðinn svo slæmur af gigt að hann geti ekki séð um búskap á bóndabænum sínum, þá Hoyvíksgarði. Sigert segir þá að gamni sínu við móður sína að ef hann gæti tekið við bóndabænum myndi hann koma heim. Tveimur dögum seinna fær hann örlagaríkt símtal frá móður sinni og Hanus. Þar er Sigert boðið að taka við bóndabænum af móðurbróður sínum á Hoyvíksgarði. Sigert segist ekki hafa hikað eina sekúndu og tók strax ákvörðun um að taka við sveitabænum og flutti því fljótlega aftur heim til Færeyja þegar skólanum lauk. Þarna var því framtíðin ráðin, Sigert var orðinn bóndi 24 ára gamall og þetta var því örlagaríkt símtal til hans, ungs nema á landbúnaðarskóla í Noregi. Kona Sigert, Alika, kemur inn og sest hjá okkur við eldhúsborðið í fallegu húsi þeirra. Við fáum okkur te og köku saman. „Ég kynntist Aliku milli jóla og nýárs árið 2007 og hún flutti til Færeyja árið 2008 og við giftum okkur árið 2009," og það ljómar af Sigert og Aliku. Þau eiga þrjú börn saman. Alika er ættuð frá Grænlandi og ólst upp á Grænlandi til tíu ára aldurs en bjó í Kaupmannahöfn þegar hún og Sigert kynntust. „Það er gaman að segja frá því að ég hafði alltaf dálæti af húsum með grasþaki sem ung stelpa og langaði að búa í þannig húsi og örlögin hafa síðan valdið því að ég bý núna í Færeyjum, gift færeyskum manni og hér búum við saman á sveitabæ í húsi með grasþaki."

Möguleikar í landbúnaði

Færeyjar var áður fyrr að mestu landbúnaðarland og svo tók sjávarútvegurinn við en Færeyingar eru allmargir tengdir landbúnaði á einhvern hátt. Eftir kristnitöku var eignarhald jarða í Færeyjum í höndum kirkjunnar og síðan voru þetta konungsjarðir, þegar danski kóngurinn yfirtók það frá kirkjunni. Nú eru það stjórnvöld sem eiga mestan part af jörðunum. „Þó að margt sé breytt þá eru það yfirvöld sem oft hafa síðasta orðið varðandi jörðina og það er eitthvað sem mér líkar ekki við og myndi vilja breyta og vil meina að sá sem ber ábygð á jörðinni, bóndinn sjálfur, ætti að hafa meira að segja í ákvörðunum." Talið berst að því hvar möguleikar liggi í nýjungum tengdum landbúnaði í Færeyjum. Sigert nefnir að um tíma var farið af stað með gróðurhúsaframleiðslu í Færeyjum, þar sem meðal annars voru ræktaðar gúrkur, tómatar og annað grænmeti „en það bar sig ekki því erfitt var fyrir grænmetisræktendur að keppa við ESB-styrkt innflutt grænmeti í matvöruverslunum og því lagðist það af, því miður. En þar eru svo sannarlega möguleikar, framtíðarmöguleikar."

Nú til dags í Færeyjum eru mestir styrkir til mjólkurframleiðslu, þ.e. til kúabúa. Mjólkin er styrkt um 50–60 aura á per lítra, og sömuleiðis er ræktun á heyi styrkt að einhverju leyti. Aftur á móti eru engir styrkir í sauðfjárrækt.

Sigert hefur til margra ára verið formaður Bóndafélags Føroya og fylgist því vel með gangi mála í Færeyjum og í löndunum í kring. Framleiðslustyrkir séu til staðar eins og er á hinum Norðurlöndunum. Bændur í Færeyjum fá enga styrki frá Evrópusambandinu, enda ekki meðlimir í ESB. Sjóðir eru til staðar í Færeyjum fyrir bændur að sækja styrki í. Þegar ríkið selur land fer hluti sölunnar í sjóð sem bændur geta sótt styrki í til framkvæmda við býli sín, til viðhalds og bygginga á jörð eða til ræktunar.

Talið berst aftur til lífsins á sveitabænum í Hoyvíksgarði. „Ég hef alltaf mikla ánægju af bóndastarfinu og því að sjá þá vinnu sem maður leggur inn verða að einhverju, að sá vinnunni og síðan uppskera. Þetta er gefandi starf, hér er afar gott að ala upp börn og við njótum þess að vera bændur og búa hér í þessu fallega umhverfi." Börnin hafa gaman af hestamennsku og Sigert segist brosandi hafa reynt að sjarma Aliku með hestatúr þegar þau voru að kynnast. Það að fara á hestbak á góðum sumardegi eða sumarkvöldi norður eftir fjalllendinu er engu öðru líkt, yndislegt og mikil lífsgæði."

BÓKAFLÓÐ

MERKTU VIÐ ÞÍNA JÓLABÓK











FORLAGIÐ

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39
Virka daga 10–18 | Lau 11–17 | Sun 12–16
www.forlagid.is

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Við hjá Landsvirkjun sendum landsmönnum öllum hlýjar jólakveðjur, með ósk um orkuríkt komandi ár.

Landsvirkjun

Ilmframleiðsla Fischersunds vindur upp á sig

– Skapandi systkini þróa ilmvötn og nýstárlegar vörulínur

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Ilmgerðin Fischersund hefur vaxið og dafnað á undanförnum árum. Hún spratt upphaflega upp úr miklum áhuga Jóns Þórs Birgissonar á því að blanda og þróa sína eigin ilmi, en hann er best þekktur sem Jónsi í Sigur Rós.

Árið 2017 stofnaði hann, ásamt systrum sínum, Lilju, Ingibjörgu og Sigurrós Birgisdætrum, fyrirtæki í kringum ilmgerðina. Nafnið Fischersund er fengið af götu í miðborg Reykjavíkur þar sem hjarta starfseminnar er.

Í haust fékk fyrirtækið hönnunarverðlaun Íslands í flokknum Verk ársins. Í umsögn segir að Fischersund tali til allra skilningarvita í gegnum ilm, tónlist og myndlist. Að auki við að framleiða ilmvötn framleiðir Fischersund kerti, reykelsi, textílverk, te og tónverk.

Sigurrós, sem er yngst systkinanna, ræddi við Bændablaðið um vinnuna sem liggur á bak við þróun og framleiðslu ilmvatna. Hún og bróðir hennar sjá um þróunarvinnu hvers ilms og sér Sigurrós um framleiðsluna. Lilja og Ingibjörg sjá um hönnun umbúða, grafík og listræna framsetningu.

Íslenskar ilmminningar

Innblástur hvers ilms er sóttur í lífið á Íslandi. „Íslenskur ilmheimur er algjörlega einstakur og ólíkur flestum öðrum," segir Sigurrós. „Hér vaxa ekki ávaxtatré eða exótísk blóm, heldur villtar jurtir, birki, mosi og kerfill og við viljum gera íslenskri náttúru hátt undir höfði. Ilmurinn sem heitir útilykt á að vera eins og að stinga nefinu ofan í mjúkt lyng á köldum vordegi. Nr. 101 ilmar eins og bakgarður í gömlu Þingholtunum og Nr. 8 ilmar eins og barnæska okkar í Mosó. Íslensku ilmolíurnar sem við vinnum með gefa þennan sérislenska og ferska blæ."

Sigurrós Birgisdóttir er ein systkinanna sem standa á bak við ilmgerðina Fischersund. Hér situr hún við aðstöðu þar sem hún getur þróað og framleitt ilm. Hún heldur á flösku sem inniheldur jólailm sem seldur er í kringum hátíðirnar. Mynd / ál

Fyrsta ilmvatnið frá Fischersundi fékk nafnið Nr. 23 sem skýrist af því að þetta var 23. ilmblandan hans Jónsa. „Hún er meðal annars byggð á minningum af því að vera í slippnum, en pabbi var vélsmiður þar og var Jónsi mikið með honum í vinnunni. Í þeim ilmi er mikið af því sem einhverjir myndu kannski flokka sem dökkar lyktir, eins og birkitjara, píputóbak og lakkrís."

Gera það sem þeim finnst gott

Aðspurð um ferlið sem liggi á bak við þróun ilmvatns segir Sigurrós að hún og Jónsi hendi á milli sín hugmyndum að ilm sem eru nákvæmlega skráðar í töflureikni. Jónsi er búsettur í Bandaríkjunum og blandar Sigurrós ilminn í aðstöðu fyrirtækisins í Súðarvogi í Reykjavík.

„Ef mér finnst uppskriftin ekki virka geri ég smávægilegar breytingar sem ég skrifa niður og sendi honum til baka," segir Sigurrós. Hann taki við þeirri uppskrift, blandi sjálfur og geri breytingatillögur „Þetta tekur langan tíma og er mikið dúllerí, því að ég er með pípettu og set einn dropa af ákveðinni olíu og skrifa niður grömmin." Við gerð prufuuppskrifta getur miklu munað um hvern dropa. Þegar uppskriftirnar eru tilbúnar sér Sigurrós um framleiðsluna.

„Ég byrja alltaf á því að blanda saman einhverju sem mér finnst gott. Leyfi svo öðrum að finna og tek við athugasemdum og breyti ef þess þarf. Yfirleitt erum við fjögur í því að þefa, ákveða og breyta. Stundum getur verið of mikið að spyrja alla álits, því að þetta er mjög persónubundið og hver ilmur breytist á húðinni á hverjum og einum. Við Jónsi erum alltaf að gera eitthvað sem okkur finnst gott og vonandi fíla aðrir það líka."

Sparar nefið fyrir vinnuna

Eftir að hafa starfað við ilmgerð undanfarin ár segist Sigurrós vera komin með þjálfað þefskyn og geti vitað fyrir fram hvort það komi vel út að bæta við einum dropa af þessu eða hinu. „Í byrjun var ég bara að sulla einhverju saman og vissi ekkert af hverju það virkaði ekki, en ilmblandan getur mjög fljótlega farið til fjandans."

Sigurrós segist oft fá þá spurningu hvort þefskynið þreytist ekki eftir langan dag við þróun nýs ilms. „Ég get alveg þefað endalaust og ég held að nefið mitt sé orðið það vel þjálfað að ég get enn þá greint allt sem ég þefa af. Mjög oft þegar ég er að þefa af lokablöndu stend ég aðeins upp frá borðinu, en mér finnst ég ekki þurfa að fara út úr húsi til að hvíla mig. Það að horfa á þetta Excel-skjal og setja inn tölur þreytir mig frekar á meðan nefið mitt er enn þá í góðu lagi." Sigurrós segist ekki endilega vera orðin lyktnæmari en áður og þessi þjálfun hafi ekki áhrif á hvernig hún upplifi hversdagslegt umhverfi. „Ég spara nefið fyrir vinnuna," segir hún glettin.

Hátíðlegur jólailmur á aðventunni

„Núna nálgast ég þetta þannig að í upphafi reyni ég að hafa einhverja hugmynd að ilm. Ég ákveð fyrst hvort hann eigi að vera dökkur eða léttur, ferskur eða sætur eða með viðarnótum. Persónulega finnst mér betra að skapa mér smá ramma í kringum ilminn, því að annars er allt í boði. Ég finn svo kannski tíu olíur til að byrja með sem passa við hugmyndina. Blanda þeim svo í einhverjum hlutföllum saman og kanna hvernig það kemur út. Annaðhvort heppnast það vel eða passar engan veginn saman."

Við stofnun var Fischersund með sex ilmi og hefur aðeins bæst við síðan þá. „Í fyrra gerðum við fimm nýja ilmi fyrir listasýningu í Seattle. Þá erum við búin að gera ilmi í samstarfi við nokkur fyrirtæki, eins og Útilykt fyrir 66° Norður, sem er núna orðið eitt af okkar helstu ilmvötnum. Við erum einnig að þróa ilm í samstarfi við Bláa Lónið. Svo gerðum við ilm fyrir hljómsveitina Sigur Rós, sem var auðvitað mjög þægilegt samstarf, enda Jónsi lykilmaður á báðum stöðum," segir Sigurrós og skellir upp úr.

„Fyrir jólin seljum við alltaf jólalínu með ilmkerti, húsilm og reykelsi. Við höfum selt þessa lykt í tvö ár áður í kringum jólin. Þetta er mjög hlýr og notalegur ilmur með mandarínum, kanil, negul ásamt myrru sem vísar í vitringana þrjá. Eins er huggulegur viður og smá sæta."

Vakning meðal fólks

„Við erum komin í rúmlega sjötíu verslanir í Bandaríkjunum og fjörutíu verslanir í öðrum löndum. Hægt og rólega erum við að dreifa okkur út um allt, en frá upphafi hefur bandarískri markaðurinn tekið vel á móti okkur." Til að byrja með hafi stærsti hluti sölunnar verið erlendis, en núna sé hlutdeild íslenska markaðarins stöðugt að stækka. „Mér líður eins og það hafi orðið ákveðin vakning meðal fólks að hafa gaman af ilmum, að þefa og prufa eitthvað nýtt." Sigurrós segir að allir séu velkomnir að þefa í Fischersundi 3, en þar hafa systkinin lagt mikið upp úr að gera óhefðbundna verslun þar sem hægt er að upplifa ilm og list.

Fischersund framleiðir ekki eingöngu ilmvötn, heldur er heil vörulína sem fylgir hverjum ilmi. Þar má nefna ilmkerti, reykelsi, húsilm, ilm á föstu formi og klúta. „Það hefur verið smá vesen hjá okkur að við erum með svo mikið af hugmyndum og okkur finnst svo gaman að framkvæma hitt og þetta. Þá erum við líka með ullarteppi, te og höfum verið með bolla."

Ilmljóð og tónverk

„Hjá Fischersundi er líka tónlistardeild, en í henni eru Jónsi og eiginmenn systra minna. Við létum þá semja tónverk fyrir öll ilmvötnin, en með hverju ilmvatni fylgir ilmljóð og tónlist. Okkur finnst mjög skemmtilegt að gera upplifunina meiri heldur en þegar fólk kaupir ilmvatn í hefðbundinni verslun."

Upphaflega var öll starfsemin í Fischersundi – bæði verslun og framleiðsla. Fljótlega þurftu þau að koma framleiðslunni í stærra rými og hafa þau í nokkur ár verið með starfsemi í Súðarvogi. „Hérna framleiðum við allar vörurnar okkar, nema teppin. Eins erum við reglulega með listasýningar hérna inni. Að jafnaði eru fimm starfsmenn sem koma að framleiðslunni. Í búðinni í Fischersundi eru fjórir til sex. Svo eru tveir starfsmenn sem sinna markaðnum í Bandaríkjunum." Að auki við áðurnefnda starfsmenn eru allar systurnar í fullu starfi fyrir Fischersund ásamt því sem foreldrar þeirra létta oft undir.

„Ilmkjarnaolíur eru yfirleitt samansafn af ilm-sameindum. Appelsínuolía sem kemur beint frá Ítalíu er kannski samsett úr tuttugu sameindum sem gefa ilm," segir Sigurrós. Hún segir þá sem hanna ilmi oft sækjast í að vinna bæði með ilmkjarnaolíur og olíur sem hafa verið klofnar í ólíkar ilm-sameindir til þess að ná betri stjórn. Hún bendir á að með því að kljúfa ilmkjarnaolíurnar sé hægt að fjarlægja alla ofnæmisvalda og eru sameindirnar ekki eins rokgjarnar.
Hráefnið sem Fischersund notar kemur meðal annars frá Hraundísi Guðmundsdóttur ilmolíufræðingi frá Hvanneyri. Viðtal þar sem Hraundís útskýrði ferlið á bak við framleiðslu ilmkjarnaolía birtist í Bændablaðinu í september 2024.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir

- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Bilskurshurdir.is

Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík. Sími: 660-1819. Netfang: olafur@gastec.is

H. HAUKSSON EHF.

Stöðluð hús úr límtré og yleiningum

1 x Iðnaðarhurð | 2 x Gönguhurðir | 1 x Gluggi

- Burðarvirki úr límtré
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Úrval lita á þak og veggi
- Aðaluppdrættir og teikningar af sökkli og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Finnsk framleiðsla

Stærðir

BREIDD	LENGD	VERÐ M. VSK.
12m	20m	17.300.000 kr.*
14m	20m	19.978.000 kr.*
14m	25m	22.330.000 kr.*
16m	25m	23.869.000 kr.*

*Tilboðsverð gilda til 01.01.2026



H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

Óskum viðskiptavinum okkar

og landsmönnum öllum

gleðilegra jóla

og farsældar á komandi ári

VÉLFANG – VERKIN TALA

KUHN Schäffer FENDT CLAAS Kverneland JCB

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Fjölbreyttur og kraftmikill landbúnaður til framtíðar

Hanna Katrín Friðriksson.

Þetta fyrsta ár mitt í embætti atvinnuvegaráðherra hefur verið allt í senn fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt. Eitt af því sem stendur upp úr er hringferð um landið sem ég fór með Bændasamtökum Íslands í vor. Við héldum sjö fundi og voru fundargestir nærri 700 í það heila, auk þess sem við heimsóttum bændur og fyrirtæki í landbúnaði á milli funda. Samtölin við bændur í þessari ferð veittu mér góða og mikilvæga innsýn í þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir, en ekki síður var augljóst hversu mikil tækifæri eru í íslenskum landbúnaði.

Í kjölfar hringferðarinnar hélt samtalið við bændur áfram með könnun sem Maskína gerði fyrir atvinnuvegaráðuneytið með það fyrir augum að fá fram sjónarmið bænda um starfsumhverfi landbúnaðarins og reynslu þeirra af því. Ég get með sanni sagt að ferðin sem og könnunin hafa verið mér mikilvægt veganesti í mínu starfi sl. mánuði og ég mun halda áfram næstu misserin að leita í þær upplýsingar og ábendingar sem ég fékk. Ég ítreka þakkir mínar til Bændasamtakanna fyrir að hafa boðið mér í þessa ferð.

Fjölbreytni í matvælaframleiðslu er mikilvægt atriði hvað varðar t.d. fæðuöryggi þjóðarinnar þar sem bændur leika lykilhlutverk." Mynd / Úr safni

Mikilvægur áfangi í baráttunni gegn riðu og breytingar á búvörulögum

Breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim voru samþykktar á Alþingi þann 9. október sl. Þar er um að ræða gríðarlega mikilvægan áfanga í baráttunni við riðuveiki í sauðfé. Meginmarkmið laganna er að tryggja að unnt sé að innleiða þær tillögur sem eru lagðar fram í sameiginlegu stefnuskjali stjórnvalda og bænda, *Landsáætlun gegn útrýmingu sauðfjárriðu*, sem undirrituð var af ráðherra, forstjóra MAST og formanni Bændasamtakanna sumarið 2024. Eins og bændur þekkja manna best hefur riðan valdið þungum búsifjum í gegnum tíðina. Samþykkt þessara laga er skref sem færir okkur nær takmarkinu um riðulaust Ísland eftir nærri 150 ára baráttu.

Í upphafi nýs árs mun ég mæla fyrir breytingum á búvörulögum. Markmið frumvarpsins er að styrkja stöðu bænda í virðiskeðjunni og tryggja þeim tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar í takt við það sem þekkist í löndunum í kringum okkur. Drög að frumvarpinu fóru í samráðsgátt í haust og komu fram ýmsar athugasemdir og ábendingar í því samráðsferli. Eftir úrvinnslu umsagna tók frumvarpið þó nokkrum breytingum, m.a. eftir ábendingar frá Bændasamtökunum og Samtökum smáframleiðenda matvæla. Málið verður á dagskrá þingsins snemma á næsta ári.

Eitt stærsta verkefni komandi árs

Eitt af stærstu og mikilvægustu verkefnum næsta árs í atvinnuvegaráðuneytinu verður endurskoðun starfsumhverfis landbúnaðarins. Það er von mín að niðurstaða vinnunnar muni tryggja verðmætasköpun í landbúnaði til framtíðar og byggja vel undir þau miklu tækifæri sem eru í greininni. Auk þessa tel ég afar mikilvægt að niðurstaða vinnunnar styðji við þau markmið ríkisstjórnarinnar að auðvelda nýliðun í stétt bænda og ýta undir aukna fjölbreytni í matvælaframleiðslu hér á landi.

Fjölbreytni í matvælaframleiðslu er mikilvægt atriði hvað varðar t.d. fæðuöryggi þjóðarinnar þar sem bændur leika lykilhlutverk. Í því samhengi vek ég athygli á því að nú í desember úthlutaði ég í fyrsta sinn framleiðslutengdum stuðningi til kornbænda. Aukin kornrækt stuðlar að aukinni verðmætasköpun í dreifðari byggðum landsins og er jafnframt mikilvægur þáttur í að efla fæðuöryggi og áfallaþol landsins sem er mjög háð innflutningi á korni, bæði til manneldis og fóðurs.

Ég óska bændum um allt land gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Ég hlakka til samtalsins við ykkur á næstu mánuðum og vinnunnar fram undan við að efla og styrkja íslenskan landbúnað enn frekar.

Höfundur er atvinnuvegaráðherra.

Vísindalegar rannsóknir hafa að auki leitt í ljós að blóðtökurnar íþyngja hryssunum sáralítið og heilbrigði gripanna í stóðunum er afar gott." Mynd / Pixabay

Við áramót

Kristinn Hugason.

Árið 2025 var prýðisgott ár til lands og sjávar. Þess naut sannarlega við í blóðnytjunum. Skepnuhöld voru góð eins og jafnan raunar; afföll sáralítil, mikið minni en í öðrum afurðaframleiðslugreinum. Eðli blóðnytjanna er þannig að megnið af árinu geta hryssurnar lifað í samræmi við náttúrulegt eðli sitt og vel er um þarfir þeirra sinnt enda er það allra hagur að stóðin séu vel haldin. Vísindalegar rannsóknir hafa að auki leitt í ljós að blóðtökurnar íþyngja hryssunum sáralítið og heilbrigði gripanna í stóðunum er afar gott.

Fyrirtækið, í góðu samstarfi við bændur, beitir sér jafnt og þétt fyrir því að betur sé gert. Þannig er unnið að smíði betri blóðtökubása, bættri aðstöðu til samanrekstrar stóða og skipulagningu vinnunnar. Engin búgrein á landinu sætir eins miklu eftirliti Matvælastofnunar (MAST) og blóðnytjarnar. Undan því er ekki verið að kvarta, fyrirtækið fagnar slíkri fagvinnu og hefur sjálft stóraukið þungann í fagstarfi sínu á sviði dýralækninga.

Það er einn þáttur í eftirlitsskýrslum MAST sem sker sig úr og það eru athugasemdir við lengd hófa. Á árinu hóf fyrirtækið notkun á véltækni við hófhirðu og lofar það góðu. Lesa má nánar um þetta í starfsskýrslu ársins sem birt er á heimasíðu Ísteka; www.isteka.is.

Nánar um útkomu ársins

Í ár var heildarfjöldi hryssna í stóðum bænda rétt tæp 5 þúsund sem er áþekkt og í fyrra. Fjöldi hryssna sem festu fang og nýttust þar með í blóðnytjunum var rúmlega 4.100, fyljun var mjög góð eins og flest önnur ár og nánast sú sama og í fyrra (84%). Það er athyglisvert að enginn munur skuli vera þar á, því vel mætti álykta að fyljunin í ár ætti að vera nokkru hærri en í fyrra, eins afleitt og veðurfarið var þá. Þetta sýnir svart á hvítu hvers konar afburðaskepna íslenski hesturinn er; frjósamur og hraustur, einkum ef hann fær notið sem mest náttúrulegs atferlis síns. Hryssurnar fá við folum við náttúrulega pörun snemmsumars. Blóðsöfnunin fer svo fram frá hásumri fram til í fyrstu viku október. Hún stendur venjulega yfir í tólf vikur en mest má taka átta sinnum úr hverri hryssu og er blóð tekið einu sinni í viku á hverjum stað. Í ár var blóð tekið alls í rúmlega 25.800 skipti á um 90 starfsstöðvum.

Hinn lykileiginleikinn í blóðnytjunum er framleiðni hverrar hryssu. Mælingar hafa sýnt að jákvæð fylgni er á milli skiptafjöldans sem hryssur ná að gefa blóð með tilskildum styrk hormónsins og magns þess í blóði þeirra. Þetta hefur verið lagt til grundvallar í verðskránni. Ánægjulegt er að um erfðaeiginleika er að ræða og hafa bændur kynbætt stofn sinn m.t.t. þessa með góðum árangri, sjá nánar í greininni; „Efling eiginleikanna“ í 23. tbl. Bændablaðsins ´22, sem er á heimasíðu okkar. Úrvalsgóðar hryssur, þ.e. hryssur sem ná að gefa nýtanlegt blóð í sjö til átta skipti, eru í ár 60,7% af heildinni og hefur þeim fjölgað ár frá ári. Tekjur af blóðsölu úr meðalhryssu á árinu var 128 þúsund krónur en sé eingöngu litið til úrvalsgóðu hryssnanna voru tekjurnar um 170 þúsund krónur á hvern grip. Uppgefnar tölur eru án vsk. og einnig eru ótaldar tekjurnar af innleggi eða öðrum nytjum folalda hryssnanna.

Af framansögðu má sjá að staðan hvað varðar gæði hryssustofnsins er góð. Það er svo enn til að auka bjartsýni á framtíðarhorfurnar að umframeftirspurn er eftir framleiðsluvöru fyrirtækisins frá lyfjaframleiðslufyrirtækjum erlendis, enda um hágæðavöru að ræða sem engin efnafræðileg hermiefni komast í hálfkvisti við. Áhugasamir bændur eru hvattir til að hafa samband við Ísteka hafi þeir áhuga á að hefja viðskipti.

Afurðaframleiðsla eða tilraunastarfsemi?

Ísteka hefur aðra sýn á það en stjórnvöld hvert regluverk blóðnytja ætti að vera. Þau telja að um tilraun sé að ræða (sem þá hefur staðið yfir í 40 ár!) en við teljum þær til landbúnaðarstarfsemi. Við viljum að það regluverk sem áður var í gildi og staðfesti okkar sjónarmið gildi áfram. Dómsmál um þetta efni sem við efndum til er til meðferðar hjá Héraðsdómi Suðurlands og ekki útséð um það hvenær niðurstaða fæst. Til vara hefur Ísteka sótt um leyfi í takt við sýn og boðun stjórnvalda á grundvelli „tilraunadýra“reglugerðar. Við vonum þó að með niðurstöðu dómsmálsins verði slíkum tilraunaskilningi stjórnvalda hnekkt. Leyfi samkvæmt varaleiðinni ætti að liggja fyrir á fyrri hluta árs 2026.

Lesendur góðir, njótið helgi hátíðanna og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir liðið.

Höfundur er samskiptastjóri Ísteka.

Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5

Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm

Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max

Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm

Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata

Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm

Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg

Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm

Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm

Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm

Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5

Kubota

Áramótatilboð á heyvinnuvélum

Sláttuvélar

	Fullt verð	Tilboðsverð
DM2032 - 3,2 m hliðhengd -	1.875.000	**1.781.520 +vsk**
DM3036 - 3,6 m miðjuhengd -	2.375.000	**2.256.250 +vsk**
DM3040 - 4,0 m miðjuhengd -	2.675.000	**2.541.250 +vsk**
DM4032 - 3,2 m framsláttuvél -	2.300.000	**2.185.000 +vsk**

Rakstrarvélar

RA1039 - 1 stjarna, 3,9 m -	1.105.000	**1.049.750 +vsk**
RA2064 - 2 stjörnur, 6,4 m -	2.930.000	**2.783.500 +vsk**
RA2076 - 2 stjörnur 7,0 - 7,8 m -	3.820.000	**3.629.000 +vsk**
RA2584 - 2 stjörnur 7,6 - 8,4 m -	4.600.000	**4.370.000 +vsk**
RA4513 - 4 stjörnur 10,0 - 12,5 m	10.610.000	**10.079.000 +vsk**

Snúningsvélar

TE6568 - 6,8 m lyftutengd -	2.415.000	**2.294.250 +vsk**
TE6576 - 7,6 m lyftutengd -	2.645.000	**2.512.750 +vsk**
TE8590C - 9,0 m dragtengd -	3.826.000	**3.633.750 +vsk**
TE14515C - 15,6 m dragtengd -	7.550.000	**7.172.500 +vsk**

Öll verð eru birt án vsk. Verð miðast við gengi EUR = 143 ISK

Bjóðum nú þeim sem staðfesta pöntun á heyvinnuvélum fyrir lok árs sérstök tilboðsverð ásamt því að keyra vélina samsetta heim á hlað.

Þessar vélar og allar hinar

ÞÓR HF

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is velasvid@thor.is s 568-1500

Íslenskari en ...

Kristján Fr. Friðbertsson.

Algeng er sú rökvilla að nútíminn mínus öld eða tvær sé einhvers konar hápunktur alls sem gott og rétt er. Leiðir rökvillan oft til þess að fólk telur það markmið öllu fyrir bestu að spóla tímann til baka og gera svo okkar besta til að viðhalda því ástandi. Nálgun sem handvelur oft hið góða og fínpússar staðreyndir eftir hentugleika. Eins er stundum sagt að einungis innlend flóra sé til þess fallin að halda lífi staðarins í bestu horfi.

Einn vandi við allt þetta er sú forsenda að ákveðinn punktur sé „hinn eini rétti“. Slíkt er vandfundið í síbreytilegri náttúru. Þar finnst einungis tímabundið jafnvægi og mismunandi framvindustig vistkerfa.

Svokallað „hástig“ segja fræðin nálægast jafnvægi. Mikið skóglendi og mikil tegundafjölbreytni þvert á hin mismunandi lífsform. Ríkjandi tegundir vistkerfisins teljast fullkomlega aðlagaðar aðstæðum. Aðstæðum sem breytast samt sem áður. Þröngsýni, eða rangtúlkun, væri að telja þær tegundir sjálfkrafa hinar einu sem hafa þessa aðlögun. Oftast má finna í heiminum fjölmargar aðrar tegundir sem eru þegar ekki síður aðlagaðar sömu aðstæðum, svo ekki sé minnst á þær sem geta skjótt aðlagast þeim. Enda hafa rannsóknir sýnt fram á að margar framandi tegundir geta auðveldlega fyllt í hlutverk innlendra gagnvart lífkerfinu.

Hliðstæður?

Þegar Siggi litli sagði: „Pabbi er bara eins og hrókur í samræði með nágrannanum!“ lærði hann skjótt að það er ekki sama hvernig maður notar tungumálið. Með árunum lærði hann svo að tungumál eru breytileg. Bæði tungumál og plöntutegundir þróast og skilgreiningar því hvorki eilífar, né heilagar.

„Ef hægt er að rekja orð til frumnorrænu er það ótvírætt íslenska, en hvað með öll þau orð sem hafa bæst í málið frá upphafi Íslandsbyggðar? Er ekkert þeirra íslenska?“

-Eiríkur Rögnvaldsson

Garðasól (e. Iceland poppy). Ekki íslensk tegund. Myndir / Kristján Fr. Friðbertsson

Kárahnjúkavirkjun er íslensk virkjun. Til byggingar hennar fór samt m.a. fjármagn upprunnið utan Íslands. Hráefnið var ekki allt sótt innanlands. Hugvitið var ekki eingöngu sérískenskt, ekkert frekar en vinnuaflið í heild. Raunar finnst vart mannvirki á Íslandi sem þurfti ekki a.m.k. eitthvað af erlendum uppruna. Erfitt er að sjá að slíkt hafi sjálfkrafa neikvæð áhrif á burðarþol eða aðra eiginleika þeirra.

Öll erum við aðkomufólk hér, hvort sem það vorum við sjálf eða fyrri kynslóðir sem lögðust í ferðalagið. Plöntur þurftu líka að ferðast hingað, með vindum, vatni og dýrum. Viðhorf okkar til plantna, líkt og þjóðernis, eru oft valin eftir hentisemi.

Merkimiðar

Sumir Íslendingar töldu heppilegra að fela upprunann á erlendri grundu skömmu eftir hrun, til að forðast þau viðbrögð sem ákveðinn merkimiði getur orsakað.

Innanlands var talað um að bera ekki ábyrgð á viðskiptum óreiðumanna og mála ekki alla með sama bursta fyrir það eitt að vera Íslendingar. Erlendis fannst viðhorfið: mínir peningar hurfu vegna fyrirtækja í eigu Íslendinga. Merkimiðinn var ekki hvort viðkomandi væri í fyrirtækjarekstri, eða stýrði banka, heldur bara þjóðernið.

Hve langt myndir þú ganga að halda í lélegasta starfskraftinn, bara af því hann er íslenskur, fram yfir mun betri starfskraft af erlendum uppruna sem hefur þegar aðlagast landi og þjóð?

Hvort skipta þjóðernisflokkanir máli, eða ekki? Kannski bara þegar okkur hentar?

Þjóðarblómið

Undanfarin ár er oft talað um lúpínu sem þjóðlegasta blómið. Hún framkalli alla fánalitina, sé vanalega í fögrum blóma kringum þjóðhátíðardaginn og sé duglegust allra í jarðvegsmyndun og -bætingu. Einnig hafi hún ýmsa ókosti, líkt og margir landar okkar gera einnig. Aðallega þeir sem við erum ósammála.

Hópur lesenda Morgunblaðsins, ásamt öðrum sem aðgengi höfðu að póstkassa, valdi þó aðra tegund, holtasóley, sem hið formlega þjóðarblóm. Sú tegund er ekki síður fögur. Fyrst sem rjúpnalauf, svo þessi fallegu hvítu blóm og að lokum hin myndarlega hárbrúða.

Báðar vaxa tegundirnar víða og rekja sinn uppruna til annarra landa en Íslands. Í N-Ameríku vex sú hávaxnari oft nærri ströndum og á flatlendi, á meðan sú lágvaxnari sækir heldur upp á fjöll, til að gnæfa yfir hina. Báðar finnast í Evrópu, en sú hvíta hefur til viðbótar lýst eignarhaldi yfir ýmis búsvæði í Asíu. Alaskalúpína er talin hafa komið til landsins fyrst árið 1885 og telst útlend, en holtasóley fyrir u.þ.b. 10 þúsund árum og telst því innlend.

ORA-baunir

Ef engar innlendar plöntur myndu gagnast til nytja eða fóðurs, værum við sátt við að rækta engin matvæli og ekkert smíðaefni? Vaxi engar plöntur íslensku flórunnar nógu hátt, þétt eða hratt til að geta bundið jarðveg svo vel sé og veitt skjól, getum við sammælst um að búa í skjólleysi, sandstormum og moldarryki? Jafnvel ef til væri einföld lausn? Ég veit um marga íbúa á Vík og Þorlákshöfn sem hafa skoðun á málinu.

Taki ég túnfífil í þýskalandi og á Íslandi, líta þeir eins út, „hegða“ sér eins, gagnast sömu hunangsflugunni jafnmikið, eru álitnir sama illgresið af einum hóp en salatplanta af öðrum. Þjóðernið skiptir í raun engu máli.

Stöku plöntur sömu tegundar geta verið betur aðlagaðar tilteknum aðstæðum, t.d. fjalli eða fjöru, en það eru aðstæðurnar, en ekki landamæri, sem segja til um lífvænleika plöntunnar. Sem og hvort fræ gæti hafa ratað þangað fyrir löngu og spírað.

Gæsirnar

Vorið 618 flaug hingað hópur heiðagæsa eftir vetrardvöl á Bretlandseyjum. Svo vildi til að síðasta stopp fyrir brottför var engi fullt af innlendum, breskum plöntum. Þar festist mikið af fræjum bláklukku í fjöðrum gæsanna og þegar þær mættu á Austurlandið varð því óvænt sáning, sem komst á legg og smám saman breiddi úr sér. Á breska enginu var líka mikið af þistli og bara tilviljun að þistilsfræ fylgdu ekki með. Fyrir vikið telst bláklukkan íslensk, en þistillinn ekki. Báðar tegundirnar teljast innlendar í mörgum heimsálfum.

Þistillinn er nokkuð stór, stingur og dreifir hratt úr sér, telst víða ágengur, svo hann er oft

Rauðsmári. Útlenskur.

illa séður þó fallegur sé í blóma. Bláklukkan er lágvaxin og nettari, særir ekki og dreifir hægar úr sér. Þessir eiginleikar breytast ekki út frá ríkisfanginu sem skráð er í rafrænu vegabréfi tegundarinnar.

Þistillinn verður reyndar ákjósanlegri við nánari athugun. Hann er gríðarlega mikilvæg fæða fyrir finkur, fjölda fiðrilda og annarra skordýrategunda og talin ein besta plantan fyrir bresk villiengi.

Einlend og tvílembd?

Plöntutegundir eru nefnilega flókið genasamspil sem segir sögur af uppruna, þróun, ferðalagi, blöndun og aðlögun. Síbreytileg náttúran krefst mikillar aðlögunar. Aðlagist tegund bara einu svæði og gengur illa að ferðast er hún kölluð einlend og er gríðarlegur fjöldi slíkra til í heiminum.

Allar blómplöntur sem hér vaxa rekja hins vegar uppruna sinn til annarra landa og tillögur um einlendar („sérílenskar“) tegundir hafa allar verið felldar. T.d. reynst afbrigði annarrar tegundar. Ég veit bara um eina undantekningu: Sníkjuplantan augnfró aðlagaðist hverasvæðum og myndaði tegundina hveraaugnfró.



Gullbrá. Afar falleg jurt. Uppruni: Norðurhvel, vítt og breitt, m.a. Ísland.

Sambærilega aðlögun má finna hjá hinum smágerða burkna tunguskollakambi, sem er þó ekki blómplanta. Í báðum tilfellum hafa annars mjög útbreiddar tegundir aðlagað sig að tilteknum hverasvæðum landsins og tilheyra því augljóslega íslenskri flóru, a.m.k. eftir að hafa lagt á sig slíka aðlögun. Sjálfsagt væri það raunin, sama hvort upprunalega tegundin hafi verið hér innlend áður eða nýlega aðflutt.

Jurtaleifar benda reyndar til þess að hér áður fyrr hafi verið til einlend, sérílensk trjátegund skyld valhnetum. En henni varð á að deyja og missti því væntanlega ríkisborgararéttinn. Stöðugleiki er oft góður og því kannski skiljanlegt að við reynum að halda í hann, en náttúran er bara allt annað en stöðug. Það þekkja íbúar eldfjallaeyju vel.

Hver kom fyrst?

Tegund (eða formóðir) sem hvarf af landi brott löngu áður en núverandi íslensk flóra mætti á svæðið, snýr aftur og lifir góðu lífi: íslensk?

Líklega ekki. Ef hún gat ekki aðlagast og dó út hér, þá missti hún plássið sitt. Óháð því hvort hún lifði áfram annars staðar og hvort orsökin var náttúruhamfarir. Við vitum ýmislegt um þau plöntusamfélög sem lifðu hér fyrir milljónum ára og teljast því væntanlega upprunaleg flóra Íslands. Meðal trjátegunda þar mætti nefna kastaníur og linditré, greni og furur, sýprusa, beyki, álm og ask. Þær hurfu þó undir jökla, ekki taldar íslenskar í dag og fjölskyldusameiningar sjaldnast í boði.

Planta sem aðlagast of vel getur fengið nafnbótina: „ágeng“. Sú sem aðlagast ekki nógu vel, deyr út og missir ríkisborgararéttinn, svo þetta er vandratað. Væntanlega eðlilegra að þær plöntur sem geti aðlagast vel fái hér að lifa, sem nýir meðlimir íslensku flórunnar. Þær tegundir sem aðlagast ekki breyttum skilyrðum verði bara að deyja út, enda óumflýjanlegt til lengri tíma litið.

Ekki er víst að öll smáatriði sögunnar um gæsirnar séu sönn, en plöntur nema nýtt land m.a. með þessum hætti. Enginn galdur sem býr þær skyndilega til á glænýju hrauni. Tilviljun ein ræður því hvort þær mæta á svæðið fyrir 50 árum eða 5.000. Með það í huga er kannski skrýtið að leggja mikið upp úr því hvenær nákvæmlega tegundin mætti.

En hvert er svarið?

Í stuttu máli má segja að listi Náttúrufræði-stofnunar ráði. Til að komast á listann, þurfa plöntur að hafa verið komnar til landsins fyrir árið 1750 og vera enn vaxandi hér. Hvað almenning varðar er þetta kannski sjaldnast stórmál? Viljirðu losna við eitraða plöntu úr garðinum þínum, skiptir einhverju máli hvort tegundin hafi vaxið á Íslandi í 500 ár eða bara 200?

Til að forðast misskilning, þá tel ég það mjög gott að við séum að fylgjast með gróðri og gróðurframvindu landsins. Við slíkar skráningar er líka alveg ljóst að við þurfum flokkunarkerfi sem hjálpar okkur að vita hvort tiltekin tegund hafi dafnað hér lengi og við hvaða aðstæður. Upp gæti þó vaknað spurningin: af hverju að gefa þeim tegundum sem fyrir tilviljun eru tímabundið á þessum lista aukið vægi?

Höfundur er plöntunörd.

terra
Einingar

Sveigjanlegar lausnir

SÉRLAUSNIR
Orlofshús, gistiheimili

SAMSETTAR HÚSEININGAR
Vinnubúðir, bílskúrshurð, tvöföld hurð

STAÐLAÐAR HÚSEININGAR

SKIPAGÁMAR 20 og 40 feta

Terra Einingar - Hringhella 6 - 221 Hafnarfjörður
Sími: 535-2550 - www.terraeiningar.is



Jólahald:

Skínandi ljós í langri myrkurtíð

– Myndir, hreyfingar og orð kölluð úr hugskotinu

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Þórhildur Ólafsdóttir, rithöfundur og doktor í frönskum bókmenntum og málvísindum, hefur búið í Strasbourg í Frakklandi í áratugi. Hún rifjar upp jólahald bernsku sinnar á Íslandi og gefur innsýn í franska siði. Mynd / Aðsendar

Þórhildur Ólafsdóttir, rithöfundur og doktor í frönskum bókmenntum og málvísindum, hefur búið í Strasbourg frá árinu 1988. Hún rifjar upp jólahald bernsku sinnar á Íslandi og lýsir því hvernig fjölskyldan heldur hátíðina í Frakklandi, um leið og hún horfir yfir heimssviðið.

„Þegar ég var lítil fannst mér jólin vera dásamlegur tími, skínandi ljós í langri myrkurtíð vetrarins," segir Þórhildur Ólafsdóttir, aðspurð um hvað jólin merki fyrir henni. Jólaboðskapurinn tákni endurkomu ljóssins í fleiri en einum skilningi. „Fæðing Jesú er falleg saga sem verður til svo okkur mönnunum líði betur. Hún segir okkur að sólin og birta hennar munu koma aftur, við verðum ekki alltaf í myrkrinu, eins konar andleg hressing."

Þórhildur rifjar upp að hennar kærustu jólaminningar lúti að öllu sem tengist aðfangadagskvöldi: „Ég get galdrað myndir, hreyfingar og orð fram úr hugskoti mínu, sennilega eru það mörg aðfangadagskvöld sett saman í eitt.

Fyrst kom allur undirbúningurinn. Ólöf amma reykti lambakjöt í litlum reykkofa niður í hallanum fram af húsinu og við borðuðum þetta hangikjöt á jólunum, með kartöflujafningi og grænum baunum, kannski einhverju fleira en ég er ekki viss. Held að oftast hafi maltöl verið drukkið með, malt og appelsín síðar. Rjúpur voru bannvara á heimilinu, engum hefði dottið í hug að borða þær, að skjóta og éta þennan fugl sem barðist við að lifa veturinn af fannst fólkinu jaðra við glæp. Ég hef aldrei borðað rjúpu og býst ekki við að gera það héðan af."

Hún lýsir því hvernig jólatréð var skreytt á aðfangadag og móðir hennar setti upp „jólahúsið" sitt. „Það var smíðuð kirkja með mörgum gluggum og lýst upp með peru sem sett var inn í kirkjuna. Skreytt að utan með snjóhvítri bómull og jólasveinum sem hún bjó líka til, sumir voru á skíðum man ég. Mamma var mikil föndur- og hannyrðakona, fannst óskaplega gaman að gera eitthvað svona og þegar jólahúsið var komið upp þá voru jólin alveg að koma! Mamma hélt áfram að setja þetta jólahús upp eftir að þau pabbi voru flutt til Reykjavíkur og barnabörnin höfðu gaman af því líka," segir hún.

Allir jólafötin fyrir klukkan sex

Hátíðin byrjaði á mínútunni klukkan 18.00 þegar jólin voru hringd inn í útvarpinu. Þá urðu allir að vera búnir að klæða sig í jólaföt.

„Ég og systir mín, Þorbjörg, fylgdumst með hangikjötssuðunni og hátíðaklæddum litlu bræður okkar, Kristin og Berg, meðan amma og mamma voru í fjósinu því ekki var hægt að láta kýrnar bíða þar til jólahald var afstaðið. Þær reyndu alltaf að vera komnar inn fyrir sex til að heyra þegar jólin væru hringd inn og fyrsti sálmurinn í messunni sunginn, mig minnir að það hafi verið „Í dag er glatt í döprum hjörtum". Kannski er það enn þá svo. Um daginn opnaði ég gömlu sálmabókina mína af handahófi og sá að það var einmitt þessi sálmur sem kom upp, það fannst mér nokkuð sérstakt, mér þykir vænt um þennan sálm," segir hún.

Að Þórhildar sögn finnst henni sem alltaf hafi verið mjög glatt hjá fjölskyldunni í aðdraganda jóla, á jólahátíðinni og fram yfir nýár. „Það er þessi gleði sem hefur fylgt mér í minningunni. Föðursystir mín, sem var einhleyp og bjó í Reykjavík, Imma, kom alltaf og hélt jólin með okkur og okkur fannst mjög gaman að hafa hana hjá okkur."

Bækur voru besta gjöfin

Þórhildur er fædd árið 1953 á Hvammstanga en ólst upp á Syðri-Ánastöðum á Vatnsnesi, í stórfjölskyldu, eins og það er nú kallað.

„Á heimilinu voru föðuramma mín, Ólöf, og föðurafinn, Þórhallur, langamma Ingibjörg (hún dó þegar ég var tíu ára), mamma, pabbi (Halldóra og Ólafur) og við systkinin sem vorum fimm alls, þrír strákar og tvær stelpur. Litla örverpið, Júlíus, fæddist þegar ég var tólf ára. Við systurnar vorum elstar, ég var barn númer tvö.

Við vorum alltaf mjög spennt af því að það biðu svo margir pakkar eftir að við opnuðum þá. Við fengum alltaf að opna einn pakka hvert fyrir matinn svo fullorðna fólkið gæti borðað í friði. Á eftir hangikjötinu var svo hrísgrjónagrautur með möndlu, sá sem fékk möndluna var oftast pabbi, hann var svo heppinn sögðum við. Möndluhafinn fékk verðlaun, mér finnst að það hafi verið sælgæti," lýsir hún.

Svo voru pakkarnir opnaðir. „Mér fannst óskaplega gaman að fá bækur. Ein jólin fékk ég níu bækur úr pökkunum, ég man að fólkið talaði um að ég hefði nú loksins nóg að lesa. Kristinn bróðir minn fékk mikið af litlum bílum, Matchbox-bílum svokölluðum, mér fannst gaman að leika mér með honum og búa til alls konar heima með því að nota þessa litlu bíla. Ég erfði tvo eða þrjá eftir hann og hef einn á skrifborðinu mínu svo ég sjái hann á hverjum degi til að minnast Kristins, en hann dó 28 ára gamall."

Ekkert mátti gera á jóladag

Hún tiltekur að alltaf hafi verið hlustað á jólamessuna síðar um kvöldið. „Þegar sjónvarpið kom (ég held að ég hafi verið 12 eða 13 ára) var horft og hlýtt með andakt á biskupinn og spáð í ræðu hans á eftir, hvort hún hefði verið góð, hvað hann hefði sagt. Síðan kom kakó með jólasmákökum, kannski appelsínur og epli og svo var farið í háttinn. Ég man að ég las lengi fram eftir í nýju bókunum mínum.

Á jóladag mátti helst ekkert gera, það var hinn heilagi dagur jólanna. En svo var farið að spila á spil, amma og afi voru mjög dugleg að spila við okkur krakkana, vist, manna, rommí, ólsen ólsen og fleira. Oftast var það vist og mikið fjör í spilunum, amma var sérstaklega skemmtileg og áköf spilakona og smitaði alla með því." Þórhildur bætir við að sjónvarpið hafi breytt hátíðinni dálítið því eftir tilkomu þess var minna spilað á kvöldin.

Búrgosinn og púkkið

„Milli jóla og nýárs var farið í jólaboð að Helguhvammi þar sem mamma var alin upp og stundum fórum við líka í jólaboð að Ytri-Ánastöðum, þar sem frændfólk okkar bjó.

Gamlárskvöldinu man ég minna eftir. Þá var held ég alltaf borðað lambalæri og svo var spilað púkk sem allir á heimilinu tóku þátt í, það var mjög spennandi því það var ekki spilað í annan tíma. Aðeins tvo daga á ári, á gamlárskvöld og svo á þrettándanum, 6. janúar. Kaffibaunir voru notaðar sem spilapeningar og svo litlir pappaferningar í stað seðla. Sjálft púkkborðið var búið til úr pappa og alltaf tekið fram fyrir gamlárskvöldið. Ég man hvað mér fannst orðið „búrgosi" skrýtið, en það var notað um laufagosann. Líklega komið af orðinu franska bourgeois. Ég uppgötvaði löngu síðar að púkkið var áreiðanlega komið af spilinu franska Le Nain jaune (guli dvergurinn) en sjálfsagt búið að fara í gegnum önnur lönd áður en það kom til Íslands og taka einhverjum breytingum," útskýrir hún.

Þórhildur segist ekki vera mikil jólaskrautsmanneskja. Í fórum hennar leynast þó jólalegir hlutir sem henni eru einkar kærir og hún stillir upp í aðdraganda jóla.

Svo var beðið eftir að klukkan yrði tólf og þá kysstust allir og óskuðu hver öðrum gleðilegs árs og þökkuðu fyrir það gamla. Þórhildur hnýtir við að einstöku sinnum hafi verið gestir hjá þeim á gamlárskvöld, einhverjir fjölskylduvinir eða frændfólk úr nágrenninu, t.d. frá Hvammstanga.

„Á þrettándanum reyndum við að hafa smá brennu ekki langt frá bænum, til að „brenna út jólin" eins og amma kallaði það. Ég man að mér fannst brennan aldrei vera nógu stór," bætir hún við.

Myrkrið úti – ljósið inni

„Það sem er mér sérlega minnisstætt frá þessum tíma er myrkrið allt í kring um húsið, eða bæinn eins og það var kallað. Okkar bæ. Og svo birtuna inni, kertaljósin og rafmagnsljósin sem komu þegar ég var eitthvað svona fjögurra ára. Ég man örlítið eftir þessari breytingu, mönnunum sem voru að vinna við rafmagnið og þegar hægt var að kveikja ljósin. En myrkrið úti var svo alltumlykjandi á þessum tíma ársins, svo sterkt mótvægi við birtu sumarsins. Mér finnst eins og lífið í sveitinni á þessum tíma hafi algerlega skapast af árstíðunum."

Eitt ljós átti að loga í húsinu á jólanótt. „Ég held að það hafi verið svo. Á gamlárskvöld fórum við út á tröppur til að gá hvort við sæjum ljósið frá gamlársbrennum hinum megin við Húnaflóann, til dæmis á Drangsnesi. En það var ekki hægt nema í mjög heiðskíru veðri," segir hún jafnframt.

Jól um víðan völl

Þórhildur fór í heimavistarskóla á Reykjum í Hrútafirði þegar hún var þrettán ára og svo í Menntaskólann við Hamrahlíð.

„Ég kom alltaf heim til að vera með fjölskyldunni um jólin og fannst það alltaf jafngott og gaman. Þegar ég var tvítug fór ég svo til Frakklands í nám og eftir það hef ég lítið verið á Íslandi, ef frá eru talin sex ár á níunda áratugnum þegar ég kenndi við Háskóla Íslands (1982–1987). Ég kynntist manninum mínum á námsárunum, hann heitir Necmi og er tyrkneskur Miðjarðarhafsstrákur frá borginni Antalya. Við bjuggum fyrst í Orléans, síðan þessi ár í Reykjavík en fluttum alfarin til Strasbourg í janúar 1988. Þá fór ég að vinna í Evrópuráðinu þar sem ég var í aldarfjórðung, fór svo á eftirlaun

> Mér finnst árið vera hringur sem lokast um áramót og nýr hringur tekur við ...

Strasbourg í jólabúningi. Þessi franska borg er sögð vera einhver mesta jólaborg Evrópu, og þótt víðar væri leitað. Mynd/Wikimedia

þaðan og fór eftir það að skrifa dálítið," lýsir hún.

Hún heldur upp á jólin heima í Strasbourg með litlu fjölskyldunni sinni, eiginmanni, dóttur (Özden Dóru) og dóttursyni (Edgar Tristan). „Við erum ekki sérstaklega mikið jólafólk en höfum alltaf haldið upp á aðfangadagskvöldið, sá siður er auðvitað kominn frá mér og mínum barnajólum. Góður matur og gjafir. Við borðum líka saman á jóladag.

Í fullorðinslífinu hef ég reynt að halda við ýmsum jólasiðum úr bernsku minni, finnst það vera skylda mín að halda áfram að koma þeim til skila til dóttur minnar og hún er ánægð með það, hefur líka fengið þessa siði beint frá ömmu sinni og afa á Íslandi," segir hún.

Jólahald Þórhildar hefur verið á ýmsum stöðum í gegnum árin. Í Orléans, í Reykjavík á níunda áratugnum og síðan í Strasbourg. „Stundum fórum við til Íslands og héldum jólin með mömmu og pabba. Við höfum líka haldið jól í London þegar dóttir okkar bjó þar, í Antalya í Tyrklandi fyrst maðurinn minn er ættaður frá þessari Miðjarðarhafsborg sem hefur, eins og Ísland, orðið túrismanum að bráð á síðustu þrjátíu árum."

Ýmislegt birtist á aðventunni

Þórhildur kveðst ekki skreyta mikið fyrir jól. „Ég hef það þannig að smátt og smátt á aðventunni set ég upp ýmsa hluti sem ég hef eignast um ævina og tengjast jólunum, oftast þá sömu. Þeir eru eins og gamlir vinir þegar þeir birtast í húsinu, hafa sína staði. Bæði mamma og systir mín voru miklar föndur- og hannyrðakonur og frá þeim á ég ýmsa fallega hluti sem ég nota til jólaskreytinga. Sumt hef ég gert sjálf.

Einnig á ég fallegar, litlar styttur sem tákna Maríu, Jósef og Jesúbarnið, dýrin við jötuna og vitringana þrjá, sem koma frá Suður-Ameríku og Afríku, og mér finnst mjög gaman að stilla þeim upp í desember. Svo set ég upp jólaseríur og kveiki á kertum á kvöldin. Jólatréð er ekki skreytt fyrr en á Þorláksmessu eða jafnvel á aðfangadag. Mér finnst aðventan vera góður og hlýlegur tími."

Jólum fylgir söknuður

Þórhildur segir að sér hafi oft liði illa á jólum. „Þá sakna ég fjölskyldunnar og sérstaklega þeirra sem fóru allt of fljótt, tveggja bræðra minna sem báðir létust fyrir þrítugt með nokkurra ára millibili, tengdasonar míns enska, hans Alex, sem dó þrjátíu og sex ára gamall.

Eftir að mamma og pabbi dóu árið 2013 langaði mig alls ekki til að halda jól en gerði það samt, ekki heldur eftir að systir mín dó fyrir nokkrum árum. Ég saknaði hennar mjög mikið og geri enn, við vorum duglegar við að spjalla saman í síma og minnast á ýmislegt gamalt. En maður verður að halda áfram, það er bara svo, fyrst að lífið heldur áfram og öll hjól snúast þá verður maður að fylgja með. Og áföllin venjast, þó að ekki sé hægt að gleyma þeim dánu sem betur fer." Hún sakni þó Íslands ekki lengur um jól.

Jólamarkaður í Strasbourg

Þórhildur segir orðið sjaldgæft að hún sæki einhverja viðburði á aðventunni. „Stundum fer ég í Norðurlandamessuna sem er haldin hér í gamalli fallegri kirkju á fyrsta sunnudegi í aðventu og jólakaffi á eftir. Af og til fer ég á einhverja tónleika eða í óperuna.

Svo skrepp ég alltaf á jólamarkaðinn í Strasbourg. Þessi markaður, sem er sá frægasti í Frakklandi, og þótt víðar væri leitað, er mjög gamalt fyrirbæri. Hann var settur upp í fyrsta sinn árið 1570. Þegar við fluttum hingað árið 1988 var hann langt frá því að vera eins tilkomumikill og í dag, var bara á einu torgi, en nú er hann dreifður um allan miðbæinn og trekkir að túrista frá allri Evrópu og víðar svo varla er hægt að komast áfram suma daga.

Strasbourg er skreytt upp í topp í tilefni jólanna og mjög falleg á aðventunni. En best er að komast út í einhver sveitaþorpanna í Elsass og á jólamarkaði þar, þeir eru miklu fallegri og skemmtilegri," bætir hún við.

Kræsingar í mat og drykk

Fjölskyldan hefur á síðari árum haft fastan matseðil á jólunum. Fyrst er það fordrykkur og gæsalifur og reyktur lax á sérstöku snittubrauði og kampavín. Síðan kemur forréttur, hörpudiskur í rjómasósu. Aðalrétturinn er svo ofnsteiktur geldhani (chapon á frönsku) með ýmiss konar meðlæti, svo sem kastaníuhnetum, sveppum, brokkolí og fleiru, ásamt sósu. Svo er það eftirrétturinn, sem er jólarúlluterta. Afgangarnir eru borðaðir á jóladag. Þau eru þó jafnvel að hugsa um að breyta til í ár og hafa lambalæri á jólunum.

Þau Necmi héldu gjarnan jólaboð milli jóla og nýárs fyrir vini en það er liðin tíð. „Núna hugsum við gamla settið bara um okkur sjálf, dóttur og dótturson, förum á milli heimila okkar, spilum samkvæmisspil og líka spilin frá í gamla daga. Við erum svo heppin að Özden Dóra og Edgar búa í Strasbourg.

Hjá okkur eru jólin fyrst og fremst rólegheit og svo tónlist. Mér finnst gott að hlusta á Bach fyrir og um jólin og geri það oft, jólaóratóríuna auðvitað en líka margt annað. Jólasálma og jólalög." Þórhildur bætir við að tónlist setji sig í samband við jólin. Sér finnist einnig gott að lesa góðar bækur um jólin en það sé hún alltaf að gera hvort sem er. Hún fái alltaf eina eða tvær bækur úr jólabókaflóðinu íslenska.

„Við horfum mikið á kvikmyndir í sjónvarpinu á kvöldin – þá er ég að prjóna að gömlum sið, verð að hafa eitthvað á milli handanna eins og gert var í sveitinni – stundum á sjónvarpsseríur. Við höfum gaman af tyrkneskum sjónvarpsseríum sem við horfum reyndar á allt árið. Þær eru prýðileg afþreying og góðar til afslöppunar," lýsir hún.

Horfir á áramótaskaupið

„Á gamlárskvöld borðum við sjávarrétti sem fisksalinn okkar útbýr á bakka, smökkum á ostrum, drekkum smá kampavín og bíðum eftir því að árinu ljúki og það nýja taki við. Ég verð fegin þegar skiptin eru afstaðin, þá er ég búin að fá nóg af hátíðahöldum og vil að hversdagslífið taki við. Rútínan er best. Ég horfi gjarnan á íslenska áramótaskaupið á nýársdag og hlæ mikið ef ég skil um hvað er verið að tala sem er ekki alltaf. Til þess þarf maður að búa á Íslandi og vita um allt sem hefur gerst á árinu."

Hún segist ekki vera mikil áramótamanneskja, hún finni ekki neina breytingu við að halda inn í nýtt ár. „Ég hef stundum reynt að strengja áramótaheit en aldrei getað haldið þau til langframa. Mér finnst árið vera hringur sem lokast um áramótin og nýr hringur tekur við, þannig sé ég það í huganum."

Bûche de Noël, hefðbundin jólakaka Frakka, sem nefna mætti lurk upp á íslensku. Mynd/Wikimedia

Ber kvíðboga fyrir afdrifum heimsins

Þórhildur vann í 25 ár í ýmsum deildum Evrópuráðsins. Hún var meðal annars stjórnandi skrifstofu jafnréttismála kvenna og karla (1993–2002). Frá 2003 vann hún við menntamálaskrifstofu Evrópuráðsins þar sem hún byggði upp sérstaka deild um mannréttinda- og lýðræðiskennslu. Síðustu árin í starfi sínu þar var hún yfirmaður menntamála og æskulýðsmála. Í ljósi þessara starfa er freistandi að inna hana eftir hvernig henni lítist á heimsmálin nú um stundir.

„Ég er hrædd við framtíðina, hún virðist óörugg og uggvekjandi. Allt hefur breyst svo ótrúlega hratt til hins verra, á svo stuttum tíma. Ég vann í Evrópuráðinu við verkefni sem tengdust virðingu fyrir mannréttindum, jafnrétti kvenna og karla, mannréttindum allra til náms, kennslu í lýðræði og mannréttindum. Eftir að Berlínarmúrinn féll var hægt að trúa að heimurinn væri að verða betri og Evrópa væri loksins sameinuð.

En nú eru mannréttindi fótum troðin víðs vegar í heiminum án þess að það sé nokkurt mál fyrir marga, lýðræðið einskis virt og uppi veður hamslaus kapítalismi. Fólk dýrkar þá sem eiga sem mest af peningum, alveg sama hvernig þeir hafa aflað sér þeirra, það finn ég enn þá sterkar á Íslandi heldur en í Frakklandi. Svo margir vilja skara eld að sinni köku, enginn hugsar um afleiðingarnar. Við erum að verða búin að eyðileggja móður okkar, jörðina, fyrir stundargróða," segir Þórhildur af þunga og heldur áfram:

„Það sem hefur farið verst í mig eru fjöldamorðin sem Ísraelar hafa framið á Gaza á síðastliðnum árum vegna þess að svo skýrt hefur komið í ljós að þeim sem eru við stjórn í Ísrael finnst Palestínufólk vera réttdræpt, það er að segja að það sé ekki mennskt, og enginn stöðvar þá í þessari útrýmingarherferð. Fyrir mér er þetta óhugsandi eftir það sem gyðingar þurftu að þola í seinna stríðinu. Ég hugsa oft til bókar ítalska gyðingsins Primo Levi, Ef þetta er maður, sem fjallar um reynslu hans í Auschwitz þar sem hann var fangi á stríðsárunum. Hann segir frá setningu sem stendur á skilti í fangabúðunum: Eine Laus, deine Tod (ef það finnst á þér lús ertu réttdræpur). Þetta sést líka svo vel í umræðu um innflytjendur og flóttamenn um alla Evrópu, þar er svo mikil afmennskun í gangi."

Ísland fylki sér með Norðurlöndum

Þórhildur segist vera hræddust af öllu við stríð. „Í Frakklandi er farið að tala um að taka aftur upp herskyldu. Alþjóðastofnanir, sem settar voru upp eftir síðari heimsstyrjöldina til að tryggja frið og samstarf milli þjóða, eru sífellt að verða veikari. Þetta er einstaklega uggvænleg þróun. Ef ríki geta ekki lengur talað saman og ráðið friðsamlega fram úr ágreiningi, hvað þá?" spyr hún.

Stundum horfi hún á Ísland á gervihnattarmynd, þessa litlu eyju, aleina í miðju Norður-Atlantshafi, eða skreppi niður á hana í Google Earth. „Til að muna hvað mér þykir vænt um þetta land og ræturnar sem ég á þar og mun eiga til enda. Hugsa um allar hætturnar sem steðja að landinu, til dæmis hvernig túrisminn fer illa með fallegu náttúruna okkar og hvernig virkjanir hafa skemmt hálendið. Ég viðurkenni að ég er líka hrædd um að við týnum niður íslenskunni, það fyndist mér hræðilegt. Mér finnst þetta allt fara svo hratt, en það er kannski af því að ég er farin að eldast og tíminn líður hraðar hjá fólki á mínum aldri.

Þegar ég var að vinna í Evrópuráðinu sá ég hversu gott það var fyrir Ísland að vera í félagi við hin Norðurlöndin. Ég vildi óska að íslensk stjórnvöld, hver svo sem þau eru og verða, gleymi því aldrei að við erum hluti af Norðurlöndum og þar eigum við heima, ekki með öðrum og stærri þjóðum. Og auðvitað eru Norðurlöndin hluti af Evrópu. Við þurfum að átta okkur á þessu sem fyrst," áréttar hún.

Skáldsaga og þýðing væntanleg

Þórhildur hefur sent frá sér bæði ljóðabækur og skáldsögur, auk þýðinga. Nú síðast bókina Með minnið á heilanum, frásagnir úr fjarlægum bernskuheimi.

„Ég er ekkert að skrifa núna, það getur ekki heitið. Er nýbúin að skila handriti að lítilli skáldsögu og svo einni þýðingu. Þessar bækur munu koma út á nýja árinu ef allt fer að óskum. En ég mun áreiðanlega halda eitthvað áfram að skrifa," segir hún að endingu

Heimsmarkaður mjólkurvara:

Komandi ár verður áhugavert!

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Undanfarin ár hefur heimsmarkaðsverð mjólkurvara sveiflast nokkuð mikið og fyrir vikið hafa afkomutölur kúabúa víða um heim verið afar ólíkar á milli ára.

Þessi óstöðugleiki á heimsmarkaðinum er ekki nýr af nálinni og flest afurðafyrirtæki sem selja hluta af framleiðslu sinni á heimsmarkaðsverðum eru orðin vön því að takast á við sveiflur. Oftast felst það þó í því að verð til bænda annaðhvort lækkar ört eða hækkar og því má segja að sveiflujöfnun afurðafélaga felist í raun fyrst og fremst í því hve vel kúabændurnir, sem leggja inn mjólk hjá viðkomandi afurðafyrirtæki, eru í stakk búnir að takast á við tímabil með lágu afurðastöðvaverði sem og hvernig þeim gengur að nýta vel tímabilið þegar afurðastöðvaverðið er hátt.

GDT – Global Dairy Trade

Það er oft talað um „heimsmarkaðsverð“ mjólkurvara og „meðalstuðul“ heimsmarkaðsverðs mjólkurvara en í raun er ekki til neitt eitt „heimsmarkaðsverð“. Mjólkurvörur ganga kaupum og sölum á milli landa á frjálsum markaði svo í raun er ekki beint hægt að tala um heimsmarkaðsverð. Það er þó einn uppboðsmarkaður sem flestir líta til og það er markaðurinn sem kallast GDT eða Global Dairy Trade. Þetta er alþjóðlegur viðskiptavettvangur sem gegnir lykilhlutverki í að ákvarða viðmiðunarverð fyrir mjólkurvörur um allan heim. Á þessum uppboðsmarkaði bjóða flest af stærstu afurðafyrirtækjum heims fram sekkja- eða gámavöru, þ.e. grunnhráefni fyrir fullvinnslu á mjólkurvörum. Þar eru t.d. boðnir stórir blokkostar til sölu, smjör, margar gerðir af mjólkurdufti og þ.h. Helsti kostur þessa markaðar er að hann er mjög opinn svo bæði kaupendur og seljendur geta auðveldlega fylgst með þróuninni.

Verð á mjólkurdufti stjórnar í raun afurðastöðaverði til bænda í mörgum löndum. Mynd: Revala.



10 ára þróun GDT stuðulsins.

Þessi markaður er virkur u.þ.b. tvisvar í mánuði og í kjölfar hvers uppboðs eru niðurstöðurnar sendar út og er oftast litið á niðurstöður markaðarins sem leiðandi fyrir aðra markaði með mjólkurvörur.

Þróun heimsmarkaðsverðsins

Síðustu 10 ár hefur heimsmarkaðsverðið verið á nokkuð óvenjulegu ferðalagi. Árið 2015 var verðið mjög lágt, eftir að kvótakerfi Evrópusambandsins var lagt af í apríl það ár, en markaðurinn tók þó fljótt við sér og var meðalstuðull heimsmarkaðsverðsins í kringum 1000 í allmörg ár. Þessi staða gaf bændum fyrirsjáanleika og stöðugleika. Síðan upp úr heimsfaraldrinum árið 2020 fór verðið jafnt og þétt upp á við og náði hæstu hæðum árið 2022 en féll síðan hratt niður á einu ári. Þetta gerðist í kjölfar offramleiðslu, sem var nokkuð fyrirséð eftir hátt verð á markaði. Síðan um mitt árið 2023 hafði meðalverðið verið á nokkuð góðu skriði upp á við og var staðan slík að margir bændur, víða um heim, juku framleiðsluna til að ná í hluta af verðhækkuninni til sín. Stóraukin framleiðsla á mjólk skilaði svo því að síðastliðið vor fór verðið að fara niður á við á ný og sér raunar ekki fyrir endann á því eins og sjá má af meðfylgjandi línuriti um þróunina.

Eins og markaðurinn virðist hegða sér nú orðið, má ætla að það verði áfram sveiflur á þessum markaði og ekki er ólíklegt að tveggja til þriggja ára sveiflur verði ráðandi.

2025 byrjaði vel

Þegar horft er heilt yfir heimsmarkaðinn eru aðstæðurnar auðvitað afar ólíkar á milli landa og heimsálfa. Þó er ákveðinn rauður þráður sem liggur á milli flestra landa þegar horft er til verðþróunar á afurðastöðvaverði, þó með nokkrum undantekningum eins og á Íslandi. En sé horft á heimsmyndina í víðum skilningi þá fór árið í ár í raun vel af stað, þegar horft er til meðal afurðastöðvaverðs. Verð til bænda í mörgum löndum hækkaði framan af árinu og verð út til neytenda sömuleiðis. Þetta leiddi svo til aukinnar samkeppni og samhliða áframhaldandi aukningu á mjólkurframleiðslu tóku sum fyrirtæki í sölu mjólkurafurða upp á því að lækka verð á mjólkurdufti í sölu. Þetta er ein leið þeirra til að takast á við offramleiðslu, þ.e. að framleiða mjólkurduft og til að geta selt duftið reyndist nauðsynlegt að lækka verðið. Þessi þróun varð einnig skýr á uppboðsmarkaði GDT. Lækkandi verð afurða leiddi svo eðlilega til þess að verð til bænda lækkaði einnig. Þróunin gekk raunar hratt yfir og undir haust voru helstu markaðsvörur á heimsmarkaði á nokkuð hraðri niðurleið þegar horft er til verðs þeirra og hefur sú þróun haldið nokkuð jafnt og þétt áfram.

Af hverju ræður mjólkurduft?

Skýringin á því að mjólkurduft er mjög ráðandi þáttur í verðákvörðunum á afurðastöðvaverði til bænda, er sú staðreynd að mjólkurduft er sú mjólkurvara sem best er að geyma og flytja án kostnaðar við kælingu bæði milli og innan landa. Það er því mjög víða notað við framleiðslu mjólkurvara, enda getur mjólkurduft verið grunnvara í flestar gerðir mjólkurvara. Það er því útreiknað „lítraverð“ mjólkur, út frá mjólkurdufti, sem í raun er það viðmið sem er notað í ótal löndum þegar afurðastöðvaverð er reiknað. Afurðafyrirtækin reikna einfaldlega út hvað mjólkurlítrinn myndi kosta, ef notað væri mjólkurduft keypt á markaði, og setja það verð sem afurðastöðvaverðið. Þetta er auðvitað ekki algild reikniaðferð og það kemur fyrir að verð til bænda er eitthvað hærra en reiknað lítraverð út frá mjólkurdufti, en oftast er þó ekki langt þarna á milli enda verður rekstur afurðastöðvarinnar óhagstæður ef verðbilið verður of mikið.

Mjólkurduft er einnig mjög næmt fyrir verðbreytingum á heimsmarkaði og getur verð mjólkurdufts breyst í raun ótrúlega hratt á skömmum tíma, séu aðstæðurnar slíkar. Þegar framboð mjólkurvara eykst umfram eftirspurn verður eðlilega þrýstingur á framleiðendur að bregðast við stöðunni, og þá oftast með verðlækkunum. Slíkar lækkanir fara svo þráðbeint yfir til bænda og því færist verðið til bænda upp eða niður í nokkuð góðum takti við stöðuna á markaðinum. Þetta er þó ekki skilvirkara ferli en svo að oftast líða 2–3 mánuðir á milli þess að verð á markaði lækkar og verð til bænda lækkar. Að sama skapi tekur lengri tíma fyrir bændur að fá hærra afurðastöðvaverð þegar verð á markaði hækkar.

2026?

Það sem er svolítið sérstakt við árið 2025, sem svo hefur áhrif á árið 2026 þegar horft er til verðþróunar, er að markaðurinn í ár hegðaði sér ekki eins og stórir aðilar á markaðinum höfðu spáð fyrir um. Flestir höfðu spáð nokkuð rólegu ári þegar kæmi að verðbreytingum og meira að segja virtir greiningaraðilar eins og hinn þekkti hollenski landbúnaðarbanki Rabobank þurfti nýverið að breyta ekki nema nokkurra mánaða gamalli mjólkurframleiðsluspá sinni. Þetta segir í raun allt sem segja þarf, að markaðurinn er í einhverju ójafnvægi og alls ófyrirséð hvernig þróunin verður. Nýjustu tölur frá fyrrihluta þessa mánaðar benda til þess að verðþróunin sem nú er í gangi haldi áfram á komandi ári, þ.e. að afurðastöðvaverð til bænda víða um heim muni halda áfram að lækka á fyrstu mánuðum ársins. Þó er því spáð að jafnvægi náist á ný um mitt komandi ár. Þá sé „hringnum“ í raun lokað og geti bændur þá farið að undirbúa sig undir næstu sveiflu á markaðinum með því að leggja vel fyrir með hækkandi afurðastöðvaverði á ný, til þess að eiga fyrir mögulegum hallarekstri þegar harðnar aftur á dalnum í framtíðinni.

NÝTT HJÁ LANDSTÓLPA!

Við kynnum með stolti tvö ný umboð:

KIVI-PEKKA

Kivi-Pekka selur öflugar finnskar grjóttökuvélar sem eru hannaðar til að hreinsa steina úr akur- og túnjöðrum á fljótlegan og skilvirkan hátt. Með sterkri smíði, einföldu viðhaldi og miklum afköstum eru grjóttökuvélarnar traust og öflug tæki sem spara tíma, vinnu og kostnað við jarðvinnslu.

Vélarnar eru framleiddar í breiddum frá 3,3m-7m

TUME-AGRI

Tume-Agri er eitt þekktasta vörumerkið í landbúnaði í Finnlandi. Tume-Agri framleiðir landbúnaðartæki sem eru ætluð til sáningar og jarðvinnslu.

Sáðvélarnar eru sterkbyggðar og henta vel á norðlægum slóðum.

Mikið og fjölbreytt úrval!

Hafðu samband við sölufulltrúa og kynntu þér málið!

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

GARÐYRKJA

AKRÝLDÚKUR - BAKKAR - POTTAR - MOLD

PLASTDÚKUR - UMBÚÐIR - KASSAR - FRÆ

ALLT FRÁ FRÆJUM TIL AFURÐA

palle@samhentir.is
sala@samhentir.is

575 8000

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ

samhentir.is

Samhentir

Salóme frá Hellubæ stóð efst í fjögurra vetra flokki hryssna.

Dalvar frá Efsta-Seli stóð efstur í fimm vetra flokki stóðhesta og hlaut hæstu aðaleinkunn ársins.

Hæstu kynbóta-hross ársins 2025

Það má segja að íslensk hrossarækt sé ein sú metnaðarfyllsta í heimi. Við erum að sameina í einum og sama hestinum frammistöðu sem ræktendur annarra kynja láta mörgum mismunandi hestakynjum eftir að framkvæma. Við erum til að dæmis að sameina burðargetu þar sem hrossin hvíla í skrefinu á hægri ferð með getunni til að teygja úr sér á yfirferðargangi með mikilli snerpu og flýti. Við höfum verið að fá fram í gegnum tíðina hross sem búa yfir burði og eðlisfótlyftu á hægu tölti og einnig úrvals skeiðgetu og þetta hafa oftast verið afar farsæl hross í ræktun. En þá eru nú einnig að koma fram hross í mun ríkari mæli en áður sem sameina skeiðgetu og gott hægt stökk. Einnig eru við að sameina margar víddir í geðslaginu; getuna til að taka á en jafnframt hæfnina til að slaka á, og mismunandi hestgerðir hvað varðar vilja og næmni. Þá erum við að ná fram mun heilsteyptara byggingarlagi í hrossin á undanförnum árum þar sem framhæð hrossa hefur til dæmis stórbatnað sem skapar meiri burðargetu og einfaldara þjálfunarferli. Og það merkilega er; við erum að góðri leið með þetta allt saman. Við erum með hestakyn í höndunum sem býr yfir ótrúlegum möguleikum og margir gera sér kannski ekki fyllilega grein fyrir hversu metnaðarfullt markmiðið er með ræktun hans og hversu mikið hefur áunnist á stuttum tíma.

Þorvaldur Kristjánsson.
Mynd / TB.

Fjögurra vetra flokkur hrossa

Afar breiður hópur frábærra hrossa kom til dóms í ár. Eins og kom fram í fyrri grein í haust var mæting til dóms sérlega góð í ár og þegar efstu hrossin eru skoðuð er afar athyglisvert hversu fjölhæf þau eru. Í fjögurra vetra flokki voru sýndir 87 stóðhestar og 75 hryssur í ár. Efsti fjögurra vetra folinn er Hengill frá Hestkletti, undan Þráni frá Flagbjarnarholti og Þökk frá Prestsbæ en sú er undan Gjafari frá Hvoli og Þoku frá Hólum. Hengill er jarpskjóttur og stólpamyndarlegur hestur; hálslangur, reistur og lofthár með afar virkjamikið skref; flugefnilegur hestur með 8,5 fyrir tölt og 9,0 fyrir brokk. Hann hlaut 8,40 í aðaleinkunn. Með aðra hæstu einkunn ársins eða 8,37 er Knörr frá Ketilsstöðum, undan Styrk frá Leysingjastöðum II og Snekkju frá Ketilsstöðum, en hún er undan Alvari frá Syðri-Gegnishólum og Ljónslöpp frá Ketilsstöðum. Knörr er vel gerður foli, brúnn að lit, skrefmikill og efnilegur alhliða hestur. Með þriðju hæstu einkunn ársins, 8,32 er Kjarval frá Sámsstöðum, móálóttur að lit, undan Skýr frá Skálakoti og Spunadótturinni List frá Sámsstöðum. List er farin að skila góðum hrossum en undan henni og Adrían frá Garðshorni á Þelamörk var í fyrra sýnd hryssan Orka frá Sámsstöðum með 9,5 fyrir skeið fjögurra vetra gömul. Kjarval er efni í frábæran alhliða hest með mjúkar hreyfingar og mikið framgrip.

Efsta hryssan í fjögurra vetra flokki er Salóme frá Hellubæ, undan Álfakletti frá Syðri-Gegnishólum og Hamingju frá Hellubæ, en hún er undan Aðli frá Nýjabæ og Þulu frá Hellubæ. Hamingja stóð efst í fjögurra vetra flokki hryssna á Landsmóti 2014. Athyglisvert er að Aðalsdætur eru víða að skila afbragðshrossum þessi misserin. Salóme er brún að lit, fínleg og falleg hryssa og hestagull í allri framgöngu. Óvenjulega burðarmikil af svo ungu hrossi, hágeng og fasmikil en hún hlaut 8,44 í aðaleinkunn. Með aðra hæstu einkunn er Glíma frá Grund II, undan Glúmi frá Dallandi og Grund frá Grund II sem er undan Andvara frá Ey I og Glímu frá Vindheimum en sú var undan Mekki frá Varmalæk. Grund hefur verið að skila góðum hrossum til dóms að undanförnu og afar fallegum og er Glíma fjórða afkvæmið til að koma til dóms. Glíma er rauð að lit, með sterka yfirlínu og öfluga fótagerð, skreflöng og mikið hágeng. Hún hlaut 8,39 í aðaleinkunn. Með þriðju hæstu einkunn ársins er undradýrið Krafla frá Hveragerði, brún, undan Kveik frá Stangarlæk 1 og Daggarbrá frá Hveragerði en sú er undan Stála frá Kjarri og Glitbrá frá Hveragerði. Krafla er stórglæsileg í byggingu; fótahá og jafnvægisgóð. Þá er hún sérstakt útgeislunarhross en hún hlaut 9,5 fyrir fegurð í reið og er einungis önnur hryssan í sögunni til að hljóta þá einkunn aðeins fjögurra vetra gömul en Álfhildur frá Syðri-Gegnishólum náði því á Landsmóti 2012. Krafla hlaut 9,0 í einkunn fyrir bæði hægt tölt og hægt stökk og 8,38 í aðaleinkunn.

Fimm vetra flokkur hrossa

Í fimm vetra flokki voru sýndir 117 stóðhestar og 192 hryssur. Efsti stóðhesturinn í fimm vetra flokki er Dalvar frá Efsta-Seli, undan Adrían frá Garðshorni á Þelamörk og Arionsdótturinni Lóu frá Efsta-Seli. Dalvar er brúnn að lit og stórglæsilegur, ákaflega jafnvígur mýktargæðingur og hlaut hæstu aðaleinkunn sem fimm vetra hross hefur hlotið eða 8,99. Með aðra hæstu einkunn ársins er Börkur frá Kráku, móálóttur, undan Viðari frá Skör og Brák frá Baldurshaga, en sú er undan Roða frá Múla og Kengálu frá Búlandi og er því systir Arthúrs og Ellerts frá Baldurshaga að móðurinni. Fyrstu afkvæmi Viðars komu í dóm í fyrra og í ár og fer hann vel af stað með níu sýnd afkvæmi. Börkur hlaut hvorki meira né minna en 8,95 fyrir hæfileika; einkar jafnvígur með 9,0 í einkunn fyrir flestar gangtegundir og 8,81 í aðaleinkunn. Með þriðju hæstu einkunn ársins er Miðill frá Hrafnagili, undan Auði frá Lundum II og Gígju frá Búlandi en Gígja er undan Hrym frá Hofi og Óðsdótturinni Heklu frá Efri-Rauðalæk sem er mikil gæðingamóðir. Miðill er svartur að lit og öflugur hestur að allri gerð; með afar hvelfdan háls og skásetta bóga, þá er hann ótrúlega taktviss og öruggur í allri framgöngu af svona ungum hesti að vera. Skrefmikill og hágengur og sérstaklega magnaður á brokki sem hann hlaut 10 fyrir. Miðill hlaut 8,68 í aðaleinkunn.

Efsta hryssan í fimm vetra flokki er Alda frá Sumarliðabæ 2, undan Álfarni frá Syðri-Gegnishólum og Bylgju frá Einhamri, Stáladóttur, sem hefur verið að skila úrvalshrossum undanfarið. Alda er móálótt og hefur hátt settan og fínlegan háls og er fótahá. Þá er hún sérstaklega öflug á gangi svona ung að árum og fjölhæf en hún hlaut 9,00 í aðaleinkunn hæfileika. Alda hlaut 9,0 fyrir tölt, brokk, skeið og fet og 9,5 fyrir samstarfsvilja; einkar skrefmikil, hágeng og einörð í framgöngu með 8,71 í aðaleinkunn. Með aðra hæstu einkunn ársins er Óskastund frá Steinnesi, jörp, dóttir Adríans frá Garðshorni á Þelamörk og Óskadísar frá Steinnesi, Óskasteinsdóttur. Óskastund var fulltrúi Íslands á Heimsmeistaramótinu í Sviss í sumar þar sem hún stóð efst í sínum flokki. Óskastund er gerðarleg og sterkbyggð með afar öfluga lend. Þá er hún óvanalegt ganghross og sameinar mikla mýkt á tölti með flugaverkurð en hún hlaut 9,0 fyrir tölt og 9,5 fyrir skeið. Aðaleinkunn hennar var 8,65. Með þriðju hæstu einkunn ársins er svo Brynja frá Nýjabæ, brún að lit, undan Gljátoppi frá Miðhrauni og Gunnrúnu frá Nýjabæ. Sú er undan tveimur heiðursverðlaunahrossum frá Nýjabæ, þeim Aðli og Bliku, Keilisdóttur. Brynja er alhliða gæðingur; reist og skörungsleg með fallegar hreyfingar og mikla getu á öllum gangi. Hún hlaut 8,65 í aðaleinkunn.

Hljómur frá Auðsholtshjáleigu stóð efstur í elsta flokki stóðhesta og var einnig efstur í Heimsmeistaramótinu í Sviss.

Sex vetra flokkur hrossa

Í sex vetra flokki voru sýndir 83 stóðhestar og 232 hryssur. Með hæstu einkunn stóðhesta er Fenrir frá Finnastöðum, undan Þráni frá Flagbjarnarholti og Aþenu frá Akureyri, Þóroddsdóttur sem hefur verið að skila afar góðum hrossum til dóms og hlaut heiðursverðlaun fyrir afkvæmi í haust. Fenrir er jarpur að lit, reistur og prúður alhliða gæðingur; taktöruggur, gegnummjúkur og flugrúmur á tölti, viljugur og aðgengilegur. Hann hlaut 9,04 fyrir hæfileika sem er hæsta hæfileikaeinkunn ársins og 8,86 í aðaleinkunn. Með aðra hæstu einkunn ársins er Neisti frá Ytri-Skógum, rauðstjörnóttur, undan Konsert frá Hofi og Gefjuni frá Ytri-Skógum. Gefjun er undan Orra frá Þúfu og Hrefnu frá Ytri-Skógum. Hrefna er á bak við margan gæðinginn frá Ytri-Skógum og var undan Hrafni frá Holtsmúla og Snót frá Ytri-Skógum en sú var af Eyfellskum ættum og var skyldleikaræktuð útaf Blesa frá Núpakoti. Neisti er myndarhestur með sterka yfirlínu og er fjölhæfur gæðingur með 8,82 fyrir hæfileika og 8,72 í aðaleinkunn. Með þriðju hæstu einkunn ársins er Karl frá Kráku, brúnn, undan Viðari frá Skör og Sunnu frá Dverghamri, dóttur Trús frá Auðsholtshjáleigu og Tíbrár frá Selfossi. Karl kom fram í fyrra fimm vetra gamall og var sýndur á Landsmóti. Hann hefur nú bætt töluvert við sig og er jafnvígur alhliða hestur; myndarlegur með hvelfda yfirlínu og hlaut meðal annars 9,0 fyrir brokk og hægt tölt. Hann hlaut 8,66 í aðaleinkunn.

Með hæstu einkunn hryssna í sex vetra flokki er Hetja frá Ragnheiðarstöðum, brún, undan Þráni frá Flagbjarnarholti og Hendingu frá Úlfsstöðum, dóttur Jarls frá Búðardal og Hörku Sörladóttur frá Úlfsstöðum. Hetja er óvanalegt hross að byggingarlagi; afar fríð, fínleg, há að framan og lofthá. Hún er garpur á gangi; afar skrefmikil og rúm og flugviljug. Hún hlaut 8,83 í aðaleinkunn. Með aðra hæstu einkunn ársins er Ramóna frá Heljardal, undan Draupni frá Stuðlum og Auði frá Hofi, heiðursverðlaunahryssu undan Hróðri frá Refsstöðum. Ramóna er glóbrún stjörnótt, reistur stólpagripur, með 9,0 fyrir háls, herðar og bóga og 9,5 fyrir samræmi. Þá er hún afrekshross á gangi með 10 fyrir skeið, 9,5 fyrir stökk, 9,0 fyrir brokk og 8,82 í aðaleinkunn. Með þriðju hæstu einkunn ársins er Vala frá Vindási, rauðglófext, undan Adrían frá Garðshorni á Þelamörk og Gjöf frá Vindási. Sú er undan Þóroddi frá Þóroddsstöðum og Völku frá Vindási, Galsadóttur og hefur verið að skila úrvalshrossum til dóms. Vala er hestagull; fótahá og myndarleg, hreingeng og skrefmikil með 8,85 fyrir hæfileika og 8,76 í aðaleinkunn.

Elsti flokkur hrossa

Í flokki sjö vetra og eldri hrossa voru sýndir 43 hestar og 263 hryssur. Með hæstu einkunn ársins á meðal stóðhestanna er Hljómur frá Auðsholtshjáleigu, undan Organista frá Horni og Tíbrá frá Auðsholtshjáleigu en það er heiðursverðlaunahryssa undan Gára frá Auðsholtshjáleigu. Hljómur varð efstur í sínum flokki á Heimsmeistaramótinu í Sviss í sumar og stóð sig þar með mikilli prýði. Hljómur er aðsópsmikill alhliða gæðingur sem hlaut meðal annars 9,0 fyrir samræmi og 9,5 fyrir bak og lend en lendin er uppteiknuð; jöfn, löng og vöðvafyllt. Þá er hann skrefmikill og viljugur með 8,78 fyrir hæfileika og 8,77 í aðaleinkunn. Með aðra hæstu einkunn ársins er Gauti frá Vöðlum, móálóttur, undan Glað frá Prestsbakka og Nótt frá Oddsstöðum. Nótt er heiðursverðlauna hryssa, undan Skorra frá Blönduósi og Njólu frá Oddstöðum I og er útaf hrossum frá Oddsstöðum í sex ættliði sem er magnað.

- Framhald á síðu 54

TILVALIN
JÓLAGJÖF

HÓLAR • SKAGAFJÖRÐUR 2026
LANDSMÓT

Skagafjörður bíður þín!

LANDSMÓT Á HÓLUM

5.-11. júlí 2026

12. júlí Menning og ræktun í Skagafirði

Tryggðu þér miða
í forsölu fyrir áramót

21.900 | vikupassi fullorðnir

Hátíð . Samfélag . Ævintýri

landsmothestamanna | landsmot2026 | www.landsmot.is

- Hæstu kynbótahross 2025, framhald af síðu 52

Hún hefur skilað gæðingum í gegnum tíðina enda var hún afrekshryssa á gangi sjálf. Gauti er prýðilega gerður hestur, sérstaklega er samræmið gott; léttbyggður og fótahár. Þá er hann léttstígur og magnaður á gangi með 8,88 fyrir hæfileika, jafnvígur á tölt, brokk og skeið enda með 9,0 í einkunn fyrir þá eiginleika. Hann hlaut 8,72 í aðaleinkunn. Með þriðju hæstu einkunn ársins er Kjarni frá Korpu, rauður, undan Arion frá Eystra-Fróðholti og Eldingu frá Haukholtum, Hrynjandadóttur. Hann er því albróðir Apollos frá Haukholtum sem fórst illu heilli fyrir aldur fram en sannaði sig sem góður kynbótahestur og hefur skilað 34 hrossum til dóms. Kjarni er vel gerður hestur með sterka yfirlínu og magnaða hófa sem hann hlaut 10 í einkunn fyrir. Þá er hann mjúkur og fjölhæfur alhliða hestur með 8,78 fyrir hæfileika og 8,70 í aðaleinkunn.

Með hæstu einkunn í sjö vetra og eldri flokki hryssna er María frá Vatni, sem er rauðstjörnótt, undan Kiljan frá Steinnesi og Hrefnu frá Vatni, Álfsdóttur. Hrefna þessi hefur hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og á fimm dæmd afkvæmi, en María er hæst dæmda afkvæmi hennar. María er létt á bolinn, jafnvægisgóð með hátt settan, grannan háls. Hún er hreinn gæðingur á gangi með 9,0 fyrir tölt, brokk, skeið og greitt stökk og 8,98 fyrir hæfileika. Aðaleinkunn hennar er 8,75. Með aðra hæstu einkunn ársins eða 8,69 er Eind frá Grafarkoti, sem einnig er rauðstjörnótt og undan Kiljan frá Steinnesi, og Köru frá Grafarkoti, Gammsdóttur. Kiljan frá Steinnesi á því tvær hæstu dæmdu hryssurnar í elsta flokki en hann hefur skilað gæðingum til dóms í gegnum tíðina og 14 afkvæmi hans eru með 8,60 eða hærra fyrir hæfileika. Eind er gerðarleg hryssa og einkar framfalleg. Þá er hún þjál og hreingengur gæðingur og hlaut hæst á árinu 8,85 fyrir hæfileika. Hún var fulltrúi Íslands á Heimsmeistaramótinu í sumar og endaði þriðja í sínum flokki þar. Með þriðju hæstu einkunn ársins er Ísbjörg frá Blesastöðum 1A. Hún er dóttir Spuna frá Vesturkoti og Blábjargar frá Torfastöðum sem var undan Andvara frá Ey og Dögg frá Hömrum í Grímsnesi. Ísbjörg er jarpvindótt, fínleg og vel gerð hryssa, með hátt settan, langan háls og klipna kverk; einkar jafnvægisgóð í byggingunni. Þá er hún burðargóð og mjúk á tölti, skrefmikil og hreingeng á brokki og sniðfalleg á skeiði. Hún hlaut 8,69 í aðaleinkunn.

Hrossarækt er lífslist

Hrossarækt er skemmtilegt viðfangsefni og endalaus uppspretta ævintýra. Hún er afar gefandi fyrir þá sem hún grípur og er ekki síst mikil útrás fyrir sköpunarþörf mannsins. Þörfin fyrir að skapa er samofin okkur og fegurð eða list í margs konar formi hefur göfgandi áhrif á þá sem hún nær til. Sumir rækta einmitt hross eins og hagort fólk yrkir ljóð eða þeir sem eru drátthagir byggja upp mynd; sjá fyrir sér pörun eins og skuggamyndir á vegg og fá tilfinningu fyrir því hvernig stóðhesturinn og hryssan geti bætt hvort annað upp eða magnað upp fyrirliggjandi gæði. Hrossarækt er sannkölluð lífslist og hún er í ætt við þær greinar listarinnar sem mannfólkið hefur þróað með sér frá örófi; nytjalist má segja, þar sem hráefni náttúrunnar er nýtt til fegurðarsköpunar og bættra nytja. Það er margt listafólkið í röðum hrossaræktenda á Íslandi. Á meðan svo er og fólk heldur áfram að þróa með sér sína upprunalegu og frumlegu sýn á hvernig bæta megi hestinn munum við áfram upplifa framfarir í hrossaræktinni til framtíðar.

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt hjá RML.

Mynd / Pixabay

Hetja frá Ragnheiðarstöðum stóð efst í flokki sex vetra hryssna.

Fæðuöryggi sem innviður norðurslóðasamfélaga

Erna Bjarnadóttir.

Áhersla á fæðuöryggi, viðnámsþrótt og öryggi grunninnviða samfélagsins hefur á síðustu misserum orðið sífellt meira áberandi í opinberri stefnumótun stjórnvalda. Í nýjum áherslum ríkisstjórnarinnar hefur verið lögð sérstök áhersla á að styrkja innviði, meta kerfislæga áhættu og efla viðnámsþrótt samfélagsins í heild. Samtök iðnaðarins, atvinnulífið og fjölmargir hagsmunaaðilar hafa jafnframt bent á að matvælakerfið sé órjúfanlegur hluti slíkrar stefnu – rétt eins og orka, flutningskerfi og aðrir grunnþættir samfélagsins.

Á árinu hefur undirrituð verið með innlegg á þremur ráðstefnum þar sem þessi mál voru til umfjöllunar: Iðnþingi í Hörpu, Circumpolar Agricultural Association Conference í Tromsø og NØK 75-års Fagkonferanse í Osló. Á þessum vettvöngum hefur sjónum einkum verið beint að sérstöðu norðurslóða, raunverulegum sviðsmyndum og mikilvægi þess að viðhalda innlendri framleiðslu sem hluta af viðnámsþrótti og fæðuöryggi samfélaga.

Í ljósi þessarar þróunar og boðaðrar áherslu stjórnvalda á málaflokknum er mikilvægt að umræðan hér heima byggi á alþjóðlegum viðmiðum og skýrri notkun hugtaka.

Hvað fæðuöryggi er – og er ekki

Í alþjóðlegum viðmiðum FAO og OECD byggir fæðuöryggi á fimm grunnstoðum: framboði, aðgengi, nýtingu, stöðugleika og seiglu. Þetta eru kerfisþættir sem meta hæfni samfélags til að tryggja fólki nægan og aðgengilegan mat, bæði í eðlilegum aðstæðum og við áföll. Í norðlægum ríkjum eru það einkum seigla, orka, innviðir, aðfangaleiðir og mannauður sem ráða úrslitum.

Íslensk umræða hefur stundum horft um of til einfaldra stærða á borð við innflutningshlutföll eða birgðir á heimilum. Slík viðmið skipta máli fyrir viðbúnað og almannavarnir en segja lítið um eiginlegt fæðuöryggi. Fæðuöryggi felst ekki í birgðahaldi heldur í hæfni samfélags til að framleiða, vinna, dreifa og geyma matvæli – með traustum grunninnviðum sem haldast órofnir þegar á reynir.

Sérstaða Íslands og norðurslóða

Íslensk matvælaframleiðsla hefur sýnt mikla seiglu gegnum tíðina. Áföll á borð við efnahagshrunið 2008, heimsfaraldurinn og truflanir í innflutningi og alþjóðlegum aðfangakeðjum hafa ítrekað sýnt að kerfið getur staðið af sér bæði fyrirsjáanlega erfiðleika og það sem áhættufræðin kallar *svarta svani* – óvænta, ólíklega en kerfislega afdrifaríka atburði.

Röskun á aðfangaleiðum í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu var skýr áminning um þetta; ekki aðeins fyrir Ísland heldur einnig fyrir stór iðnaðarhagkerfi á borð við Þýskaland og fleiri ESB-ríki, sem urðu snögglega vör við veikleika í eigin kerfum. Strax árið 2022 varð þessi kerfisáhætta að meginumræðuefni víða, meðal annars á grundvelli norrænna greininga um útsetningu matvælakerfa fyrir áföllum.

Að íslensk framleiðsla hélt áfram að starfa við slíkar aðstæður er ekki tilviljun heldur afleiðing samverkandi þátta: endurnýjanlegrar orku, stuttra aðfangaleiða og faglegs mannauðs.

Á norðurslóðum byggir þessi seigla jafnframt á því sem fæðuöryggisfræði hefur nefnt *lived capacity*, þ.e. reynslugeta samfélaga: sú uppsafnaða færni og staðbundna þekking sem verður til í samfélögum sem lifa og starfa við krefjandi aðstæður. Slík reynslugeta verður ekki flutt milli landa með einföldum aðgerðum; hún verður til í daglegum rekstri, aðlögun og samfelldri búsetu. Þetta er þáttur sem mörg ríki, m.a. Kanada og Finnland, leggja mikla áherslu á í eigin greiningum á fæðuöryggi.

Réttur alþjóðasamanburður skiptir máli

Í samanburði við önnur norðurslóðaríki sést að þau styðjast við fjölbreytt stjórntæki til að tryggja stöðugleika og framleiðslugetu. Í Kanada byggir mjólkur-, eggja- og alifuglarækt á svokölluðu supply management-kerfi þar sem framleiðsluréttur, verðstöðugleiki og markaðsaðgangur eru hluti af breiðari stefnu um fæðuöryggi og dreifða búsetu. Kerfið er ekki hannað til að ýta undir ákveðna framleiðslu heldur til að draga úr sveiflum og viðhalda rekstrarskilyrðum í krefjandi loftslagi.

Í Noregi hefur verið byggt upp stöðugt stuðningskerfi með hliðsjón af landfræðilegum áskorunum og norðurslóðaskilyrðum. Finnland hefur flokkað fæðuöryggi sem þátt í varnarmálum – sem endurspeglar hversu mikilvæg innlend framleiðsla er þar í landi fyrir seiglu matvælakerfisins.

Þegar litið er til Evrópusambandsins er mikilvægt að hafa í huga að sameiginlega landbúnaðarstefnan (CAP) felur bæði í sér tekjustuðning til bænda og verndaraðgerðir á ytri mörkum. ESB beitir tollum og innflutningstakmörkunum á fjölmarga vöruflokka, mun fleiri en Ísland, og eru þessar aðgerðir hluti af því að tryggja stöðugt rekstrarumhverfi, framleiðslugetu og fæðuöryggi innan sambandsins.

Meginstoð CAP er svokallaður decoupled-stuðningur, sem er ekki bundinn við framleiðslu ákveðinna afurða – hvorki korns né búfjárfóðurs – heldur byggir á skilyrðum um landnýtingu, umhverfisvernd, grunnvatnsvernd og loftslagsaðgerðir. Þessi stuðningur er þó einnig ætlaður til að tryggja að landbúnaður geti starfað með eðlilegum stöðugleika og viðhaldið innlendri framleiðslugetu. Hvað framleitt er innan bús er hins vegar ákvörðun bænda sjálfra innan ramma markaðsaðstæðna og innviða.

Af þessum ástæðum er óvarlegt að draga einfaldar ályktanir um að stuðningskerfi ESB henti sem tæki til að örva afmarkaðar framleiðslugreinar hér á landi. Staða Íslands sem norðurslóðaríkis – með ólíkar aðfanga-, landnýtingar- og loftslagsforsendur en miðlæg svæði Evrópu – kallar á sérhæfða nálgun sem byggir á eigin kerfisforsendum.

Hvernig styrkja má umræðuna til framtíðar

Í ljósi reynslu norðurslóðaríkja og boðaðrar áherslu stjórnvalda á viðnámsþrótt er ljóst að íslensk umræða um fæðuöryggi þarf að byggja á alþjóðlegum viðmiðum og skýrri notkun hugtaka. Mikilvægt er að aðgreina fæðuöryggi frá viðbúnaði og neyðarbirgðum, þar sem þessir þættir sinna ólíkum hlutverkum innan kerfisins.

Stefnumótun á þessu sviði þarf að leggja aukna áherslu á kerfislæga þætti: orku, aðfangaöryggi, landnýtingu, mannauð, reynslugetu samfélaga og innbyggða framleiðslugetu. Án slíkrar heildarsýnar er hætta á að umræðan verði of þröng og byggi á einni breytu – hvort sem það er innflutningshlutfall, framleiðslumagn eða birgðir.

Leiðarljós til framtíðar

1. Innlend matvælaframleiðsla er innviður þjóðaröryggis, ekki einungis efnahagsmál.
2. Orka og matvæli eru samverkandi kerfi sem verða að vera stöðug og áreiðanleg.
3. Mannauður, þekking og reynslugeta samfélaga eru grunnþættir seiglu matvælakeðjunnar.
4. Aðgreina þarf skýrt á milli fæðuöryggis og neyðarbirgða, sem sinna ólíkum hlutverkum.
5. Stefnumótun þarf að byggja á alþjóðlegum viðmiðum og reynslu norðurslóða, en ekki á einfaldaðri túlkun eða óvarlegum samanburði.

Lokaorð

Á endanum er fæðuöryggi ekki spurning um birgðir eða hlutföll, heldur um það hvort samfélagið býr yfir þeirri getu og seiglu sem þarf til að standa af sér áföll.

Það er sú sýn sem þarf að leiða umræðuna á Íslandi – nú og á komandi árum.

Höfundur er hagfræðingur Mjólkursamsölunnar.

Skjólbelti í Landeyjum.

Öll lögbýli geta fengið styrk til skjólbeltaræktunar

Hallur Björgvinsson.

Skjólbelti úr trjágróðri eru hagkvæm lausn þar sem skjóls er þörf. Með ræktun skjólbelta og skjóllunda í beitarhögum, ræktunarlöndum og á uppgræðslusvæðum er hægt að hafa gagnleg áhrif á búrekstur og umhverfi.

Notkun skjólbelta og skjólgróðurs til að auka uppskeru og skýla búfénaði hefur lengi verið órjúfanlegur þáttur landbúnaðar víða um heim. Ræktun þeirra er einnig lykilþáttur í að hefta jarðvegsfok og vernda jarðveg á mikilvægum matvælaframleiðslusvæðum margra landa. Lítil hefð er fyrir skjólbeltaræktun hérlendis en hún fer þó hægt vaxandi. Land og skógur veitir ráðgjöf og úthlutar styrkjum til ræktunar skjólbelta og skjóllunda, og geta allir ábúendur lögbýla nýtt sér þann stuðning.

Áhrif skjóls á gróður og búpening

Ekki þarf að fjölyrða um gagnsemi þess að koma sér upp góðu skjóli á okkar vindasama landi. Flest þekkjum við hvað vindkæling getur verið aðgangshörð og jafnvel aukið kælingu svo að skaði hlýst af. Aðgangur að góðu skjóli er mikilvægur fyrir unglömb og ær á sauðburði, en einnig til að skýla öllum búfénaði í hausthretum og vetrarhörkum. Að sumri leita skepnur gjarnan skjóls við skjólbelti eða trjálundi í miklum hitum eða slagveðursrigningum.

Bein áhrif vinds á gróður eru margvísleg og hafa mikið að segja um vöxt og uppskeru. Vindslit á laufblöðum getur minnkað vaxtargetu plantna og truflað rakastjórnun þeirra. Stöðug hreyfing plöntu í vindi veldur álagi sem leiðir til þess að hlutfallslega meira af vexti fer í rætur en ofanjarðarvöxt og plöntur verða styttri og gildari en þar sem þær vaxa í skjóli.

Hér á norðlægum slóðum eru þó óbein áhrif vinds á uppskeru iðulega enn afdrifaríkari en beinar vindskemmdir, t.d. áhrif á hitafar og raka. Í skjóli verður loft kyrrstæðara og hitnar þá meira en þar sem svalir vindar blandast því og feykja burt. Lofthiti sólarhrings hækkar að meðaltali um 0,5–2 °C næst skjólbelti og nær sú hækkun að jafnaði út yfir svæði sem nemur um sex- til áttfaldri hæð beltisins. Á sólríkum dögum getur hitinn hækkað mun meira. Hitasumman yfir vaxtartíma sumarsins er þar af leiðandi yfirleitt töluvert hærri á skjólgóðum svæðum en svæðum án skýlingar. Uppgufun úr jarðvegi og gróðri verður gjarnan minni í skjóli en á berangri og varmaheldni jarðvegsins jafnari. Jarðvegshiti í efstu 20 cm er því oft 0,5–1 °C hærri yfir vaxtartímann í góðu skjóli en á berangri.

Skjólbeltadúkur lagður.

Í samræmi við hærra hitastig og minna vindálag á skýldum svæðum reynist plöntuvöxtur þar yfirleitt töluvert meiri en á berangri án skjóls. Það er þó mjög mismunandi eftir plöntutegundum og yrkjum hve mikill sá munur verður. Með bættum vaxtarskilyrðum vegna skjóls gefst einnig kostur á að rækta uppskerumeiri en hitakærari nytjategundir og afbrigði en annars væri hægt. Af hitakærari tegundum og afbrigðum nytjaplantna getur uppskera aukist verulega ef þeim er veitt gott skjól, meðan ýmsar aðrar tegundir eru vel aðlagaðar veðurfari hérlendis og bæta minna við sig þótt skjól aukist.

Skipulag skjólbelta og skjólkerfa

Til að ná fram verulegum skjóláhrifum er vænlegast að skipuleggja eins konar kerfi af skjólbeltum. Einstök skjólbelti á víðavangi hafa ekki eins afgerandi áhrif og samtengd skjólbelti sem mynda skjólkerfi og hafa þannig stigvaxandi áhrif á nærviðri á svæðinu, til bóta fyrir ræktunaraðstæður, útivist og fleira. Skjólkerfi geta náð yfir mismunandi umfangsmikil svæði eftir aðstæðum og tilvalið að flétta inn í þau minni eða stærri trjálundi þar sem það hentar.

Við skipulagningu á skjólbeltum eða skjólkerfum er að ýmsu að huga og gott að leita samráðs við skjólbeltaráðgjafa. Athuga þarf jarðveg og ræktunaraðstæður, velta fyrir sér hentugum staðsetningum og millibili og hvaða tegundir trjáa og runna eru nægilega harðgerðar fyrir svæðið. Eins og í öðrum framkvæmdum þarf að sneiða hjá fornminjum og taka tillit til annarra friðana, huga að lögnum o.fl. Auk þess er gott að hafa í huga áhrif skjólbelta á hugsanlega snjósöfnun og skuggavarp. Einnig er mikilvægt að fara eftir leiðbeiningum um klippingu og umhirðu skjólbeltanna þegar þau vaxa upp.

Ráðgjöf og styrkir

Eins og áður er sagt veitir Land og skógur lögbýlum styrki til ræktunar á skjólbeltum og skjóllundum. Styrkurinn felst í trjáplöntum sem afhentar eru til skjólbeltagerðar og jarðvegsdúk ef þörf er á að hindra vöxt samkeppnisgróðurs í frjósömu landi. Ráðgjöf skógræktarráðgjafa LOGS og gerð tillögu að skjólbeltaáætlun jarðarinnar í samvinnu við ábúanda er einnig innifalin í styrknum. Öll gróðursett skjólbelti verða í eigu og umsjón landeiganda.

Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á landogskogur.is og hjá skógræktarráðgjöfum Lands og skógar. Pantanir vegna skjólbeltaframkvæmda næsta vors þurfa að berast stofnuninni eigi síðar en 5. janúar.

Höfundur er skógræktar- og skjólbeltaráðgjafi LOGS.

X6 var rússajeppi föður míns
Ágústs Þorvaldssonar á Brúnastöðum.

Ég hefi hug á að kaupa slíkan bíl
sé hann til í þokkalegu ástandi.
Með jólakveðju.
Guðni Ágústsson, sími 891-9049

Grænt afbrigði fjallaþins, kvæmi Arapaho frá Colorado

Blátt afbrigði fjallaþins, kvæmið Apache frá Arizona.

Íslensk jólatré og ræktun þins

Brynjar Skúlason.

Flest okkar halda fast í jólahefðir. Ein þeirra er hvaða trjátegund við notum sem svokölluð lifandi jólatré. Á Íslandi er orðin rík hefð hjá mörgum að nota stafafuru sem er frábær íslensk jólavara, bæði þéttvaxin og barrheldin. Enn er þó innfluttur danskur nordmannsþinur algengasta jólatrjáategundin í stofum landsmanna. Sú staðreynd vekur ávallt upp spurninguna hvort við getum aukið hlutdeild íslenskra trjáa á jólatrjáamarkaði. Þar eru tvær leiðir helst nefndar. Önnur er öflugra markaðsstarf við að koma stafafuru og öðrum íslenskum jólatrjáategundum betur á framfæri og fá þannig fólk til að breyta hefðum og velja sígrænar tegundir sem eru ræktaðar á Íslandi. Hin leiðin væri að efla ræktun á þintegundum sem við getum ræktað hérlendis og eru þá líkari innfluttum nordmannsþin sem margir hafa vanist í sínu jólahaldi.

Fjallaþinur var prófaður í stórri norrænni kvæmarannsókn (gróðursett 1999) þar sem Ísland var meðal þátttakenda. Niðurstöður þeirrar rannsóknar var að 4 kvæmi þóttu vænleg til jólatrjáaræktar á Íslandi en þau voru White River frá Bresku-Kólumbíu, Arapaho frá Colorado, Apache frá Arizona, og Cibola frá Nýju-Mexíkó. Þau tvö síðastnefndu eru háfjallakvæmi af bláu afbrigði fjallaþins. Því miður hefur fræ af Cibola-kvæminu verið ófáanlegt en hin kvæmin hafa verið á markaði fyrir þá sem vilja spreyta sig á þessari ræktun. Gott skjól og gisinn skermur frá eldri trjám eru góðar aðstæður fyrir þin fyrstu ræktunarárin. Fjallaþinur er þéttvaxið, gullfallegt jólatré og barrheldið eins og þinur almennt. Fallegur fjallaþinur slær innfluttan nordmannsþin auðveldlega út í gæðum en vegna hægs vaxtar er erfitt að keppa í verði við núverandi innflutning.

Ýmsar þintegundir eru nýttar sem jólatré víðs vegar um heiminn og fæstar hafa verið prófaðar í markvissum tilraunum hérlendis. Því var ákveðið að leggja út litla tilraun með algengar þintegundir til jólatrjáaræktar og bera þær saman við bestu kvæmin af fjallaþin. Plönturnar voru gróðursettar á Hallormsstað, á Vöglum í Eyjafirði og í Hafnarfirði vorið 2019. Lifun eftir 5 vaxtarsumur má sjá í eftirfarandi töflu.

Lifunin í heild er fremur slök og breytileg milli svæða. Þarna eru þó einkum þrjár sortir sem bera af, síberíuþinur (kv. Novosibirsk), fjallaþinur (kv. White River) og glæsiþinur (frægarður K73463). Niðurstaðan í bili er því sú að leggja áherslu á ræktun vænlegra kvæma af fjallaþin, síberíuþin og glæsiþin þar til nýjar upplýsingar koma fram. Þintilraunir verða mældar áfram og samhliða unnið að útvegun besta fáanlega fræs til jólatrjáaræktunar á Íslandi.

Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.

Fræðiheiti	Íslenskt nafn	Kvæmi	Hafnafjörður	Hallormsstaður	Vaglir	Meðaltal
Abies sibirica	Síberíuþinur	Novosibirsk	48%	75%	58%	60%
Abies lasiocarpa var lasi	Fjallaþinur	White River	15%	69%	68%	51%
Abies fraseri	Glæsiþinur	K73463	25%	43%	45%	39%
Abies lasiocarpa var. ariz	Fjallaþinur	Apache	10%	33%	38%	30%
Abies procera	Eðalþinur	Kaupangur	10%	20%	55%	28%
Abies fraseri	Glæsiþinur	Roan Mountain		8%	50%	27%
Abies concolor	Hvítþinur	San Isabel	0%	20%	45%	22%
Abies fraseri	Glæsiþinur	Mount Rogers	5%		40%	17%
Abies lasiocarpa var. lasi	Fjallaþinur	Arapaho	3%	33%	13%	16%
Abies nordmanniana	Norðmannsþinur	Ambrolauri/Tlugi	5%	3%	30%	13%
Abies koreana	Kóreuþinur	Trist	3%	10%	20%	11%
Abies nordmanniana	Norðmannsþinur	Tversted F 527	0%	20%	10%	10%
Abies procera	Eðalþinur	Overgård F 402	0%	0%	20%	9%
Abies nordmanniana	Norðmannsþinur	Apsheronsk/Mez	0%	15%	5%	7%
Abies concolor	Hvítþinur	Cibola	0%	0%	15%	5%

Endurreisn íslenskra landbúnaðarvísinda

Egill Gautason.

Staðan í rannsóknar- og kennslumálum landbúnaðarins er grafalvarleg. Í Landbúnaðarháskóla Íslands hefur fólki með akademískt hæfi eða doktorsgráðu á sviði landbúnaðar fækkað um nærri því einn á ári síðustu 20 ár. Ef fram heldur sem horfir verður bráðlega enginn eftir. Þessi fækkun hefur valdið miklum samdrætti í rannsóknum og ef ekki verður breyting á þessari þróun þarf hreinlega að leggja nám í búvísindum niður. Þrátt fyrir erfiða stöðu þá tel ég að vel sé hægt að snúa þróuninni við á nokkrum árum með réttum aðgerðum, og efla þar með framleiðni í íslenskum landbúnaði. Í þessari grein geri ég stuttlega grein fyrir vandanum og geri tillögu að lausnum sem ég beini til atvinnuvegaráðherra og forystumanna bænda.

Mennta- og ráðgjafarmál

Í landbúnaði er mikil vöntun á fólki með meistara- og doktorsgráðu í búvísindum fyrir rannsóknir, kennslu og ráðgjöf. Vingulsháttur stjórnvalda á menntakerfinu á síðustu árum hefur leitt til þess að nemendur eru verr undirbúnir þegar þeir hefja háskólanám en áður var, ekki síst í náttúrufræði og stærðfræði. Kennsla á BS stigi snýst því í auknum mæli um að kenna grunnatriði sem nemendur hefðu átt að tileinka sér í grunnskóla eða framhaldsskóla. Til viðbótar þessu hefur öllum sviðum búskapar fleygt fram, sem og fagmennsku og þekkingu bænda. Því er staðan sú að búvísindafólk þarf í auknum mæli að hafa meistara- eða doktorsgráðu til að vera gjaldgengir ráðunautar og kennarar. Þrátt fyrir marga öfluga ráðgjafa og ráðunauta þá er tilfinnanlegur skortur á framhaldsmenntuðu búvísindafólki.

Vandinn í rannsóknum

Helsti vandinn í landbúnaðarrannsóknum í dag er skortur á mannauði. Vissulega þyrfti að auka fjárveitingar til þessar rannsókna, sem ég geri tillögu um, en til að sækja fjármuni í samkeppnissjóði þarf réttan mannskap til að vinna verkefnin. Nú er til dæmis nær algjör vöntun á sviði plöntusjúkdómafræði, áburðar- og jarðvegsfræði, túngrasafræði, landbúnaðarbyggingum, og svo mætti lengi telja. Tilfinnanlegt er að nær engar tilraunir eru í grasrækt þrátt fyrir að íslenskur landbúnaður byggi mest á grasrækt. Það er helst á sviði kornræktar, og erfða- og kynbótafræði sem staðan er að styrkjast. Með áðurnefndri fækkun búvísindamanna hafa síðan mikilvæg tengsl við kollega öðrum löndum tapast, en vísindastarf einkennist í sívaxandi mæli af alþjóðlegu samstarfi. Þessi tengsl þarf að endurheimta.

Hvernig byggjum við upp rannsóknastarf í landbúnaði?

Til að byggja upp háskólastarfsemi á sviði landbúnaðarvísinda þarf að ráða akademískt starfsfólk, það er að jafnaði fólk með doktorsgráðu á fræðasviðinu, sem hefur „sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði“ (Lög um opinbera háskóla nr. 85/12. júní). Svona fólk liggur ekki á lausu. Fáar umsóknir hafa verið um þessi störf og launin eru illa samkeppnishæf við önnur störf í atvinnulífinu. Landbúnaðarháskóli Íslands getur ekki menntað þetta fólk sem stendur því háskóli hefur einungis burði til að bjóða upp á doktorsnám á þeim sviðum þar sem hann stendur sterkur. Þá er ekki annað í boði en sækja þekkinguna út fyrir landsteinana. Það hefur í árhundruð verið aðferð þessarar þjóðar við ysta haf til þess að sækja erlendan vísdóm, eða nam ekki Sæmundur fróði í Svartaskóla? Tvennt er í boði, annars vegar að ungir Íslendingar fari út, nemi fróðleik við erlenda háskóla og færi heim, hins vegar að ráða erlenda sérfræðinga. Það þarf að gera hvort tveggja en í þessari grein vil ég fjalla um fyrri kostinn.

Sendum Íslendinga í doktorsnám erlendis

Landbúnaðurinn sem atvinnugrein getur ekki beðið eftir því að framhaldsmenntað fólk spretti skyndilega upp og blómstri eins og túnfíflar í skarnahaugi heldur þarf nú að taka málin í eigin hendur. Mín tillaga er þessi: stjórnvöld, bændur og fyrirtæki í landbúnaði sameinist um að styrkja ungt búvísindafólk til doktorsnáms við erlenda háskóla á þeim sviðum sem helst kreppir að skóinn. Heimkomnir eru þessir doktorsmenntuðu búvísindamenn lykilmenn endurreisnarinnar sem lektorar við íslenska háskóla, ráðunautar og sérfræðingar, með mikilvægar tengingar við erlenda háskóla og vísindamenn. Með tíð og tíma verður hægt að byggja upp öflugri rannsóknir með meira fjármagni úr samkeppnissjóðum, og öflugt innlent framhaldsnám á fleiri sviðum búvísinda.

Aðkoma stjórnvalda og Bændasamtaka

Búvörusamningar renna út á næsta ári. Ég legg til að stjórnvöld og Bændasamtökin geri að markmiði að efla menntun, rannsóknir og ráðgjöf á sviði landbúnaðar. Fjárfesting í menntun og rannsóknum í landbúnaði er almannagæði sem nýtist öllu samfélaginu og felur ekki í sér markaðsskekkjandi inngrip. Ýmsar vísbendingar eru um að ónóg sé gert í opinberum stuðningi við menntun og rannsóknir. Þar er helst að nefna nýlega samantekt Efnahags- og framfarastofnunar á stuðningi við landbúnað sem benti á hversu lágt hlutfall af stuðningi við landbúnað á Íslandi renni til þjónustu við landbúnaðinn. (OECD, 2025, Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2025: Making the Most of the Trade and Environment Nexus in Agriculture). Þessi lélega forgangsröðun stjórnvalda endurspeglast í þeirri sorglegu þróun sem orðið hefur með fækkun búvísindamanna og samdrátt í rannsóknum.

Sameiningarmál

Ég hef vikið að sameiningu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands í grein sem birtist á Vísi 30. september síðastliðinn. Slík sameining myndi hjálpa til við að efla menntun á BS stigi og bjóða upp á breitt framhaldsnám í búvísindum en myndi þó ekki duga eitt og sér. Stjórnvöld hafa aftur á móti birt áætlanir um sameiningu Keldna og Landbúnaðarháskóla Íslands í háskólasamstæðu innan Háskóla Íslands. Ef það er vilji stjórnvalda þá legg ég til að farin yrði sú leið að stofna sérstaka Landbúnaðardeild Háskóla Íslands á Hvanneyri. Frá upphafi yrði að gera ráð fyrir hlutverki í landbúnaðarrannsóknum. Alls engar sameiningar án fyrirhyggju. Það hefur verið gert of oft í landbúnaðarmálum.

Fjármögnun rannsókna

Sömuleiðis þarf að efla og stækka rannsóknarsjóði landbúnaðarins. Þróunarfé búgreina hefur á liðnum árum verið notað á skynsaman hátt í ýmis minni en mikilvæg verkefni. Ég tel að það þurfi að auka verulega við þróunarféð. Úthlutun þróunarfjárins er í höndum bænda, sem vita allra best hvaða rannsókna er þörf. Ég legg sömuleiðis til að aukin sé hlutdeild rannsókna í úthlutun Matvælasjóðs, og hluta hans sé ætlaður sérstaklega til landbúnaðarrannsókna. Landbúnaðarhluta Matvælasjóðs og þróunarfé ætti að nýta meðal annars til að styrkja meistara og doktorsnema á sviði landbúnaðar, jafnt við erlenda háskóla sem innlenda. Ég legg til að þróunarfé verði á tímabili næsta búvörusamnings hækkað í 800 m.kr. á ári og að auki verði 150 m.kr. á ári í Matvælasjóði eyrnamerkt landbúnaðarrannsóknum. Þetta væri einungis örlítill hluti af heildarstuðningi við landbúnaðinn.

Sókn í landbúnaðarmálum

Íslendingum vilja flestir standa vörð um íslenskan landbúnað og til þess er veitt miklum opinberum fjármunum. Því skýtur það skökku við, ef meiningin er að standa vörð um þessa atvinnugrein, ef forystumenn bænda og stjórnvöld ætla að fylgjast með landbúnaðarvísindum hnigna án aðgerða. Mínar tillögur munu auka framleiðni og tryggja stöðu landbúnaðarins sem burðarás í íslenskum sveitum til framtíðar. Algjört lykilatriði er að fjölga búvísindafólki með doktorspróf til að manna lektors- og sérfræðingastöður við innlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Um langan tíma hefur umræða um landbúnaðarmál einkennst annars vegar af bölsýni, og hins vegar af furðulegri óskhyggju. Hvoru tveggja er sennilega viðbragð við mjög alvarlegri stöðu. Ég vona að atvinnuvegaráðherra, Bændasamtökin og aðrir aðilar landbúnaðarins sameinist um að hefja raunverulega sókn í búnaðarmálum með endurreisn íslenskra landbúnaðarvísinda.

Höfundur er lektor í kynbótafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Reynisrétt við Akranes, mynduð af Önnu Fjólu. Mynd / Anna Fjóla

Feðgin skrifa um réttir á Íslandi

Feðginin Anna Fjóla og pabbi hennar, Gísli B. Björnsson, eru nú á fullum krafti að undirbúa útgáfu bókar um réttir á Íslandi.

Þau hafa lengi unnið saman að ýmsum verkefnum en Gísli, sem er grafískur hönnuður, gaf til dæmis út bókina „Íslenski hesturinn“, þar sem Anna Fjóla átti fjölda mynda en hún er ljósmyndari.

Nýja bókin verður fyrst og fremst ljósmyndabók þar sem hver rétt er mynduð og sýnd hvernig hún liggur í landslaginu. Margar eru mikil mannvirki, fallegar og umhverfi þeirra stórkostlegt.

Feðginin, Anna Fjóla og Gísli B. Björnsson. Mynd / Aðsend

Réttir á Íslandi

„Þetta er fyrst og fremst bók um réttir á Íslandi. Sameiginlegur áhugi á fallegum formum og hleðslum og einnig því sem íslenskt er, varð kveikjan að þessu verkefni. Við höfum í áratugi haft gaman af formi rétta en með tilkomu drónatækni gafst tækifæri til að mynda þær úr lofti sem sýnir best form þeirra. Þetta ferli hófst fyrir 4 árum, í smáu sniði þó. Ég eignaðist dróna og myndaði réttina sem er næst mér, Dælarétt í Flóa. Síðan ákvað ég að mynda næstu og svo næstu. Þegar ég svo lagðist í skipulagða leit, bæði með því að skoða byggðasögu, hringja í bændur um allt land með því að skoða kort, bættist endalaust við og núna teljum við okkur vera með í höndunum myndir og heimildir um merkilegt safn minja. Við höfum líka haldið utan um GPS-númerin á þeim sem við höfum fundið,“ segir Anna Fjóla aðspurð um bókina um réttirnar.

Fyrst og fremst ljósmyndabók

En er vitað hvað það er margar réttir í landinu? „Nei, enginn virðist hafa yfirlit yfir heildarfjölda í landinu og ekki gátu minjaverðir um allt land bent mér á neitt nema Magnús A. Sigurðsson, minjavörður á Vesturlandi, sem var sá eini sem svaraði erindi mínu og gaf mér upplýsingar. Þegar ég fór skipulega að leita bættust fleiri og fleiri við og eru núna komnar heimildir á blað um 1.000 réttir. Þær eru vissulega misglæsilegar, sumar litlar, jafnvel aðeins stekkir, en heita þó réttir. Það eru stekkir um allt land og ekki ætlunin að mynda þá heldur réttir sem eru meira en 2–3 dilkar,“ segir Anna Fjóla.

Búin að mynda 600 réttir

Nú er Anna Fjóla búin að mynda um 600 réttir og stefnir hún á að mynda afganginn næsta sumar en umbrot bókarinnar er í vinnslu og efnisöflun við myndatexta verður verkefni vetrarins hjá feðginunum. „Við stefnum á útgáfu bókarinnar í lok næsta árs en ef það eru einhver eða einhverjir þarna úti, sem vilja styðja okkur við þetta risaverk þá má alltaf senda mér póst á afjola@simnet.is og það verður líka hægt að panta bók eða bækur hjá mér,“ segir Anna Fjóla spennt.

Upplýsingar um einstaka réttir

Feðginin yrðu mjög þakklát ef þeir sem þekkja til ákveðinna rétta myndu hafa samband og leyfa þeim að fá þær upplýsingar. „Við erum að reyna að finna aldur réttanna hvenær þær voru byggðar og í hversu langan tíma þær voru notaðar. Voru þetta lögréttir eða skilaréttir? Það er alveg ljóst að listinn er ekki tæmandi enda er ég ekki bundin af því að skila heildarlista yfir allar réttir landsins. Það verk ætti að heyra undir opinbera aðila sem hafa atvinnu af því að halda utan um merkar minjar í hverri sveit. Ég er enn að finna réttir, aðallega inn til landsins, sem virðast vera gleymdar. Svo ef einhver veit um gullmola í sinni sveit má láta mig vita,“ segir Anna Fjóla. */mhh*

Hverju skilaði hin blíða tíð?

– Af niðurstöðum lambadóma 2025

Eyþór Einarsson.

Útkoman í haust var góð. Lömbin voru væn og mjög vel holdfyllt. Fallþungi dilka var sá næstmesti sem verið hefur á landinu, eða 17,3 kg, og einkunn fyrir gerð hefur aldrei verið hærri, var nú 9,6. Að mörgu leyti hefur tíðafarið undanfarið ár verið einstaklega gott til búskapar og kemur því ekki á óvart að lömbin séu frekar góð. Það urðu því kannski einhverjir fyrir vonbrigðum að vænleiki dilka skyldi ekki vera enn meiri en raun bar vitni og að munur milli þessara tveggja síðustu sumra skuli ekki vera meira afgerandi. En sumarhagarnir hafa ekki alls staðar reynst kjarnbetri í ár en árið áður.

Búið er að skrá dóma á 62.122 lömb í Fjárvís (útekt 13.12.2025). Þetta er mesti fjöldi sem hefur verið skoðaður síðan haustið 2019. En frá 2019 varð niðursveifla sem náði ákveðnum botni haustið 2022 en þá voru skoðuð rúmlega 53 þúsund lömb. Síðan þá hefur verið stígandi í þátttökunni ár frá ári. Skráðir dómar á lambhrúta í haust eru 13.612 sem er aðeins meira en á sama tíma fyrir ári. Hrútarnir nú eru almennt með þykkari vöðva og betri lærastig en áður hefur verið. Þeir eru 0,3 kg þyngri en á síðasta ár, en þeir eru léttari en hrútahóparnir sem skoðaðir voru 2020 og 2021.

Mesti bakvöðvi í haust mældist 49 mm í hrútnum Stera 25-111 frá Syðri-Urriðá í Miðfirði og næstmesti vöðvinn í gimbur á Bergsstöðum í sömu sveit. Hún var með 47 mm þykkan vöðva. Bæði búin eru nýkomin af stað aftur eftir fjárskipti og því óhætt að segja að þetta fari glimrandi vel af stað hjá þeim. Hrúturinn frá Urriðaá er undan Faldi 23-937 frá Ytri-Skógum en gimbrin á Bergsstöðum er undan Alvísi 24-969 frá Kjarna.

Sterkasti afkvæmahópur sæðingastöðvahrútanna

Að jafnaði komu sæðingastöðvahrútarnir betur út en nokkru sinni áður ef horft er til bakvöðvamælinga. Líkt og sjá má í yfirlitstöflu sem birt var í Hrútaskrá, er meðalbakvöðvaþykkt sona stöðvahrútanna 32 mm í haust en hæst hefur þetta meðaltal verið 31,7 mm árið 2023. Þessi meðaltöl eru leiðrétt fyrir þunga. Ef horft er til topphrútlambanna í hverri sýslu eru 49% þeirra undan sæðingastöðvahrútum og er það heldur hærra hlutfall en síðustu ár. Atkvæðamesti faðirinn er Alvís 24-969 frá Kjarna en hann á 8 syni á listanum, á hæla hans kemur Faldur 23-937 frá Ytri-Skógum með 7 syni. Þó sumir af lambhrútunum sem voru á stöðvunum í fyrra hafi ekki staðið undir væntingum sem lambafeður þá var mikill meirihluti þeirra sem hélt sínu kynbótamati fyrir gerð og fallþunga eða hækkuðu milli ára eftir að afkvæmadómur lá fyrir. Alvís er einn þessara hrúta. Þeir sem hækkuðu mest kynbótamat sitt fyrir gerð milli ára voru þeir Gautur 24-972 frá Þorgautsstöðum 2 og Hrókur 24-960 frá Brúnastöðum, báðir fóru upp um 22 stig. Niðurstöður Hróks eru fádæma góðar en kynbótamat hans fyrir gerð fór í 140 stig í haust og er enginn annar stöðvahrútur, lifandi né dauður, sem skartar svo háu mati fyrir gerð. Gunnsteinn 24-975 frá Hólabæ og Toppur 24-974 frá Hófgerði standa efstir fyrir kynbótamat fyrir fallþunga (bein áhrif) með 139 stig.

Stigahæstu lambhrútar landsins

Hæst stigaði lambhrútur landsins þetta haustið er hrúturinn Púmba 25-360 frá Laxárdal, Hrútafirði. Hann hlaut 92,5 stig. Púmba er sonur Ófeigs 24-973 frá Heydalsá og dóttursonur Þokka 17-853 frá Lundi. Hann hefur erft ARR frá föður sínum en því miður fengið VRQ frá móður sinni og er því flaggaður í Fjárvísi með grænu og rauðu flaggi. Engu að síður nýtist hrúturinn til framræktunar þar sem helmingur afkvæmanna fær ARR. Tveir hrútar koma svo næstir með 92 stig. Hrútur nr. 52 frá Garðshorni á Þelamörk raðast ofar þar sem hann er með þykkari bakvöðva. Í þriðja sæti lendir Tindur 25-407 frá Melum í Árneshreppi og ber hann ARR og N138. Tindur er samfeðra Fána 25-831 sem nú stendur á sæðingastöðvunum. Jaki faðir þeirra er sonur Steins 23-926 frá Kaldbak og átti hann fádæma öflugan afkvæmahóp á Melum í haust. Fjórði glæsigripurinn er Mugison 25-001 frá Skriðu. Af þessum fimm efstu hrútum landsins stigast þessi hæst fyrir gerðarþættina en ullin dregur hann niður. Mugison er sonur Pistils 24-952 frá Brúnastöðum sen átti marga vel gerða syni í haust en ullin var oft þeirra slakasti þáttur. Því miður erfði Mugison ekki ARR frá föður sínum. Fimmti í röðinni er Hrímnir 25-113 frá Syðri-Urriðaá, hann hlaut líkt og Mugison 91,5 stig. Báðir foreldrar Hrímnis koma frá Mýrum 2 í Hrútafirði. Hrímnir ber tvö ljósgræn flögg en hann hefur erft AHQ frá Frosta 22-913 frá Ásgarði sem er föðurfaðir hans og C151 fær hann úr móðurættinni á Mýrum.

Að lokum

Bætt afkoma, hagfellt árferði og áhugaverð verkefni eru örugglega meðal þess sem veldur því að áhugi fyrir ræktunarstarfinu er í sókn. Það breytta landslag sem skapast hefur í sauðfjárræktinni eftir að innleiðing verndandi arfgerða gegn riðuveiki hófst hefur að vissu leyti aukið kraftinn. Fleiri góð bú geta nú selt kynbótagripi en áður og bú sem voru lítt virk í ræktunarstarfi keppast við að innleiða verndandi arfgerðir og bæta aðra kosti í leiðinni. Sem betur fer eru ekki nein teikn á lofti um að þessar breyttu áherslur í ræktunarstarfinu hafi haft neikvæð áhrif á framfarir í helstu afurðaeiginleikum. En áfram skal kjöl klífa. Gleðileg jól.

Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði RML.

Hrúturinn Púmba 25-360 frá Laxárdal, Hrútafirði.

Uppruni	Gripur	Faðir	Þungi (kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Fótleggur	Háls+herðar	Bringa+útlögur	Bak	Malir	Læri	Ull	Samræmi	Stig alls
Gullbringu- og Kjósarsýsla														
1 Bæjarsker norður	L233	24-010 Frosti	42	35	4.3	108	9.0	9.0	9.0	9.0	18.5	8.5	9.0	**88.0**
2 Kiðafell	25-003 Langiseli	24-003 Urðar	52	37	3.9	109	9.0	9.0	9.5	9.0	19.0	7.5	8.5	**87.5**
3 Bæjarsker norður	25-010 Rjómi	22-001 Þróttur	41	35	2.7	105	9.5	9.0	9.0	9.0	18.5	7.5	9.0	**87.5**
4 Kiðafell	L139	24-003 Urðar	54	35	4.9	108	9.0	9.0	9.0	9.0	18.5	8.5	8.5	**87.5**
5 Miðdalur	*25-816 Goði*	22-012 Ægir	54	32	2.3	108	8.5	9.0	9.0	9.0	19.0	8.0	9.0	**87.5**
Borgarfjarðarsýsla														
1 Hægindi	25-120	24-112 Hörkull	54	36	2.1	105	9.0	10	9.5	9.5	19.0	9.0	9.0	**91.0**
2 Skarðsbraut 4	25-305 Galsi	22-913 Frosti	62	35	3.6	112	9.5	9.5	9.5	9.0	19.0	8.5	8.5	**89.5**
3 Hrafnabjörg	25-580 Tvistur	23-505 Sigur	58	39	2.4	111	9.5	9.0	10	9.0	19.0	7.5	9.0	**89.0**
4 Múlakot	L394	24-744 Gáski	51	36	4.6	108	9.0	9.5	9.5	9.5	19.0	7.5	9.0	**89.0**
5 Múlakot	25-001	24-744 Gáski	55	37	3.6	109	9.0	9.0	9.5	9.5	19.0	7.5	9.5	**89.0**
Mýrasýsla														
1 Bjarnastaðir	25-342	22-913 Frosti	59	42	4.5	113	9.0	9.5	10	9.5	19.5	7.5	9.0	**90.0**
2 Höll	25-245	24-962 Eilífur	56	38	5.5	109	9.5	9.0	9.5	9.0	18.5	9.0	9.0	**89.5**
3 Fúsavatn	25-017 Gunnar	21-110 Klatti	57	36	3.5	109	9.5	9.5	9.5	9.5	19.0	7.5	8.5	**89.0**
4 Fúsavatn	25-010	21-110 Klatti	53	39	2.8	108	9.0	9.5	9.5	9.5	19.0	7.5	8.5	**88.5**
5 Bakkakot	25-113 Fendt	24-101 Framari	59	36	3.1	112	9.0	9.5	9.5	9.0	18.5	8.5	8.5	**88.5**
Snæfells- og Hnappadalssýsla														
1 Hraunháls	25-445 Hanshátign	24-974 Toppur	65	34	4.6	109	9.0	9.5	9.0	10	19.5	8.5	9.0	**90.5**
2 Máfahlíð	25-004 Steini	23-936 Garpur	53	39	3.0	106	9.0	9.0	10	9.5	19.0	9.0	9.0	**90.5**
3 Máfahlíð	25-003 X	22-005 Klaki	55	38	3.3	108	9.0	9.5	10	10	18.5	8.0	8.5	**89.5**
4 Álftavatn	25-341 Skjöldur	23-322 Skalli	48	42	3.4	106	9.5	9.0	10	9.0	19.0	8.5	8.5	**89.5**
5 Máfahlíð	25-001 Gummi Óla	23-448 Breiðiflói	49	38	3.0	104	9.5	9.0	10	9.5	19.0	7.5	8.5	**89.0**
Dalasýsla														
1 Bær	25-121 Ljúfur	23-139 Stubbur	63	37	4.0	109	9.5	9.5	9.5	9.5	19.0	8.5	8.5	**90.0**
2 Ásgarður	*25-806 Áttundi*	24-948 Sandur	51	37	3.9	106	9.0	9.5	9.5	9.5	19.0	8.0	9.5	**90.0**
3 Geirmundarstaðir	25-007 Jammi	21-542 Aspar	58	43	3.7	110	9.5	9.0	10	9.5	18.5	8.0	9.0	**89.5**
4 Rauðbarðaholt	25-549 Glampi	21-505 Glói	60	32	4.2	111	9.0	9.5	9.0	9.5	19.0	8.5	9.0	**89.5**
5 Svarfhóll	25-522	23-513	49	33	4.0	109	9.0	9.0	9.0	9.5	19.0	9.0	9.0	**89.5**
Barðastrandarsýslur														
1 Kambur	25-312 Kóngur	24-961 Elliði	57	40	5.0	111	9.5	9.5	9.5	9.5	19.5	8.5	8.5	**90.5**
2 Kambur	25-290 Neisti	24-286 Gotti	57	36	2.8	110	9.0	9.0	9.5	9.5	19.0	9.0	9.0	**90.0**
3 Reykhólar	25-050	24-962 Eilífur	65	36	5.8	110	9.5	9.0	9.0	9.5	19.0	8.5	9.5	**90.0**
4 Árbær	25-060 Kristall	23-049 Glúmur	51	34	0.2	107	9.5	9.5	9.0	9.0	18.5	9.0	9.0	**89.5**
5 Bakki	25-013	24-968 Ósmann	47	33	3.3	109	9.0	9.5	9.0	9.5	18.5	9.0	9.0	**89.5**
Ísafjarðarsýslur														
1 Auðkúla 1	25-265 Fálki	23-243 Grafar	57	40	5.7	111	9.0	9.5	9.5	9.5	19.0	8.0	8.5	**89.0**
2 Minni-Hlíð	25-220 Glói	24-974 Toppur	60	40	6.2	114	9.0	9.5	9.5	9.0	18.5	8.5	8.0	**88.0**
3 Auðkúla 1	25-246 Darri	24-953 Karri	61	38	4.6	115	9.0	9.5	9.5	9.0	18.5	8.5	8.0	**88.0**
4 Minni-Hlíð	25-214 Marinó	24-953 Karri	63	33	4.1	110	9.0	9.5	9.0	9.0	19.0	8.0	8.5	**88.0**
5 Svansvík	25-693 Gosi	24-953 Karri	55	35	4.2	109	9.0	9.5	9.0	9.0	18.5	8.5	8.5	**88.0**
Strandasýsla														
1 Laxárdalur	25-360 Púmba	24-973 Ófeigur	63	42	4.8	108	9.5	9.5	10	9.5	19.5	9.0	9.5	**92.5**
2 Melar 1	25-407 Tindur	24-370 Jaki	51	36	5.0	103	10	9.5	9.0	9.5	20.0	8.5	9.5	**92.0**
3 Miðdalsgröf	L596	23-940 Vörður	58	37	7.7	106	9.5	9.5	9.5	9.5	19.0	9.0	9.5	**91.5**
4 Kaldrananes 1	25-158	24-969 Alvís	52	40	4.3	103	9.5	9.0	10	9.5	19.5	7.5	9.5	**90.5**
5 Smáhamrar	25-088 Teitur	24-967 Dufgus	53	38	4.8	109	9.5	9.0	9.5	9.5	19.5	8.5	9.0	**90.5**
Vestur-Húnavatnssýsla														
1 Syðri-Urriðaá	25-113 Hrímnir	24-017 Héli	62	43	6.8	108	9.5	9.5	10	9.0	19.5	8.5	9.5	**91.5**
2 Bergsstaðir	25-300	24-969 Alvís	55	45	4.2	103	9.5	9.5	10	9.5	19.0	8.5	9.5	**91.0**
3 Efri-Fitjar	25-006	24-969 Alvís	46	41	1.9	101	9.5	9.5	10	9.0	19.5	9.0	8.5	**91.0**
4 Syðri-Urriðaá	L1	24-018 Dreki	63	40	5.1	111	9.5	9.5	10	9.5	19.0	8.5	9.5	**91.0**
5 Mýrar 2	25-168 Glaður	20-905 Kátur	55	40	5.2	105	9.5	9.0	10	9.5	19.0	8.5	9.5	**91.0**
Austur-Húnavatnssýsla														
1 Hólabær	*25-807 Gígur*	24-957 Bruni	60	36	2.5	110	9.5	9.5	9.5	9.0	18.5	8.5	9.5	**90.0**
2 Víkur	25-398 Skagi	24-010 Fjalar	50	35	2.9	107	9.5	9.5	9.0	9.5	19.0	7.5	9.5	**89.5**
3 Hólabær	L441	24-597 Hrundmundur	56	32	5.6	110	9.0	9.5	9.0	9.5	19.0	8.5	9.0	**89.5**
4 Hólabær	25-593 Gautsdalur	24-972 Gautur	46	37	3.7	105	9.0	9.0	9.5	9.0	19.0	9.0	9.0	**89.5**
5 Litlidalur	25-656 Jaki	24-974 Toppur	67	34	3.2	110	9.0	9.5	9.0	9.0	19.0	9.0	9.5	**89.5**
Skagafjarðarsýsla														
1 Ytri-Hofdalir	25-523	24-523 Jálkur	52	39	3.2	106	9.5	9.5	9.5	9.5	19.5	8.5	9.0	**91.0**
2 Hóll	25-358 Ritari	24-952 Pistill	52	37	3.1	105	9.5	9.5	9.5	9.5	19.0	8.5	9.0	**90.5**
3 Hugljótsstaðir	25-226 Klettur	24-224 kubbur	57	40	3.4	106	9.5	9.5	10	9.0	19.0	7.5	9.5	**90.0**
4 Grófargil	L23 Rifar	24-555 Svartipétur	62	37	3.7	110	9.0	9.5	9.5	9.0	19.0	8.5	9.5	**90.0**
5 Ytri-Hofdalir	25-524	21-521 Þróttur	58	39	3.3	110	9.5	9.5	9.5	9.5	19.0	7.5	9.0	**89.5**
Eyjafjarðarsýsla														
1 Garðshorn Þelamörk	L56	24-969 Alvís	56	38	4.9	110	10	9.5	9.0	10	19.5	8.5	9.5	**92.0**
2 Skriða	25-001 Mugison	24-952 Pistill	61	40	5.5	108	9.5	10	9.5	9.5	20.0	7.5	9.5	**91.5**
3 Torfufell	25-467 Glaður	20-905 Kátur	51	38	2.7	111	9.5	9.5	9.5	9.5	20.0	8.0	9.0	**91.0**
4 Hóll	25-710	23-707 Bætir	56	36	4.3	114	9.5	9.5	9.5	9.5	19.5	8.5	9.0	**91.0**
5 Garðshorn Þelamörk	L59	23-936 Garpur	51	38	3.1	111	9.5	9.5	9.5	10	18.5	9.0	9.0	**91.0**
Suður-Þingeyjarsýsla														
1 Þverá	25-301 Sómi	23-937 Faldur	50	40	2.0	112	9.5	9.5	10	10	19.0	8.5	8.5	**91.0**
2 Sólvangur	25-201 Tíukátur	20-905 Kátur	60	40	5.0	110	9.5	9.5	9.5	10	19.0	8.0	9.5	**91.0**
3 Skarðaborg	*25-811 Skörðungur*	24-960 Hrókur	49	41	2.1	113	9.5	9.0	10	9.5	20.0	7.5	9.0	**90.5**
4 Fellssel	25-216 Biskup	24-960 Hrókur	47	40	3.7	112	9.5	9.5	10	9.5	19.5	8.0	8.5	**90.5**
5 Ingjaldsstaðir	25-155 Goði	24-943 Glampi	50	38	4.0	108	10	9.5	9.5	9.5	19.5	7.5	9.0	**90.5**
Norður-Þingeyjarsýsla														
1 Sveinungsvík 1	25-207 Skakkur	24-204 Gljái	49	41	4.0	115	9.0	9.5	10	10	19.0	8.5	8.5	**90.5**
2 Sveinungsvík 1	25-209 SvaliSmali	24-206 ReimarRammi	45	38	2.9	111	9.5	9.5	9.5	10	19.0	9.0	8.0	**90.5**
3 Sveinungsvík 1	L364	24-210 Fönix	51	38	3.5	112	9.0	9.5	9.5	9.5	18.5	9.0	9.0	**90.0**
4 Sveinungsvík 1	25-201 Fokker	22-201 Fleygur	45	40	3.8	108	9.5	9.0	10	9.5	19.5	7.5	8.5	**89.5**
5 Snartarstaðir II	25-524	24-524 Gosi	53	37	2.3	110	9.0	9.0	9.5	9.5	19.0	8.5	9.0	**89.5**
Norður-Múlasýsla														
1 Klaustursel	25-236	24-968 Ósmann	52	35	3.9	104	9.5	9.0	9.5	9.5	19.0	9.0	9.0	**90.5**
2 Hákonarstaðir 3	25-173 Hnykill	24-162 Óðinn	53	33	3.2	106	9.5	9.0	9.0	9.5	19.0	8.5	9.0	**89.5**
3 Mælivellir	25-077	24-969 Alvís	45	37	2.5	102	9.0	9.0	9.5	9.5	18.5	9.0	9.0	**89.5**
4 Rauðholt	25-702	24-665 Skúfur	53	36	3.5	108	9.0	9.0	9.5	9.5	18.5	9.0	9.0	**89.5**
5 Hrafnabjörg 1	25-271	24-969 Alvís	46	40	3.5	105	9.0	9.5	10	9.5	18.5	8.0	9.0	**89.0**
Suður-Múlasýsla														
1 Eiríksstaðir	25-203	24-969 Alvís	50	38	3.4	107	9.5	9.5	10	9.5	19.0	8.5	9.0	**91.0**
2 Hafranes	25-066 Valli	24-057 Vöndur	42	38	2.1	106	9.5	9.0	10	9.5	18.5	9.0	9.0	**90.5**
3 Eiríksstaðir	25-206	24-969 Alvís	50	39	3.9	107	9.5	9.5	10	9.5	19.0	8.0	9.0	**90.0**
4 Hjartarstaðir 1	25-003 Garpur	22-004 Galdur	53	42	5.8	106	9.0	9.0	10	9.5	19.0	8.5	9.0	**90.0**
5 Hjartarstaðir 1	25-002 Funi	23-937 Faldur	63	40	4.4	110	9.5	9.5	10	9.0	19.5	8.0	9.0	**89.5**
Austur-Skaftafellssýsla														
1 Svínafell 3	25-338 Gjafar	21-522 Loki	44	37	3.2	108	9.0	9.0	9.5	9.0	19.0	8.0	8.5	**88.0**
2 Ártún	L27	24-624 Jafet	55	36	3.9	110	9.0	9.0	9.5	9.0	19.0	8.0	8.5	**88.0**
3 Litla-Hof	25-571 Ingi	23-937 Faldur	58	37	4.0	113	9.0	9.0	9.5	9.0	19.0	7.5	8.5	**87.5**
4 Ártún	L119	23-937 Faldur	62	39	2.8	113	9.0	9.0	9.5	9.0	18.5	8.0	8.5	**87.5**
5 Litla-Hof	25-340 Klútur	23-937 Faldur	54	37	3.3	109	9.0	9.0	9.5	9.0	18.5	8.0	8.5	**87.5**
Vestur-Skaftafellssýsla														
1 Fagridalur	25-463 Klassi	24-417 Týr	52	35	3.2	103	9.5	9.5	9.0	9.5	19.0	8.0	9.0	**89.5**
2 Mýrar	25-199	24-975 Gunnsteinn	53	41	2.6	110	9.0	9.0	10	9.0	19.0	9.0	8.5	**89.5**
3 Kirkjubæjarklaustur 2	L312	24-514 Jökull	46	36	3.6	106	9.0	9.5	9.5	9.5	19.0	8.0	8.5	**89.0**
4 Giljur	25-222 Ketill	23-642 Krummi	57	38	2.6	110	9.0	9.5	9.5	9.0	19.0	8.0	9.0	**89.0**
5 Fagridalur	L240	24-417 Týr	50	35	4.6	105	9.0	9.5	9.0	9.5	19.0	8.0	9.0	**89.0**
Rangárvallasýsla														
1 Efri-Rauðalækur	25-004 Nonni	21-390 Ári	56	39	3.5	110	9.0	9.0	10	9.5	19.5	8.0	9.0	**90.0**
2 Hólmar	L10 Sifi	20-905 Kátur	54	37	3.4	108	9.5	9.5	9.5	9.5	19.0	8.5	8.5	**90.0**
3 Skúmsstaðir	25-360 Emil	24-975 Gunnsteinn	59	36	4.2	110	9.0	9.5	9.5	9.5	19.5	8.0	9.0	**90.0**
4 Kaldbakur	25-111 Silfurbakur	24-113 Beikir	72	34	4.2	112	9.5	9.5	9.0	9.5	19.5	8.0	9.0	**90.0**
5 Teigur 1	25-310 Nagli	24-300 Hamar	60	33	3.2	109	9.5	9.0	9.0	9.5	20.0	8.0	9.0	**90.0**
Árnessýsla														
1 Dísarstaðir	L334	24-948 Sandur	54	43	2.8	106	9.0	9.5	10	9.5	19.5	8.0	9.0	**90.5**
2 Dísarstaðir	25-401	20-905 Kátur	51	37	3.5	106	10	9.5	9.5	9.5	19.0	8.0	9.0	**90.5**
3 Steinsholt 2	25-520 Kostur	23-937 Faldur	58	37	4.5	108	9.5	9.5	9.5	9.5	19.5	8.0	9.0	**90.5**
4 Bjarnastaðir	25-111 Toppur	23-937 Faldur	56	39	5.6	109	9.0	9.5	9.5	9.5	19.5	8.0	9.0	**90.0**
5 Bræðratunga	25-723 Sebastían	24-717 Sammi	46	36	3.4	107	9.5	9.0	9.5	9.5	19.5	8.5	8.5	**90.0**

Jökullinn Aletschgletscher í Sviss er stærsti jökullinn í Ölpunum. Árið 2011 var hann að jafnaði 23 kílómetra langur og þakti tæpa 82 ferkílómetra.
Mynd / Christian Lendl

Jöklar hörfa hratt

– Metminnkun í Ölpunum á næstu átta árum

Vísindamenn telja að meira en hundrað jöklar í Ölpunum verði horfnir árið 2033. Áratug síðar er því spáð að brotthvarf jökla í vestanverðri Norður-Ameríku nái methraða þar sem meira en 800 hverfa á ári.

Á heimsvísu eru til um 200 þúsund jöklar og hverfa að jafnaði 750 á ári hverju. Samkvæmt rannsóknum er því spáð að mun fleiri hverfi árlega eftir því sem losun gróðurhúsalofttegunda eykst. Frá þessu er greint í Guardian.

Miðað við þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa ráðist í til að draga úr losun kolefnis er því spáð að hlýnun nemi um 2,7 °C miðað við meðalhita fyrir iðnbyltingu. Mun þetta auka á öfga í veðurfari og verða til þess að 3.000 jöklar glatast á heimsvísu árið 2040. 80 prósent af þeim jöklum sem til eru í dag gætu verið horfnir við lok aldarinnar.

Takist þjóðum heims að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og koma í veg fyrir að loftslag hlýni meira en 1,5 °C telja vísindamenn að 2.000 jöklar hverfi á ári hverju í kringum 2040. Eftir það myndi hægja á bráðnun jökla. */ál*

Skipulagsauglýsing

Aðalskipulag
Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:
Breyting á Aðalskipulagi Blönduósbæjar-Sunnubraut
Breytingin gengur út að reitur fyrir núverandi íbúðarbyggð við Sunnubraut er stækkaður til þess að koma fyrir lóðum við Sunnubraut. Innan svæðisins verður hægt að koma fyrir allt að 10 íbúðum. Opið svæði O1 minnkar samhliða stækkun íbúðarsvæðisins til samræmis.

Breyting á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Sunnubraut á Blönduósi
Samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér enduraulglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Sunnubraut á Blönduósi.

Tillagan fjallar um fjölgun lóða við Sunnubraut. Bætt er við fimm lóðum við Sunnubraut, þar af ein fyrir íbúðarkjarna.
Gerðar eru einnig lagfæringar á legu stígs sem liggur frá Sunnubraut að íþróttasvæði, mön við Sunnubraut felld út og breyting á bílastæðum við Holtabraut.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Húnabyggðar að Ægisbraut 1
frá og með 16.desember 2025 til 27.janúar 2026.
Þær verða einnig til sýnis á heimasíðu Húnabyggðar, www.hunabyggd.is.
Gögnin eru ennfremur aðgengileg undir málsnúmerum 1004/2025 og 1273/2025.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við til **27.janúar 2026** undir viðeigandi málsnúmerum í skipulagsgáttinni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Húnabyggðar

Heimsókn til Rúmeníu og fleiri fréttir af DIGI-Rangeland verkefninu

Á Eurofence búinu. Vísundar og hundur sem eru algengir til að vara við hættum vegna úlfa og skógarbjarna. Mynd / Isaac Rivadulla

Dagana 18.–20. nóvember síðastliðinn sóttu höfundar þessarar greinar þverþjóðlega vinnustofu í DIGI-Rangeland verkefninu þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands er þátttakandi. Verkefnið er samstarfsverkefni 11 Evrópulanda og stendur yfir í fjögur ár, 2025–2028. Verkefnið gengur út á að miðla þekkingu um notkun stafrænnar tækni í búfjárrækt með sauðfé, nautgripi, geitur og önnur jórturdýr. Í brennidepli eru þrjú meginsvið þar sem talið er að stafræna tæknin geti komið að gagni:

– Bætt einstaklingsmiðuð fóðrun, meðferð og meðhöndlun gripa, almenn bústjórn og rekstur.

– Til að stuðla að meiri sátt og samvinnu um landnýtingu ólíkra hagsmunaaðila.

– Að styðja við vöruþróun og markaðssetningu afurða og þjónustu sem þessi framleiðslukerfi gefa af sér.

Rúmenía

Vinnustofan var haldin í borginni Braşov sem er miðsvæðis í Rúmeníu, umkringd suðurhluta Karpatafjallanna, byggð af þýskum söxum á 12. öld. Svæðið var og er mikilvæg miðstöð verslunar og menningar í Transylvaníu. Eftir fall kommúnismans hefur Braşov blómstrað sem ferðamannaborg. Þá (1989) var landi í eigu ríkisins endurúthlutað til einkaaðila, með hliðsjón af landeign eins og hún hafði verið um 1920. Þetta ferli var umfangsmikið og flókið og enn eru mörg mál óleyst. Tætt eignarhald á landi setur nú um 35 árum síðar enn sitt mark á skipulag landbúnaðar og nýtingu lands. Á þeim dreifbýlissvæðum sem við ferðuðumst um var mjög algengt að sjá húsalengjur beggja vegna götunnar en landbúnaðarland í bakgarðinum.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Oddný Steina Valsdóttir.

Jóhannes Sveinbjörnsson.

Kristinn Knörr Jóhannesson.

Eyjólfur Kristinn Örnólfsson.

Frá 2007 varð Rúmenía hluti af Evrópusambandinu og stuðningskerfið þar byggist á stefnu um fjárfestingar í innviðum í dreifbýli Rúmeníu (AFIR) sem er hluti af dreifbýlissjóði ESB (FEADR) sem er hluti af sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB (CAP). FEADR kerfið er meira notað í löndum Austur-Evrópu en í Vestur-Evrópu því efnahagur landanna þar er veikari og stærri hluti íbúa er búsettur í sveitum. Fjárfestingarstuðningur innan FEADR er 70-90% af heildarfjárfestingu í Austur-Evrópu en 40-60% í Vestur-Evrópu.

Í Rúmeníu er eitt frjósamasta og víðfeðmasta landbúnaðarland Evrópu, og um þriðjungur EU-bænda býr þar. Uppbygging landbúnaðar er mjög tvískipt. Um 90% bænda reka smábú á innan við 5 ha. Á hinn bóginn eru stærri bú með mikla framleiðslugetu sem eiga eða leigja mörg hundruð eða þúsundir hektara lands. Hestvagnar nýttir til heyflutninga báru fyrir augu en einnig dráttarvélaflotar stærri búa sem hefðu sómað sér vel á hvaða stórbýli sem væri hvar sem er í heiminum. Mikill fókus er á sjálfbærni, búskap með jórturdýr og að varðveita graslendi með hátt náttúruverndargildi. Rúmenía á því vel heima í DIGI-Rangeland verkefninu sem hefur einmitt þessar áherslur. Það er eftir einhverju að slægjast fyrir Evrópu og heiminn að efla landbúnað í Rúmeníu. Af jórturdýrum eru í landinu um 10 milljónir sauðfjár og geita, tæpar 2 milljónir nautgripa og um 10 þúsund buffalar.

Heimsóknir á bú í nágrenni Braşov

Vinnustofan í Braşov var brotin upp með heimsóknum á þrjú ólík bú í nágrenninu. Fyrsta heimsóknin var á Eurofence búið í Aita Mare. Eigendur búsins eru girðingarverktakar að aðalatvinnu og nota rafgirðingar frá Gallagher með snjalltækni sem hefur dregið úr vinnuálagi og gert eftirlit skilvirkara. Búið hefur yfir 52 ha að ráða sem er skipt upp í nokkur hólf og notuð skiptibeit. Á búinu eru vísundar af amerískum stofni sem geta verið úti allt árið án húsaskjóls. Yfir vetrartímann er gripunum gefið hey með sem er frekar létt að fóðurgildi. Meginmarkmið ábúenda með þessum búskap er að halda hjörðina við sem náttúrulegastar aðstæður og skapa aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Næsta bú sem var heimsótt var Măieruș Angus með 250 Black Angus kýr. Búið nýtir rúmlega 200 hektara, beit og fóðurframleiðsla fer að mestu fram innan búsins. Flestir gripirnir voru enn úti en þarna var stór bygging sem er notuð fjóra mánuði á ári. Á búinu er einnig talsvert af svínum. Til stendur að byggja lífgasvinnslu sem á að safna búfjáráburði á þessu búi og öðrum í næsta nágrenni til að vinna gasið en bændurnir fá síðan áburðarefni til baka og nýta við fóðurframleiðslu á sínum búum. Uppbygging þessarar vinnslu var eitt þeirra verkefna sem styrkt er af AFIR sjóði ESB.

Síðasta heimsóknin var á Ferma Cățean, fjölskyldurekið bú sem hefur yfir um 350 hekturum að ráða, að stærstum hluta graslendi í fjallahlíðum og dölum. Búið hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar lengi og meginuppistaða búskaparins eru 150 mjólkurkýr og 1500 kindur. Beitartímabilið er frá apríl og vel fram á haust. Búið vinnur mikið af eigin afurðum, m.a. osta sem eru blanda af kúa- og sauðamjólk. Hæsta verðið fyrir dilkakjöt er kringum páska og tekur burðartíminn því mið af því. Miðað er við að slátra lömbum um tveggja mánaða, í 10–12 kg fallþunga og í framhaldinu eru ærnar reknar uppí fjöllin til beitar og mjólkaðar tvisvar á dag. Fjárhirðar annast kindurnar allan sólarhringinn ásamt varðhundum sem ekki væri gaman að mæta í myrkri; úlfar og skógarbirnir eru helstu ógn beitardýra á svæðinu. Samhliða þessum hefðbundna búskap er lagt mikið uppúr fræðslu þar sem gestir fá innsýn í dagleg bústörf og matvælaframleiðslu. Framtíðaráform búsins eru að gera virðiskeðjuna stærri með auknu samtali framleiðenda við neytendur. Þau reka búð og taka við pöntunum. Á svæðinu kringum Braşov hefur verið byggt upp staðbundið vörumerki, „cu bun gust“, sem þýðir bragðgott úr héraði. Búið hefur fengið allmarga styrki úr sjóðum ESB til mismunandi verkefna. Á búinu voru 22 stöðugildi og af þeim voru 20 heimamenn.

Heimsóknirnar í nágrenni Braşov gáfu góða mynd af því hvernig búskapur í Transylvaníu mótast af náttúrulegum aðstæðum, sviptingum sögunnar, hefðum og stuðningskerfi landbúnaðar. Fyrir Íslendinga var áhugavert að sjá hvernig ríkulegur framkvæmdastuðningur getur fleytt þróun búanna mjög hratt fram. Það er þó ekki hægt að horfa fram hjá því

ETNUGOS
ÞÚ GETUR SÉÐ MEST ALLT UM YFIRBURÐI MICROLIFT BRETTATJAKKA OG BRETTASTAFLARA Á:
ETNA.IS
SÉRTU SNÖGGUR GETUR ÞÚ KRÆKT ÞÉR Í GOTT TILBOÐ ÁÐUR EN GOSIÐ GENGUR YFIR.
Etna ehf. Krókhálsi 1 • 110 Reykjavík • netfang: siggi@pmg.is

að stór hluti bænda og íbúa svæðanna búa við mjög vanþróuð skilyrði og kröpp kjör. Vonandi munu þessi verkefni skila öflugra samfélagi og kraftmiklum landbúnaði í Rúmeníu til lengri tíma.

DIGI-Rangeland verkefnið - Fjölþætt hlutverk úthagabeitar

Úthagi þekur meir en helming þurrlendis jarðarinnar og megnið af beitilöndum heimsins eru í úthaga. Beitilönd eru mikilvæg til framleiðslu fæðu en þau gegna einnig gríðarlega mikilvægu hlutverki sem fjölbreytt búsvæði, oft með hátt verndargildi, sem myndu glatast ef hætt yrði að stunda úthagabeit. Þessi svæði og nýting þeirra móta samfélagsgerð, hagkerfi og þróun dreifbýlis, ferðaþjónustu og framleiðslu staðbundinna gæðavara, verndun líffræðilegs fjölbreytileika og fjölbreyttra vistkerfisþjónustu sem samfélagið er háð. Hefðbundin nýting beitilanda á undir högg að sækja vegna náttúrufarslegra áskorana, hnattvæðingar, samkeppni um land og fleiri þátta. Til að sporna við þessari þróun er horft til innleiðingar stafrænna tæknilausna, þar sem það á við, í framleiðslukerfi sem byggja á úthagabeit. DIGI-Rangeland verkefnið snýst um allt þetta.

Aðferðafræðin – hvar erum við stödd í verkefninu?

Í fyrri verkefnum sem róið hafa á svipuð mið hefur komið fram að í búfjárrækt sem byggir á úthagabeit eru mörg vannýtt tækifæri í notkun stafrænnar tækni. Nú á fyrstu misserum DIGI-Rangeland verkefnisins er áhersla á að skoða hvað þarf til:

- Hverjar eru helstu áskoranirnar í búskap sem byggir á úthagabeit – burtséð frá notkun stafrænnar tækni?
- Hvaða lausnir og tækifæri til að mæta þessum áskorunum býður stafræna tæknin upp á?
- Hvaða hindranir standa helst í vegi fyrir innleiðingu stafrænnar tækni í þessum greinum?

Í haust voru vinnustofur innanlands í öllum ellefu löndunum, þar sem tekist var á við þessar spurningar, með hliðsjón af meginsviðunum þremur sem talin voru upp í upphafi þessarar greinar. Á vinnustofunni í Brașov fóru fulltrúar hvers lands yfir helstu atriði sem komu þarna fram. Bændur standa frammi fyrir vaxandi áskorunum vegna loftslagsbreytinga, rándýra, skorts á vinnuafli, flókins regluverks og eignarhalds á landi, og vegna árekstra við aðra landnotendur, svo sem ferðaþjónustu, náttúruvernd og orkuframkvæmdir. Hlutverk beitarnýtingar í varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika, landslags og brunavarna er oft lítt sýnilegt í samfélaginu – og sjaldan endurspeglað í verði afurða.

Þátttakendur lögðu áherslu á að stafræna tæknin þyrfti að vera einföld, áreiðanleg og sniðin að raunverulegum aðstæðum – þar sem nettenging er oft takmörkuð og búin lítil og fjölskyldurekin. Lausnir eins og örmerki, staðsetningarbúnaður og sýndargirðingar, drónar, stafræn kort og skýrsluhald geta dregið úr álagi, bætt yfirsýn og stutt við sjálfbæra nýtingu lands. Einnig kom sterkt fram þörf fyrir betri samskipti og samhæfingu milli ólíkra hagsmunaaðila. Stafrænar tæknilausnir geta þar gegnt mikilvægu hlutverki. Áhersla var á að auka sýnileika afurða úr afurðum úthagabeitar; þar með talið vistkerfisþjónustu sem þessi kerfi veita, svo sem kolefnisbindingu, verndun líffræðilegs fjölbreytileika og mótun menningarlandslags. Stafræn miðlun opnar möguleika varðandi rekjanleika, gæða- og upprunamerkingar og miðlun á frásögnum bænda, og getur þannig gegnt lykilhlutverki í að styrkja virðiskeðjuna og réttlæta sanngjarnt verð fyrir afurðirnar.

Spurningakönnun lögð fyrir bændur og aðra sem starfa náið með bændum

Eins og kynnt var í gegnum tölvupóstkerfi BÍ fyrr í haust er í gangi spurningakönnun á netinu sem ætluð er að efla skilning á þörfum, hindrunum og væntingum varðandi notkun stafrænnar tækni hjá bændum og öðrum aðilum er vinna í umhverfi búanna.

Rétt er að vekja athygli á því að til að gera úrvinnsluna markvissari er spurningakönnunin hönnuð miðað við að svarendur skilgreini sig út frá einu starfi í einu og út frá einni búfjártegund í einu. Það er mjög mikilvægt fyrir framhald DIGI-Rangeland verkefnisins að svörun verði góð í löndunum öllum. Töluvert hefur borist af svörum, en enn þá má gera mikið betur. Könnunin verður opin a.m.k. fram til áramóta, og er alveg kjörið að ná sér niður eftir allar haustannirnar í þægilega jólastemningu með því að fá sér smákökur og mandarínur, glugga í jólablað Bændablaðsins og svara könnuninni ef því er ekki þegar lokið. Könnunina má opna með meðfylgjandi QR-kóða.

Jóhannes er bóndi og dósent við LbhÍ, Eyjólfur Kristinn er aðjunkt við LbhÍ, Kristinn Knörr er ungbóndi, landfræðingur og nemi við LbhÍ, Oddný Steina er bóndi og ráðunautur hjá RML og Eyjólfur Ingvi er bóndi og ráðunautur hjá RML.

Kjósahreppur
Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag frístundabyggðar við Sandslund 16

Tillagan felur í sér skilgreiningu á 14 nýjum frístundalóðum með lóðum á stærðarbilinu 3.262-5.267 m2. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 55.000 m2. Deiliskipulagssvæðið nær yfir lóðirnar Sandstanga, Sandslund 16 og að hluta Sandslund 26.
Einnig er gert ráð fyrir að gerðar verði lítilsháttar breytingar á samþykktu Kjósardeiliskipulagi Sandslunds 17, vegna aðkomu og nýrrar lóðar.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 12. desember 2025 til 23. janúar 2026 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, www.kjos.is sem og í skipulagsgátt undir málsnúmerinu 1619/2025.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir **til 23. janúar 2026.**
Skila skal athugasemdum í skipulagsgáttina undir málsnúmerinu 1619/2025.

Samkvæmt 2. mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breyting á deiliskipulagi:

Deiliskipulag frístundabyggðar við Sandslund 17

Deiliskipulagsbreyting þessi nær yfir lóðirnar Sandstanga, Sandslund 17 og Sandslund 16 þar sem gert er ráð fyrir breytingar á nöfnum lóða, aðkoma frá Flekkudalsvegi færist um 20m til vestur og við bætist ein lóð á horni Flekkudalsvegs.
Að öðru leyti gilda áfram skilmálar samþykkts deiliskipulags.
Tillagan liggur frammi á skrifstofu Kjósarhrepps, Ásgarði, frá og með 12. desember 2025 til 9. janúar 2026 og er einnig til sýnis á heimasíðu Kjósarhrepps, www.kjos.is sem og í skipulagsgátt undir málsnúmerinu 1620/2025.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir **til 9. janúar 2026.**
Skila skal athugasemdum í skipulagsgáttina undir málsnúmerinu 1620/2025.

Virðingarfyllst,
Skipulagsfulltrúi Kjósarhrepps

Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com

Eins og flestir vita byggir Aðventa á frásögn af raunverulegri fjallaferð Benedikts Sigurjónssonar sem nefndur var Fjalla-Bensi. Hann hafði með sér hundinn Leó og forystusauðinn Eitil.

Sagnaþáttur:

Jól á fjöllum

Íslendingar eiga sannkallaða jólasögu sem er Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson. Hún byggir á ævi og starfi manns sem gerði það að lífsstefnu sinni að bjarga skepnum ofan af öræfum og varði frekar jólunum þar en í hlýjunni heima.

Hægt og bítandi hefur Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson unnið sér sess sem helsta jólasaga okkar. Ungum sem öldnum finnst sem engin jól séu nema þeir lesi um þrenninguna sem heldur upp í óbyggðir þegar dagana styttir svo koma megi til byggða því fé sem eftir sat að loknum síðustu göngum. Sagan hefur á sér blæ ævintýrisins. Aðalsöguhetjan, Benedikt, á lítið undir sér niðri í byggðum, stendur hvorki fyrir búi né hefur fyrir krökkum og konu að sjá, en í félagi við forystusauð og hund umbreytist hann óðar og öræfin taka við. Verður að sönnu mikilmenni. Þar uppi eiga stormar og ofankoma sitt kjörland. Eina skjólið er hráslagalegur gangnakofi, sæluhús sem veitir póstinum skjól á hraðferð sinni milli sveita og síðan lítið fylgsni langt inni í óbyggðum, hálfa leið milli sæluhúss og jökuls, sem Benedikt útbjó í upphafi ferils síns sem eftirleitamaður.

Þetta er grýtan, jarðhúsið sem gleypir þrenninguna þegar skjóls er mest þörf eftir langan gang í stórhríð og blindu. Hún verður líka næstum því að gröf þeirra en Benedikt sýnir þar enn og aftur sterkustu eðliskosti fjallamannsins: rósemi og glögga dómgreind. Hann dregur réttar ályktanir af því sem hann sér og reynir, er yfirvegaður þótt eitthvað bjáti á. Þar kemur í góðar þarfir kvæðiskorn sem hann tautar fyrir munni sér á göngunni um hvernig skuli haga sér á fjöllum: „Far með gætni, far með ró / flýt þér hægt, en öruggt þó.“

Speki og spenna

Benedikt kemst því ekki aðeins lífs af úr eftirleitinni þrátt fyrir margháttuð vandræði. Honum tekst einnig að bjarga fé úr öræfasvelti, inna af hendi „þjónustuna“ sem sögumanni verður svo tíðrætt um þegar hann segir söguna af Benedikt og félögunum tveimur, forystusauðnum Eitli og hundinum Leó. Ekki finnst öllum þó varið í þetta mas í sögumanni.

Lesendum Aðventu má nefnilega skipta gróflega í tvo flokka. Annar hópurinn lætur sér fátt finnast um hugleiðingar Gunnars Gunnarssonar um „þjónustuna sem inna þarf af hendi“, um einsemdina og þrána eftir henni á fjöllum uppi. Þessi hópur er allur upp á aksjónina. Vill fá að heyra af baráttunni við ofviðrið, af því þegar Benedikt grefur sig í snjó og brýst svo þaðan út aftur svo honum renni ekki í brjóst, af því þegar hann deilir ísköldum brauðmolum og freðnum kjötbitunum með hundinum Leó, hristir tuggu úr heypokanum sínum í sauðinn, hvikar aldrei, æðrast ekki, lætur áföll aldrei koma sér úr jafnvægi. Er nánast eitt með fjöllunum, þekkir umhverfið eins og lófann á sér og ratar jafnt í blindu sem skæra tunglsljósi.

Hinn hópurinn er hins vegar meira upp á spekina. Í einverunni, á ferðinni heiman að frá sér upp að síðasta byggða bóli áður en haldið er til óbyggða, sem og í öllu því vafstri sem Benedikts bíður á aðventunni, gefast næg tækifæri til að ígrunda tilgang þessa alls. Þar er Gunnar Gunnarsson við heygarðshorn sem sannarlega mátti kallast hans. Því má njóta sögunnar á þeim grundvelli að hún sé um ástæðurnar fyrir því að við gerum það sem við gerum, hvort verk okkar hafi eitthvað að segja og hvað það er sem fær okkur til að feta erfiða slóð. Er æðsta hlutverk okkar og það eina sem fyllir okkur vissu um tilgang okkar á jörðinni að „fórna okkur“? Ja, þegar stórt er spurt.

Aðventa verður til

Eins og flestir vita byggir Aðventa á frásögn af raunverulegri fjallaferð Benedikts Sigurjónssonar sem nefndur var Fjalla-Bensi. Sú ferð var farin fyrir einni öld, á aðventu 1925, og Þórður Jónsson í Laufahlíð í Reykjahverfi skráði hana síðan og birti í Eimreiðinni 1931. Þar rakst Gunnar Gunnarsson á hana, heillaðist af henni og notaði sem grunnstoð að verki sínu.

Fyrsti vottur þess var sagan Góði hirðirinn sem birtist á dönsku í safnriti sem hét Julesne og ætlað var að hækka hitann undir jólastemningunni meðal Dana 1931. Aðventa eins og við þekkjum hana kom síðan fyrst út á þýsku í litlu, þunnu og ódýru útgáfum Recklam-forlagsins haustið 1936 og danska útgáfan fylgdi síðan á hæla henni árið 1937. Íslensk þýðing Magnúsar Ásgeirssonar kom út árið 1939 en gerð Gunnars Gunnarssonar sjálfs birtist hins vegar ekki fyrr en árið 1976, að Gunnari látnum, í því bindi heildarútgáfu verka hans sem Almenna bókafélagið gaf út sem ber titilinn Fimm fræknisögur.

Fjalla-Bensi

Óhætt er að segja að frægð Fjalla-Bensa hafi verið innsigluð með útkomu Aðventu. Hann var hátt á sjötugsaldri þegar sagan loks kom út á íslensku 1939, en var þá þegar kunnur fyrir eftirleitarferðir sínar á jólaföstu. Frægð hans jókst svo enn þegar sögur af volki hans á heiðum voru skrásettar um og upp úr 1940 og birtust í riti Ólafs Jónssonar, Ódáðahraun, sem út kom í þremur bindum á Akureyri árið 1945 og er gullnáma fyrir hvern þann sem vill kynnast sögu Mývatnsöræfa og öræfanna suður af Herðubreið og Öskju.

Benedikt Sigurjónsson fæddist á Syðri-Neslöndum í Mývatnssveit 1876, sonur fátækra hjóna og var sendur barn að heiman í fóstur á Arnarvatni þar sem hann vandist smalamennsku og fjárgæslu uppi á Fljótsheiði. Um fermingu fór hann á prestssetrið Skútustaði við Mývatn þar sem hann var lengi vinnumaður og þar var hann þegar hann, 54 ára gamall, hélt af stað í eftirleitir á Mývatnsöræfum 8. desember 1925 og endaði með því að halda jól á fjöllum.

Hann var á fleiri bæjum í Þingeyjarsýslum, þar á meðal Grímsstöðum á Fjöllum, en endaði ævi sína á Akureyri þangað sem hann kom árið 1942. Þar náði Ólafur Jónsson í skottið á honum. Benedikt lést á Akureyri vorið 1946, varð bráðkvaddur úti á götu.

Hörmuleg örlög á heiðum

Í þáttum Ólafs Jónssonar af Fjalla-Bensa er frásögn af því þegar Benedikt uppgötvar hvaða örlög þeim skepnum eru búin sem ekki næst að smala heim á haustin. Benedikt hafði þá oft farið í eftirleitir á heiðum en enn hafði hann ekki bitið í sig þá föstu stefnu sem hann síðan tók. Þetta var raunar ekki um haust, heldur vor, og Benedikt þá vinnumaður á Grímsstöðum á Fjöllum. Síðla maí 1913 fór hann við annan mann að tína gæsaegg í Grafarlöndum sem eru skammt vestan Jökulsár á Fjöllum og norður af Herðubreiðarlindum. Grafarlönd voru þá í landi Reykjahlíðar í Mývatnssveit, sem jafnan hefur verið talin stærsta bújörð landsins, og höfðu Grímsstaðamenn leyfi landeigenda til eggjatínslunnar.

Þar blasti hins vegar við þeim Benedikt óhugnanleg sjón. Lágu þar dauðir tveir lambhrútar, sinn hvorum megin við sömu þúfuna, „en saman með hausana, svo að snoppurnar víxllögðust,“ eins og segir í frásögn Benedikts. Þetta voru eftirlegulömb sem þrátt fyrir að hafa reynt að berja gadd og krafsa eftir víðilaufi og fjalldrapa um veturinn höfðu ekki haft hann af. Skammt frá hrútslömbunum lá svo dauður gemlingur en yfir hræi hans stóð félagi hans, að vísu lifandi, en vart meira en það. Var hann „skinhoraður, genginn úr reyfinu, mannsber, og skreið færilús við færilús

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

RANGÁRÞING EYSTRA

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Rauðsbakki – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 0,5 ha svæðis í landi Rauðsbakka, L163709.
Gert er ráð fyrir 16, 20-30 m^2 húsum fyrir starfsfólk.
Hámarksbyggingarmagn innan svæðisins eru 530 m^2 og hámarkshæð húsa er 4 m frá gólfkóta. Lögð er áhersla á litla sjónmengun og náttúrulegu efni.

Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulagi:

Vistarvegur, Ytri-Skógar – deiliskipulagsbreyting

Með deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að tveimur parhúsalóðum verði breytt í eina lóð fyrir allt að 16 íbúðir á 1.400 m^2 lóð, hámarkshæð húsa verður 7,5 m. Samhliða er bílastæðum fjölgað úr 12 í 16.

Vistarvegur, Ytri-Skógar – aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta íbúðarbyggð, ÍB23 sem er hluti af þéttbýlissvæði Skóga. Verið er að hækka íbúðafjölda úr 5 í 16 íbúðir.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli.
Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 12. desember 2025 til og með 26. janúar 2026.
Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra

eftir hárlausum bjórnum“. Svo sterkur strengur var milli þessa ræfilsgreys og þess sem nú lá dauður að lúsétinn gemlingurinn hafði vart rótað sér af blettinum og því lágu ullartægjurnar sem færilúsin hafði kroppað af holdinu þarna úti um allt. Á meðan þeir Benedikt dvöldu í Grafarlöndum sáu þeir gemlinginn aldrei fikra sig lengra en spölkorn frá félaganum, kroppa eilítið í heiðagróðurinn en ganga svo aftur að hinum dauða til að leggjast hjá honum.

Sagði Benedikt sjálfur við Ólaf að þarna á bökkum Grafarlandsár hefði hann einsett sér að gera allt sem í sínu valdi stæði til að varna því að fé þyrfti að svelta til bana á öræfum á vetrum.

Samlíðan með dýrum

Ekki er að efa að fyrir þann sem finnur til með dýrunum er átakanlegt að horfa upp á þau veslast upp úr hungri vegna þess eins að enginn hafði nennu til að bjarga þeim. Á árunum kringum aldamótin 1900 vöknuðu sterkar hugsjónir með Íslendingum, enda töldu þeir sig sjá að þeim væri unnt að ráða örlögum sínum sjálfir um svo ótalmargt. Ein þessara hugsjóna var dýravernd. Tryggvi Gunnarsson bankastjóri með meiru hafði heillast af því hvernig danskir dýraverndunarsinnar höfðu bundist samtökum og átti upptök að því að Íslendingar létu sig örlög ómálga skepna varða.

Í tímaritinu Dýravininum, sem byrjað var að gefa út 1885 undir handarjaðri „Dýraverndunarfélags danskra kvenna“ en kom síðan út á vegum Hins íslenska þjóðvinafélags, birtust sögur eftir marga fremstu rithöfunda þjóðarinnar sem fjölluðu um illan aðbúnað dýra eða greindu frá einstöku metfé. Raunsæisstefnan með áherslu sína á lækningu þjóðfélagsmeina með uppskurði orðsins féll eins og flís við rass boðunar nýrra tilfinninga gagnvart samferðarverum okkar. Það varð heilög skylda hvers þess sem las þessar sögur og skildi inntak þeirra að leggja sitt af mörkum til að bæta líðan og aðbúnað málleysingjanna. Hvort sem það var að tíma aðeins meiri mat í hundinn eða fara betur með reiðhestinn þá vann dýravinurinn að framförum samfélagsins í átt til betri vegar. Við eigum að vera góð við dýr og gæta þeirra var boðskapur sem ótrúlega margir tóku nú alvarlega, bryndir af sögum og kvæðum.

Í fáum sveitum landsins var hugsjón dýraverndarinnar tekin jafnföstum tökum og í Suður-Þingeyjarsýslu. Bættist dýraverndin þar við langan listann framfaramála sem íbúar sýslunnar tóku upp á sína arma á því leysingavori hugsjóna og framfara sem þá ríkti. Einn öflugasti penni Dýravinsins var Mývetningurinn Þorgils gjallandi, sem þrátt fyrir að hafa hafið ritferil sinn kominn vel á fullorðinsár var í senn afkastamikill og frumlegur í öllu sínu sköpunarstarfi. Þorgils gjallandi, eða Jón Stefánsson eins og hann hét réttu nafni, var rómaður dýravinur í reynd. Til eru sögur af því hvernig hann faðmaði og kyssti reiðhross sín og hversu natinn hann var við alla fjárgæslu og fóðrun. Ein áhrifamesta saga hans, Heimþrá, sem raunar birtist ekki í Dýravininum, heldur í safni dýrasagna hans, segir frá merinni Stjörnu sem seld er til bónda fjarri heimahögum sínum en er gripin slíku óyndi að hún strýkur, lendir í ógöngum uppi á öræfum og ber þar beinin í orðsins fyllstu merkingu, grafin í sand og möl á gróðurvana rana við jökulfljót: Hún „þjáðist og píndist; ein, horfin og gleymd“ eins og þar segir.

Þessi lýsing á vindblásnum hrossabeinum uppi á heiðum var raunar – líkt og Aðventa – sótt til veruleikans. Í ágúst 1880 fóru nokkrir Mývetningar í könnunarför upp á hálendið og birtist frásögn þeirra í Norðlingi á Akureyri nokkru síðar. Fóru leiðangursmenn upp að jaðri Vatnajökuls, sáu upptök Kreppu og Jökulsár, reyndu að finna haga fyrir hrossin sín í auðninni og átta sig á landinu, hvar væri snöp að finna. Í Hvannalindum rákust þeir á „hrossbein á hrauntagli“ og töldu að þarna hefði hestur farið um þegar lindirnar hefði lagt að vetri, síðan orðið innlyksa og drepist að endingu úr hungri.

Harðfylgni á fjöllum

Sögurnar af eftirleitarferðum Fjalla-Bensa segja frá einstaklega harðgerðum manni, sem knúinn er áfram af hugsjón um að koma skepnum aftur til byggða, og væntanlega líka að fá fundarlaunin, sem námu um helmingi virðis hvers gripar. Sögurnar af volki hans segja ítrekað frá hvernig föt hans verða einn stokkur í frostinu eftir að hann hefur blotnað, til að mynda við að liggja í fönn. Svo heiftarlega frjósa þau að ísinn slítur þau í sundur þar sem mest mæðir, til að mynda við hné, en það bjargar honum að hann er jafnan í blessuðum ullarnærfötunum næst sér.

Benedikt kelur alltaf annað slagið á tám og höndum, en jafnar sig. Þolgæði hans er einstakt. Stundum þarf hann að þoka fénu áfram allan daginn til þess eins að sjá það stika til baka sömu leið meðan hann sefur og þarf hann þá að endurtaka leikinn næsta dag. Þolinmæði hans gengur næst sjálflausu striti japanskra munka sem dunda sér við að raka harpaða möl heilu dagana í von um að hitta á hárréttu munstrin. Benedikt er þannig sannkölluð skáldskaparpersóna í lifanda lífi og engin furða að Gunnar Gunnarsson hafi hrifist af afrekum hans.

Í Aðventu koma jólin þegar Benedikt er enn að þoka fénu til byggða. Hann gefst ekki upp fyrr en allt er þrotið til matar og hann sjálfur algerlega úrvinda. Þá eru það byggðamenn sem halda loks af stað annan í jólum og koma fénu heim. Eina ferðina enn er skepnunum bjargað frá því að verða skinin bein á beru hrauntagli við kolmórautt jökulfljót, víðsfjarri allri björg. Benedikt er sáttur, kominn aftur til manna en aðeins enn „um sinn“, eins og stendur í Aðventu.

Gleðileg jól, kæru lesendur, og munið að víkja góðu að skepnunum.

Hafdís Sturlaugsdóttir og Matthías Lýðsson, ábúendur og kjötverkendur í Húsavík á Ströndum, með nokkrar af afurðum sínum.

Hangikjötslæri í Húsavík.

Myndir / Aðsendar

Hangikjötsverkun í Húsavík:

Reykurinn verður rammur ef taðið er ekki nógu þurrt

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Hangikjöt er líklegast enn þá þjóðlegasti íslenski jólamaturinn. Í reglugerð um kjöt og kjötvörur er að finna skilgreiningu á hangikjöti.

Það skal vera saltað og kaldreykt lambakjöt að einhverju eða öllu leyti taðreykt. Þessum fyrirmælum fylgja Matthías Sævar Lýðsson og Hafdís Sturlaugsdóttir, ábúendur í Húsavík á Ströndum, sem búa svo vel að geta stungið þetta fágæta hráefni sem taðið er að verða, út úr gömlum og aflögðum fjárhúsum.

„Við erum með 350 kindur á fóðrum. Auk þess erum við með lítið æðarvarp," segir Hafdís spurð um búreksturinn á bænum. „Við tökum heim úr sláturhúsi um einn þriðja af framleiðslu búsins og vinnum úr því."

Kjötið varið fyrir sóti

„Í nóvember förum við að undirbúa hangikjötsframleiðsluna með því að úrbeina og setja í saltpækil. Við úrbeinum allt sem á að úrbeina áður en sett er í saltpækilinn til að spara plássið í pæklinum. Við erum með kör sem við söltum í og höfum mislangan tíma í salti eftir stærð og hvort það er með beini eða ekki. Við tökum svo upp og látum renna af áður en það er hengt upp í reykhúsið. Við setjum utan um allt kjöt sem fer í reyk, til að verja það sóti. Reykhúsið var endurbyggt fyrir nokkrum árum. Við erum með slár upp við loft og hengjum á þær með stálkrókum. Við erum með lambakjöt, sauðakjöt og ærkjöt," útskýrir Hafdís.

„Matthías er reykingarmeistarinn á bænum. Við reykjum við tað sem er verkað yfir sumarið og þurrkað. Það skiptir miklu máli að taðið sé vel þurrt því annars finnst okkur reykurinn verða of rammur," heldur hún áfram.

„Það er kveikt upp í tunnu inni í reykhúsinu sjálfu, en ekki kveikt upp á hverjum degi heldur fær kjötið að taka sig á milli uppkveikja – við teljum það vera betra. Reykingin tekur því lengri tíma. Við tökum svo niður eftir þykkt stykkjanna. Við erum bæði með léttreykt, venjulegt hangikjöt og tvíreykt, svo það þarf að fylgjast með. Tvíreykt er reykt lengur en síðan látið hanga svo það þorni."

Reykt og söltuð svið

Að sögn Hafdísar hafa þau einnig keypt talsvert af sviðum á haustin til að salta og reykja. „Það hefur verið nokkuð vinsælt. Við byrjuðum á þessu þegar Sauðfjársetrið í Sævangi ákvað að hafa sviðaveislu. Við tókum þá að okkur að reykja og salta svið til að fá fjölbreytni. Í framhaldi varð eftirspurn eftir reyktum sviðum sem við höfum reynt að sinna. Aðallega eru þetta einstaklingar sem leita eftir sviðum en einnig höfum við reykt fyrir sviðaveislur.

Fleiri kjötafurðir hafa þau fengist við að vinna heima á bænum. Lostalengjur eru kindavöðvar sem eru léttreyktir og marineraðir í aðalbláberjakryddlegi – og ein vinsælasta vara Húsavíkurbúsins. Þá hafa þau unnið fyrstu verðlaun í rúllupylsukeppni sem Slow Food-hreyfingin stóð fyrir. „Við ákváðum með skömmum fyrirvara að taka þátt, vorum þá rétt byrjuð að reykja rúllupylsu og tókum niður og sendum í keppnina. Við köllum þetta léttreykta rúllupylsu. Það er mjög gaman að prófa sig áfram með nýjungar og leika sér með hráefni. Við tókum svo þátt aftur með rúllupylsu með villtum kryddjurtum sem einnig fékk verðlaun. Síðast prófuðum við að gera rúllupylsu með þara. Það kom mjög áhugavert bragð af þaranum sem var alls ekki allra en var verðlaunuð.

Þetta lagði grunninn að samstarfsverkefni með Fine food þar sem við gerum „jerky" með þarablöndu."

Selja mest á heimasvæðinu

Hafdís segir að viðskiptavina hópurinn þeirra sé að mestu á heimasvæði þeirra. „Við höfum farið á markaði, meðal annars í Hörpu, en höfum ekki gert það síðustu ár. Við höfum í staðinn farið á jólamarkað á Hvanneyri og í Hveravík hér á svæðinu okkar. Svo er hópur viðskiptavina sem pantar hjá okkur ár eftir ár.

Við erum með Facebook-síðuna Húsavíkurbúið þar sem við setjum inn upplýsingar. Við erum líka félagar í Beint frá býli og þar inni er upplýsingasíða um okkur og hvernig er hægt að hafa samband. Við vorum með vörur til sölu í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar en þegar það hætti starfsemi höfum við ekki sett okkar vörur í búðir.

Annars fer megnið af framleiðslu okkar til veitingastaða hér á Ströndum og í kring. Einnig kaupa skólamötuneyti hér á svæðinu af okkur vörur. Til þess að geta selt til þeirra þurftum við að breyta skráningu hjá Mast."

Matthías er reykingarmeistarinn á bænum.

Góð beitilönd og sauðfjárrækt á Ströndum

„Það hefur orðið fækkun í hópi sauðfjárbænda hér á svæðinu á undanförum árum. Nú er búið með sauðfé á þriðjungi þeirra bæja sem búið var á 1982. Þessi þróun hefur gerst hægt og bítandi. Þessi fækkun skapar áskoranir með fjallskil eins og víða annars staðar um landið. En við erum mjög heppin með nágranna sem auðvelt er að leita til með hjálp. Hér eru mjög góð beitilönd og góð rækt í sauðfénu. Þetta skapar kjöraðstæður til sauðfjárræktar," svarar Hafdís þegar hún er spurð um stöðu og horfur fyrir sauðfjárbúskap á Ströndum.

„En auðvitað er óvissa með ytri aðstæður, eins og hvað verður í nýjum búvörusamningum og í framhaldi samningi um starfsskilyrði í sauðfjárrækt. Nýliðun hefur ekki verið mikil og meðalaldur bænda á svæðinu er orðin óþarflega hár. Skapa þarf betri skilyrði fyrir ungt áhugasamt fólk til að koma inn í búskap. Með bættum kjörum, sem vonandi verður sem fyrst, ætti það að takast."

Sauðfjárfjársetrið er menntastofnun

Matthías er formaður stjórnar Sauðfjársetursins. Hafdís segir að það sé mikið aðdráttarafl fyrir ferðaþjónustu á svæðinu, þangað komi bæði innlendir og erlendir ferðamenn.

„Það er bæði áhugi á sauðfé sem dregur fólk að en einnig staðsetningin. Kaffistofan er með frábært útsýni og fólk nýtur þess að sitja með kaffibollann í ró og næði. Sýningin laðar líka marga sauðfjárbændur víða að úr heiminum og það er mjög gaman að ræða við fólk um sauðfé og sauðfjárrækt og muninn á aðstæðum milli landa. En Sauðfjársetrið er líka menningarstofnun þar sem haldnir eru fundir, leiksýningar, fyrirlestrar og margar aðrar gleðisamkomur."



50
1975 - 2025

KGM
Gæði á sterkum grunni

100% Dísel

Bíll á mynd er með
33” breytingarpakka

Verktakar - bændur

Tvöfaldur ávinningur!

Tryggðu þér bíl fyrir fyrirhugaðar tollabreytingarnar og heimild til afskrifta fyrir áramót.

Musso Grand er fjórhjóladrifinn pallbíll með háu og lágu drifi, öflugri dísel vél og allt að 3.500 kg. dráttargetu.

Musso Grand Premium, verð nú 7.890.000 kr. m. vsk.
Áætluð hækkun 1-1.5 milljónir eftir áramót*

Skannaðu QR kóðann
fyrir nánari upplýsingar

* Áætluð hækkun á verði eftir áramót miðað við fyrirhugaðar breytingar á aðflutningsgjöldum.

Kolefnisjafnaður

4x4

benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
S: 590 2000

Bílabúð Benna
Í fimmtíu ár

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.

Myndflöturinn logar

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Bjart er yfir sýningu Eggerts Péturssonar í Hafnarborg. Sýningin heitir Roði en þar er að finna nokkur verk úr nýrri röð mynda þar sem rauði liturinn er ráðandi. Rauði liturinn á sér langa sögu í vestrænni myndlist og er raunar sá fyrsti sem hægt var að mála með. Birtan sem fylgir honum skírskotaði til dýrðleika guðs og sömuleiðis þess dýrmætasta sem maðurinn átti af veraldlegum eigum. En í rauðum búa mótsagnir líkt og í öðrum litum.

Eggert hefur áður málað myndir þar sem rauði liturinn er ríkjandi en röð mynda í þeim lit hefur hann ekki áður gert. Hún kemur í framhaldi af seríu verka sem höfðu bláa litinn í forgrunni. Vatn flæðir um þær myndir en þar má líka sjá syndandi himin, ef maður kýs að líta svo á.

Þessi speglun himinsins í jörðinni er algeng í verkum Eggerts. Stundum er eins og í jarðargróðanum framkallist stjörnuþokur og vetrarbrautir. Þannig birtist viðfangið á sama tíma og það leysist upp í eitthvað annað. Hið áþreifanlega verður óáþreifanlegt, hið nálæga fjarlægt. Lifandi vatnið sem leikur um grös og blóm í bláu seríunni verður að flæðandi myrkri innan um ljós stjarnanna.

Í rauðu seríunni leikur ljósið um allan myndflötinn sem logar bókstaflega.

Þeir sterku litir sem listamaðurinn vinnur hér með kalla á sterk og mótsagnakennd viðbrögð. Myndir birtar með leyfi listamannsins og i8 gallerí.

Rauður

Rauður hefur myndað litagrunn margra mynda Eggerts, eins og hann sagði frá í leiðsögn sinni um nýju sýninguna fyrir stuttu. Fyrsta lagið á striganum hefur þá verið rautt. Síðan var málað ofan á það með öðrum litum, oftast svo mörg og þykk lög að rétt glittir í rauðan grunninn á stöku stað í endanlegu verki. Í nýju verkunum er þessu snúið við, ef svo má segja. Grunnliturinn er grár en svo tekur rauði liturinn yfir strigann meira og minna þegar listamaðurinn hefur lokið verki sínu.

Lengi vel var rauður eini litur vestræns menningarheims fyrir utan svartan og hvítan sem oft eru ekki einu sinni taldir til lita. Svo einstæður var rauður að sama orðið var notað um hann og fyrirbærið liti og þess má enn sjá merki í til dæmis spænska orðinu colorado. Rauður var líka fyrsti liturinn sem hægt var að mála með og lita. Á miðöldum skírskotaði hann til blóðs Krists og elda vítis en hann var líka tákn ástar, fegurðar og dýrðleika. Rauður var ráðandi litur og fullur af merkingu. Við siðaskiptin á sextándu öld tóku mótmælendur að tengja litinn við óhófið, sem þeir töldu einkenna kaþólsku kirkjuna, hvers konar munað, klúrheit og ósiðsemi. Rauður missti sinn sess og aðrir litir fóru að taka meira pláss, ekki síst blár, sem smám saman varð vinsælasti liturinn. Á nítjándu öldinni lifnaði þó aftur yfir rauðum þegar hann varð litur byltinga og róttækrar vinstrisinnaðrar hugmyndafræði og verkalýðsbaráttu. Á sama tíma varð blár litur íhaldsstefnu og hægristjórnmála.

Andstæður og mismunur

Sagan hefur gert rauðan og bláan að andstæðulitum. Og eins og bent var á hér að framan tákna þeir líka andstæða krafta í náttúrunni, svo sem birtu og myrkur, eld og vatn. Birtingin er í víðum skilningi merkingarkjarni rauðs. Í birtingu dags litar eldur sólarinnar morgunhimininn rauðan. Það lýsir af rauðum og hann hefur í gegnum tíðina verið látin birta hluti, leiða þá í ljós, merkja þá, draga þá fram. Við notum rauðan penna til að undirstrika áherslur í texta, beina athygli lesanda að einhverju sem skiptir máli, auðkenna. Hlutir ganga eins og rauður þráður í gegnum mál okkar og sögur. Blár tengist á hinn bóginn því sem hverfur eða aldrei verður og öllu hinu sem augað ekki nemur. Tærleiki er þannig iðulega blár og oft tengist hið óræða bláum, einnig hið óljósa og ósnertanlega. Ef hægt er að snerta hið bláa leysist það stundum upp eins og ísinn.

> Þessi speglun himinsins í jörðinni er algeng í verkum Eggerts ...

En þessir merkingarkjarnar í rauðum og bláum eru ekki útilokandi. Í báðum þessum litum, líkt og öllum öðrum, búa andstæðir kraftar sem takast stöðugt á, þenja út merkingarsvið þeirra og skapa mismun. Rauður getur þannig einnig tengst myrkri eins og orðið *rauðamyrkur* leiðir í ljós. Það er samheiti orðsins *svartamyrkur.*

Stundum er eins og í jarðargróðanum framkallist stjörnuþokur og vetrarbrautir.



Á sýningunni er einnig röð fimmtán nýrra grafíkverka sem Eggert hefur unnið í tengslum við væntanlega útgáfu Paradísar úr Gleðileiknum guðdómlega eftir Dante í þýðingu Einars Thoroddsen.

Við tölum einnig um rauða jörð sem merkir að hún sé auð. Rauð jól eru þannig snjólaus. Í orðabókinni er orðið roði sagt vísa til auðrar jarðar á milli fanna. Hér hefur rauður fengið merkingu sem er andstæð birtu hans og yfirleitt tengist bláum.

Roði

Gullnum roða slær á jarðargróðurinn sem Eggert málar í verkum sínum á þessari sýningu, hvort sem það er aftanroði eða árdagsroði, morgunroði, kvöld- eða næturroði. Orðið roði er mildara en rauður. Það hefur heldur ekki jafnsterkar pólitískar skírskotanir, þótt roðinn í austri gefi ákveðna hugmyndafræði til kynna. En þetta eru ekki pólitískar myndir. Þær miðla umfram allt birtu og yl. Blómahafið er um leið eins konar eldhaf. Logandi kvöldhiminn. Morgunbjarmi.

Þeir sterku litir sem listamaðurinn vinnur hér með kalla á sterk og mótsagnakennd viðbrögð. Einnig er spenna í formbyggingunni þar sem hið smágerða, fínlega og kyrra tekur þátt í að móta heildarmynd sem er grófgerðari og einkennist af meiri óreiðu og ókyrrð. Eggert stígur ef til vill skrefi lengra í átt að frjálsari pensilstroku í þessum verkum.

Verkin kalla fram í hugann andstæðar táknmyndir. Í þeim má finna jafnt Edensgarðinn og elda vítis. Í því samhengi er áhugavert að á sýningunni er einnig röð fimmtán nýrra grafíkverka sem Eggert hefur unnið í tengslum við væntanlega útgáfu Paradísar úr Gleðileiknum guðdómlega eftir Dante í þýðingu Einars Thoroddsen, en þessi þriðji og síðasti hluti verksins lýsir ferðalagi sálarinnar í átt til ljóssins, friðarins og hins guðdómlega. Fyrsti hlutinn heitir Víti og annar Skírnarfjallið. Í grafíkverkunum slær jörð og himni aftur saman og skapa úr mismuni sínum samtal um efni og anda, hið höndlanlega og óhöndlanlega.

Umfram allt er það þó fegurðartilfinningin sem hrærist frammi fyrir verkum sýningarinnar. Um það verður ekki deilt að verk Eggerts búa yfir óvenjulega sterkri fagurfræðilegri orku sem lætur engan, er kemst í nálægð við þau, ósnortinn.

Óskum viðskiptavinum okkar
Gleðilegra Jóla og farsældar á nýju ári.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Svansson ehf, björgunartæki og búnaður
Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími : 697-4900

Yfir 6.000 vörur
í netverslun

Borar, snittverkfæri, dúkar, borðar, límbönd, efnavörur, festingar, handverkfæri, rafmagnsverkfæri, slípivörur, skurðarvörur, öryggisvörur, rekstrarvörur og vinnuföt.

Sendum um land allt isol.is

ÍSÓL

Ísól ehf. Ármúli 17 Reykjavík 108 Ísland isol.is +354 533 1234 isol@isol.is

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu
við verðmöt og sölu á bújörðum
og öðru landi, með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur
og löggiltur fasteignasali s. 510-3500 eða 615-1020
bjorgvin@eignatorg.is
Syðstu-Mörk, 861 Hvolsvelli
Sími: 510 3500 Eignatorg

Mánaðarlegir vinir velta bjargi

– Samtök um Kvennaathvarf rekin í yfir 40 ár

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Níundi áratugur aldarinnar síðustu einkenndist af þrótti og atkvæðamiklu fólki hér innanlands, jafnt sem utan, og átti það ekki síst við um baráttuna fyrir réttindum kvenna.

Kosning fyrsta kvenforseta heims, Vigdísar Finnbogadóttur, markaði tímamót kvenna út fyrir landsteinana, en innan þeirra voru tekin skref alvarlegri málefna á borð við heimilisofbeldi.

Ofbeldi innan veggja heimilisins hefur um ómunatíð verið bæði kynbundið vandamál sem og falið, en átt sér stað í öllum þjóðfélagshópum. Í júníbyrjun árið 1982 birtist grein í Dagblaðinu Vísi þar sem skýrt var frá hugmynd að stofnun samtaka um kvennahvarf, reknu af konum – fyrir konur, en viðmælendur voru þær Álfheiður Ingadóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.

Einangrun, ótti og niðurlæging

Sögðu þær Álfheiður og Elísabet kannanir sýna fram á að hérlendis væri ótvíræð þörf fyrir Kvennaathvarf, skjól kvenna og barna og með það í huga yrði boðað til stofnfundar á Hótel Esju daginn eftir að greinin kom út.

„Fleiri konur en marga grunar, búa við stöðugan ótta og óöryggi, hræðslan verður til þess að þær þora ekki að leita stuðnings en einangra sig fremur í niðurlægingunni, sem þær finna til," segir í greininni.

Stofnfundur Kvennaathvarfsins tókst með eindæmum vel, troðfullur salur af konum – og einstaka karlmanni. Sjötta desember sama ár opnuðu svo dyr Kvennaathvarfsins í Reykjavík og að sama skapi hófu að birtast svohljóðandi auglýsingar á síðum dagblaðanna: „Kvennaathvarf. Opið allan sólarhringinn, sími 21205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi í heimahúsum eða orðið fyrir nauðgun."

Um það bil áratug síðar birtist önnur grein í Dagblaðinu Vísi þar sem Jenný Baldursdóttir, talsmaður samtakanna, segir árið 1991 hafa verið metár í sögu Kvennaathvarfsins, 2.248 konur hafi leitað aðstoðar símleiðis en rúmar 200 heimsótt athvarfið í leit að skjóli. Gróft ofbeldi og alvarlegir líkamsáverkar hafi aukist verulega gegnum árin en á móti hafi aukin fræðsla og umræða um ofbeldi í heimahúsum veitt konum styrk til að leita sér aðstoðar og skjóls í athvarfinu.

Frjáls félagasamtök og ekki rekin í hagnaðarskyni

Í dag reka Samtök um Kvennaathvarf tvö athvörf fyrir konur á Íslandi, í Reykjavík og á Akureyri. Hið síðarnefnda var stofnsett árið 1984 og kemur fram í Morgunblaðinu þann 17. nóvember sama ár að „... miðað við þá reynslu sem fengist hefur af rekstri Kvennaathvarfs í Reykjavik, þar sem alltaf er fullt hús, ætti þörfin fyrir slíka starfsemi einnig að vera til staðar norðan heiða".

Augljóst er að um brýnt málefni er að ræða enda sólarhringsvakt á síma athvarfanna, bæði í höfuðborginni og norðan heiða. „Kvennaathvarfið á Akureyri er heldur minna í sniðum, en þar dvelja að jafnaði 1–2 konur," segir Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf, en hún telur mikilvægt að geta boðið upp á athvarf úti á landi þangað sem einnig megi leita ef lítið samfélag hentar betur. Þjónusta við konur og börn sem þurfa að flýja heimili sitt vegna ofbeldis er sambærileg í báðum athvörfum.

„Nauðsyn þess að vera sýnilegar sem samtök, að konur viti að þær geti leitað til okkar á ekki síst við í jólamánaðinum, enda gengur oft mikið á í kringum hátíðirnar. Við höldum hérna hjá okkur gleðileg jól, gefnar eru gjafir og jólamatur á borðum enda leggjum mikið upp úr því að hafa þetta heimilislegt. Hlutfallslega eru ekkert endilega fleiri hjá okkur um jólin, það virðist engin regla á því – en sumar kjósa að halda jólin heima og koma þá frekar eftir hátíðarnar. Aðrar hringja og fá stuðning hjá ráðgjafa, einnig má mæta í ráðgjöf en annars er síminn opinn hjá okkur allan sólarhringinn, alla daga," segir Linda. Hjá þeim starfa ráðgjafar sem liðsinna konunum, boðið er upp á viðtalsþjónustu og stuðning endurgjaldslaust og án þess að til dvalar komi.

Linda Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf.
Mynd / Aðsend

Úrræði eftir dvöl innan veggja Kvennaathvarfsins

Samtökin standa einnig fyrir úrræði sem kallast Búsetubrú, átján íbúðir sem leigðar eru út til kvenna sem dvalist hafa í athvarfinu. Þá þeirra sem treysta sér til að standa á eigin fótum en skilnaður ef til vill ekki genginn í garð eða fjármunir af skornum skammti. „Þær fá að leigja hjá okkur íbúð á mjög lágu verði og eru enn þá undir okkar verndarvæng ef svo má segja. Það eru þá minni líkur á að þær þurfi að fara til baka," segir Linda. „Eins og er, eru alls fimmtán börn með mæðrum sínum í Búsetubrúnni, og á meðan mæðurnar sjá um sig sjálfar erum við þeim samt innan handar í jólamánuðinum, hjálpum til með gjafir handa börnunum, mat eða annað svo þessar litlu fjölskyldur geti gert sér glaðan dag í desember."

Mánaðarlegur styrkur ómetanlegur

Linda segir sér þykja afar vænt um að greina frá því að stærstur hluti rekstrartekna þeirra komi frá „Mánaðarlegum vinum" – þeim íslensku þjóðfélagsþegnum sem styrkja starfsemina með mánaðarlegum greiðslum.

„Núna í dag er það undir 40% af okkar rekstrartekjum sem koma frá ríkinu eða sveitarfélögum og því almenningur sem heldur okkur gangandi. Sú staða gerir okkur kleift að bjóða upp á þessa aukaþjónustu sem er svo mikilvæg, með það fyrir augum að bæði konum og börnum líði sem best. Það er húsmóðir í athvarfinu og ráðgjafar til staðar fyrir hvern og einn, konur sem börn," segir Linda sem tekur fram að lögð sé áhersla á að það sé enginn asi og konunum velkomið að dvelja í athvarfinu svo lengi sem þær þurfa.

Með þeim áherslum hefur sá fjöldi kvenna sem snýr aftur í ofbeldissamband hríðlækkað, frá yfir 60% niður í 11%. „Við gætum þetta ekki ef væri ekki fyrir stuðning almennings. Þá hefðum við einungis efni á einföldustu þjónustunni.

> ... síminn er opinn hjá okkur allan sólarhringinn, alla daga, 561-1205.

Fyrirtæki og almenningur taka auðvitað aðeins meira við sér í jólamánuðinum, færa okkur mat, sælgæti og gjafir, börn hafa litið við með pakka handa börnunum hérna í Kvennaathvarfinu svona svo eitthvað sé nefnt."

Aðspurð segir Linda að ef áhugi er á að styrkja starfsemina eða jafnvel koma færandi hendi yfir hátíðirnar má hafa samband hvenær sem er sólarhringsins í síma 561 1205 en einnig á netfanginu linda@kvennaathvarf.is.

Gefið í með nýju húsnæði

Þessa dagana er í byggingu nýtt húsnæði Kvennaathvarfsins í Reykjavík og gengur allt samkvæmt áætlun. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel, við safnað fyrir þessu sjálfar og stoltar af að geta nú reist fyrsta húsið sem er byggt sem kvennaathvarf með allar þær þarfir í huga sem hugsast geta. Nú eigum við eftir að geta tekið á móti konum og börnum með fötlun, þurfa að notast við hjólastól eða annað viðlíkt. Við erum ótrúlega spenntar," segir Linda brosandi en áætlað er að hægt verði að flytja í húsnæðið með vorinu. „Þetta verður svakalegur munur, öll rými hönnuð með tilliti til þess að fari betur um börnin og konurnar enda við aldeilis búin að liggja yfir öllum teikningum og spá og spekúlera svo fari sem best um alla." Linda segir að áfram verði lögð áhersla á að heimilisbragur verði yfir öllu, sameiginlegum svæðum sem og öðrum þar sem hægt sé að vera frekar út af fyrir sig. „Með nýju húsnæði getum við svo gefið í þegar kemur að allri þjónustu, viðtölum, hópastörfum og öðru, en já, ætli við séum ekki spenntastar fyrir að geta tekið við konum með fatlanir, sá hópur skilar sér hingað síst þó við vitum að verið sé að beita þær ofbeldi.

Í dag eru rúm 40 ár síðan að Kvennaathvarfið opnaði dyr sínar fyrir fyrstu konunni og börnum hennar, sem flýja þurftu heimili sitt sökum ofbeldis. Dyrnar hafa staðið opnar allar götur síðan, þökk sé dugnaði og röggsemi þeirra kvenna sem tóku af skarið árið 1982 auk þeirra velunnara sem með styrkjum hafa gert samtökunum kleift að bjóða upp á öruggt skjól og ráðgjöf öll þessi ár.

kvennaathvarf@kvennaathvarf.is
nordurland@kvennaathvarf.is
eða sandra@kvennaathvarf.is
www.facebook.com/kvennaathvarf

Frá stofnfundi Samtaka um Kvennaathvarf, 2. júní 1982. Ásthildur Ólafsdóttir ber upp tillöguna að stofnun athvarfsins.
Mynd / Timarit.is

Af hvaða stað er myndin?

Í loftmyndagetrauninni að þessu sinni eru lesendur Bændablaðsins beðnir um að bera kennsl á þorpið sem sést hér fyrir ofan. Myndin er tekin úr flugvél sumarið 2023. Sendið svör á netfangið myndagetraun@bondi.is. Dregið verður úr réttum svörum mánudaginn næstkomandi. Vinningshafi hlýtur að launum gjafabréf á veitingastað fyrir tvo í boði Loftmynda ehf. Rétt svar mun birtast á vef Bændablaðsins, bbl.is, mánudaginn 22. desember.

Mynd / Loftmyndir ehf.

Óskum viðskiptavinum og öllum landsmönnum Gleðilegrar jólahátíðar

Veitum einstaklingum og fyrirtækjum alhliða lögfræðiþjónustu. Fyrsti tími að kostnaðarlausu.

- Barnaverndarmál.
- Hjónaskilnaðarmál, sambúðarslitamál, forsjármál, umgengnismál, meðlagsmál og faðernismál.
- Kaupmálar og erfðaskrár.
- Skipti dánarbúa og seta í óskiptu búi.
- Skaðabótamál vegna slysa.
- Stofnun og slit félaga.
- Skaðabótamál og réttarstaða ýmissa aðila vegna fiskeldis.

Tímapantanir nauðsynlegar í síma 777-5729
netfang: thuridurhalldorsdottir@gmail.com

Þuríður Kristín Halldórsdóttir lögmaður
Lögfræðiþjónustan ehf.
Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík

SAGTÆKNI EHF

SAGTÆKNI

GÆÐI - ÞEKKING - ÞJÓNUSTA

- Steinsögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Niðurrif
- Vélslípun
- Gólfhitafræsun
- Burðarþolsstyrkingar

567-4262
sagtaekni@sagtaekni.is

Harðskafi

Landtrac dráttarvélar 25hp og 50hp

Sveiflukóngurinn RPM1000 280cm
Kr 1.275.000 án vsk

Snjóblásari PTO 210cm EL
Kr 785.000 án vsk

Sláttuvél Hybrid fjarstýrð
Kr 1.150.000 án vsk

Kurlari 25cm PTO RPM1000
Kr 1.285.000 án vsk

Kurlari 8cm 6,5hp
Kr 225.000 án vsk
Hjálmur fylgir með kurlurum

Flórskafa EL hleðslu
Kr 630.000 án vsk

Hnífatætari 150cm
Kr 365.000 án vsk

>>> NÓG TIL OG MEIRA FRAMMI <<<

Hnífatætari 250cm
Kr 865.000 án vsk

Saltdreifari 26L
Kr 60.000 án vsk

Snjóblásari 150cm
Kr 560.000 án vsk

Vélsópur 870 EL hleðslu
Kr 295.000 án vsk

Grafa 1,2 tonn
Kr 1.480.000 án vsk

Mulningsvél f. 6-8t gröfur
Kr 945.000 án vsk

Steypuvél 300L
Kr 545.000 án vsk

Plógur einskeri
Kr 95.000 án vsk

Vélbörur 300kg 4x4
Kr 320.000 án vsk

Flutningskassi 2m
Kr 195.000 án vsk

Mulningsvélar fyrir grjót og skóga

Skógarkló og klippur Fyrir gröfur

Sveitakassi 150cm
Kr 145.000 án vsk

Snjóblásari ATV
Kr 395.000 án vsk

Fjölplógar 150cm – 300cm

Nýtt blað www.hardskafi.is sala@hardskafi.is Sími 555 6520 Jan 2026

Stífluþjónusta Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurðir o.fl.
Yfir 20 ára reynsla

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 11.12.2025 að auglýsa eftirfarandi skipulagsáætlanir:

Brákarey – Nýtt deiliskipulag
Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst lýsing að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Hraunsás III (L204514) – Nýtt deiliskipulag
Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru kynntar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (*www.skipulagsgatt.is*) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar.
Lýsing deiliskipulags Brákareyjar er í kynningu frá 18.12.2025 til og með 15.01.2026.
Tillaga deiliskipulags Hraunsáss III er í kynningu frá 18.12.2025 til og með 05.02.2026.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingu við lýsingar og/eða gera athugasemd við tillögur á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina.
Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 18.12.2025.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ

Sauðfjárhirðing: búskaparfræði frá 18. öld

Vetrarbeit og válynd veður

Birna Lárusdóttir
birnalar@gmail.com

Er nokkuð jólalegra en maður, sauður og hundur á ferð í myrkri og kafaldsbyl á öræfum? Nú hafa margir dyggir aðdáendur Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson líklega þegar lokið lestrinum og Benedikt er aftur kominn til byggða ásamt Eitli og Leó eftir tuttugustu og sjöundu glímuna við klökug fjöll og öræfi. Aftur í mannheimum um stundarsakir.

Á Íslandi lágu spor manna víða um að vetrarlagi til að sinna sauðfé, ekki bara í eftirleit til að ná þeim skjátum sem höfðu orðið eftir á afréttum eins og í tilfelli Benedikts, heldur voru kindur víða hafðar langt frá bæjum og haldið til beitar að vetrarlagi allt fram á 20. öld. Til vitnis um þetta eru rústir og aðrar leifar beitarhúsa og fjárskýla víða í úthögum, raunar á næstum hverri einustu bújörð og oft á fleiri en einum stað. Þær eru iðagrænar á sumrin, skera sig úr landslaginu og ná sumar að skjóta sér upp úr hvítri fannbreiðunni á vetrum, enda oft staðsettar á hólum og hæðum. Til eru margar hrakningasögur sem greina frá ferðum manna á slíka staði til að hirða um fé, t.d. í ævisögum frá 19.–20. öld og í þjóðsögum þar sem sauðamenn komast í hann krappan á jaðri hins byggilega og lenda jafnvel í klóm tröllskessa og útilegumanna. Það er ljóst að fjárhús voru ekki almenn í úthögum alls staðar heldur hefur það verið misjafnt eftir landshlutum lengi framan af. Flest bendir til að á Suðurlandi hafi fé víðast hvar verið haft á útigangi án fjárhúsa lengst af en þau þekkst víða í öðrum landshlutum, ekki síst á Norðurlandi. Þar voru komin garðahús snemma sem virðast ekki hafa breiðst út á Suðurlandi fyrr en undir lok 19. aldar. Til þessa benda bæði ritaðar heimildir og fornleifar, sem þó hafa bara verið rannsakaðar í örfáum tilvikum.

Á 18. öld voru ýmsar umbætur í landbúnaði í farvatninu en fé fór fjölgandi jafnt og þétt framan af öldinni. Magnús Ketilsson, sá frægi upplýsingafrömuður, var sýslumaður Dalamanna í marga áratugi. Hann sinnti ýmsum ræktunartilraunum í Búðardal á Skarðsströnd þar sem hann bjó lengst af og ritaði ýmiss konar búskaparfræði. Eitt rita hans ber yfirskriftina Undirvísun um þá íslensku sauðfjárhirðingu og var prentað árið 1778 í Hrappsey. Ritið var ætlað til leiðbeiningar fyrir almenning og í því er fjallað um flest sem þótti mikilvægt á þessu sviði, til dæmis um fengitíma, meðferð á lömbum, sumarhirðingu, mjaltir, ull og sjúkdóma. Stór hluti ritsins lýtur að hýsingu fjár á vetrum, ástandinu á því sviði eins og það er á tímum Magnúsar og tillögum til úrbóta. Þess má geta að ýmis áföll sem höfðu mikil áhrif á sauðfjárræktina dundu yfir landsmenn um það leyti sem ritið kom út: fyrst var það fjárkláðinn sem geisaði á árunum milli 1761–79 og svo helltust móðuharðindin yfir í kjölfarið með gríðarlegum skepnudauða. Hér á eftir grípum við niður í nokkra kafla úr þessu merka riti sem snúa að hirðingu sauðfjár. Fyrir áhugasama má benda á að ritið er nú aðgengilegt í heild sinni á síðunni www.baekur.is.

Fjárhópur í Hvammshlíð í Norðurárdal. Mynd / Karólína Elísabetardóttir

Fjárborgir í landi Húsagarðs á Rangárvöllum. Mynd / Birna Lárusdóttir/Fornleifastofnun Íslands

Formále.

Íslands mestu blómgunar. Enn vili menn álita skárpestina sverer serlegt Guds reide straff, sem þún og vísulega er; þá hjálpar ei ad reina til ad uppfylgia það fraamvegis med því ad fordaz hrútana, heldr med því ad betra sig, og verre því óskande, ad göder og vitrer menn, vildu leita almáliga trú um það, sem hér gegner.

I. Cap.
Um medferd ar Lombunum.
§. 1. Ingangurin.

Það má sýnaz litla þarfa á hverjum madr byrjar, þá hann skrifar um Fiárhirdíng vora, hvort heldr á Fiárhúsunum, Fiárrétt, Beitinne, Hrútunum og so framvegis, þegar ad lokum vinnz allt upp, sem um Fiárhirdíngina þarf ad tala; enda er þetta og nockud undir Tilganginum komed, og því hvert hvorr heldr so sem á Ullarsiadunum eda Abatanum, þeir sem vilia kenna ad ferd til ad umbæta Saudfe sitt med útlendskum Hrútum. Enn med því ad vid her serdeilis tala um medferd á þeim innlendska Fe, vil eg fyrst byrja á Lombu-
A num

Sýnishorn úr riti Magnúsar Ketilssonar frá 1778.

Um hýsinguna og fóðrið

Magnús hefur afdráttarlausa skoðun á hýsingu kinda og telur að hún sé í sjálfu sér slæm, enda sé húsfé í öllu lakara en útigöngufé, sérstaklega með tilliti til ullargæða. Gallinn sé hins vegar sá að landslag á Íslandi leyfi ekki útigöngu fjár allt árið og því neyðist Íslendingar til að byggja fjárhús. Ástandið í fjárhúsamálum hér á landi telur hann alls ekki gott en segir þó að ekki sé við íslenska bændur að sakast, enda sé skortur á góðu timbri: „Guð gefur honum kindurnar, Guð gefur honum heyið, en viðinn fær hann með aungvu móti keyptan, og þó keyptan fengi langt í burt, hefur hann ei krafta til að koma honum að sér.“ Gott er að láta fé liggja úti svo lengi sem það þíði úr bóli sínu, segir Magnús. Hvað útiganginn varðar virðist almennt ekki gert ráð fyrir mikilli heygjöf meðan nóg er jörð úti, í það minnsta fyrir roskið fé og framan af vetri. Helst vill Magnús að menn taki aftur upp þann gamla og góða manndóm að moka ofan af fyrir féð eða í það minnsta standa yfir því en hvoru tveggja virðist tekið að leggjast af á ritunartíma bókarinnar. „Til forna“, segir hann, „átti einn maður að geyma hundrað fjár [þ.e. 120] og moka ofan af fyrir 60 en hafa 60 í kröpsunum.“ Hann mælir alls ekki með því að láta fé ráða sér sjálft og segir frá því hvernig bóndi nokkur sem hann þekkti fylgdi fjárhópnum til beitar, gekk síðan í sífellu innan um féð, ýtti við því sem lagðist og valdi handa því beitina. Þetta mun hafa verið norður í Saltvík í Húsavíkurhreppi, á æskustöðvum Magnúsar.

Besta útheyið skyldi ætla lömbum og helst valdar til þess þurrlendar puntgresis slægjur, sinulausar og snemmslegnar. Þvínæst átti að heyja fjárheyið, og mátti gjarnan vera með víðilaufi. Barin fiskbein voru gefin í neyð en um birki til fóðurs vill Magnús fátt segja, enda líst honum þannig á skógana um þetta leyti að þeir muni ekki duga lengi til kolagerðar og því síður til annarrar brúkunar. Lyng hefur hann gefið geldneyti og hænsnum og nefnir að söl séu holl sem fóðurbætir fyrir fé, ekki síst út af saltinu. Það var með öðrum orðum talið mikilvægt þegar á 18. öld að gefa salt með vetrarfóðrinu. Í nýjustu hrútaskránni (2025–2026) má lesa um margar tegundir snefilefnabættra saltsteina en á tímum Magnúsar voru annars konar ráð viðhöfð fyrir utan sölin. Hann vísar í sænska uppskrift þar sem hnoðað er saman einni mörk af tjöru, handfylli af malurtarhöfðum, handfylli af steyttum einiberjum og salti. Úr þessu er hnoðað hart deig. Enn einfaldari er þó önnur deigblanda sem Magnús mælir með, en í henni er einfaldlega hnoðað saman þangösku og hlandi sem féð er sagt vera sólgið í að sleikja. Deigið skal festa upp fyrir ofan endastafinn á jötunum þannig að féð nái rétt svo til þess með tungunni.

Annars er Magnús ekki par hrifinn af þeim fjárhúsum sem hann þekkir, segir þau of lítil, þröng og loftlaus. Hiti og loftleysi sé hörmulegt umhverfi fyrir fé, sérstaklega fé sem beita á meðfram hýsingunni því að mikil umskipti hita og kulda séu mjög skaðleg. Hann mælir með annars konar fjárskýlum: fjárborgum og fjárbyrgjum, enda þurfi engan við til að reisa slík mannvirki og þar að auki lofti þar vel um féð. Munurinn er sá að fjárbyrgi eru opin skýli, sem fornmenn hafa greinilega nýtt sér, segir Magnús, enda sjáist rústir þeirra víða. Fjárborgir eru hins vegar hlaðnar upp í topp, og mjókka upp við. Borgirnar eru samkvæmt honum miklu sjaldgæfari og aðallega til á Austurlandi. Sjálfur virðist hann aldrei hafa séð slíkt mannvirki um sína daga. Gallinn við hringlaga mannvirki var sá að það var vandasamt að hlaða þau og ekki á allra færi, enda kunni sauðsvartur almúginn ekkert í reikningslist og gat því ekki ætlað hæfilega stærð fyrir sinn fjárfjölda. Því gefur Magnús leiðbeiningar til að sem flestir geti tileinkað sér hleðsluna. Búa átti til eins konar líkan, leggja út kvarnir úr þorskhöfðum eða litla steina, og láta hverja slíka einingu tákna tvær álnir sem var það pláss sem ætla skyldi hverjum sauð. Leggja átti út einingar eftir fjölda fjárins þannig að þær mynduðu ferkantað form. Þetta líkan átti síðan að leggja til grundvallar þar sem hlaða átti byrgið, helst á grjóthól eða annars staðar þar sem snjó skefur frá. Stinga skyldi niður hæl í miðjunni og hnýta þar um snæri sem náði út í hornið á ferhyrningnum, ganga svo með snærið kringum hælinn og marka hringinn. Mikilvægt var að byrgið væri grjóthlaðið að innanverðu í mitt lær, en torf átti frekar að brúka að ofan- og utanverðu. Ástæðan er sú að féð nuddar sér oft utan í veggi og þá fer mold og sandur í ullina sem illt er að hreinsa auk þess sem molnar úr veggjunum. Það er athyglisvert að Magnús greinir frá því að menn þykist sjá ummerki í fornum fjárbyrgjum um að smalamaður hafi haft þar aðsetur og finnst honum það dágóð hugmynd, enda geti það gerst að þeir komist ekki heim í illviðrum. Vetrarbeit fjarri bæjum var jú víða áhættusöm án aðkomu sauðamanns sem reiddi sig oft á aðrar skepnur til hjálpar.

Sauðamenn, fjárhundar og forystusauðir

Magnús hafði raunar sjálfur ágætan sauðamann um þetta leyti heima í Búðardal, Sigmund nokkurn Jónsson:

> Maður sá, er Sigmundur Jónsson hjet, var lengi sauðamaður í Búðardal. Voru þar þá sauðir margir, en einn var sá er af þeim bar. Var hann svo mikil forustu- og vitskepna, að hann hljóp kringum sauðaflokkinn og kom með hann af fjalli sjálfráður, þá er ófær veður gjörði á haustum. Rjeð hann einn hinna ferðum og fylgdu þeir honum. Hann var svartur og var nefndur Sóti. Hund átti Sigmundur, er hann kallaði Lubba. Var hann afbragðs fjárhundur og smalaði Sigmundur með honum Dalinn

(Búðardal, mikinn dal, er gengur inn frá bænum) allan á brúnir upp. Þriðja gersemi Sigmundar, og ekki sú sísta, var Guðríður Snorradóttir þjónusta hans. Sigmundur þessi þotti gæða fjármaður, en er þeir voru báðir dauðir, Sóti og Lubbi og Guðríður farin af bænum, hnignaði mjög fjármennsku hans, en þegar minst var á það við hann, varð honum að orði: „Nú er Sóti dauður, Lubbi og Gudda farin og skal ekki Sigmundur hafa sig út í vont veður oftar.“ (Úr ævisögu Magnúsar Ketilssonar e. Þorstein Þorsteinsson)

Þessi þrenning á Skarðsströnd á 18. öld, Sigmundur, Sóti og Lubbi, minna talsvert á söguhetjur Aðventu, þá Benedikt, Eitil og Leó. Milli þeirra (og Guddu að auki) virðist liggja leyniþráður en þegar tengslin rofna tapar Sigmundur viljanum til fjármennsku. Það er athyglisvert að Magnús gerir í riti sínu grein fyrir kostum bæði sauðamanna, góðra fjárhunda og forystusauða. Góður fjármaður er ekki auðfenginn segir Magnús, enda er það einslags gáfa að fara rétt með sauðfé. Sá sem ekki elskar féð og þykir vænt um það getur aldrei orðið góður fjármaður. Meinlaus og góðlyndur skal sauðamaður vera og gangi ekki fram með bölvi og ragni í garð skepna. Helst þurfa menn að hafa vanist kindum frá barnæsku. Léttir á fæti og lagaðir til göngu skulu þeir vera en mega alls ekki vera letingjar! Svo nefnir Magnús að hann sjálfur hafi haft fjármann svo glöggan að hann hafi séð feigð á kindum, og stóð yfirleitt heima að það sem honum leist illa á að hausti lifði sjaldan veturinn. Kannski þetta hafi verið Sigmundur.

Rústir fjárhúss á Atlastöðum í Svarfaðardal.
Mynd / Elín Ósk Hreiðarsdóttir/Fornleifastofnun Íslands

Fjárhundar voru að sama skapi vandfengnir á 18. öld samkvæmt Magnúsi. Hann þekkti greinilega til sérstaks fjárhundakyns, sem þótti auðveldara að temja en aðra hunda. Sauðamaður átti að hafa tvo seppa og þar af átti annar að vera snemmalinn hvolpur (helst gotinn í janúar eða febrúar) sem átti að venja með eldri hundi sumarið eftir. Helst átti fjárhundur að vera vel loðinn til að þola frost og kafald. Þá nefnir Magnús góða fjárhunda í Svíþjóð sem vakti fjárhópa án umsjónar mannsins, og sömuleiðis hafði hann heyrt af góðum fjárhundum í Færeyjum – þar séu til hundar sem geti haldið rosknum sauði óskemmdum þar til maður kemur að. „Slæmt er orðið að fá góða fjárhunda; enn nú bágara að rétt gagnlega og góða sauðamenn; enn ómögulegt að fá góða forustusauði“, segir Magnús. Góður forystusauður var mesta gersemi, metfé. Svo virðist sem Magnús hafi ekki óbrigðul ráð til að koma sér upp góðum forystusauð en telur það mest undir náttúru skepnunnar komið. Þó sé hægt að venja þá með því að leyfa þeim aldrei að vera aftarlega í fjárhópnum heldur reka þá til að vera fremst og troða slóð.

Fátt er vitað um þau áhrif sem ritið um sauðfjárhirðingu hafði eða hvort það dreifðist yfir höfuð víða. Af högum Magnúsar sjálfs vitum við hins vegar það að hann varð fyrir áfalli í búskapnum nokkrum árum eftir útkomu þess, en í annál Sveins Sölvasonar á Munkaþverá kemur fram að hann hafi misst upp undir hundrað fjár vorið 1790 þegar ógnarsnjófönn ruddi niður á Vesturlandi.

CAT GC neyðarrafstöðvar
33 kVA - 1500 kVA

Hannaðar til að draga úr kostnaði og hámarka afköst
CAT GC neyðarrafstöðvar skila hinum þekktu afköstum CAT á meðan þær draga úr uppsetningar-, flutnings- og rekstrarkostnaði. Þær tryggja hagkvæmni og skilvirkni fyrir þig og þinn rekstur.

- Hleðslutæki
- Vatnshitari
- Hljóðeinangrun / veðurhlíf
- GCCP mælaborð
- Eldsneytistankur
- Sjálfvirk
- CAT RAM fjargæsla / fjarstart
- Stuttur afgreiðslutími

Hafðu samband við **Sigurð Vilhjálmsson**, sölustjóra, í **590 5126** eða **sv@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.

KLETTUR

REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

Led perur fyrir flúrlampa!

3 stærðir:
60 cm - kr. 1.500
150 cm - kr. 1.500
120 cm - kr. 2.000

SMH Gróðurhús ehf.
Sími: 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.

SMH

Þriggja arma ledljós sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur. 80w - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000 -

Byggingarstjóri

Ertu í byggingarhugleiðingum?
Ertu kominn af stað með framkvæmdir?
Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingastigum fyrir þig.
Hafið samband í s. 852-3222 eða á netfangið: asgeirvil@gmail.com

Nýjar bækur

í vetrarmyrkri norðursins
gættu mín
frá biturleika og kulda
verndaðu mig
fyrir söknuði og missi
hlífðu mér

láttu mig falla
í stjörnuþoku
breiddu ljóssængina
yfir mig

(bls. 23)

ekki getin úr holdi þínu
ekki með blóð þitt í æðum mínum
aðeins með tár sem ég tíndi
uppi í brekku að hausti til

ég þvoði augu mín í þeim
skolaði syndir forfeðra minna
sem eru ekki skyldir þér

ekki í sjöunda lið
ekki úr knerri sem þú sigldir eftir sólarsteini
á alskýjuðum degi
ekki þegar þú gekkst með kú út í víkina
að næsta firði til að nema land

ég varð til úr móbergi, blágrýti, þungum
gabbróeggjum
sem jökulá slípaði í þúsundir ára
og þú tókst upp og virtir fyrir þér

ég varð til úr sandkorni sem féll ásamt
milljón öðrum sandkornum, hnullungum
björgum í gilið og myndaði aurkeilu
framan við fætur þér

ekki úr blárri baðstofu í sortulituðu pilsi
ekki úr fingrum að plokka strengi á langspili
ekki úr kveðskapnum með stuðlum, höfuðstöfum
sem barst með vetrarmyrkri út á haf

ég varð til úr síli, ljósátu, loðnu
sem hrafnreyðar gleyptu við strendur lands þíns
að vori til

ég varð til úr veðruðum beinum höfrunga
sem þú fannst í fjörunni og lagðir við hliðina
á sauðaleggjum, hornum

(bls. 11-14)

„Breiddu ljóssængina yfir mig“

– Hvalbak fjallar um íslenska náttúru og tilfinningar

Út er komin ljóðabókin Hvalbak eftir Maó Alheimsdóttur.

Titill ljóðabókarinnar Hvalbaks er á bókarkápu útskýrður sem „Orðið hvalbak eða jökulflúð er í jökla- og jarðfræði haft um klöpp sem skriðjökull hefur sorfið þannig að hún líkist helst baki á hval.“

Höfundur Hvalbaks, Maó Alheimsdóttir, er fædd árið 1983 og uppalin í Póllandi. Hún stundaði nám í norrænum fræðum við Sorbonne-háskóla í París og lauk BA-prófi í íslensku sem öðru máli með bókmenntafræði sem aukagrein við Háskóla Íslands. Hún lærði íslensku sem annað mál á fullorðinsárum og var fyrsti erlendi nemandinn til að ljúka MA-gráðu í ritlist við HÍ. Maó hefur búið á Íslandi í um 20 ár og starfar í dag sem tungumálakennari og fjalla- og jöklaleiðsögumaður, er búsett í Reykjavík og fæst við skriftir.

Handritið að fyrstu skáldsögu Maó, sem út kom í fyrra; Veðurfregnir og jarðarfarir, hlaut nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta árið 2021 og er af útgefanda sögð vera fyrsta frumsamda sagan sem kemur út á íslensku og er skrifuð af höfundi sem lærði málið á fullorðinsaldri.

Hvalbak er önnur ljóðabók Maó. Hún hefur einnig gefið út ljóðabókina Ljóðatal (2023) og tekið þátt í útgáfu ljóðabréfa og ritverkum með öðrum höfundum. Árið 2021 framleiddi hún útvarpsþættina „Að fjallabaki“ í samstarfi við RÚV og birti pistilinn „Mín litla Mongólía“ í Tímariti Máls og menningar. Maó hefur framkvæmt gjörninga á viðburðum eins og Reykjavík Poetics (2023), „Hvalbak“ í Hafnarhúsi (2023) og gjörning fyrir Ós Pressuna á Listahátíð í Reykjavík (2024). Hún hefur verið formaður Ós Pressunar frá 2024. Maó hefur skrifað greinar um eigin reynslu, m.a. í Heimildinni, þar sem hún fjallar um mistök á unglingsárum og hvernig hún lærði að draga lærdóm af erfiðum tímum í stað þess að dvelja í skömm. Hún lýsir einnig ásku sinni, einmanaleika og löngun til að skilja heiminn.

Hvalbak skiptist í formála og eftirmála sem eru hvorir tveggja ljóð, og þrjá innkafla sem innihalda um fimmtíu ljóð. Einnig eru teikningar í bókinni eftir höfund. Hún er 96 síður, prentuð í Þýskalandi og gefin út af Máli og menningu. */sá*

Maó Alheimsdóttir. Myndir / Aðsendar

Aðstæður almennings á 19. öld

– Rannsókn sem skoðar samband bænda og vinnuhjúa

Út er komin bókin Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld, eftir sagnfræðinginn Vilhelm Vilhelmsson. Hún er byggð á doktorsritgerð hans í sagnfræði við Háskóla Íslands og er gefin út af Sögufélaginu.

„Ég ætlaði mér að fjalla upphaflega í víðu samhengi um vald, andóf gegn valdi og valdatengsl í íslensku sveitasamfélagi yfir lengra tímabil,“ segir Vilhelm í samtali. „Þegar ég var að hefja rannsóknarvinnuna byrjaði ég á því að skoða samband bænda og vinnuhjúa og þá varð fljótt ljóst að það var efni í ritgerð ú taf fyrir sig. Mér fannst viðfangsefnið lítið rannsakað, sérstaklega frá sjónarhóli vinnufólks.“

Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur.



Í bókinni Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld er farið gaumgæfilega yfir vistarfyrirkomulagið á Íslandi. Var það hugsað til þess að tryggja almenningi öruggt aðsetur á meðan það væri að koma undir sig fótunum. Myndir / Sögufélag

Algengt fyrirkomulag í Evrópu

Í bókinni kemur fram að vistarband var ekki sérískenskt fyrirbæri. „Þetta var algengt fyrirkomulag á vinnu um alla Evrópu og tíðkaðist vistarskylda um öll Norðurlönd og að einhverju leyti í þýskumælandi löndum. Aðrir sagnfræðingar vissu það að þetta vistarfyrirkomulag tíðkaðist víðar, en sú hugmynd hefur verið viðloðandi að þetta sé eitthvað sérískenskt fyrirbæri,“ segir Vilhelm. Það komi skýrast fram í heimildarmyndinni Þjóð í hlekkjum hugarfarsins frá 1993.

Aðspurður af hverju rannsóknin er afmörkuð við 19. öldina svarar Vilhelm: „Ég fjalla sérstaklega um áttatíu ára tímabilið þegar regluverkið var hvað strangast. Það er frá 1783, þegar sett voru á lög sem takmörkuðu mjög möguleika fólks á að vera í lausamennsku, fram að nýjum vinnuhjúalögum sem voru sett 1863. 19. öldin er líka áhugaverð því þetta er tímabilið þegar það fer að kvarnast úr þessu kerfi þó að það líði ekki endanlega undir lok fyrr en alveg í enda 19. aldar.“

Flestir losnuðu úr vist

„Eftir lagabreytinguna upp úr 1860 gátu menn sem höfðu náð tilteknum aldri, í kringum 25 ára, keypt sig lausa frá vistarbandi. Það var mjög dýrt til að byrja með – alveg árslaun vinnumanns. Í lok nítjándu aldar var þetta orðið auðveldara, en aldurgrensan var færð neðar og var hægt að kaupa sig lausa fyrir minni pening.“

Þeir sem keyptu sig lausa gátu gerst daglaunamenn, þá gjarnan á sjó. „Þegar vel fiskaðist var hægt að hafa meira upp úr því fjárhagslega. Vist var hins vegar tryggari að því leyti að þú varst með örugg laun, húsaskjól og fæði allt árið sem þú varst í vist.“ Meirihluti fólks hafi losnað úr vist við ákveðinn aldur og orðið sínir eigin húsbændur. „En því gat fylgt fátæktarbasl að vera bóndi og sumir sem flosnuðu upp úr búskap fóru aftur í vinnumennsku.“ Vilhelm bendir á að fólki hafi ekki verið bannað að ganga í hjónaband á meðan það var í vist, þó svo að ekki hafi verið ætlast til þess. „En hjónum gat reynst erfitt að fá vist á sama bænum.“

Verknám í búmennsku

„Að einhverju leyti var þetta jákvætt kerfi því að fólk hafði öruggt fæði og húsaskjól ár í senn. En hjú voru undir vald húsbóndans sett, sem hafði skyldu til að ala sín vinnuhjú eins og þau væru hans börn, því að litið var á þetta sem ákveðið uppeldistæki. Þetta var hugsað sem ákveðinn partur af æviskeiðinu á milli ungdóms- og fullorðinsára. Menn sáu ekki fyrir sér að fólk væri í vist ævilangt, heldur kannski í tíu ár á meðan það væri að læra allt sem það þyrfti til að verða búandi fólk sjálft og væri að koma undir sig fótunum. Því hafði húsbóndinn ákveðið kennarahlutverk.“

Vilhelm segir að sér hafi komið á óvart þegar hann vann að verkefninu hversu mikil hreyfing var á fólki. „Það skipti oft um vist, eða fór í lausamennsku og aftur í vist. Kerfið hljómar svo niðurnjörvað, en það var miklu meiri hreyfing á fólki en það gefur til kynna.“ jafnvel hreyfing milli landshluta. */ál*

Sóknarrit fyrir húmanisma

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Hlaðan eftir Bergsvein Birgisson er tímabært sóknarrit fyrir húmanisma (enda of seint að leggjast í vörn fyrir hann). Nú á tímum stjórnlausrar tæknihyggju sem telur sig geta leyst öll vandamál mannsins með stærðfræðilegum og verkfræðilegum lausnum og líkönum er fátt mikilvægara en að leita í árþúsunda hefð fræðafólks, heimspekinga og rithöfunda sem hafa rannsakað manninn, mennskuna, menninguna.

Bergsveinn kemur víða við í sögu húmaníska fræða og leitar jafnt til forn-gríska heimspekinga og til íslenskra miðaldabókmennta og fræðafólks samtímans sem leitast við að skilja ástæður og eðli þess ástands sem maðurinn hefur skapað sér með ofurtrú sinni á rök- og skynsemishyggju síðustu alda og virðist komin langleiðina með að reikna manneskjuna sem skyniborna tilfinningaveru út úr jöfnunni. Meginhugmynd bókarinnar um húmanismann er þó sótt til þýska hughyggjumannsins Friedrichs Schiller og þá einkum rits hans, Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins. Þar gerir Schiller greinarmun á tvenns konar hvötum eða eiginleikum í mannfólki sem togast á. Gefum Bergsveini orðið:

„Schiller kallar þetta skynhvöt (þý. Stofftrieb) og formhvöt (þý. Formtrieb), annað helgast af tilfinningu og skynjun, ímyndunarafli og hinu breytilega ástandi, innsæi; hjá formhvötinni drottnar hins vegar skynsemi og rökvísi, það varanlega og þær hliðar mannsins sem snúa að persónuleika hans og að honum sem tegund og veru í siðmenntuðu félagi manna – ekki að ástandi hverju sinni.“

Schiller taldi undir lok átjándu aldar að „við nútímafólk höfum gengið alltof langt í að þroska vitsmuni og skynsemi meðan tilfinningaþroski og næmleiki sálarinnar hafi legið í láginni.“ Og eins og Bergsveinn bendir á hefur „rökskrýmsla-væðingin bara margfaldast í styrk eftir hans dag“. Leiðin út úr þessum „verundarógöngum mannsins“ taldi Schiller felast í því að fá hinar tvær ólíku hliðar mannssálarinnar, skynhvöt og formhvöt, til þess að ná saman í skapandi víxlverkun og þar komi til kasta listarinnar og fegurðarinnar. Þá verði til leikhvöt (þý. Spieltrieb) sem vísi til fagurfræðilegrar iðju mannsins.

Í magnaðri yfirferð Bergsveins um ógöngur mannsandans, ekki síst nú á seinni tímum þegar samfélagsmiðlar eru komnir langleiðina með að myrða sannleikann og gervigreind vegur að hlutverki mannlegrar vitundar og veru í mótun samfélags framtíðarinnar, þá kemur Bergsveinn aftur og aftur að hugmynd Schillers um fagurfræðilega veru mannsins.

Meðfram þessari yfirferð, sem ég efast um að margir rithöfundar aðrir hér á landi gætu leikið eftir, segir Bergsveinn frá sinni eigin glímu við að viðhalda mennskunni um leið og hann greinir frá endurbyggingu á hlöðu afa síns á afskekktri jörð norður á Ströndum. Bókin er skrifuð sem bréf til dóttur höfundar og hefur undirtitilinn Þankar til framtíðar, enda er viðgangur mannsins undir.

Þetta er tvímælalaust áhugaverðasta bók þessa hausts.

Náttúruverndar stofnun

Vilt þú verða landvörður?

Náttúruverndarstofnun auglýsir landvarðanámskeið 2026

- Þátttaka í námskeiðinu veitir réttindi til að starfa sem landvörður.
- Skráning hefst 2. janúar 2026 kl. 10 á vef Náttúruverndarstofnunar.
- Námskeiðið er frá 29. janúar til 1. mars.

Landvarðanámskeið → náttúra.is/vernd/landvardanamskeid

Kæru bændur, vinir og ættingjar!
Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsæld á komandi ári.
Bestu þakkir til viðskiptavina minna á árinu sem er að líða.
Megi árið 2026 færa ykkur öllum gleði og frið.
Með kærri þökk fyrir góðar stundir.

Jólakveðja
Ásta Veðramóti.

Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður helgi@lr.is Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík Austurvegi 4, Hvolsvelli Sími 515-7400

Bragð af jólum

Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is

Þegar líður að jólum og við tökum ákvarðanir varðandi matinn sem við eldum og bjóðum upp á eru flest heimili íhaldssöm og hefðirnar í flestum fjölskyldum ráða því hvað fer á hátíðarborðið, sumir eru þó til í að prófa a.m.k. nýjar útgáfur af forréttum, eftirréttum og meðlæti. Með fullri viðingu fyrir dósasuðubransanum hvet ég þá sem eru vanir að nota niðursoðið meðlæti að breyta út af þeim vana og gera eigið meðlæti sem er oftast mun skemmtilegra og bragðbetra. Að auki eru hér einfaldir forréttir og eftirréttir. Munið svo að nota kjöthitamæla þegar þið eldið stórsteikur úr lambi, nauti, grís, kalkún og villibráð til að minnka líkur á mistökum, sem einnig getur sparað ykkur vonbrigði í eldhúsinu þessi jólin. ***Gleðilega hátíð!***

Forréttir

Rösti kartöflur og hrogn

1 bökunarkartafla
salt
pipar
2 msk. smjör
½ dl sýrður rjómi
1 dl grásleppuhrogn
eða önnur hrogn
½ lítill rauðlaukur
ferskt dill

Skrælið kartöfluna og rífið á grófu rifjárni, setjið í viskastykki, snúið upp á og kreistið sem mest af vatni úr kartöflunni. Saltið og piprið og steikið gullinbrúnt í smjörinu á meðalhita. Um 4–5 mínútur á hvorri hlið. Berið fram þannig að setja sýrðan rjóma, hrogn, fínt saxaðan rauðlauk og dill á kartöfluna. Ath. að kartöfluna má forelda og geyma í kæli í 1–2 daga og hita upp áður en þið berið fram.

Rösti kartafla er líka stórgóð sem meðlæti með ýmsum öðrum mat!

Hangikjötstartar á laufabrauði

400 g vel reykt
og hangið hangikjöt
1 skarlottulaukur
2 msk. graslaukur, saxaður
1 msk. ólífuolía
brauðteningar
laufabrauð, brotið í passlega bita

Hreinsið fitu og sinar af kjötinu og skerið í litla teninga Saxið lauk og graslauk fínt og blandið við kjötið ásamt olíunni. Smakkið til með salti og pipar. Bætið nokkrum brauðteningum saman við rétt áður en rétturinn er borinn fram á laufabrauði.

Eftirréttir í algleymingi.

Graskerssúpa með jólakryddum

500 g grasker
½ fennel
1 laukur
2 hvítlauksrif
2 msk. matarolía
2 cm biti
ferskt engifer
½ tsk. allrahanda
duft
½ tsk. chili duft
1 tsk. turmeric
duft
1 lárviðarlauf
vatn
3 dl rjómi
eða kókosrjómi
salt
eplaedik
graslaukur fínt sneiddur

Skrælið graskerið og skerið gróft ásamt lauk, fennel, hvítlauk og engifer, brúnið í potti á meðalhita í 5–10 mínútur og bætið kryddinu við síðustu 2 mínúturnar. Bætið vatninu við þannig að fljóti yfir grænmetið og sjóðið í um 20 mínútur. Maukið allt í blandara eða með töfrasprota, sjóðið aftur upp á með rjómanum og skammtið til með salti og ediki. Borið fram með fínt söxuðum graslauk.

Í þessa súpu er tilvalið að bæta við sjávarfangi eins og hörpuskel eða skötusel.

Grafið ærkjöt
og jólasinnepssósa

1 kg hryggvöðvi
3 msk. salt
3 msk. sykur
1 msk. hvítur pipar
grófmulinn
1 msk. einiber
grófmulin
1 tsk. sinnepsfræ
1 msk. timjan

Snyrtið vöðvann vel og fjarlægið alla fitu. Blandið salti, sykri og kryddi saman og nuddið blöndunni á kjötið og setjið í þétt lokaðan plastpoka. Látið liggja í kæli í 2 daga og snúið pokanum 2–3 á dag. Áður en þið berið fram er tilvalið að hálffrysta kjötið og skera það síðan í þunnar sneiðar.

Jólasinnepssósa

1 dl gróft sinnep
1 msk. hunang

Blandið saman og berið fram með gröfnu kjöti.

Meðlæti

Jólasalat með valhnetum
og hunangsdressingu

5–6 stk. Jólasalat
100 g valhnetur
1 lítill skarlottulaukur
1 dl ólífuolía
2–3 msk. rauðvínsedik
2 msk. hunang
salt

Jólasalat kallast Endives á útlenskunni og er frekar beiskt, stökkt og passar vel á hátíðarborðið í mótvægi við feitt og salt ketið. Byrjið á að rista valhnetur á pönnu og kæla, skrælið og saxið laukinn fínt og blandið í skál með olíu, ediki og hunangi og smakkið til með salti. Skerið neðsta hlutann af salatinu af þannig að blöðin haldi sér og blandið í skál ásamt valhnetum og sósunni.

Finnskt sveppasalat

2 box Flúðasveppir
1 laukur
1,5 dl rjómi
2 msk. sherry edik,
eða annað dökkt edik
salt
pipar

Finnar eru duglegir að nýta landsins gæði og sveppir sem vaxa í víðáttumiklum skógum landsins eru sannarlega slík gæði sem allir og amma þeirra nýta. Fyrir tíma nútímakælingar geymdu Finnar sveppina sína þannig: Sveppirnir voru soðnir og lagðir í ílát með 10–15% viðbættu salti með fargi ofan á, þessi aðferð dró vatnið úr sveppunum og í þessum saltpækli má geyma sveppina í óratíma svo lengi sem pækillinn flaut yfir sveppina. Síðan þurfti að útvatna sveppina fyrir notkun. Við erum nútíma forréttindapakk, notum bara ferska sveppi og þurfum ekki að útvatna.

Byrjið á að skola óhreinindi af sveppunum og sjóðið í nokkrar mínútur, kælið í rennandi köldu vatni og þerrið eins vel og mögulegt er á viskastykki og skerið í bita. Þerrið aftur á stykki. Skrælið og saxið laukinn fínt og blandið saman við sveppina. Léttþeytið rjómann með ögn af sykri og bætið ediki saman við, athugið að rjóminn á að verða ögn súr! Blandið rjómanum saman við sveppina og saltið ríkulega. Passar vel með flestum kjötréttum á hátíðarborðinu.

Bakað kartöflumauk „Duchesse“

1 kg bökunarkartöflur
4 eggjarauður
90 g smjör
1 tsk. salt
hvítur pipar
múskat

Rösti og hrogn & grafið ærkjöt.

Með því að blanda eggjarauðum saman við einfalda kartöflumús er hægt að forma og baka kartöflumaukið á ýmsan hátt og t.d. sprauta ofan á ýmiss konar gratineraða rétti eða eins og við gerum hér að baka staka toppa af kartöflumauki. Uppskriftin er úr franska eldhúsinu og kennd við einhverja hertogaynjuna. Skrælið kartöflur, skerið í jafnstóra bita og sjóðið í saltvatni. Sigtið og maukið í gegnum sigti. Blandið eggjarauðum og smjöri saman við og smakkið til með kryddinu, hér má múskatið njóta sín! Setjið í sprautupoka með stút, sprautið í frekar netta fallega toppa á bökunarpappír og bakið í ofni á 160 °C þar til hefur brúnast.

Eftirréttir og sætir bitar

Ris a la mandes
með aðalbláberjasultu

300 g grautargrjón
5 dl vatn
salt
1 l nýmjólk
2 stk. vanillustangir
500 ml þeyttur rjómi
100 g mönduflögur
50 g flórsykur
aðalbláberjasulta

Sjóðið grjónin með vatninu í 20 mínútur, bætið mjólkinni við og sjóðið áfram á lágum hita þar til grauturinn þykknar, passið að brenni ekki og hrærið reglulega. Kælið og blandið svo þeyttum rjóma, flórsykri og ristuðum möndluflögum við. Berið fram með alíslenskri aðalbláberjasultu.

Appelsínuhlaup „Paté fruit“

5 dl nýkreistur appelsínusafi
fínt rifinn börkur af 1 appelsínu
150 g sykur
16 matarlímsblöð

Vinsæll smábiti eftir máltíð eða með kaffinu í Frakklandi og er hægt að gera úr nánast hvaða ávexti sem er. Appelsína er svolítið jólaleg svo hún fær sviðið að þessu sinni.

Sjóðið upp á appelsínusafa og sykri, leggið matarlímið í kalt vatn í a.m.k. 5 mínútur og hrærið svo saman við safann ásamt appesínuberki. Hellið í form þannig að verði um ½ cm á þykkt og kælið yfir nótt. Skerið í teninga og veltið upp úr strásykri áður en þið berið fram.

Súkkulaðitrufflur

300 g dökkt súkkulaði,
að lágmarki 55%
220 ml rjómi
300 g smjör, skorið í bita
kakóduft

Afskaplega einfalt að útbúa og óskaplega gott fyrir súkkulaðigrísina. Athugið að hér þarf alvöru dökkt súkkulaði og alvöru kakó, ekkert annað dugir!

Brjótið súkkulaði í víða skál, sjóðið upp á rjómanum og hellið yfir súkkulaðið og hrærið saman með töfrasprota þar til súkkulaðið er allt bráðnað, bætið svo smjörinu við og blandið vel saman með töfrasprotanum. Kælið og skammtið svo með teskeið í hæfilega munnbita, rúllið saman á milli handanna (mæli með að nota einnota hanska) og veltið því næst upp úr kakódufti áður en þið berið fram.

SERRALUX
Gróðurhús og yndisreitir í miklu úrvali
Sérstyrkt fyrir íslenskar aðstæður - 24 ára reynsla á Íslandi



Lágafell verslun og byggingar
LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
VÖLUTEIGUR 4, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
846 7014 – 895 4152
Lágafell verslun og byggingar
Gróðurhús og Garðhús

Nýjar bækur

Táknkerfi fjármarkanna

Út er komin bókin Jörð / Earth með ljósmyndum af verkum listakonunnar Bryndísar Jónsdóttur sem byggð eru á íslenskum fjármörkum.

Bryndís Jónsdóttir hefur alltaf farið eigin leiðir í listsköpun sinni. Hún sækir innblástur í náttúruna og leitast við að ná fram hinu lífræna úr ólíkum efnivið. Hér horfir hún til skýrs skilgreinds táknkerfis íslensku fjármarkanna, sem fylgt hafa þjóðinni frá fornu fari. Sýlthamrað, þrístigað eða heilrifað, hún útfærir mörkin í volduga leir- og járnskúlptúra, massíft gler og viðkvæm grafíkverk og efniskenndin er áþreifanleg.

Greinar í bókina skrifa Anna María Bogadóttir, Eiríkur Þorláksson og Jón Proppé, auk Bryndísar. */þh*



Hera og Gullbrá

Barnabókin hugljúfa, Hera og Gullbrá er eftir rithöfundinn Marínu Magnúsdóttur, skreytt myndum eftir Sunnevu Guðrúnu Þórðardóttur. Byggir sagan á sönnum atburðum er labradortík heimilisins vingaðist við lítinn gæsarunga – og á sannarlega erindi til ungra sálna enda óvænt og hugljúf saga.

Saga Margrét, yngri dóttirin á heimilinu er hrædd við hunda og þegar fjölskylda hennar ákveður að ættleiða hundinn Heru líst henni ekkert á blikuna. Fyrr en varir verða þær þó perluvinkonur enda er Hera svo góð við allt og alla. Meira að segja við pínulitla gæsarungann Gullbrá sem systurnar Saga og Tinna taka að sér í svolítinn tíma. Bókin er gefin út af Sölku. */sp*

VETRARSÓL er umboðsaðili

STIGA

Gulltryggð gæði

40 ár á Íslandi

STIGA ST5266 P

Hágæða snjóblásarar
Fjölbreytt úrval

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

VETRARSÓL

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

VERKVAL EHF.
Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:
· Holræsahreinsun/lagnahreinsun
· Rotþróarhreinsun
· Götu- og gangstéttasópun
· Lagnamyndun
· Stíflulosun
Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is

Bændahópar

Vinnum saman - Bætum árangur í jarðrækt og gróffóðuröflun

Viltu taka þátt í skemmtilegu og uppbyggilegu starfi með öðrum bændum!

Í bændahópum miðla bændur þekkingu sín á milli og ná árangri saman með ráðunautum RML

Jafningjafræðsla er öflug leið til að bæta búrekstur

Viltu vera með?

Umsóknarfrestur er 5. janúar 2026

Upplýsingar um verkefnið og skráningar eru á heimasíðu RML

Hnappur merktur: „Bændahópar“

Nánari upplýsingar gefur Þórey Gylfadóttir,

netfang: thorey@rml.is sími: 516 5000

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Segðu BLESS við óværuna!

YKKAR pest control
BANINN SEM VIRKAR
-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Hannyrðir:

Snjókorn

Nú birtist síðasta uppskriftin frá Ullarversluninni Þingborg. Mynstur í Íslensku sjónabókinni voru höfð til hliðsjónar við hönnun þessarar peysu. Það hefur verið krefjandi verkefni en jafnframt mjög gefandi að finna uppskriftir í blaðið og vonandi eru lesendur Bændablaðsins ánægðir með það sem birst hefur frá Ullarversluninni undanfarin ár. Þingborg þakkar lesendum Bændablaðsins kærlega fyrir áhugann, en nú er mál að linni og aðrir taka við keflinu.

Þingborg óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Stærðir: XS S M L XL
87 97 103 111 120

Efni: 450-450-500-500-550 g Þingborgarlopi í aðallit.
50 g af 3 litum af lopa, eða einn litur í öllu mynstrinu. Eins má nota litaðan lopa, t.d. Slettuskjótt og Hörpugull sem fást í Þingborg. Ef notaður er lopi frá Ístex í aðallit verður að gæta að prjónfestu, ekki er sami grófleiki á honum og á Þingborgarlopanum.

Sokkaprjónar nr 3.5 og 5

Hringprjónar nr 3.5
40 og 80 cm langir

Hringprjónar nr 5, 40, 60 og 80 cm langir

Prjónfesta: 14 l og 23 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm
Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. Prjónað er úr plötulopanum tvöföldum. Bolur og ermar eru prjónuð í hring.

Bolur: Fitjið upp 126-136-144-156-168 l á 80 sm hringprjón nr 3.5, prjónið stroff í hring 6-8 sm 2 sléttar og 2 brugðnar með þriðju hverja umferð brugðna. Skipt yfir á 80 sm hringprjón nr. 5. Prjónað slétt uns bolur mælist 38-46 sm. (Lengd á bol er smekksatriði, mælið viðkomandi og metið bolsídd).
Á dömupeysu er fallegt að gera ,,mitti“ á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í báðar hliðar, takið úr 2 lykkjur hvoru megin, *prjónið 2 l saman, prjónið 1 lykkju, prj 2 lykkjur saman*. Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 sm og síðan 2x aftur með 5 sm á milli. Alls eru teknar úr 12 lykkjur. Prj 5 sm, þá er aukið út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr og endað með sama lykkjufjölda og var.

Ermar: Fitjið upp 32-32-36-36-40 lykkjur á sokkaprjóna nr. 3.5, prjónið stroff í hring 6-8 sm. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 5 þegar stroffi er lokið og aukið strax um 2 lykkjur undir miðri ermi, (1 lykkju eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu lykkju í umf). Endurtakið aukningu 7-8-8-9-9 x upp ermi, með u.þ.b. 8 umferðum á milli, þar til 48-50-54-56-60 l eru á prjóninum. Skiptið yfir á stutta hringprjóninn nr. 5 á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 sm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng)

Axlastykki: Sameinið nú bol og ermar á langa hringprjóninn nr 5. Setjið 5-5-5-5-6- síðustu l og 5-5-5-6-6- fyrstu l á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 10-10-10-11-12 af bol á prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol. Prjónið fyrri ermina við bolinn 38-40-44-45-48 lykkjur, prjónið næstu 53-58-62-67-72 lykkjur af bol og setjið næstu 10-10-10-11-12 lykkjur á prjónanælu. Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hana. Prjónið síðan 53-58-62-67-72 lykkjur af bol, þá eru 182-196-212-224-240 lykkjur á prjóninum. Í hverju mynstri á axlastykki eru í byrjun 14 lykkjur og til að það stemmi, þarf að fækka um 2 lykkjur í st M og XL áður en byrjað er á mynstri. Prjónið eftir teikningu. Eftir fyrstu úrtöku eiga að vera á prjóninum 156-168-180-192-204 l. Í næstu snjókornum gengur talan 10 upp í mynstrið og því þarf taka aðeins meira úr eða bæta aðeins við svo dæmið gangi upp. Áður en síðasta mynstrið er prjónað þurfa að vera 104-112-120-128-136 lykkjur á prjóninum. Takið úr aukalega til að mynstur stemmi. Það gerir ekkert til þó það séu teknar fleiri úr eða jafnvel örfáum bætt í hringinn til að allt gangi upp. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr aukalega þar til 64-72 lykkjur eru eftir á prjóninum, (4 verða að ganga upp í) þá er skipt á 40 cm hringprjón nr 3.5 og prj 6-8 sm stroff og 4 umferðir slétt prjón, fellt af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

Þvottur: Þvoið peysuna í höndum með mildri sápu í 30 °C heitu vatni. Kreistið vatnið úr og setjið peysuna í annað vatn til að skola sápuna úr. Kreistið vel og leggið til þerris. Eins er hægt að þvo peysuna í þvottavél á ullarkerfi, prófið kerfið þó fyrst á einhverju öðru en uppáhaldspeysunni, því ekki má flíkin þófna.

Hönnun: Margrét Jónsdóttir



Þingborg
s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa úr sérvalinni lambsull í sauðalitum. Eins er til handlitaður lopi í ýmsum litatónum, sjón er sögu ríkari. Lopinn í peysuna sem uppskriftin er að hér á síðunni fæst í Þingborg, póstsendum bæði innanlands og utan.
Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss.
Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17.

Vísnagáta

Gleður varla golfarann
gamall leikur um blindan mann,
oft á vörum blótið brann
býst við að urðir smjúgi hann.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar.
Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, bbl.is,
á mánudaginn 22. desember.

Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson
Gudbjorn.Sigurmundsson@mk.is

Bændablaðið kemur næst út
15. janúar

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Sprettur ÁBURÐUR

LANDSTÓLPI

STREYMI heildverslun

RAG import - export

REYKJABÚIÐ - SÍÐAN 1947-

SS fremst fyrir bragðið Síðan 1907

FB FÓÐURBLANDAN

FLÓRA GARÐYRKJUSTÖÐ

HURÐIR VP & ÞJÓNUSTA

BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

LÍFLAND

VHE VERKVIT · HUGVIT · EINING

SFG -STOFNAÐ 1940-

Sölufélag garðyrkjumanna

ÞÓR HF

VÉLAVAL www.velaval.is

LímtréVírnet

VÍKURVAGNAR EHF.

ÍSFUGL

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Rögg ehf.

Völvuspá Bændablaðsins:

Ár öryggis og frelsis

Völva bændablaðsins hefur nú kastað beinunum enn á ný og lesið í stjörnurnar fyrir komandi ár. Verndarhjúpur umlykur stjörnumerkin á árinu 2026 sem helst í hendur við þær tilfinningar sem dýrmætastar eru öllum lifandi verum. Öryggi og frelsi. Frelsi til að vera maður sjálfur, frelsi til að fallast hendur, frelsi til að finna það sem maður leitar að. Öryggið til að taka af skarið, öryggið til að vita að maður verður gripinn og öryggið til að standa keikur.

Lagt er til að sem flestir endurmeti líf sitt, láti af gömlum mynstrum sem þjóna þeim ekki lengur, en tileinki sér fremur nýjar leiðir til að tengjast sjálfum sér og öðrum. Orka nýs árs er bæði spennandi og krefjandi en býður að sama skapi upp á tækifæri til persónulegs þroska. Vera leiðandi í eigin lífi, óhræddur og þora að kanna ýmsa óhefðbundna möguleika.

Bon Voyage!

Vatnsberi

Vatnsberinn mun leika á als oddi á nýju ári, hopp og hí verða hans einkunnarorð. Hann mun gleðja alla í kringum sig, bæði með galsalátum en einnig munu hans nánustu sjá að lífið leikur svo sannarlega við hann. Nú er upplagt að gera drög að öllu því ævintýralega sem Vatnsberinn sér fyrir sér að gera á æviskeiðinu hvort sem það er að uppfylla persónulega drauma eða draga upp penslana og herma eftir Bob nokkrum Ross sem frægur er fyrir vatnslitun – og má m.a. finna á netinu. Nú, engin lognmolla verður í kringum vatnsberann en öll verkefni munu takast með hreinum ágætum, hvort sem um ræðir stór eða smá. Ástarmálin eru á uppleið eftir svolitla stöðnun í þeim málum, þeir einhleypu munu finna sálufélaga sinn án þess þó kannski að þeir geri sér grein fyrir því – en það er brýnt fyrir þeim að hafa bæði augu galopin. Lofaðir vatnsberar eiga eftir að dýpka tengslin enn frekar við ástvini, en einnig þá sem standa þeim næstir. Árið 2026 verður vatnsberanum, í bland við ærslin, ár umbreytingar, sjálfstæðis og dýpri tengsla við sín innstu gildi og koma því á framfæri fyrir hvað hann stendur. Einhverjir vatnsberar munu stíga inn í ævintýrin sem gerð verða drög að og ákveða að ganga inn í skóginn án þess að hafa brauðmola í vasanum – því þó um einhverja óvissu sé að ræða þegar kemur að framtíðinni veit maður aldrei hvað hún ber í skauti sér! Og ekki er hægt að njóta þess vel að vera njörvaður niður á sama stað að ævilokum.

Fiskur

Traust er orð ársins. Fiskarnir mega treysta því að guðir náttúru, himins eða helvítis haldi í höndina á þeim og leyfi þeim að standa og falla að vild. Fiskarnir verða gripnir og bornir í gegnum þær breytingar sem munu eiga sér stað, sama á hvaða æðri mátt þeir trúa. Jafnvel þó þeir trúi ekki á annað en sjálfa sig. Eitthvað verður um uppróstur eða hnökra á árinu sem er að hefjast en aðalatriðið er að fiskarnir slaki á og treysti því að lífið falli í réttan jarðveg. Einföldun allra mögulegra hluta þarf að íhuga og helst ganga í eftir fremsta megni. Til að mynda þegar kemur að mat og drykk, samböndum hvers lags, þankagangi, líkamsrækt, ferðalögum – bara ekki vera að flækja það sem þarf ekki að flækja. Losaðu þig við hluti sem eiga ekki lengur við, hættu að tala við þá sem veita þér ekki hamingju. Það gerir engum gott hvorki á sál né líkama. Elskaðu heitt þá sem eru þér kærir, borðaðu góðan og einfaldan mat, njóttu stundarinnar. Jarðtenging er svo annað sem þarf að hafa bak við eyrað enda öllum lifandi verum nauðsynleg. Því ættu fiskarnir að þramma berfættir í mjúkri gróðurmold eða vaða læki. Standa um stund í snjóskafli eða jafnvel taka upp sjósund. Árið og þær breytingar sem nú ganga í garð verða hvað giftusamlegastar á lífsferli fisksins. Þetta gæti komið nokkrum á óvart, enda fiskarnir eitt heilladrýgsta merkið, en vei, ó vei, ævintýrin eru rétt að byrja. Stjörnurnar skína skært, nú 2026, og skulu fiskarnir baða sig í skini þeirra, jafnvel með stjörnuljós í hendi til að auka á bjarmann. Jafnvel berfættir.

Hrútur

Þolinmæði birtist völvunni hér fyrir árið 2026. Sem er ein leiðinlegasta dyggðin að mati hrúta, enda einna óþolinmóðasta merkið. Hrútar líta svo á að málin eigi að ganga upp án þess að þeir þurfi mikið fyrir því að hafa – sem gengur oftast eftir – enda hrúturinn einkar skýrt og útsjónarsamt merki. Það kemur þó að því líkt og hjá almúganum að þeir þurfa að staldra við og taka stöðuna. Sjá fyrir sér hver útkoman á að verða – í stað þess hvert hún í rauninni stefnir. Útkoman á hinum ýmsu málum í byrjun árs er nefnilega ekki á leiðinni í rétta átt því hrúturinn hefur í gassagangi sínum hlaupið yfir einhverja kafla síðastliðið ár. Því þarf hann að æfa sig í að stoppa. Svo þarf hann að æfa sig í að anda djúpt og fara vel yfir málin. Þetta á við flest svið lífsins, bæði í vinnutengdum verkefnum hrútsins sem og í samskiptum við hans innsta hring. Hrúturinn mun þó upplifa stöðugleika og festu í ástarmálunum þetta árið sem hann hefur þráð lengi og verður að gæta þess að þó hann upplifi einhvers konar leiða eða óvissu er það bara hluti af því að vera til. Hluti af því að elska annan en sjálfan sig. Hrútnum er nefnilega sjálfselskan svolítið töm og þyrfti helst að hlaupa nokkrum sinnum á vegg til að hrista upp í heilabúinu. Með orð ársins, þolinmæði, í huga eru ýmis verkefnin sem þarf að ganga í gegnum. Fyrst og fremst að fikra sig niður af stallinum, næst væri gott að líta yfir farinn veg og hvað hefði mátt betur fara, laga það sem hægt er og leyfa sér að skalla vegginn við og við. Hrútarnir eru þó allra merkja velviljaðastir og munu stjörnurnar launa þeim góðverkin.

Naut

Nautið þarf að hverfa aftur til upprunans. Á lífsleiðinni hefur það gengið í gegnum ýmsar þrautir og þungstigið sem það er, vilja leiðindin oft festast við iljarnar á þeim. Í jógafræðunum og fræðum ljóss og lífs er kurteislega bent á að iljarnar séu upphaf alls og sem flestum ráðlegt að gæta þess vel hvar stigið er niður fæti. Losa sig við sokka og skó sem oftast og vaða í lækjum eða njóta þess að finna jörðina kjarna sjálfið. Nú, aftur að upprunanum. Nautið þarf að finna gleðina í hjartanu og leikinn, leyfa sér að láta eins og barn. Leyfa sér að verða hrifið, hlæja og gleðjast, allt hið góða áður en það festist í því formi sem það nú er. Form eru nefnilega gerð af umhverfinu í kringum okkur og móta einstaklinginn eins og hann á að vera. Sitja og standa á vissan hátt með forug leiðindin upp að ökklum. En nú er lag. Nautið, sem er reyndar eitt meðvirkasta merkið, á mjög erfitt með að hegða sér ekki eins og öðrum þykir, en stendur nú frammi fyrir þeim ósköpum að verða að þvo fæturna vel og finna gleðina streyma um líkamann. Muna og tileinka sér allt hið góða og gleðilega sem fór um hugann á yngri árum og velja lífið á ný. Velja sjálft sig og bursta rykið af öllum ævintýrunum. Einhverjir draumar eru örugglega geymdir í aftursætinu líka þannig nú er bara að duga eða drepast! Enga lognmollu lengur, naut, finndu allar skemmtilegu sparitilfinningarnar og spúlaðu á þér iljarnar. Ástarmálin, peningarnir, gæfan og gamanið eru tilbúin að banka upp á ef þú bara hleypir þeim inn. Frelsaðu sjálft þig.

Tvíburi

Einkunnarorð tvíburanna á komandi ári er ró. Þeir þurfa að vera heimakærari og hætta að vera svo ofvirkir að litlu hlutirnir í lífinu fari gjörsamlega fram hjá þeim. Nú er kominn tími til að temja öll ærsl og læti en velja fremur ró í sálu og hjarta. Þetta hljómar drepleiðinlega í eyru 80% tvíbura, en þeir geta huggað sig við að á árinu 2027 verða ærsl og læti í forgrunni. Nú, á komandi ári, þurfa þeir hins vegar að kippa í taumana á sjálfum sér og tileinka sér kundalinimöntruna *Ong namo guru dev namo* (eða skv. google translate: *„Ég beygi mig fyrir hinum fíngerða guðdómlega kennara innra með mér.“*) Taka eitt skref aftur á bak fyrir hver tvö sem þeir æða áfram og hreinlega æfa sig í að vera rólegir, nægjusamir og athugulir – algerlega öfugt við þeirra náttúrulega eðli. Þeim tvíburum sem tekst þetta sem skyldi munu fá óvænt verðlaun. Engan skafmiða samt, heldur felast verðlaunin í dýpri og lengri svefni, lægri blóðþrýstingi og allt í einu munu þeir finna lyklana akkúrat þar sem þeir lögðu þá frá sér í stað þess að þjóta um æpandi á sína nánustu í tíma og ótíma við leitina. Ýmislegt sem þeir töldu glatað ratar til þeirra, bæði hlutir, almenn vellíðan og ekki síst viska hins þögla. Þeir tvíburar sem ná að mastera þennan áfanga munu fara leikandi létt með lífið fram undan. Kunna að stramma sig af í ólgusjó og sjá lífið í skýrara ljósi. Tvíburarnir eru eitt líflegasta, skarpasta og skemmtilegasta merkið, ekki síst ef þeir ná stjórn á hvirfilbylnum innra með sér – og bestu verðlaunin eru að með innri ró brennur lífskertið hægar.

Krabbi

Krabbinn líkt og nautið þarf að leyfa sér að vekja aftur þær góðu tilfinningar sem hann upplifði hér áður fyrr, frelsi til að vera nákvæmlega eins og hann vill án nokkurs efa. Lífið er stutt þannig nú er ágætt að gefa blessaðri rútínunni svolítið rafmagnsstuð. En ekki líst öllum á þetta við fyrstu lesningu. En það er allt í lagi. Krabbinn þarf svolítið að gera upp við sig hvernig hann vill að lífssagan hans sé. Innbundin bók með bröndurum á hverri síðu, dramatísk hrollvekja eða metsölubók ársins. Mörgum kröbbum þykir þægilegast að hjakka í sama farinu, grafa sig í sandinn en það má velta fyrir sér hvort hægt sé að taka einhver hliðarspor hér og þar. Hvar býr frelsið? Hvað get ég leyft mér? Hvað vil ég leyfa mér? Þetta þarf að finna út úr, ekki seinna en um miðjan aprílmánuð því þá fara stjörnurnar að snúa á aðra braut. Krabbinn skal þó gefa sér tíma til að velta þessu vandlega fyrir sér, en hreinskilnislega sagt ætti hann bara að láta slag standa. Láta reyna á hvernig fer. Nú, það verður mikið um að vera á framabraut krabbans á nýju ári þannig það er því miður ekki hægt að segja að 2026 verði rólegt. Allar ákvarðanir um að skipta um vinnu fara vel, öll skref til framgangs skal stíga og krabbarnir mega einnig eiga von á ríkulegri fjárhag þegar líða tekur á árið. Heilt yfir þarf krabbinn að losa um einhverja ósýnilega fjötra, stíga hliðarsporið, stinga fingrunum í rafmagnsinnstunguna og lita aðeins í lífssögubókina sína. Ekki síst út fyrir.

Ljón

Ljónið þarf að æfa traust. Ljónið hefur gaman af sviðsljósinu eins og marg oft hefur verið sannað en á það til að missa tökin vegna þess að ljósin á sviðinu eru farin að grilla þau svolítið. Það er óskaplega slæmt að verða blindur á báðum en bera samt ábyrgð á sjálfum sér. Ljónið þarf að hafa þetta einstaka spakmæli í huga. Annars hefur það staðið sig með ágætum þetta ár sem er að líða, en þarf að hleypa öðrum að sér og treysta því að um það standi stærri hringur en ætla mætti. Þótt ljónið sé konungur dýranna getur það lítið eitt og sjálft. En nóg um það. Árið 2026 verður viðburðaríkt, líkt og ljónið sé aðalpersónan í bíómynd þar sem plottið breytist á fimm mínútna fresti. Nýja árið verður sem sé róttækt en uppbyggilegt, með stöðugum breytingum sem koma misskemmtilega á óvart – en heilt yfir hjálpa því að efla sjálfstraustið. Aukin einbeiting og þolinmæði ljónsins koma því einnig að óvörum, það verður bara alveg hlessa með sjálft sig … en nær að setja skýrari mörk gagnvart fólki og verkefnum sem tæma lífsorkuna úr því. Dramatíkin er nefnilega ekki langt undan hjá þessu blessaða kattardýri sem þarf að æfa sig í því að hlutirnir eru ekki bara ofsalega svona eða ofsalega hinsegin. Það er þarna alls konar annað inn á milli. Jæja, eins og kom fram í byrjun þarf ljónið að setja traust í forgang. Treysta öðru fólki, treysta sjálfu sér og þora að vera heiðarlegt við sjálft sig og aðra. Fjármálin verða í skárra jafnvægi ef ljónið sleppir öllum skyndiákvörðunum. Heilt yfir mun ljónið skapa sér meiri stöðugleika, klárar árið á því að verða sterkara og öruggara en áður í sjálfu sér sem mun þá gefa á báða bóga.

Meyja

Meyjan er eins og nýútsprungin rós þetta árið, hún er loksins að ganga inn í tíma jafnvægis og festu þess hver hún virkilega er og fyrir hvað hún vill standa. Undanfarna mánuði hefur meyjan verið að máta sig í ýmis hlutverk, finna sjálfa sig svolítið hér og þar og nú komin að niðurstöðu. Árið 2026 gefur henni kjark til þess að stíga föstum skrefum til framtíðar, keik og stolt og í raun gefa sér leyfi til þess að vera sú sem hún sjálf vill vera. Þarna gefst óskaplega gott tækifæri til að finna sjálfstraustið fylla hjartað. Meyjan er æði. Það er í raun ekkert flóknara. Hún þarf ekki að láta neinn bilbug á sér finna, hún má vera alls óhrædd, vita að um hana er verndarhringur öryggis og einu skrefin sem hún þarf að stíga eru áfram og það á þeim hraða sem hentar best. Meyjan þarf líka að njóta þeirrar vissu að hennar nánustu standa henni afar nærri ef eitthvað bjátar á. Meyjan hefur verið dugleg að tjá tilfinningar sínar nú á árinu sem er að líða og skal halda því áfram, ekki síst að leyfa öðrum að heyra hversu mikils hún metur þá. Hún fær þetta allt tífalt aftur með tilkomu karmans sem umlykur þá sem trúa … og reyndar einnig þá sem trúa ekki. Árið sem brátt hefur göngu sína verður eitt hið besta í lífi meyjunnar, hún stígur inn í sjálfa sig sem aldrei fyrr og þó hún hrasi í pilsfaldinum eru ótal hendur í kring sem milda fallið. Það verður allt allt í lagi. Meyjan má í raun líta á sig sem Súperman, og þó hann fari nú í nærbrækurnar yfir allt annað, þá er hann einmitt nákvæmlega eins og hann vill vera. Enda veit hann nákvæmlega hver hann er og fyrir hvað hann stendur. (Það kemur kannski ekki á óvart að Súperman er akkúrat í meyjarmerkinu, fæddur 22. september.)

Vog

Vogin hefur gengið í gegnum einhverjar þrautir á árinu og hún þarf eiginlega að leyfa sálinni sinni að fá svolitla ró. Friður og næði innra með sér er eitthvað sem vogin þarf að leggja áherslu á, á nýju ári, enda gengur lífið erfiðlega með stein í hjartanu eða maganum. Ekki síst ef hinn ærslafulli hugur vogarinnar vill fá að njóta sín. Vogin má, líkt og fleiri stjörnumerki, trúa því að um hana er vernd og hún getur því óhrædd slakað á og verið hún sjálf. Vogin er bæði fyndin og sjarmerandi þegar best lætur auk þess að vera óskaplega blíð og góð, helst við alla sem hún umgengst. Því er henni óskiljanlegt hvers vegna heimurinn getur verið grimmur. Þessu er víst lítið hægt að breyta, en best væri að vogin væri bara algerlega eins og hún helst vill vera, sama hvað öðrum finnst. Elska hennar og undur munu smita út frá sér og það er mjög mikið frelsi að geta leyft sér að vera til. Vogin mun auðgast á árinu, bæði munu fjármunir streyma að henni, en einnig flykkjast að henni vinir og aðdáendur. Hreyfing verður nauðsynleg og gæti dans komið þar sterkur til greina, þar sem ærsl hennar fá útrás, en einnig hin fíngerða ára. Heilt yfir þarf vogin að muna að hún er elskuð af vinum og fjölskyldu, aðdáendur hennar eru fleiri en hún getur talið og best af öllu, fyrir utan að dansa eins og vitleysingur, er að æfa sjálfstraustið. Trúa á sjálfa sig því hún er best. Og ástarmálin ganga auðvitað alveg dásamlega!

Sporðdreki

Sporðdrekinn telur sig gjarnan vita hlutina best. Hann jafnvel dáist svo innilega að sjálfum sér að unun væri á að hlýða – ef það væri eitthvert vit í öðru en að sækja spennitreyjuna. Jú, líkt og annar hver maður hefur Sporðdrekinn ýmislegt til brunns að bera. Að vera alvitur eða í guðatölu er annað og ekki á færi margra, jafnvel ekki þeirra sem fæddir eru í þessu merki. Árið 2026 mun koma sporðdrekanum virkilega á óvart í þessum efnum en að sama skapi mun hann reka sig á þá neyðarlegu staðreynd að hann hefur ekki alltaf rétt fyrir sér. Því er honum hollast að staldra við strax í upphafi nýs árs og taka stöðuna. Hætta að taka mark á já-fólki og gera heiðarlegt uppgjör við sjálfið. Gera það svo aftur. Jæja, neyðin kennir naktri konu að spinna eins og máltækið segir og þótt sporðdrekinn hafi verið í hlutverki keisarans í nýju fötunum um stund eru miklara líkur á að hann átti sig og finni rokkinn. Bljúgur og auðmjúkur eru orð sem hann ætti að tileinka sér þegar hann situr við spunann og þá mun honum vel farnast á komandi ári. Þegar sporðdrekinn hefur tekið stöðuna þarna í upphafi árs mun einlægur kraftur hans aukast og hugmyndir hans hafa raunveruleg áhrif á aðra, sérstaklega þegar kemur að hópum eða verkefnum sem miða að framtíðinni. Ef vel er haldið á spöðunum mun seinni hluti ársins færa honum aukna innri ró og skýrari sýn á hvert stefnir, jafnvel aukið sjálfstraust og trú á að hann sé loks á réttri leið.

Bogmaður

Bogmaðurinn mun upplifa ástina, djúpt og innilega, á nýju ári. Þetta er spennandi enda er ástin til á svo marga vegu, í svo mörgum litum, gerðum og stærðum. Þarna getur hann fundið djúp tengsl við vini, hafið ástarsamband við sér eldri konu, fengið sér gæludýr eða elskað sjálfan sig svolítið meira. Reyndar er það skynsamlegasta og gæfulegasta ástarsambandið sem nokkur getur átt í og þarf að vera í forgangi. Tilfinningaríkur bogmaður getur notað næmni sína til að skilja sjálfan sig dýpra, en einnig til að skapa tengsl sem styrkja sjálfsálit hans í stað þess að draga það niður. Að elska sjálfan sig er ævintýri í sjálfu sér, og fyrir bogmanninn felst það í jafnvægi milli frelsis, tilfinninga og eigin sannfæringar. Hann þarf að muna að það er mikilvægt að læra að taka inn tilfinningar sínar, bæði þær ljúfu og þær erfiðu auk þess sem dagleg sjálfsumönnun er nauðsynleg. Og þá er spurningin, „BOGMAÐUR, hvernig sýnir þú sjálfum þér hversu elskuverður þú ert?“ Margir bogmenn eru matgæðingar og hugsa sér nú gott til glóðarinnar. En þá flækjast málin, því er það nú hollt og gott fyrir líkamann? Öðrum líður best fyrir framan spegilinn en verða að átta sig á því að útlitið er því miður ekki eitthvað sem endist. Kannski er þetta of snúið. En fyrir þolinmóða bogmenn er rétt að koma því að, að margt sem virðist ekki auðvelt í fyrstu, er bara æfing. Það má til dæmis skrifa niður ýmislegt til að koma auga á eigin gildi og styrkleika, setja mörk og þá frekar sjálfan sig í forgang þó það gefi manni stundum sting í magann. En það venst.

Steingeit

Steingeitin, öfugt við líðandi ár má nú anda léttar, því árið 2026 verður auðveldara en mörg áður – og hvernig allt fellur í réttar skorður mun koma henni skemmtilega á óvart. Gömul höft og allt sem hefur hamlað henni á einn hátt eða annan er best að sópa burt, EKKI undir teppi. Steingeitin mun líklegast þrjóskast við og vilja samt sópa alls konar drasli undir alls konar teppi. Það hefur virkað illa hingað til og hún veit það vel enda nokkuð skýr að eðlisfari. Erfitt líka þegar rykagnirnar fara að þyrlast upp undan teppinu. Nú jæja, steingeitin veit að fólk lifir sínu lífi alveg eins og hún sjálf og hún þarf ekkert að stjórnast af því sem öðrum finnst. Henni fer best að gera það sem henni finnst, hún veit hvað henni kemur best, en mætti vera aðeins meira til í tuskið í þegar kemur að sveigjanleika. Steingeitin mun svo eiga von á óvæntum uppákomum yfir komandi ár, öllum stórskemmtilegum nema einni þegar fer að hausta. Þá er gott að geta sest niður með allt hið góða sem árið hefur annars boðið upp á og festa hugann frekar við það. Hringur ástvina hennar er stærri en hún e.t.v. vill vona og þeir sem hafa á henni matarást eru enn fleiri. Ef til vill væri því ekki úr vegi að bjóða jafnöldrum sínum upp á matarbita við tækifæri því Amor skýtur víst örvum sínum oftar yfir mannsævina en mætti ætla. Allavega, með tilliti til nýs upphafs árið 2026 er ráð að grípa sópinn, losa sig við öll teppi og hreinsa út. Þá er hægt að taka stöðuna og sjá lífið fyrir sér að nýju. Hvernig mætti mögulega raða upp hlutunum. Parketleggja jafnvel.

Naðurvaldi

Stjörnufræðingar víða um heim, bæði hjá NASA og eins og lesa má á vefsíðu Stjörnufræðivefsins, vilja meina að í raun séu stjörnumerkin þrettán. Kemur það til vegna stöðu mönduls jarðar, eða pólveltunnar sem tekur um 26.000 ár og því eru stjörnumerkin sem sjá má á himni ekki lengur á sama stað og fyrir þúsundum ára. Upphaflega höfðu Babýlóníumenn stjörnumerkin þrettán talsins og var naðurvaldi, stjörnumerki á miðbaug himins, eitt þeirra. Myndgerð naðurvalda er maður haldandi á höggormi, samanber grísku goðsögnina um guðinn og lækninn Asklepíos. Er naðurvaldi ríkjandi frá 30. nóvember til 17. desember, þekktur fyrir eigingirni og öfundsýki, en einnig er hann litríkur og skemmtilegur persónuleiki auk þess að vera afar vel gáfum gæddur. Ef honum væri úthlutað varanlegt sæti meðal merkjanna myndu sæti hinna skarast sem svo svarar; **Vatnsberi** 16. febrúar til 12. mars, **Fiskar** 12. mars til 18. apríl, **Hrútur** 18. apríl til 14. maí, **Naut** 14. maí til 21. júní **Tvíburi** 21. júní til 20. júlí, **Krabbi** 20. júlí til 10. ágúst, **Ljón** 10. ágúst til 16. september, **Meyja** 16. september til 31. október, **Vog** 31. október til 23. nóvember, **Sporðdreki** 23. nóvember til 29. nóvember, **Naðurvaldi** 29. nóvember til 18. desember, **Bogmaður** 18. desember til 19. janúar, **Steingeit** 19. janúar til 16. febrúar. Eins og kemur hér glögglega fram eru tímatöl stjörnumerkjanna þrettán ekki jöfn að lengd, líkt og þau tólf sem nú ríkja – en í þeim virðist sólin ríkja um mánuð í senn.

Stjörnur varða vegi heim um HAFIÐ

– Listakonan Jóna Hlíf Halldórsdóttir tekin tali

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Haustið 2024 boðaði Framkvæmdasýsla ríkiseigna til lokaðrar samkeppni listskreytingar á húsnæði Skúlagötu 4, Sjávarútvegshúsinu – þar sem yfir stóðu endurbætur, en samkvæmt lögum Listskreytingasjóðs ríkisins verður að áætla að 1% kostnaðar fari í að borga fyrir verk í opinberu rými.

Samkeppnin var unnin í samstarfi við Samband íslenskra myndlistarmanna og segir m.a. í lýsingu hennar; „*Viðfangsefni samkeppninnar er loft undir skyggni yfir aðkomuhæð Skúlagötu 4. Nokkuð hefur fallið á loftið og rýmið sem það stendur í tímanna rás sem annars hefur alla burði til að vera glæsilegt borgarrými og er markmiðið með tilkomu listaverks að lyfta því upp og fanga athygli og hughrif þeirra sem þangað koma.*“ Einnig var gerð krafa um að listaverkið þekti að lágmarki 50 m^2 loftsins við aðalinnganginn og væri fest upp í loftið.

List er lífsgæði

Listakonan Jóna Hlíf Halldórsdóttir, sem þekktust er fyrir textaverk sín, bar sigur úr býtum með verkinu „Ár er alda“ en titillinn er vísun í eitt upphafserinda Völuspár. Kemur meðal annars fram í umsögn dómnefndar: „*Verkið hefur einstaklega góða rýmistengingu, bæði við innganginn og bygginguna í heild, og upphefur fordyri þess og aðkomu. Verkið samræmist vel byggingunni í efnisvali, litum og formi, vekur forvitni úr fjarlægð og afhjúpar óvæntan vinkil.*“

„Það er svo frábært að þegar ríkið stendur í að reisa ný- eða viðbyggingar, þá, samkvæmt lögum verður hluti kostnaðaráætlunarinnar að innihalda fjárveitingu til listskreytingar, verks í opinberu rými. Örlítill hluti,“ segir Jóna brosandi, „en nauðsynlegur engu að síður, enda list ótrúlega mikilvæg mannlegri heilsu og lífsgæðum almennt.“

Djúpblár himinn og dansandi stjörnur

„Auðvitað var stærð verksins og staðsetning svolítil áskorun í hugmyndavinnunni, en þetta er ótrúlega falleg bygging eftir arkitektinn Halldór Hauk Jónsson sem meðal annars hannaði Bændahöllina. Bogadregnar línur, hringhurð úr messing, stórar súlur og útskornir skrautveggir bjóða gesti Skúlagötu 4 velkomna og mér fannst ég verða að láta þetta dansa allt saman.

Þegar ég fór af stað með verkefnið „Ár er alda“ var ég svo heppin að fá að vinna með arkitektinum Sóleyju Lilju Brynjarsdóttur sem er alveg geggjuð ... og við horfðum saman á súlurnar og öll þessi mjúku form sem við vildum endurspegla í verkinu auk þess að tengja það sem húsið sjálft, Sjávarútvegshúsið, stendur fyrir. Verkið teiknaðist einhvern veginn upp af sjálfu sér þegar ég fór að vinna með hafið og stjörnurnar,“ segir Jóna, „en útkoman varð útskorið textaverk í messing og djúpblár himinn með innfelldri lýsingu sem endurspeglar stöðu stjarnanna yfir Reykjavík, 1. janúar 2061, þegar húsið verður 100 ára. Tengi þannig fortíð og framtíð.

Ég hafði samband við Stjörnu-Sævar sem útvegaði mér mynd af himninum eins og hann mun líta út þegar að aldarafmælinu kemur og stjörnur verksins teiknaðar út frá því. Frá Skúlagötunni sér út á hafið sem bæði aðskilur okkur þjóðina frá umheiminum og sameinar, með skin stjarnanna að næturlagi sem vísa veginn. Einhvern veginn tengist þetta allt. Innblásturinn að línunum í loftplötum verksins kemur svo úr bókinni Siglingafræði eftir Einar Ásmundsson í Nesi.“

Fólki líður best í bogadregnu og helst sem ósymmitrískustu rými,“ segir listakonan Jóna Hlíf Halldórsdóttir, en hún stendur hér við verðlaunaverk sitt, „Ár er alda“. Tekið skal fram að verkið er hornskakkt og því sérstaklega notalegt rými sem býður gesti Sjávarútvegshússsins velkomna. Mynd / sp





Vegur að heiman er vegurinn heim

„Þegar kom að því að vinna textann í verkinu velti ég fyrir mér hvar tengingin lægi, en vissi að mér fyndist mikilvægt að orðið „hafið“ kæmi við sögu og fallegast ef það væri fyrir miðju en sameinaði tvær annars sjálfstæðar setningar. Annarri setningunni lyki þannig á orðinu „hafið“ á meðan hin hæfist á sama orði, þannig að þegar gengið er út úr byggingunni þá myndi orðið „hafið“ blasa við. Saman mynduðu þannig setningarnar þráð í hálfboga fyrir ofan innganginn að húsinu með þessum orðum: Stjörnur varða vegi heim um HAFIÐ tengir saman lönd heimsins.

Báðar setningar eru annars valdar með tilliti til þess að þær tengist bæði sögu þjóðar og hússins. Fyrri setningin, „Stjörnur varða vegi heim um HAFIÐ“, vísar til fortíðar, þegar siglt var yfir hafið til að nema land og síðar meir ferðast og stuðst við svokallaðar leiðarstjörnur, sem notaðar eru fyrir staðarákvarðanir í stjarnsiglingafræði við að reikna út siglingastefnu og legu skipa á hnettinum. Hvert orð í setningunni er valið út frá hugmyndum um stuðlun, hrynjanda og að orðaval sé alþýðlegt.

Með sama hætti mótaðist seinni setningin, „HAFIÐ tengir saman lönd heimsins“, út frá hugmyndinni um að hafið sé ekki bara aðgreiningartól jarðarinnar heldur þráður sem tengir saman hvert land, samskipti um árþúsundir.“

Jóna bendir á fegurðina og mikilvægið í líkindum orðanna heim og heimur og hvernig litla eyjan okkar í miðju hafinu sameinar þetta tvennt. „Þarna kemur önnur tenging í raun, þegar kemur að tungumálinu okkar, íslenskunni, sem á undir högg að sækja – þá er svo nauðsynlegt að halda henni við þó heimurinn sé allt í kring.

Við eigum svo ótrúlega fallegt tungumál sem skiptir gríðarmiklu máli að sé sett á stall, þá ekki síst í listinni. Þetta var rosa útpælt allt saman hjá mér,“ segir Jóna hlæjandi og bætir við að hún hafi verið afar þakklát þegar úrslit dómnefndar komu í ljós. „Þetta var svo stórt. Svo viðamikið í raun, ekki síst vegna þess hve ég ber mikla virðingu fyrir arkitekt hússins.“

Með virðingu

„Á tímabili, þegar var verið að vinna við uppsetningu verksins, var ég alveg viss um að hann Halldór Haukur Jónsson arkitekt væri þarna á Skúlagötunni, heldur brúnaþungur vegna alls þessa róts og umstangs sem átti sér stað. Draugurinn sem sé! Ég ákvað því að ræða við hann, segja honum að útkoman yrði falleg og til sóma, hvort við gætum ekki unnið verkið svolítið saman. Ég skildi að hann væri ekki alveg til í þetta, en bað hann að gefa mér séns. Eftir það fór allt að ganga miklu betur auðvitað!“

Í kjölfar þessara glimrandi góðu samræðna fór Jóna í nokkra rannsóknarvinnu og kynnti sér sögu Halldórs betur. „Fyrir utan það að fangamarkið okkar speglast (HHJ og JHH) þá er skemmtilegt að segja frá því að ég á lítinn bústað í Borgarfirði, og þar sem ég sit vanalega með kaffibollann minn og horfi yfir náttúruna og umhverfið, stendur bærinn Bær þar sem Halldór er fæddur og uppalinn! Þannig ég varð handviss um að samvinna okkar væri skrifuð í skýin og og stjörnurnar og steinhætti að halda nokkuð annað en að þetta færi allt vel.“

Jóna segir verkið komið upp, nær fullklárað, en enn á eftir að setja loftklæðningu í kringum

Frá Listskreytingasjóði ríkisins

1. gr. Listskreytingasjóður ríkisins hefur það markmið að fegra opinberar byggingar og umhverfi þeirra með listaverkum. Skal við það miða að listaverkin séu þáttur í þeirri heildarmynd sem byggingu og nánasta umhverfi hennar er ætlað að skapa. Þannig stuðli sjóðurinn að gerð faglegra myndlistarverka og auknu samstarfi myndlistarmanna og arkitekta.

10. gr. Verja má úr Listskreytingasjóði til listskreytingar bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlög ríkisins til hlutaðeigandi byggingar, miðað við verðlag á þeim tíma er styrkveiting er ákveðin. Heimilt er þó sjóðstjórn að verja hærri fjárhæð en þessu svarar ef sérstakar ástæður þykja til og fjárhagur sjóðsins leyfir.





Hluti af draumateymi Jónu Hlífar, strákar frá Ískvist til vinstri og Héðni til hægri. Myndir / Aðsendar

> Þetta fjallar nefnilega ekki síst um tungumálið okkar, stöðu þess og hvað framtíðin ber í skauti sér ...

verkið og klæða hluta hússins sjálfs. Stefnt sé á að vígja það í lok apríl.

Tunglið er okkar leiðarljós

Verkið, sem er kvöldverk, er undir súð og á þessum tíma árs því mjög gaman að ganga fram hjá Skúlagötunni og njóta fegurðar þess. „Mér þótti vænt um að uppsetningin fór fram á þessum tíma árs, vetri, því kvöldverk njóta sín allra best þegar rökkur er eða myrkur. Það er svolítið „þungt“ þarna í kring, umhverfið, en verkið lýsir upp innganginn og gefur gestum svolitla gleði í hjartað.

Stjarnan í verkinu er svolítið tunglið, sem er þarna á besta stað, en ég hef alltaf haft ríka trú á því að tunglið sé sól okkar Íslendinga. Tunglsljósið hefur verið okkar leiðarljós yfir fönn og hjarn auk þess sem það togar þéttar í okkur með gangi sínum frekar en sólin.“

Jóna segist ótrúlega ánægð með útkomuna og hafi verið einstaklega heppin með fólkið í kringum sig. „Algjört draumateymi sem samanstóð af þeim Ískvistfeðgum, rosa flottir innanhússhönnuðir sem komu að uppsetningunni, Andri og Fannar hjá Héðni voru ekkert minna en ofurhetjur og Snjallrásir, algjörir töffarar sem leystu alls kyns vandamál, ekki síst þegar kom að því að setja boga á gamalt hús, enda gömul hús löngu hætt að vera hornrétt.

Skrautveggurinn er til dæmis langt frá því að vera beinn,“ segir Jóna glottandi og bætir við að það hafi þurft að skera loftplöturnar á ýmsa vegu öfugt við þegar unnið er við nýbyggingar þar sem allt er hornrétt og loftplötum vanalegast bara skellt upp. Með það í huga má sjá að hringform verksins hafi ekki alltaf verið auðveld. „Ég spurði arkitektana oftar en einu sinni hvað við hefðum verið að pæla að gera hringform – en á móti kemur að fólki líður víst best í þess háttar rými, bæði bogadregnu og ósymmitrísku. Þetta verk er klárlega það. Boginn með textaverkinu er til dæmis ekki 180 ° en opnar því sjálfsagt hið notalegasta rými. Að auki gerir sér örugglega enginn grein fyrir þessu þars em það munar nú rosalega litlu.“

Framtíð íslenskunnar út í geim

Hluti verksins sem ekki hefur verið kynntur almenningi, lítur nú dagsins ljós á síðum Bændablaðsins, örlítið textabrot úr hvoru bréfi er varðar íslenska tungu. „Það er gaman að segja frá því að þessi tenging milli hafsins og stjarnanna felur svo í sér lokahluta verksins, gjörning sem mun eiga sér stað þann 1. janúar 2061. Þá er fyrirhugað að senda út í geim sitthvort bréfið um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt samfélag, annars vegar bjartsýnisbréf og hins vegar svartsýnisbréf. Planið hjá mér er sem sé að láta skjóta því upp í geim þarna á aldarafmælinu. Í dag kostar geimferð víst um átta milljónir,“ segir Jóna íhugul, „en þetta verður vonandi orðið ódýrara eftir 36 ár. Annars er spurning um að festa þau við rakettu og vona það besta. Nú eða bara flösku- eða hugskeyti ef því er að skipta.

Um er að ræða skeyti, með tvenns konar skilaboðum, tveimur möguleikum að því er varðar framtíðina. Þessi hluti verksins er órofa tengdur því að tíminn er flæði í átt að breytingum, í átt að óvissu sem við þekkjum ekki, en tekur mið af því að verið er að vinna breytingar á húsinu til framtíðarnotkunar. Í því samhengi myndar hundrað ára afmæli hússins ákveðinn fyrirsjáanlegan fasta sé litið til framtíðar, og slíkan fasta mun verkið taka þátt í að heiðra.“

Úr bjartsýnisbréfinu: „... *Nótt er ljósinu það sem pappír er textanum. Skilningur þrífst á myndum, á því að greina línur eða mörk.*“

Úr svartsýnisbréfinu: „... *Það er hægt að skapa óendanlega margar setningar; meðal annars á íslensku. Ein þessara setninga ætti, og mun, snúast um síðasta ákallið um frið á deyjandi tungu.*“

Bréfin verða hengd upp í anddyri Sjávarútvegshússins við Skúlagötuna þegar vígsla verksins fer fram og verða þar gestum og gangandi til umhugsunar þar til að fyrirhugaðri geimferð kemur.

„Þetta fjallar nefnilega ekki síst um tungumálið okkar, stöðu þess og hvað framtíðin ber í skauti sér,“ lýkur Jóna máli sínu og ítrekar þakklæti sitt til draumateymisins auk sérstakra þakka til eiginmannsins síns heittelskaða, Hjálmars Stefáns Brynjólfssonar.

Þau hjón hafa átt nánar stundir yfir verkum Jónu gegnum tíðina og notið samvinnu, enda Hjálmar, má segja, vinstra heilahvel Jónu.

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

JÓLAÞRAUT

JÓL	BEITT	HEITI	LEYFI	HLÍFÐAR-LAG	ÁTT	SÝNIS-HORN	↴	RIÐA	INNVOLS
KRÆSINGAR									
TÆPLEGA						SIGTI / VEIKJA			
FENGUR					GÁÐU / AFTUR-KALLA				
PRÝÐA							TVEIR EINS / SNJÁLDUR		
STAFUR		HÆÐA / HELBER							KRYDD-JURT
	ÓVIT	TIGNARI	NEYTA			ÁKAFLEGA / RYKKUR				TÁLKN-BLÖÐ	
BALDINN					HLJÓTT / PÁSA				RÍFA UPP / FETUÐU			
LAND			SETT / FLJÓT				NAFN / SPÓNN				
	NÓTA / FUGL			ORÐA-GJÁLFUR / PARTA				JAFN / ÓÞVERRI			
	↳									TVEIR EINS / DÁSEMD		
	TONN		SVIKULL / Í RÖÐ				KRAP / PRANG					PENNA-FÆRNI
STÁSS						LÖSKUN / BRÁÐRÆÐI						
SKRAF				HÖKTA		NABBI / FORN-ESKJA				GRIÐ-UNGUR / ÁKAFUR		
UTAN			SANKA / LEIKA					ÓSK / SNÁÐI			FRAM-BURÐUR	
KÚNST					MYNT-EINING		YFIR-BRAGÐ				MÁLMUR / TRÉ	
	MATJURT / KULDAÞEL								KVENDÝR / ÁBREIÐA			
SKÖNNUN						RÓMVERSK TALA	FLOSOFIÐ EFNI					
ORÐ-BRAGÐ							GÓLF-KLÆÐNING					
	JÖRÐ				DRAMA							

1 S	2 E	3	4	5 L	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20

	1	2	3	4	5	6	1	7	
8	9	5	5		10	11	7	6	12
12	13	1	5	6	14	6	12	11	6
15	16	6	13	17		12	18	5	5
			12	6	1		14	6	5
19	20	12		5 L	2 E	1 S			
6	5	13	12		7	3	7	12	6
13	19	14	10	19	13	5	6	13	1
12	6	14	14	6		14	13	7	3
	12	6	14	5	2	3	7	7	

HVAÐA ÞRJÁR TÖLUR ERU Á TALNALÁSNUM?

5	4	8
5	3	0
1	5	7
8	0	6
6	4	7

Vísbendingar

- Ein tala er rétt og á réttum stað
- Engin tala er rétt
- Tvær tölur eru réttar en á röngum stað
- Ein tala er rétt en á röngum stað
- Ein tala er rétt en á röngum stað



KEMST ÞÚ Í GEGNUM VÖLUNDARHÚSIÐ?

„Þetta er nú meira vegg-skriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara orðinn gamall,“ sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“ bætti hún við glottandi. Enda augljóst að auðvelt væri að komast í gegnum svona stórt gat án þess að þurfa að troða sér.

Hönnun og gerð þrauta, Bragi Halldórsson.



Veitulausnir

MÁLMSTEYPA Þorgríms Jónssonar ehf.
MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900

New Holland T5 120
Árgerð 2018. 120 hp.
Notkun 3.500 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 7.900.000 +vsk.



Lely Welger RPC 245
Árgerð 2019. Notuð 25.000 rúllur.
25 hnífar. Alltaf geymd inni.
Verð kr. 5.500.000 án/vsk.
Tilboð kr. 4.800.000 án/vsk.

Case Puma 200 CXV
Árgerð 2020. 200 hp. Notkun
4.000 klst. Frambúnaður og pto.
Verð kr. 17.500.000 +vsk.

New Holland T 5070
Árgerð 2012. Notkun 6.000 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 5.850.000 +vsk.

JCB 536-60 AGS.
Árgerð 2018,. Notkun 5.800 vst.
Gafflar og Skófla. Vél í toppstandi.
Verð kr. 7.200.000- án/vsk.

JCB 535-95 Ind.
Árggerð 2020. Notkun 4.900 vst.
Gafflar með hliðarfærslu.
Vél í toppstandi.
Verð kr. 9.900.000- án/vsk.

JCB JS145W
Árgerð 2022. Notkun 3.156 vst.
Með Rototilti, 2x skóflur,
smurkerfi, vél í toppstandi.
Verð kr. 21.900.000 +vsk.

VÉLFANG
www.velfang.is
velfang@velfang.is
Gylfaflöt 32, Reykjavík
Óseyri 8, Akureyri
Sími: 580-8200

Matarkrókurinn:

Poppuð pura er jólakraftaverk

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Flestar jólamatarheföir okkar Íslendinga koma lóðbeint frá gömlu herraþjóðinni. Allt frá brúnuðum kartöflum yfir í risalamand. Purusteikin er líka dásamlega dönsk en ljúffeng engu að síður – þegar vel tekst til.

Öll purusteik er svínasteik en ekki öll svínasteik er purusteik. Rifjastykki er klassík en það má líka finna gott hryggjarstykki eða bóg og pura í gang. Þarf bara að vera með skinninu á, nokkuð feitt og helst úrbeinað. Því þynnra sem stykkið er því erfiðara getur reynst að ná stökkri puru áður en kjötið ofeldast. Gott er að velja sæmilega feita bita. Hún hjálpar örlítið til sem sjálfvirkt vökvunarkerfi. En stundum er kjöthluti steikarinnar í það miklum minnihluta að einungis hörðustu Mývetningar þola slíka fituprósentu. Þannig að vanda þarf vel valið.

Fyrsta skrefið í vel poppaðri purusteik er að skera rendur í skinnið. Eða kaupa hana skorna. Brúka beittan hníf og passa að allar rendurnar nái í gegnum puruna og mest alla fituna. Ekki ofan í kjötið. Þarf líka að passa rendurnar í þeim forskornu og laga ef ekki hefur tekist að fullskera í fyrstu tilraun.

Sé ekki brúkaður gufuofn í atvinnueldhúsi er steikin nær alltaf elduð yfir vatnsbaði. Ofan í fat fer vatn ásamt nokkrum lárviðarlaufum og slatta af heilum piparkornum. Jafnvel smá lauk.

Best að láta steikina þó ekki liggja ofan í vatninu. Lyfta henni yfir vatnsflötinn með grind. Steikin þarf að sitja flöt ofan á grindinni. Ef hún er mjög ójöfn þarf að jafna hana. Til dæmis með því að lyfta undir mjóa endann með álpappírskúlu eða tveimur. Þannig fær puran jafna steikingu. Mamma mín setur svo negulnala í puruna þannig að við gerum það líka. Nokkrir naglar fara á bólakaf ofan í fituröndina en það er óþarfi að setja lárviðarlaufin í puruna. Gerir ekki mikið bragðlega og getur ruglað í ferlinu.

Purupoppið

Næstu skref líkjast frekar efnafræðitilraunum í áttunda bekk en matreiðslutíma. Því til þess að puran poppi þarf hún að þorna upp. Val okkar venjulegu heimiliskokkanna stendur milli tveggja aðferða. Annars vegar að þurrka puruna eins vel og hægt er með viskastykki, pappír eða jafnvel hárblásara. Setja svo helling af salti ofan í allar rendurnar og baka í ofnfati yfir vatni.

Hitastigið í forhituðum bakaraofni ætti að vera í kringum 160 gráður. Helst á blæstri. Þegar stór kjötstykki eru elduð er best að giska ekki á kjarnhita heldur nota kjöthitamæli. Stinga honum í þykkasta hluta steikarinnar og þegar hann sýnir 65 gráður er hitinn hækkaður upp í 225 gráður. Jafnvel skipt yfir á yfirhita. Þá mun puran vonandi poppast á 20 mínútum eða svo og kjötið ætti sömuleiðis að ná rúmlega 70 gráðum. Þær gráður skríða svo yfir töfratöluna 75 þegar kjötið er látið hvíla. Þau sem kjósa að fara ekki alla leið í 75 gráður geta gert það. En það er betra að nota örlítið meiri sósu en þurfa að hanga mikið á dollunni yfir hátíðarnar.

Aðferð númer tvö

Aðferð númer tvö er næstum alveg eins og aðferð númer eitt, nema upphafið. Nú fer sjóðandi vatn í pönnu. Snúa kjötinu öfugt þannig að puran snýr niður. Vatnið þarf að ná upp fyrir puruna en ekki yfir fituröndina. Sjóða við vægan hita í 15 mínútur. Einfalt og þægilegt að nota pönnu sem ekkert festist við. Oftast kenndar við Tefal. Passa að vatnið þorni ekki upp. Eftir sirka korter fer steikin í steikarfat með puruna upp. Hún er þurrkuð örlítið og söltuð duglega.

Næstu skref eru eins og í aðferð númer eitt með negulnöglunum hennar mömmu og öllu þessu helsta. Borið fram með brúnuðum kartöflum, sósu, heimalöguðu rauðkáli og öllu öðru sem danskt er.

Glædelig jul.

Athugið

- Það þarf mikið salt á puruna. Magnið fer eftir stærðinni á stykkinu en telst í matskeiðum frekar en teskeiðum. Engin fjöll samt.
- Ef puran poppast ekki og hitastigið á kjötinu er á leiðinni upp úr öllu valdi er hægt að skera hana af ásamt fituröndinni og elda sér í lokin.
- Muna að leyfa steikinni að hvíla í að minnsta kosti korter. Stór kjötstykki þola langan tíma í hvíld. Ekki hylja kjötið í hvíldinni. Það mun afpoppa hana.
- Vatnið í steikarfatinu er sósugrunnurinn. Ekki henda því.
- Reynum eftir bestu getu að stilla okkur um að stilla á grillstillinguna.

Ný bók:

Leitin að norrænum mönnum á Grænlandi

– Lífleg sannsaga um grænlenskt samfélag og sögu norrænnar byggðar

Valur Gunnarsson, rithöfundur og sagnfræðingur, gaf út fyrir skemmstu bókina Grænland og fólkið sem hvarf. Þar segir hann frá ferðalagi sínu til nágranna okkar í vestri á sama tíma og hann reynir að svara þeirri spurningu hvað orðið hafi um byggð norrænna manna á Grænlandi.

Hann er þekktastur fyrir bækur þar sem hann fjallar um lönd í austanverðri Evrópu, eins og Bjarmalönd, Stríðsbjarmar og Berlínarbjarmar. Í samtali segir Valur það bæði hafa verið tilviljun, en einnig rökrétt framhald að vinda sér til Grænlands við gerð bókar. „Allt tengist þetta, því að annars staðar hef ég fjallað um allt það svæði sem víkingar byggðu, sem nær allt frá Grænlandi og niður til Kænugarðs.“

Þáði heimboð á Grænlandi

Valur segir hinn íslenska Stefán, sem stundar hreindýrabúskap á Grænlandi, hafa lesið bókina Stríðsbjarma og hrifist svo mikið að hann bauð Vali í heimsókn án þess að þeir hafi þekkst áður. Í áðurnefndri bók talar Valur mikið um baráttu sína við aukakílóin, reykingar og aðra ósiði og sagði Stefán afskekktan sveitabæ á Grænlandi kjörinn stað til að venja sig af slíku. Nýtti Valur þetta boð til að kanna nágranna okkar í vestri nánar.

„Það hlaut að koma að því fyrr eða síðar að ég myndi takast á við þessa mestu ráðgátu Norðurlandasögunnar. Það er mjög hæpið að hún verði einhvern tímann fyllilega leyst,“ segir Valur um þá spurningu um hvað hafi orðið um norræna menn á Grænlandi. „Það var mögulega efnahagshrun – kannski aðallega af því að eftirspurn á verslunarvörum minnkaði svo mikið í Noregi út af svartadauða þar. Það gæti hafa komið plága, en það er mjög hæpið að svartidauði hafi komist yfir til Grænlands, en þá hefði hann átt að koma frá Íslandi og svartidauði gengur yfir hérna 1404 og þá er enn þá byggð á Grænlandi,“ segir Valur.

Spor norrænna manna ófundið

Eins sé fræðilegur möguleiki að norrænir menn hafi tekið sig upp og siglt frá Grænlandi. „En Íslendingar skrifuðu allt niður í annála og finnst mér líklegt að það hefði spurst út ef einhver nokkur hundruð manns hefðu komið til Íslands. Reyndar verður að fylgja sögunni að það er gat í annálunum frá 1430 til 1560 sem þeir hefðu mögulega getað smeygt sér í gegnum. Þá er líka spurning hvort þeir hafi farið eitthvert annað. Þeir vissu af Kanada og sigldu þangað til að sækja við,“ segir Valur en telur hæpið að sannanir fyrir því finnist úr þessu.

Valur Gunnarsson, rithöfundur og sagnfræðingur, á heimili sínu í Reykjavík. Nýjasta bókin hans er sannsaga sem segir frá leit hans að afdrifum norrænna manna á Grænlandi og kynnum hans af samfélaginu þar. Mynd / ál

„Það er búið að framkvæma DNA prófanir og norrænir menn runnu ekki saman við inúíta.“ Valur bendir á að til sé tilgáta um að norrænir menn hafi blandast saman við kanadískan þjóðflokk sem sjálfur þurrkaðist út í farsótt á 19. öld og þannig hafi sporið horfið þar og hæpið að einhverjar sannanir finnist sem staðfesti það.

„Þegar norræna fólkið, sem kallaði sig Grænlendinga, settist að á Suður-Grænlandi á svæði sem nær frá Nuuk til Narsarsuaq, var enginn þar. Þetta voru tvær byggðir, Eystribyggð sem er stærri og er fyrir sunnan, og Vestribyggð sem er norðar og þar sem Nuuk er núna,“ segir Valur. Hann bendir þó á að í rituðum heimildum sé minnst á minjar um fyrri siðmenningu. „Norræna fólkið var þarna út af fyrir sig, en upp úr 1200 og 1300 kom nýr hópur inúíta sem kallaðir var Thule-fólkið. Sá hópur var útþenslusamur og bjó yfir mun betri tækni til þess að komast af. Þeir voru með skutla til að veiða hval og þurftu ekki að bíða eftir hvalreka eins og frændur okkar. Á endanum var það Thule-fólkið sem komst af og afkomendur þeirra byggja Grænland í dag.“

Sönn saga í formi skáldsögu

Grænlandsbókin er rituð á sambærilegan hátt og fyrri bækur Vals þar sem hann segir mikið frá sínu ferðalagi og því sem drífur á hans daga á meðan hann kannar viðfangsefnið. „Þetta er það sem kallast á ensku „creative non-fiction“ sem hefur verið kallað sannsögur á íslensku. Allt þarf að vera eitthvað sem gerðist og ég hef enga heimild innan þessa forms að breyta neinu. Ég er frekar að ritstýra og velja það sem er tekið með og skiptir máli. Þetta er skapandi að því leyti að þú skrifar þetta í stíl skáldsögu, en samt þannig að öll atvikin þurfa að vera rétt. Þórbergur Þórðarson var að gera þetta að einhverju leyti fyrir hundrað árum.

Ég hef lengi átt í basli með þetta. Ég hef tekið gráður í sagnfræði og bókmenntafræði, en mér finnst leiðinlegt að skrifa akademískar ritgerðir. Á sama tíma hef ég skrifað skáldsögur sem mér finnst erfitt. Ég enda því á milli skáldskaparins og fræðimennskunnar – of rokkaður fyrir poppið og of poppaður fyrir rokkið.

Síðan fór ég í ritlistarnám og sá að þetta má,“ segir Valur. Hann hafi allt eins búist við því að útgefandinn bæði hann um að fella niður persónulegu kaflana í bókinni Bjarmalönd, sem fjallar um Evrópulönd á áhrifasvæði Rússlands, en svo var ekki. „Síðan kom stríðið og bókin sló í gegn, og þá var þessi stíll samþykktur.“ Inntur eftir því hvað sé á döfinni segist Valur vera að vinna að tíundu bók sinni sem eigi að koma út á næsta ári. Það sé skáldsaga sem gerist á tímum Haralds hárfagra í Noregi. */ál*

HUGARÍÞRÓTTIR

Að missa af síðustu lestinni

6 pör spiluðu alslemmu í spili dagsins, 14 fóru í hálfslemmu en nokkur létu duga geim í spili dagsins á Þorsteinsmótinu glæsilega sem fór fram í Logalandi í Borgarfirði fyrir skömmu.

Björn Þorláksson.

Þar sem Aðalsteinn Jörgensen sat í NS með Svölu Kristínu Pálsdóttur, en þau eru ekki bara par við briddsborðið heldur einnig í persónulega lífinu og unnu mótið með miklum yfirburðum, gengu sagnir þannig:

1 spaði-2nt-3spaðar-4 lauf-4-tíglar-4 hjörtu-4nt-5hjörtu-5nt-6 tíglar-6 spaðar.

2nt lofuðu góðum spaðastuðningi og spurðu um styrk opnunarhandar. 3 spaðar lofuðu góðri hendi og stuttum tígli, 4 lauf var fyrirstaða, 4 tíglar fyrirstaða, 4 hjörtu fyrirstaða.

Eftir svar við spurningu um fjölda lykilspila, var gefin 5nt alslemmuáskorun. Sex tígla sögnin hélt alslemmunni opinni en enn gat verið tapslagur á hjarta. Austur missti af „last train“ áskorun í alslemmu, að melda 6 hjörtu eftir 6 tígla svarið. Sú sögn ætti að kanna gæði fyrrnefndrar hjartafyrirstöðunnar

Sigurvegarar í Þorsteinsmótinu.



en sagnhafi, sá sem hér skrifar, missti af gullnu tækifæri.

Alslemman er nánast 100%. Vitað var að engin lykilspil vantaði og ekki verra að svarhöndin eigi 5. spaðann. 7 spaðar hefðu legið á borðinu ef síðasta lestin hefði verið ræst á teinunum. Alltaf gaman að velta fyrir sér hvernig bæta má slemmutæknina – ekki satt? Jafnt til sjávar og sveita.

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com

Fjölmargir krýndir í yngri flokkum

Dagana 29. og 30. nóvember fóru fram tvö Íslandsmót. Annars vegar Íslandsmót einstaklinga í fimm aldursflokkum, eða frá 8 ára og yngri og upp í aldursflokk 15 til 16 ára, en tveir árgangar kepptu í hverjum flokki.

Gauti Páll Jónsson.

Mótið var fjölmennt og fór fram í Miðgarði í Garðabæ. Þegar greinarhöfundur var yngri voru aðeins tveir aldursflokkar á þessum Íslandsmótum en flestir eru sammála um að þetta kerfi sé langtum betra. Sérstaklega í yngstu flokkunum. Gallinn er þó að elstu flokkarnir geta oft verið fámennir, enda mesta brottfallið í skákíþróttinni á síðustu árum grunnskóla og byrjun menntaskóla.

Eftirfarandi snillingar unnu titla á mótinu, Íslandsmeistarar (efstir í flokknum), og Íslandsmeistarar stúlkna (efst stúlkna í flokknum): u8 ára: Róbert Heiðar Skúlason

Sigursveit KR í C-flokki, frá vinstri: Róbert Heiðar Skúlason, Jón Fenrir Ragnarsson, Theodór Nóel Schram, Praanvi Kandukuri, Venkata Abhinay Chowdary Dasari.

og Emilía Klara Tómasdóttir. u10 ára: Pétur Úlfar Ernisson og Þóra Kristín Jónsdóttir. u12 ára: Haukur Víðis Leósson og Katrín Ósk Tómasdóttir. u14 ára: Jósef Omarsson og Emilía Embla Berglindardóttir. u16: Mikael Bjarki Heiðarsson og Guðrún Fanney Briem. Hér með hafa þau skráð nöfn sín á spjöld sögunnar!

Greinarhöfundur var skákstjóri í flokki u10 ára og tók sérstaklega eftir því að 12 af 27 keppendum hafa alþjóðleg skákstig. Það er mín tilfinning að krakkarnir séu að verða betri yngri, en það er samt sem áður enn vandamál fyrir hreyfinguna hve margir hætta eða minnka taflmennsku stórlega á unglingsárum.

En samkvæmt tölfræðinni ætti það smám saman að breytast á næstu árum, í krafti fjöldans!

Daginn eftir fór fram Íslandsmót barna- og unglingasveita í skák á sama stað. Mótið svipar til Íslandsmóts skákfélaga, nema fyrir börn á grunnskólaaldri. Teflt er í þremur flokkum, einum opnum og tveimur yngri flokkum, frá 1.–3. bekk og frá 4.–7. bekk. Sterkir ungir skákmenn tefla þó oft með sínum félögum í opna flokknum ef því er að skipta. Skákdeild KR vann C-flokkinn, 1.–3. bekk, og er þetta þeirra fyrsti Íslandsmeistaratitill í liðakeppni í skák. KR-ingar hafa byggt upp öflugt starf á undanförnum árum og uppskera nú! Taflfélag Reykjavíkur vann B-flokkinn eftir spennandi keppni gegn Fjölni, en aðeins munaði einum vinningi á þeim. Skákdeild Breiðabliks vann opna flokkinn og varði titilinn frá því í fyrra.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson
gauti.pj@hotmail.com

Erfinginn:

Árni

Nafn: Árni Helgason.

Aldur: 12 ára.

Stjörnumerki: Krabbi.

Búseta: Kristnesbær.

Skóli: Hrafnagilsskóli.

Skemmtilegast í skólanum: Heimilisfræði.

Áhugamál: Að spila á gítar.

Tómstundaiðkun: Frjálsar og badminton.

Uppáhaldsdýrið: Naggrísir.

Uppáhaldsmatur: Kjúklinganaggar.

Uppáhaldslag: Don‘t Fear The Reaper með Blue Öyster Cult.

Uppáhaldslitur: Appelsínugulur.

Uppáhaldsmynd: School Of Rock.

Fyrsta minningin: 4 ára afmælið mitt.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Farið í Tónabúðina.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Bifvélavirki.



Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

		5	3		2	6	4	1
6		2		4	5	3		
	4	3	6		9	2		5
	9				3	1	2	
	2		4		1		7	
7			8					9
	1	7	9					8
8				1		9		2
3				6				

Miðlungs

			2		9			
1	6			4	7		3	
		3		1			2	
		4	3					
2							4	8
		7				9		
5				2		3		
				7	5			2
						6		

Þung

				7	6		2	
		4	8			1		
		5	9	4		8		
			7				5	
	9	6					7	2
8			5		4			7
				3		2		
1	4							

Þyngst

			1					
	3	4				7	8	
		9			3		5	
		7					2	
		8		3				6
6			4			3		5
				4	9	2		
8		2			1			
	1				5			

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Vísnahornið

Varla þarf að kynna snillinginn **Pétur Stefánsson.** Hann hefur bæði gefið út dálítið og birtir stundum á neti, eins og þessa ágætu skammdegisvísu:

Nóttin er á brottu brátt,
burt skal henni vísa.
Sé ég nú í austurátt
unga daginn rísa.

Og bændur munu átta sig á þessari hátíðarvísu Péturs:

Meðan bekri bisast við
að búa til lömbin smá,
hlýt ég sjálfur fró og frið
frelsarans hátíð á.

Flestir munu hafa tekið eftir flensuskít sem gengið hefur. Þessu lýsir Pétur svona:

Kröftugt gerist kvef í mér,
kokið bólgna tekur.
Hor úr nösum eins og er
óstöðvandi lekur.

Stefán Skafti Steinólfsson frá Ytri-Fagradal þekkir sveitalífið:

Bráðum koma bestu jólin,
bændum færa ljós og yl.
Bekrar vænir brúka tólin,
blessuð lömbin verða til.

Nú þegar hátíðin nálgast koma jólasveinarnir sem allir þekkja. Sú hagorða **Sigurlín Hemannsdóttir** hefur sagt frá systrum þeirra. Hún segir hér frá tveimur dætrum Grýlu gömlu og Leppalúða:

Flotsokka er fundvís
á feitmeti um allt
og fyllir sokka af floti
-á fótum er aldrei kalt.

Þá gengið er til náða
hún nartar í mörinn hljóð
og kleinufeiti er uppáhald,
svo ofboðslega góð.

Leppatuska er löngum
á lofti með sápu og klút
því gamli Leppalúði
látlaust sóðar út.

Hún hundleið er á þrifum
en hætt ei getur samt
því hellirinn er hörmung
og henni er þetta tamt.

Hringhendusnillingurinn **Ingólfur Ómar** lýsir hér þekktu fyrirbæri:

Hörfar sól af himinstól,
hauðrið njóla vefur.
Hlýju skjól og heilög jól,
himnasjóli gefur.

Og bráðsnjöll hestavísa eftir Ingólf Ómar:

Veginn geysist garpur frjáls,
grjóti eys hann snarpur,
vakur þeysir, hringar háls,
höfuð reisir Jarpur.

Þættinum barst bréf frá **Ásdísi Jóhannsdóttur,** með fylgdi svo yfir hálfrar aldar gestabókarkveðskapur til Jóhanns bónda á Þrándarstöðum, Eiðaþinghá. Enhann var vinsæll og veitull. Þar í var þessi eftir **Þórð Benediktss.**:

Hálfrar aldar unga sál
ætíð glöð í sinni,
Jói Þrándur þína skál,
þitt skal drukkið minni.

Hákon Aðalsteinsson er skrifaður fyrir þessari vísu:

Víst er mikil veisla hér,
vel er dreypt á alla.
Þar sem Jói Þrándur fer,
þar er glatt á hjalla.

Og eitthvert sinn var **Siggi Hansen** við jarðabætur þar eystra og setti í gestabókina:

Lifnar geð og léttist mál,
þó líði að nóttin hljóða.
Því hér ég átti yfir skál,
eina kvöldstund góða

Þáttarritari sendir öllum hátíðakveðjur og óskir um sælutíð á komandi ári. Sama hvort um ræðir grasbíta eða aðra lesendur Bændablaðs:

Ýmsa bæði glatt og grætt,
getur lífið stundum,
eins er bragðið súrt og sætt,
af sumum káltegundum.

Umsjón: *Magnús Halldórsson*
mhalldorsson0610@gmail.com

Kvenna athvarf

Opið allan sólarhringinn, sími 561 1205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

Jólatískan 2025:

Klassík í bland við bleikar fjaðrir

Klassískur Chanel-kjóll fyrir þær smörtustu, þykkt, mjúkt dökkbleikt flauel eða tjull, bleikar pallíettur og fjaðrir er aðalþema jólatískunnar nú í ár.

Tískurisarnir hafa gegnum árið gefið okkur hugmynd að því sem nú ber að klæðast og kannski ákveðin áskorun í því að fara ekki yfir strikið heldur hafa klassíkina yfirráðandi. Tímalaus svartur kjóll frá Chanel er þar óumdeilanlegur vinningshafi allra tækifæra – töfrandi og einfaldur.

Aldarafmæli LBD

Coco Chanel, guðmóðir tískunnar, hannaði fyrsta klassíska svarta kjólinn sem ekki var tengdur sorgarferli, en teikningar af honum birtust á síðum bandarísku Vouge, árið 1926. Þetta þótti byltingarkennd hugmynd vegna litarins, en þessi dýrð var upphafið að því sem margar konur þekkja undir stöfunum LBD („little black dress“ semsé) og á nær undantekningarlaust við hin flestu tækifæri.

Dökkbleikur litur prýðir svo draumakjóla ársins í ár en þar má bregða á leik. Hönnuðir á borð við Betsey Johnson flétta saman flauel og tjull, fjaðrir og pallíettur og útkoman ekkert annað en stórfengleg. Christian Dior kemur að sama skapi sterkur inn, með hausttísku Johns Galliano frá 2007 þar sem bleikur feldur skreytir samlitan silkikjól svo og með vorlínunni frá 2011. Þó þarna sé ýmislegt meira „flamboyant“ en ella má vel mæta í fjöðrum á virðulega viðburði, þá einungis ef öllu öðru er stillt í hóf.

Svokallaðir „princess-cut“ demantar þykja þeir allra fegurstu nú um hátíðarnar svo og perluskreytt armbönd eða festar.

Ert þú alvöru karlmaður?

Fyrir karlmennina er dökka mónókrómíska lúkkið allsráðandi um jólin, þar sem allt er í sama lit – helst dökkt: svart, kolgrátt, djúpbrúnt eða dökkblátt. Innblásturinn kemur meðal annars úr smiðju Prada og Saint Laurant, en þar kemur einfaldleikinn og klassíkin aftur við sögu sem miðlar styrk, yfirvegun og sjálfsöryggi. Karlmenn eru ekki að fela sig, heldur velja einfaldleika sem meðvitaða yfirlýsingu. Karlmennskan sem slík er nefnilega hluti af jólatískunni í ár og rétt að skilgreina þá hugmyndafræði.

Samkvæmt ritinu Liljunni frá árinu 1916 kemur eftirfarandi fram; *„Það er til heilög karlmennska, og í henni eigið þér að æfa yður af öllum kröftum. Mont og mikillæti er ekki karlmennska, þótt sumir haldi það, En það er sönn karlmennska, að þora ávalt að segja satt, hvað sem kostar. Það er karlmennska að taka svari lítilmagnans, er á hann er lagst. Það er og karlmennska, að þora að segja nei, þegar slæmir félagar vilja fá yður til að gjöra eitthvað rangt.*



Það er enn fremur karlmennska, að kunna að stjórna skapi sínu, að geta látið á móti sér og hafa taumhald á óskum sínum og tungu. Sá sem aðeins æfir sína líkamskrafta, en vanrækir að æfa sig í hinni andlegu karlmennsku, hann getur ef til vill orðið sterkur sem naut, en verið samt hið mesta gauð.“

Nú tæpum 110 árum síðar þykir þetta eiga enn við. Karlmannlegur karlmaður ber sig með sjálfsöryggi og yfirvegun. Hann þarf ekki stöðugt að sanna eigið ágæti heldur er samkvæmur sjálfum sér og getur tekist á við erfiðar aðstæður með ró. Hann tekur tillit til fólksins síns, hlustar og sýnir hugrekki, ekki síst þegar kemur að því að taka ábyrgð á mistökum. Hann er hlýr, ábyrgur og áreiðanlegur; fólk veit hvar það hefur hann. Hann stendur við orð sín og ver þá sem honum þykir vænt um. Fyrir utan það auðvitað að hafa húmor fyrir sjálfum sér.

En þarna koma fylgihlutirnir inn sem leika stórt hlutverk í jólatískunni.

Gimsteinar og perlur fyrir allan peninginn

Karlmannlegustu karlmennirnir, þessar elskur, eru nefnilega óhræddir við að skreyta sig bæði perlum og gimsteinum, en einungis þeir sem þekkja sjálfa sig hafa sjálfsöryggið í þá tímalausu fegurð.

Perluarmbönd og armbönd með princess cut gimsteinum eru áberandi í ár, og marka ákveðna byltingu í karlatísku. Þetta eru skartgripir sem áður voru taldir „óhefðbundnir“ fyrir karla, en eru nú tákn þeirra sem þora að leika sér með mörk kynjatískunnar án þess að fórna styrk eða reisn.

Jólatískan í ár felst sem sé ekki í að fylgja settum reglum þó ekki sé mælt með að blanda saman fjöðrum, pallíettum demöntum og perlum ef á að halda einhvers konar reisn. Hún er „flamboyant“ á réttum stöðum, yfirveguð á öðrum, og leyfir hverjum og einum að vera bæði hátíðlegur og óhræddur við að láta ljós sitt skína með fegurðina í fyrirrúmi.

Gleðileg jól.

Ps. Jólaskórnir eru svo annaðhvort klassískir eða hrista aðeins upp í mannskapnum, alveg eftir því hvað stemningin býður upp á. */sp*

Hælar Betsey Johnson og ballet flats frá Chanel.

Vor- og sumarlína Yves Saint Laurant 2026 leikur sér með mónókrómíska samsetningu sem á alltaf við.

Lok
á heita potta



Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 1 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Bókhald, uppgjör og skattaráðgjöf fyrir rekstaraðila

Accountant ehf. hefur veitt almenna bókhalds- og ráðgjafaþjónustu frá árinu 2002.
Við aðstoðum lítil og meðalstór fyrirtæki með bókhald, uppgjör, skattskil og faglega ráðgjöf þegar flækjustig eykst.

www.accountant.is - Sími 554-1400

*Accountant.is

Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH) Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði. Viður er þöll (hemlock). Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu. Orkunotkun er 2.100w.
Verð aðeins kr. 260.000

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.

Eigum Toro snjóblásarana til afgreiðslu strax og núna líka á beltum. Verð á blásara á mynd kr. 805.000. Gerð Toro TRC HD 1428 OXHE. Vinnuvélar og Ásafl ehf. s. 496-4400 og s. 895-4152.

Til sölu Jeros uppþvottavél. Upplýsingar hjá Árna í Gamla Bakaríinu í s. 863-2976.

Pantaðu leigubíl í s. 588-5500.

Til sölu Toyota Rav4 Style Plugin Hybrid, bensín/rafmagn, árgerð 2021, beinskiptur, ekinn 109.000 km. Verð kr. 5.990.000. Verð áður kr. 6.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.

Mecedes Sprinter pallbíll, árgerð 2018. Ekinn 127.000 km. Leðursæti og sjálfskipting. Nýleg dekk.Upplýsingar í s. 665-1700.

Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is s. 892-4163, netfang- hak@hak.is

Til sölu steikingarpottur og mót til að gera ameríska kleinuhringi. Upplýsingar gefur Árni í Gamla Bakaríinu Ísafirði, s. 863-2976.

Til sölu Toyota Corolla árg. 2005. Bensín, beinskiptur, ekinn 324.000 km. Verð kr. 300.000 eða tilboð. S. 862-6440.

HYDRO
Heitur Pottur

Þessi 6 manna heiti pottur er fullkominn fyrir fjölskylduna. Með einum legubekk og fimm venjulegum sætum veitir þetta líkan hámarks pláss til að slaka á.

Verð aðeins kr. 850.000

Innbyggð LED ljósin breytast hægt í gegnum sjö mismunandi liti.

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

Rafstöð/Bíll. Sprinter og 55 kw. rafstöð til sölu. Er í afar góðu ástandi og lítið notað frá upphafi. Verð kr. 6.300.000 +vsk. Nánari upplýsingar í s. 659-7474 og palli@kukl.is

Brettatilboð, 25% afsláttur á ljósum gæða premium spónakögglum í 16 kg pokum. Leitun að betri undirburði. Brettið 56 pokar, samtals 896 kg. Verð með afslætti kr. 98.000 m/vsk. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 opið frá kl.13-16.30 og 13.00-16.00 á föstudögum.

FASTEIGNAMIÐLUN
Einar Guðmundsson
Lögg. fasteignasali - Sími 896 8767
einar@egfasteignamidlun.is Sóltún 20, 105 Rvk

VORSABÆR 7C HVERAGERÐI

VORSABÆR 7C Í HVERAGERÐI - IÐNARÐARBIL MEÐ MIKILLI LOFTHÆÐ OG STÓRRI INNKEYRSLUHURÐ.

Um er að ræða vandað ca. 93 fm iðnaðarbil í nýlega reistu stálgrindarhúsi í nýju iðnaðarhverfi við Hveragerði. Hentar vel fyrir ýmislega atvinnustarfsemi, sem tómstundarbil eða jafnvel sem geymslurými fyrir "leikföngin". Laust við kaupsamning. Seljandi skoðar að taka bifreið upp í kaupverð.

Verð 34,9 millj.

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Jólagjöfin í ár. Bergoflooring - Fullkomin lausn fyrir bílskúra, verkstæði og geymslur. Í burtu með köld og blaut gólf. Smart og fallegt útlit. Margir litir í boði. Sænsk gæði. CE vottað 10 ára ábyrgð. Jóhann Helgi & Co jh@johannhelgi.is S. 565-1048.

Til sölu saltvatnspottur frá „Heitir pottar". Tegund Fox. Selst með sem nemur, einnar milljónar króna afslætti af nýjum potti. Engra vatnslagna er þörf fyrir pottinn, bara tenging við rafmagn. Potturinn er í Hveragerði. Upplýsingar í s. 772-7940.

Til sölu MAN 35-520 árg. 24 með Palfinger PK 370 með 7 í glussa og jib með 3 í glussa og sturtupalli. Bíll nýr og ónotaður. Verð kr. 65.000.000 +vsk. S. 892-5855.

Til sölu belti undir sexhjól, lítið notuð og búið að negla þau. Verð kr. 1.000.000. S. 894-2255.

Nýlega yfirfarinn Durma plötusax árgerð 2008. Búið að skipta um glussablað og yfirfara alla vélina. Frekari upplýsingar í s. 869-7602.

Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Sérsmíðaður fyrir 3 ja öxla dráttarbíla. Hardox 450 -8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur. Skúffa og grind heitsprautuzinkað (tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur, sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612 - thadolfs@gmail.com

Fjárhúsmottur á tilboði í desember. Verð áður kr. 12.900 m/vsk. - Tilboð kr. 11.610 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Tilboð á Weckman sturtuvagni með 7 tonna burðargetu/hlassþyngd. Verð áður kr. 1.890.000 m/vsk. Verð nú kr. 1.700.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is

Takeuschi - TB.295W. Lipur vél í góðu standi. 10,8 tonn, árg. 2015, með Rototilt. Ekin 6.500 klst. Þrjár skóflur og malbiksskeri fylgja. Nýir rafgeymar, ný stór dekk og felgur, flýtur vel. Verð kr. 8.900.000 +vsk. Upplýsingar í s. 899-2202.

Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.

FORD F150 King Ranch Supercrew. Nýskráning 6/2007 Akstur 187.000 km. Einn eigandi. Webasto í bílnum og flott eintak og í góðu viðhaldi. Verðhugmynd kr. 2.190.000. Upplýsingar í s. 693-4063.

Til sölu Nissan Navara Double Cab -6/2009 Krókur - pallbíll - skoðun 2026. Ekinn 224.000 km. Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,5L dísil 173 hp. Verð kr. 2.350.000. Nýsmurður og yfirfarinn. Nánari uppl. í s. 848-7218.

BMW x1 2016, ekinn 190.000 km. Sjálfskiptur, dísil. Sparneytinn, næsta skoðun 2026, nýsmurður og yfirfarinn. Verð kr. 2.290.000 uppl í s. 867-5078.

Land Cruiser dísil, árgerð 1999, ekinn 324.000 km. Breyttur hjá Arctic Trucks, 35", næsta skoðun 2027, ný kúpling, grind uppgerð og fleira forvitnilegt, þessi á mikið eftir. S. 894-1213.



DODGE RAM 3500 Limited Megacab árgerð 2021. Akstur 46.000 km. Aisian skipting, Bilstein demparar, mjúkir loftpúðar og fl. Verð kr. 10.850.000 +vsk. Uppl. í s. 867-8517.

Desembertilboð á rúllugreipum með keflum og spjótum. Asoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 222.300 m/vsk. (Kr. 179.274 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Til sölu Dacia Sandero, bensín, árgerð 2024, sjálfskiptur, ekinn 82.000 km. Verð kr. 3.290.000 – notadir.benni.is s. 590-2035.

Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is

Klippur og beygjuvélar

Stroffur
Naglar
Víralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar



Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vír og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200

Við óskum landsmönnum
kraftmikillar uppbyggingar
á nýju ári.
SI
Samtök
iðnaðarins

Desembertilboð á stórbaggagreipum Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Kr. 308.700 m/vsk. (Kr. 248.952 án vsk.) H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Tvær ónotaðar 12 volta olíumiðstöðvar, 2KW og5KW, verð fyrir báðar kr. 42.000 +vsk. Einnig stingsög, rafmagnshefill, fræsari, sverasög, SDS borvél + 10 borar, mælihjól, naglabyssa, hjólsög á plani. Allt í toppstandi, verð kr. 125.000 +vsk. (kostar nýtt yfir kr. 240.000) Uppl. í s. 893-1986.

FJÁRHILDUR
Átt fé? Við getum smalað því á rétta staði fyrir þig.
Fjárhildur ehf. býður upp á alhliða bókhaldsþjónustu fyrir fyrirtæki og einyrkja.
Sendu tölvupóst á info@fjarhildur.is og fáðu tilboð.
Fjárhildur ehf. - Grandagarði 16 - 101 Reykjavík

Fjárhildur - alhliða bókhaldsþjónusta. Getum bætt við okkur viðskiptavinum. Sendu tölvupóst á info@fjarhildur.is og fáðu tilboð.

Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm og 150 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm og 150 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is

Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.

Timbur í fjárhúsgólf til sölu með 10% afslætti: Stærð 32 x 100 mm. Verð áður kr. 390, verð nú kr. 351 LM m/vsk. Stærð 38 x 100 mm. Verð áður kr. 470, verð nú kr. 423 LM m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Til Kuhn FBP 3135 rúllusamstæða með plastbindibúnaði, 3D pökkun, extra breiðum hjólbörðum, vog, söxunarbúnaði, LED ljósapakka, sjálfvirku smurkerfi o.fl. Árgerð 2022, notkun 25.476 rúllur. Verðhugmynd kr. 10.800.000 +vsk. Staðsett á Vesturlandi. Hafið samband í s. 848-2215 fyrir frekari upplýsingar.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is

Rampar fyrir frysti/hæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is

Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.

Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2“, 3“, 4“. Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tiheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is

Desembertilboð á taðklóm. Ásoðnar Eurosfestingar. Slöngur fylgja. 140cm. Verð áður kr. 310.000 m/vsk. Tilboð kr. 279.000 m/vsk. 160cm verð áður kr. 334.000 m/vsk. Tilboð kr. 301.320 m/vsk. 180 cm verð áður kr. 347.200 m/vsk. Tilboð kr. 312.480 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.

Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.

Rafstöð/bíll til sölu. Mitsubishi Fuso með mjög góðri og hjóðlátri 55 kw. rafstöð til sölu. Verð kr. 3.300.000 +vsk. Nánari upplýsingar í s. 659-7474 og á netfangið palli@kukl.is

KAUPAUKI!
Þessum bílum fylgir kaupauki.
- 90% lán ALÍSA
- Vetrardekk
- 100.000 kr. eldsneytiskort
- Skoðaðu úrvalið á notadir.benni.is



Nissan Leaf Tekna 40kW
2021 | Rafmagn | Ekinn 32 þ.km. | Sjálfskiptur

Dæmi	
Verð:	2.890.000 kr.
Innborgun 10%:	289.000 kr.
Lánstími:	84 mánuðir
Árleg hlutfallstala kostnaðar:	13,85%
Mánaðargreiðsla:	47.196 kr.

KGM Korando Adventure - 4x4
2025 | Dísel | Ekinn 40 þ.km. | Sjálfskiptur

Dæmi	
Verð:	6.790.000 kr.
Innborgun 10%:	679.000 kr.
Lánstími:	84 mánuðir
Árleg hlutfallstala kostnaðar:	13,66%
Mánaðargreiðsla:	110.372 kr.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl

Meira úrval á notadir.benni.is

Bílabúð Benna Notaðir bílar
Krókhálsi 9
110, Reykjavík
590 2035

Opnunartímar
Virkadaga kl. 9-17
Laugardag kl. 12-16

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Sé pantað fyrir 31. desember 2025 bjóðum við

- 5% afslátt af samstæðum og vögnum
- 8% afslátt af rúllu- og pökkunarvélum
- 15% afslátt af sláttuvélum, snúningsvélum og rakstrarvélum
- 20% afslátt af sláttuvélum með knosara og fiðrildum (sambyggðum sláttuvélum)

Áramótatilboð 2026

Allir sem panta fyrir 31. desember 2025 fá vélarnar **afhentar samsettar heim á hlað án aukakostnaðar.**

Öll verð miða við gengi EUR = 145 ISK. og eru birt án vsk.

Sláttuvélar	**Listaverð**	**Tilboðsverð**
ActiveMow R280 hliðartengd - vbr. 2.83m	2.049.000	**1.741.650**
EasyCut R360 miðjuhengd - vbr. 3.60m	2.799.000	**2.379.150**
EasyCut R450 miðjuhengd - vbr. 4.50m	3.699.000	**3.144.150**
EasyCut F320M framvél - vbr. 3.17m	2.649.000	**2.251.650**
EasyCut B870 fiðrildi - vbr. 8.70m (2x3.17m)	6.449.000	**5.159.200**

Snúningsvélar		
Vendro 680 lyftutengd - vbr. 6.77m	2.349.000	**1.996.650**
Vendro 900 lyftutengd - vbr. 8.96m	3.349.000	**2.846.650**
Vendro T1020 dragtengd á vagni - vbr. 10.33m	4.649.000	**3.951.650**
Vendro C1340 dragtengd á vagni - vbr. 13.10m	6.249.000	**5.311.650**

Rakstrarvélar		
Swadro S380 einnar stjörnu - vbr. 3.80m	1.399.000	**1.189.150**
Swadro S460 DB einnar stjörnu dragtengd - vbr. 4.60m	2.149.000	**1.826.650**
Swadro 710/26T tveggja st. hliðarvél - vbr. 6.20-6.80m	4.149.000	**3.526.650**
Swadro TC880 tveggja st. miðjuvél - vbr. 7.60-8.80m	4.999.000	**4.249.150**
Swadro TC1000 tveggja st. miðjuvél - vbr. 8.9-10m	7.999.000	**6.799.150**

Öll verð eru birt án vsk.
og með fyrirvara um villur.

Gleðilega hátíð kæru vinir og takk fyrir viðskiptin á árinu.

Við hlökkum til samstarfsins á því næsta!

Comprima CF155XC samstæða

Uppfærð útgáfa af reynslumestu Krone rúllusamstæðunni á Íslandi.

Listaverð: 14.999.000 + vsk.

Tilboðsverð: 14.249.050 + vsk.

Plast- og netbinding: 759.200 + vsk. aukalega

Þetta er aðeins brot af úrvalinu frá Krone.

Verðlistann í heild sinni finnur þú á vefsíðunni okkar

hesja.is

Þú getur haft samband við okkur með tölvupósti á

hesja@hesja.is

og í síma

546-0415

HESJA

Framúrskarandi fyrirtæki 2024-2025

Hafnarfjörður: Selhella 1 - Sími 546 0415 | **Akureyri:** Frostagata 2 - Sími 415 6415 | **HESJA.IS**

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR

Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI

RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.

ÁSCO

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is BÍLARAFMAGN

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Nidaplast. Jarðvegsgrindur. Útileiktæki Gervigras. Járnrimlagirðingar. Gúmmíhellur og drenmottur. Básamottur. Gegnheilt endurunnið plast í fjár- og hesthúsið. Allt fyrir leik- og íþróttasvæðið. jh@johannhelgi.is s .565-1048 johannhelgi.is Jóhann Helgi & Co ehf.

Desembertilboð á faðmgreipum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Kr. 211.500 m/vsk. (Kr. 170.565 án vsk.) H. Hauksson ehf. | S. 588-1130 | hhauksson@hhauksson.is

Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is

Einföldu fjárgrindurnar. Kræk t án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.

Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is

Girðingarefni á 15% afslætti í desember. 5 strengja girðingarnet kr. 13.515 m/vsk. Motto gaddavír kr. 5.015 m/vsk. Iowa gaddavír kr. 8.169 m/vsk. Rafmagnsvír/þanvír kr. 10.115 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130

Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Eigum gott úrval af opnum gámum á staðnum og gerum tilboð í sérpantanir. Verðdæmi: 5 m langur gámur með 0,8 m hlið kr. 990.000 +vsk. Vinnuvélar og Ásafl ehf. s. 496-4400 og s. 895-4152.

Bændablaðið kemur næst út 15. janúar 2026

Dýrahald

Vel með farinn notaður hnakkur sem nýr til sölu. Einnig lítið notað karlmannsreiðhjól. Upplýsingar í s. 820-8237.

Silkihænur óskast, óskum eftir 2–4 ungum silkihænum á gott heimili. S. 864-6358 - hinneinarinn@hotmail.com

Einkamál

Skemmtileg kona á fimmtugsaldri biður siðprúða og heiðarlega karlmenn að gefa sig fram, séu þeir til. Henni fylgir land, hross og tilheyrandi vesen. Frumskilyrði að vera ólofaður, nægja ein kona og hafa þekkingu á eðlilegum samskiptum. Þolinmæði kostur. Kynningarbréf ásamt vottuðum meðmælum sendist á manaskal@gmail.com.

Húsnæði

Fjölskylda óskar eftir sveitabæ til leigu á Norðurlandi frá 1. apríl. Einungis langtímaleiga kemur til greina. Erna, s. 662-5417 ernasofie85@gmail.com

Matvörur

Til sölu kjöt af útiöldum grísum. Kótilettur, rif, bógar, lærvöðvar, hnakkar, hakk, gúllas, beikon og hamborgarhryggir. Allt vakúmpakkað og fryst. Fæst afhent á höfuðborgarsvæðinu. Frekari upplýsingar í s. 854-4442.

Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir skóflu fyrir VETO ámoksturstæki. Hafið samband við Björn í s. 776-5106.

Óska eftir lítilli þvottavél af gerðinni Eumenia. Má vera biluð. Upplýsingar í s. 863-4256.

Til sölu

Fjögur ný seilun vetrardekk 275 40 21 til sölu. Verð kr. 30.000 stykkið. Upplýsingar í s. 697-8524.

Þjónusta

Steinullarbíllinn –blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann 577-4444.

Kvennaathvarfið. Opið allan sólarhringinn, **sími 561 1205.** Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

Við þökkum viðskiptin og verkefnin á árinu sem er að líða

Gleðileg jól

og farsælt komandi ár

LímtréVírnet

LANDSTÓLPI

Hringrás ehf. - 1.925m²
Álhella 1 - Hafnarfjörður - Sorpstöð

Háafell ehf. - 1.380m²
Nauteyri - 512 Hólmavík - Seiðaeldisstöð

Langanesbyggð - 530m²
Háholt - Þórshöfn - Sorpflokkunarstöð

The Hive ehf. - 1.661m² - Alverk
Járnslétta 2 - Reykjavík - Iðnaðarhúsnæði

Orkuvirki ehf. - 1.270m² - Alverk
Valhallabraut 868 - Keflavík - Hluti af gagnaveri

Hvalnesbúið ehf. - 480m²
Hvalnesi - 551 Sauðárkróki - Fjárhús

Lambhagabúið ehf. - 1.544m²
Lambhaga - 851 Hella - Nautgripahús

Laxar fiskeldi ehf. - 300m² - Alverk
Laxabraut 11 - Ölfus - Geymsluhús

Landsnet hf. - 560m² - Alverk
Njarðvíkurheiði - Keflavík- Tengivirki og spennahús - **"Í vinnslu"**

Landsvirkjun - Aðstöðuhús - Alverk
Búrfell - Stækkun Eiríksbúðar - **"Í vinnslu"**

Landsnet hf. - 270m² - Alverk
Mjólkárvirkjun - Vestfjörðum - Spennistöð - **"Í vinnslu"**

Landsnet hf. - 688m² - Alverk
Sigalda - Ásahreppur - Tengivirki - **"Í vinnslu"**

Við hjá Landstólpa erum stolt af verkunum okkar árið 2025.

Þökkum fyrir ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða og óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Jólakveðja, starfsfólk Landstólpa